

**FYRSTA ÍSLENSKA RAPPSTELPAN**
Ragna Kjartansdóttir, eða Cell 7 úr rappsveitinni Subterranean. ▶28



**Systa Björnsdóttir**
**KOMIN HEIM EFTIR TUTTUGU ÁR Í MÍLANÓ** ▶38




Whirlpool
ÞVOTTAVÉLAR
Heimilistæki ht.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**
16. nóvember 2013
270. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**UMSPILSLEIKIR UM LAUST SÆTI Á HM Í BRASILÍU 2014**
**ÍSLAND 0 | KRÓATÍA 0**



## „VIÐ VILJUM GLEÐJA FÓLKIÐ MEIRA“

*Eiður Smári*

Leik Íslands og Króatíu lauk með jafntefli. Enn er von. Hvort íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu fer á HM í Brasilíu næsta sumar ræðst í Króatíu á þriðjudaginn. ▶ 32, 80, 81

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**LÍFINU LÝKUR EKKI VIÐ BARNEIGNIR** Katrín Ósk er 23 ára tveggja barna móðir og hefur skrifað tvær barnabækur sem koma út fyrir jólin. ▶86




**20 ÁRA AFMÆLI** ▶76



**ANNA LEA GALDRASTELPA**

Íslenskir galdrar í útrás. Anna Lea stefnir á útrás og gefur út Galdraskræðu á ensku. ▶52















**MARGFALT FLEIRI PANTA FRÁ KÍNA 4**
Póstsendingum hingað til lands frá Kína fjölgaði um rúm 400 prósent á fyrstu tíu mánuðum ársins.

**UMDEILD SUNDHALLARHÖNNUN 6**
Arkitekt Sundhallar Reykjavíkur hefði ekki samþykkt verðlaunatillögu, segja gagnrýnendur tillögunnar.



**KAPÓLSKA KIRKJAN BÓTASKYLD 8**
Fagráð kaþólsku kirkjunnar telur kirkjuna bótaskylda í einu af sextán tilvikum þar sem misnotkun átti sér stað á Landakoti.

**ALLIR EIGA RÉTT Á MÓÐURMÁLI 10**
Mikilvægt er fyrir sjálfsmynd barna af erlendum uppruna og tækifæri þeirra til náms að þau fái móðurmálskennslu.

**KÍNVERJAR SLAKA Á KLÓNNI 12**
Stjórnvöld í Kína hafa ákveðið að leggja niður illræmdar vinnubúðir fyrir stjórnarandstæðinga og slaka á reglum sem banna pörum að eignast fleiri en eitt barn.

## SKOÐUN 18→22



**ENGINN STÖKK UPP Á NEF SÉR 18**
Þorsteinn Pálsson um skýrslu hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar.

**ÞETTA FÓLK DREGUR SIG Í HLÉ – AF MÁLHÖLTUM! 20**
Baldur Kristjánsson um málhalta og fordóma.

**KVÓTAKERFI = GJAFAKVÓTI? 20**
Jón Steinsson um makríl og kvóta.

## HELGIN 26→62

**SKRIFTIR ERU STANSLAUS HÖFUÐVERKUR 34**
Bræðurnir Hugleikur og Þormóður Dagssynir muna eftir sér teiknandi frá fyrstu tíð og textagerð er þeim í blóð borin.



**35 ÁR ERU LIÐIN FRÁ MANNSKÆÐASTA SLYSI ÍSLENSKRAR FLUGSÖGU 36**
Í gær voru 35 ár liðin síðan þota Flugleiða brotlenti í aðflugi á Srí Lanka. 183 fórust í slysinu, þar af átta Íslendingar.

**FRAMTÍÐ SKÁKLISTARINNAR Í HÚFI 42**
Norska undrabarnið Magnus Carlsen berst um heimsmeistaratitilinn í skák við indverska snillinginn Viswanathan Anand. Þeir eru fulltrúar mismunandi kynslóða en vonir standa til þess að sigur Carlsens gæti endurvakið áhuga almennings á skák.

**NAUÐSYNLEGT AÐ SAMEINA HÁSKÓLA 44**
Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, boðar uppstokkun í menntakerfinu. Hann segir óhjákvæmilegt að sameina háskóla og vill stytta nám til stúdentsprófs.

**HRINGIR Í SANDI OG GÉZA VERMES 50**
Illugi Jökulsson rifjar hér upp dramatíska ævi ungversks fræðimanns af Gyðingaættum, sem dýpkaði mjög skilning okkar á Jesú frá Nasaret.

## MENNING 64→88

**X-IÐ 20 ÁRA 76**
Farið yfir sögu X-ins í máli og myndum.

**ÚTGÁFUTEITI BÓKARINNAR HEMMI GUNN – SONUR ÞJÓÐAR 72**
Var haldið á fimmtudagskvöld.

## SPORT 80→81

**HM-DRAUMURINN LIFIR ENN 80**
Hetjuleg barátta landsliðsmanna Íslands heldur draumnum um þátttöku á HM næsta sumar lifandi. Meiðsli lykilmanns og rautt spjald drógu ekki þróttinn úr okkar mönnum heldur efldu þá. Íslenska liðið náði markalausu jafntefli í fyrri umspilsleiknum á móti Króatíu á Laugardalsvellinum í gær fyrir framan frábæra stuðningsmenn.






## FIMM Í FRÉTTUM QUIZ UP OG UNDIRBÚNINGUR FYRIR LANDSLEIK



**Rakel Sölvadóttir** hannaði kjól sem Lady Gaga klæddist við kynningu á nýrri plötu sinni í New York. Rakel tók þátt í hönnunarkeppni í Kaupmannahöfn síðastliðið vor og eftir sýninguna bað stílisti Lady Gaga um línu Rakelar í heild sinni.



**Siv Friðleifsdóttir,** fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins, hefur verið ráðin aðstoðarmaður Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra. Siv er ellefti aðstoðarmaður ráðherra Framsóknarflokksins sem eru fjórir í ríkisstjórninni.



**Selma Björk Hermannsdóttir** hefur náð að vekja samfélagið til umhugsunar um einelti og skaðsemi þess með því að segja sögu sína. Nú fer hún ásamt föður sínum í grunnskóla og heldur fyrirlestra fyrir bæði nemendur og foreldra.



**Lars Lagerbäck,** landsliðsþjálfari Íslands í knattspyrnu, sagði í undirbúningi fyrir leikinn gegn Króötum að ástand Laugardalsvallar skipti máli upp á leikskipulag og að íslenska liðið ætti að halda markinu hreinu.



➜ **Þorsteinn B. Friðriksson,** forstjóri fyrirtækisins Plain Vanilla, segir vinsældir leiksins Quiz Up vera algjört ævintýri og að þær hafi farið fram úr öllum væntingum. Leikurinn er eitt vinsælasta smáforrit heims um þessar mundir.

# Um 38 prósent stráka skoða klám á netinu

**Tæplega 36 prósent íslenskra barna tíu til sextán ára hafa farið á vefsíður með klámfengnu efni. Strákar eru mun líklegri en stelpur til að fara inn á slíkar síður. Tíðnin á Íslandi er hærri en í nágrannalöndunum. Flestir sjá efnið á klámsíðum.**

**FÉLAGSMÁL** Tæplega 36 prósent íslenskra barna hafa ýmist óvart eða viljandi farið inn á vefsíður með klámfengnu efni.

Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar SAFT á netnotkun barna og unglinga hér á landi. Í henni voru nokkrar spurningar um aðgengi barna og unglinga að klámi. Þau voru spurð hvort þau hefðu óvart eða viljandi farið inn á vefsíður með myndum eða myndböndum af nöktu fólki eða klámi á síðustu tólf mánuðum.

Í ljós kom að tæplega 36 prósent íslenskra barna höfðu annaðhvort óvart eða viljandi farið inn á slíkar vefsíður. Tæp 29 prósent barna og unglinga í 4. til 10. bekk höfðu óvart farið inn á þær og tæp 24 prósent barna í 6. til 10. bekk höfðu farið viljandi inn á þær. Þar af fóru 15 prósent tvisvar í mánuði eða oftar á síðurnar.

Þegar þau börn sem höfðu farið inn á vefsíðurnar voru spurð hvar á netinu þau hefðu séð slíkt efni svöruðu flestir á klámsíðu. Næstalgengast var að myndir birtust skyndilega á skjánum (uppskotsgluggar) og þar á eftir komu samskiptasíður og YouTube.

Samkvæmt könnuninni eru strákar mun líklegri en stelpur til að hafa viljandi skoðað klám á vefsíðum síðustu tólf mánuði. Alls höfðu 38 prósent stráka einhvern tíma gert það og 27 prósent þeirra tvisvar í mánuði eða oftar. Á hinn bóginn höfðu um 11 prósent stelpna farið viljandi inn á vefsíðu með klámi.

„Það er svolítið sláandi að á síðustu tólf mánuðum hafa 38 prósent stráka einhvern tíma farið viljandi inn á vefsíðu með klámi,“ segir Hrefna Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri hjá Heimili og skóla. „Þarna sjáum við neytendur kláms sem eru börn. Við getum spurt okkur hvaða hugmyndir unglingarnir fái þarna um samskipti kynjanna. Þeir fá mjög brenglaðar hugmyndir.“

Þegar litið er til nágrannalanda okkar erum við ekki fjarri þeim. Í Noregi höfðu 34 prósent barna og unglinga séð kynferðislegt efni á netinu á síðustu 12 mánuðum. Í Danmörku er hlutfallið 29 prósent og í Svíþjóð 26 prósent. „Við njótum þess vafasama heiðurs að vera með hæstu töluna,“ segir Hrefna.

Það var Capacent Gallup sem framkvæmdi könnunina. Haft var samband við 1.500 foreldra barna á aldrinum 10 til 16 ára og óskað eftir þátttöku þeirra og barna þeirra. Um fimm hundruð tóku þátt.

**freyr@frettabladid.is**



**KLÁM Á NETINU** Rúmlega þriðjungur barna, sem tóku þátt í könnuninni, hafði séð klám á netinu á síðustu tólf mánuðum.

> **Við getum spurt okkur hvaða hugmyndir unglingarnir fái þarna um samskipti kynjanna. Þeir fá mjög brenglaðar hugmyndir.**
>
> *Hrefna Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri hjá Heimili og skóla*

Ríkisstjórnin svarar aðilum vinnumarkaðarins um aðkomu að samningum:

# Ekki grunnur að viðræðum

**VINNUMARKAÐUR** „Við gerðum fulltrúum ríkisstjórnarinnar grein fyrir því í gær að þessi svör dygðu ekki til að hefja gerð aðfarasamnings,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands.



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

Ráðherranefnd um kjaramál gerði aðilum vinnumarkaðarins grein fyrir því í gær hvernig aðkoma hennar að kjarasamningum yrði. Í minnisblaði nefndarinnar segir að kjarasamningar með áherslu á kaupmátt og hóflegar launahækkanir séu best til þess fallnir að stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Þá á að koma á reglubundnu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins á sviði vinnumarkaðsaðgerða, skattamála, í lífeyrismálum, peningamálum og húsnæðismálum. Ráðherranefndin leggur til að komið verði á fót fastanefnd um samskipti ríkis og heildarsamtaka á vinnumarkaði.

Gylfi segir að plaggið geti verið grunnur að samráði í vetur. „En við höfum gert stjórnvöldum grein fyrir því að við ætlum ekki að gera einhvers konar samræmdan aðfarasamning þá verði verkalýðshreyfingin að fá svör við ákveðnum breytingum á fjárlagafrumvarpinu er varða útgjöld til heilbrigðis- og menntamála, þjónustu við atvinnuleitendur og varðandi skattamál,“ segir Gylfi.

**- jme**



**VILJA SVÖR** Minnisblað ráðherranefndar um kjaramál getur orðið grunnur að samráði í vetur, segir forseti ASÍ.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Við elskum jólin
GÆÐIN ERU Í GRÆNA KASSANUM
INNISERÍA
299kr
ÓDÝRT
LED ÚTISERÍA
1.490kr
40 LJÓSA
hlýtt hvítt, kalt hvítt eða marglitar díóður
CHRISTMAS LIGHTING
KERSTVERLICHTING
40LED
SERÍUR
OKKAR MESTA ÚRVAL FRÁ UPPHAFI!
JÓLASTJARNA
999kr
1.490
HELGAR TILBOÐ
FJÖLSKYLDU SKEMMTUN
Einars Mikaels og Blómavals í Skútuvogi
Dagskrá laugardaginn 16. nóvember
13:00 Einar Mikael töframaður sýnir Töfraheima
13:30 Gestir fá að baða töfradúfurnar
14:00 Einar Mikael sýnir magnaðar vísindatilraunir
14:30 Myndataka og áritun með Einari Mikael, frítt plakat fyrir gesti
16:00 Einar Mikael sýnir magnaðar vísindatilraunir
Öll börn fá Latabæjar Orkumjólk, blöðru og jólalímmiða meðan birgðir endast.
20% afsláttur af öllum leikföngum.
20% afsláttur af barnaútivistarfatnaði.
Full búð af jólavörum fyrir börn og fullorðna á frábæru verði
20% afsláttur af nýja DVD disknum Leyndarmál vísindanna með Einari Mikael
JÓLALANDIÐ
BLÓMAVALI SKÚTUVOGI
LED SERÍA
20 LJÓSA
4.990 kr.
FROSTRÓS
GLUGGALJÓS
1.990 kr.
JÓLAPÝRAMÍDI
30 CM
1.499 kr.
Kaffi Garður
Skútuvogi laugardag
Purusteik
í hádeginu á laugardaginn kl. 11:30-14:00
1.490kr
Vaffla 450kr
með sultu og rjóma
Ís aðeins 99kr
RUSSELL HOBBS
BLANDARI DESIRE
11.990kr
15.495
TILBOÐ
TRUE NORTH ÚLPUR
GÆSADÚNN
19.990kr
24.990
TILBOÐ
AÐVENTULJÓS
í glugga
1.490kr
ÓDÝRT
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## 9.11.2013 → 15.11.2013

**11** talsins eru aðstoðarmenn fjögurra ráðherra Framsóknarflokksins í ríkisstjórninni.

**120.000** manns hafa að meðaltali halað niður íslenska spurningaleiknum Quiz Up á degi hverjum í vefverslun Apple í 131 landi.



**2.500** manns hafa farist á Filippseyjum eftir að fellibylurinn Haiyan gekk þar yfir.

**12,3** milljónir króna renna frá íslenskum stjórnvöldum í neyðaraðstoð til Filippseyja.



**248** íslenskir verkfræðingar störfuðu í Noregi í fyrra.

**2–3 milljarðar** kr. er áætlað kaupverð austurrísku samsteypunnar Novomatic á íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu Betware.

**100 ára** er elsti flugfarþegi Icelandair. Hún heitir Lára Jónsdóttir og fór til Orlando til að halda upp á sjötugsafmæli tengdasonarins.



**200 km** stytting verður á leiðinni frá Reykjavík til Egilsstaða ef hálendisvegur norðan Vatnajökuls verður lagður.



**5.500** tonn af ópíum hafa verið framleidd í Afganistan í ár, sem er það mesta til þessa.






**MÓTMÆLA EFNAVOPNUM** Mótmæli brutust út víða í Albaníu í kjölfar beiðni Bandaríkjanna um að efnavopnum Sýrlands yrði eytt þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Stjórnvöld í Albaníu vilja ekki taka á móti efnavopnum:

## Hafna beiðni Bandaríkjanna

**ALBANÍA Forsætisráðherra Albaníu sagði í gær að efnavopnum Sýrlands yrði ekki eytt þar í landi. Bandaríkin höfðu beðið Albaníu um að taka við efnavopnum frá Sýrlandi og eyða þeim, en í kjölfar mikilla mótmæla í Albaníu tilkynnti Edi Rama forsætisráðherra að Albanía myndi ekki taka á móti efnavopnunum. Stjórnvöld í Rússlandi leiddu samningaviðræður um eyðingu efnavopnabúrs Sýrlands. Þá var samþykkt að vopnunum yrði ekki eytt í Sýrlandi.**

Reyndu að tæla börn inn í bíl:

## Vildu kanna viðbrögð barna

**LÖGREGLUMÁL** Tveir ungir menn voru handteknir á Akureyri í gær eftir að þeir höfðu fjórum sinnum reynt að tæla átta til tíu ára börn upp í bifreið. Ekkert barnanna fór upp í bílinn, en tvær stúlkur sem drengirnir töluðu við gáfu upp númer bifreiðarinnar.

Ekki er talið að tilgangur drengjanna hafi verið saknæmur. „Þeir voru að kanna viðbrögð barnanna. Þetta var kjánaskapur og þeir sjá verulega eftir þessu,“ segir Sigurður Sigurðsson varðstjóri. Málið telst afgreitt af lögreglunni. - skó

Atvinnuleysi mælist 3,9%:

## Um 6.200 án vinnu í október

**EFNAHAGSMÁL** Atvinnuleysi í október var 3,9 prósent samkvæmt samantekt Vinnumálastofnunar. Að meðaltali voru 6.233 atvinnulausir í október og fjölgaði atvinnulausum um 108 að meðaltali frá september, eða um 0,1 prósentustig.

Fjöldi þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengur en sex mánuði samfellt er nú 3.399, fækkar um 92 frá september. Þá höfðu 1.955 verið án vinnu í ár eða meira í októberlok, en 1.940 í septemberlok og fjölgar því um 15 milli mánaða. - kh

# Fimmföldun í póstsendingum frá Kína

Póstsendingum frá Kína fjölgaði um rúm 400 prósent á fyrstu tíu mánuðum ársins miðað við 2012. Talsmaður Póstsins segir álagið á starfsfólkið hafa stóraukist og framkvæmdastjóri SVÞ segir viðbúið að íslenskar verslanir muni skaðast.

**VIÐSKIPTI** Sannkölluð sprenging hefur verið í póstsendingum til Íslands frá Kína síðasta árið þar sem sendingar fyrstu tíu mánuði ársins 2013 voru rúmlega fimmfalt fleiri en á sama tíma á síðasta ári, samkvæmt tölum frá Póstinum. Á sama tíma hefur sendingum frá Evrópu fjölgað lítillega.

Skýringa er að mestu að leita í gríðarlegri aukningu á pöntunum einstaklinga í gegnum sölusíður á borð við Aliexpress. Þó opinber tölur liggi ekki fyrir herma heimildir Fréttablaðsins að á sjöunda þúsund slíkra sendingar hafi borist til landsins í október.

Brynjar Smári Rúnarsson, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins, segir í samtali við Fréttablaðið að þessi þróun hafi komið á óvart, en nú sé gert ráð fyrir enn frekari aukningu í þessum málum.

„Þetta hefur haft í för með sér gríðarlegt álag á starfsfólk Póstsins.“

Viðbúið er að þessi stóraukni innflutningur frá Kína muni koma niður á verslunum hér á landi, þar eð vöruverð á kínversku síðunum er talsvert lægra en smásöluverð hér á landi. Er enda talsvert af þeirri vöru fölsuð merkjavara.

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir þessar tölur ekki koma sér á óvart miðað við umræðuna. Hann óttast áhrif á þær tegundir verslana sem eru viðkvæmari fyrir slíkri samkeppni.

„Það er ástæða til að hafa áhyggjur af samkeppni í fatnaði og smærri raftækjum og íhlutum í síma. Það eru hreinar línur og óhjákvæmilegt annað, miðað við þetta umfang, en að þetta komi einhvers staðar niður.“ - þj



**Í PÓSTINUM** Póstsendingum frá Kína hefur fjölgað gífurlega það sem af er ári. Álagið á starfsfólk Póstsins hefur því aukist verulega. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

### Tækifæri með fríverslunarsamningi

Fríverslunarsamningur milli Íslands og Kína liggur nú fyrir Alþingi og verður að öllum líkindum staðfestur á næstu dögum eða vikum. Með gildistöku hans falla niður tollar á vörur sem fluttar eru inn beint frá Kína.

Andrés segir, aðspurður hvort ekki verði tækifæri fyrir íslenskar verslanir að ná hagstæðara verði með því að skipta beint við birgja í Kína, að svo gæti verið.

„Við höfum bent okkar fyrirtækjum á að kanna þann kost til hlítar eftir að samningurinn tekur gildi. Við sjáum ekki betur en að ef menn nýta að fullu það hagræði sem hægt er að fá af honum muni hann koma íslenskum innflytjendum til góða.“



**ANDRÉS MAGNÚSSON**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**KÓLNANDI** Ákveðin vestanátt á landinu í dag með éljum um vestanvert landið en léttir til eystra. Norðlægari á morgun og víða él, einkum norðan til. Kólnar heldur í veðri næstu daga. Hiti víðast um og undir frostmarki á morgun.




**Á morgun**
5-13 m/s.




**Mánudagur**
5-10 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Billund | 11° | Gautaborg | 11° | London | 10° | Orlando | XX° | San Francisco | XX° |
| Basel | 14° | Frankfurt | 8° | Kaupmannahöfn | 11° | Mallorca | 15° | Ósló | 12° | Stokkhólmur | 11° |
| Berlín | 7° | Friedrichshafen | 9° | Las Palmas | 22° | New York | X° | París | 8° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# Óskum eftir fólki á **uppleið**

## Liðtækir, liðugir og liðlegir flugliðar óskast

Við ætlum að ráða nokkra hressa flugliða til sumarstarfa hjá WOW air. Áhugasamir þurfa að vera fæddir eigi síðar en árið 1992 og þurfa að hafa lokið stúdentsprófi með stæl.

Íslensku- ensku- og dönskukunnátta er skilyrði, ásamt partýfæru valdi á þýskri eða franskri tungu. Öll önnur tungumál að sjálfsögðu vel þegin líka.

Vilt þú slást í hópinn? Sendu okkur endilega umsókn á **starf.wow.is/fluglidar2014** fyrir **1. desember.**

Frá upphafi hefur WOW air margfaldast að stærð. Árið 2012 fluttum við 90.000 farþega en á þessu ári munum við flytja um 450.000 farþega. Stefnan er að flytja 700.000 farþega árið 2014. Við leitum því að fleiri snillingum til að vera með okkur í WOW liðinu.

WOW air

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-3094

Sígræna jólatréð
-eðaltré ár eftir ár!
SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ



Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

Frábærir eiginleikar:

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is
Skátarnir

ROM
Rekstrarfélag Orlofsbúða Munaðarnesi

Rekstur þjónustumiðstöðvar BSRB félaga í Munaðarnesi

Rekstrarfélag orlofsbúða í Munaðarnesi, Borgarbyggð auglýsir eftir rekstraraðila Þjónustumiðstöðvarinnar í Munaðarnesi

Í Þjónustumiðstöðinni er góð aðstaða til veitingarekstrar og fundarhalda. Reiknað er með að rekstraraðili muni jafnframt þjónusta dvalargesti í orlofshúsunum og aðildarfélög ROM, eftir nánara samkomulagi/samningi

*Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af rekstri eða umsjón veitingaþjónustu*

Umsóknir berist á skrifstofu BSRB að Grettisgötu 89, 105 Reykjavík, eigi síðar en 25. nóvember 2013, merkt ROM/umsókn

Nánari upplýsingar veitir:
Ólafur Hallgrímsson oli@lhi.is
Gunnar Örn Gunnarsson gunnaro@slfi.is og
Þuríður Einarsdóttir thuridur@pfi.bsrb.is.

SKESSUHORN 2013



Þorbjörg Helga
1. sæti Reykjavík

Horfðu fram á veginn með Þorbjörgu Helgu í fyrsta sæti

Kosningaskrifstofa Ármúla 7 » thorbjorghelga.is » thorbjorghelga

Örvæntingar gætir víða á Filippseyjum meðal fórnarlamba hamfaranna:

# Erfið bið eftir að aðstoð berist

**FILIPPSEYJAR, AP** Erfiðlega hefur gengið að koma aðstoð til allra sem á þurfa að halda og hefur fólk nú sums staðar þurft að bíða í viku við kröpp kjör, jafnvel húsnæðislaust, án matvæla, drykkjarvatns og án læknishjálpar.

Athygli hjálparstofnana hefur beinst mjög að borginni Tacloban, sem varð verst úti í hamförunum, en afskekktari staðir hafa orðið út undan. Þannig bíða íbúar í þorpinu Marabut enn eftir aðstoð. Bærinn er rústir einar og íbúar horfa til himins í hvert sinn sem þyrlur sjást sveima yfir, en enn hefur engum pakka verið varpað niður þar.

„Okkur finnst við vera algerlega gleymd,“ segir Mildred Labado, bæjarstjórnarmaður þar í þorpinu.

Öll hús í þorpinu, nærri 16 þúsund, eyðilögðust með öllu, meira en tvö þúsund manns hlutu meiðsli, en enn er aðeins vitað til þess að 20 manns hafi látið lífið. Átta að auki er þó saknað.

Í gær var búið að staðfesta að fellibylurinn Haiyan hefði kostað 3.621 lífið, en 1.140 er enn saknað og 12.166 eru særðir. - gb



**Á FLUGVELLINUM Í TACLOBAN** Fjöldi fólks hefur beðið sólarhringum saman á flugvellinum eftir að komast burt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sundhöll byggð eftir umdeildri hugmynd

Gagnrýnendur verðlaunatillögu í samkeppni um viðbyggingu Sundhallar Reykjavíkur telja að arkitekt hallarinnar hefði ekki samþykkt tillöguna. Stílhrein, segir formaður borgarráðs en ákveðið var á fimmtudag að byrja á verkefninu.

**HÖNNUN** „Guðjón Samúelsson hefði aldrei útfært þetta svona og aldrei gefið leyfi fyrir þessu svona,“ segir Bolli Kristinsson kaupmaður um verðlaunatillögu í samkeppni um viðbyggingu við Sundhöll Reykjavíkur.



**BOLLI KRISTINSSON**



**DAGUR B. EGGERTSSON**

Árið 2001 fékk Bolli Ívar Örn Guðmundsson arkitekt til að gera teikningu að stækkun Sundhallarinnar sem hönnuð var af Guðjóni Samúelssyni húsameistara á sínum tíma.

„Tillagan var um það bil þannig að það var eins og það hefðu fundist gamlar tillögur að útisundlaug og að þetta væri ein heild í þeim fallega art deco-stíl sem einkennir Sundhöllina,“ segir Bolli. Ívar þróaði síðan tillögu sína áfram fyrir Aflavaka nokkrum árum síðar. Hann sendi inn tillögu í samkeppnina nú en hún var ekki tekin til dóms.

Skiptar skoðanir eru um ágæti verðlaunatillögunar frá VA arkitektum. Dómnefndin segir aðlögunina að Sundhöllinni einstaklega vel heppnaða. Sumir segja stílinn hins vegar ekki passa.

„Sigurtillagan er að mínu mati látlaus og stílhrein,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs. „Hún reynir ekki að keppa við arkitektúr Guðjóns Samúelssonar heldur er aðlögunin mjög vel heppnuð, eins og segir í dómnefndarálitinu. Gler er ekki notað til að vera með stæla heldur til að gamla byggingin njóti sín áfram.“

Best segir Dagur þó að sér þyki að myndað sé skjólgott útisvæði með vaðlaug fyrir börn, lítilli rennibraut og pottum sem allt snúi mót suðri. „Þetta er einfaldlega útilaug með þeim lífsgæðum sem þeim fylgja – sem er nákvæmlega það sem stefnt var að,“ segir hann.



**VERÐLAUNATILLAGAN** Heilsteypt og aðlaðandi tillaga, segir í umsögn dómnefndar um framlag Hebu Hertervig, Karls Magnúsar Karlssonar og Ólafs Óskars Axelssonar hjá VA arkitektum. MYND/VA ARKITEKTAR



**TILLAGA FYRIR AFLAVAKA** Sumir nefna tillögu Ívars Arnar Guðmundssonar sem þá leið sem velja hefði átt fyrir viðbyggingu við Sundhöllina. MYND/NEXUS ARKITEKTAR

Borgarráð samþykkti á fimmtudag að hefja endanlega hönnun á viðbyggingunni. Dagur segir framkvæmdir eiga að geta hafist undir lok næsta árs og að opnun verði um tveimur árum síðar.

Endanleg kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir en Dagur segir að miðað við fyrri reynslu megi áætla að grunnkostnaður verði um einn milljarður króna.

„Rekstrarkostnaður ætti hins vegar ekki að aukast mikið því Sundhöllin er þegar í fullum rekstri. Hins vegar vonumst við til að laugin verði vinsæl og skapi borginni góðar tekjur þótt laugarnar okkar séu auðvitað fyrst og fremst lífsgæða- og lýðheilsumál,“ segir formaður borgarráðs.

„Mér finnst æðislegt að það sé verið að búa til þessa sundlaug. Það er hið besta mál að þessu hverfi sé þjónað betur. En það er oft sem fólki finnst byggt glannalega við gömul meistaraverk. Í fæstum tilfellum heppnast það vel,“ segir Bolli Kristinsson.

gar@frettabladid.is

Barnaníðshringur sem var upprættur í Kanada teygði anga sína til Íslands:

# Barnaníði dreift um heiminn

**TORONTO** Lögreglan í Toronto í Kanada tilkynnti í fyrradag niðurstöður þriggja ára alþjóðlegrar rannsóknar á barnaníðshring. Alls voru 348 handteknir og var 386 börnum bjargað úr klóm níðínga. Barnaníði var dreift til 94 landa og þar á meðal Íslands.

Í október 2010 komust óeinkennisklæddir lögreglumenn í samband við mann sem heitir Brian Way og er 42 ára gamall. Hann var grunaður um að dreifa barnaníði á netinu. Frekari rannsókn leiddi þó í ljós að hann framleiddi og seldi barnaníð. Í maí árið 2011 var framkvæmd húsleit í fyrirtæki og á heimili mannsins. Hann rak heimasíðu þar sem barnaníði var dreift og það selt.

Hann greiddi fólki fyrir að kvikmynda börn svo hægt væri að nota myndböndin í kvikmyndir sem seldar voru á síðunni. Tekjur fyrirtækisins voru meira en fjórar milljónir dollara, eða tæplega 500 milljónir króna. Lögregla lagði hald á yfir 45 terabæti af gögnum við rannsókn málsins.

- skó

# Íslenskir tónlistardagar

## 20% afsláttur af allri íslenskri tónlist*




ÁRITAR & SPILAR
SUNNUDAG Smáralind kl. 15
Kringlunni kl. 16

**2.319** ~~2.899~~




ÁRITAR & SPILAR
LAUGARDAG Kringlunni kl. 16
SUNNUDAG Smáralind kl. 16

**2.319** ~~2.899~~




ÁRITAR & SPILAR
LAUGARDAG Smáralind kl. 15
SUNNUDAG Smáralind kl. 14

**2.319** ~~2.899~~




**2.399** ~~2.999~~




**2.399** ~~2.999~~

ÁRITA & SPILA
LAUGARDAG Smáralind kl. 14




**2.799** ~~3.499~~



**2.319** ~~2.899~~




**2.399** ~~2.999~~



**2.399** ~~2.999~~




**2.399** ~~2.999~~




**2.639** ~~3.299~~




3 CD

**1.992** ~~2.490~~

*Verð í auglýsingu er með afslætti. Fæst í Garðabæ, Skeifunni, Smáralind og Kringlunni, minna úrval í öðrum verslunum Hagkaups.



EINFALT AÐ
SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Matvælastofnun aðvarar:

## Fæðubótarefni tengt lifrarbólgu

**NEYTENDUR** Matvælastofnun varar fólk við notkun fæðubótarefnisins VERSA-1. Efnið inniheldur efnið Angeline, sem einnig er að finna í vörunni Oxy Elite Pro, sem stofnunin varaði við nýverið og er framleitt af sama fyrirtæki, SP Labs LLC í Bandaríkjunum. Notkun efnisins hefur verið talin tengd lifrarbólgu.

Einnig er athygli vakin á því að fæðubótarefnið Oxy Elite Pro fæst í mismunandi neysluformi. - skó

Fagráð kaþólsku kirkjunnar tók til greina sextán kröfugerðir vegna misnotkunar á Landakoti:

# Kirkjan talin vera bótaskyld í einu máli

**TRÚMÁL** Fagráð kaþólsku kirkjunnar á Íslandi telur að kirkjan sé ekki bótaskyld í öllum tilfellum þar sem misnotkun átti sér stað á Landakoti, heldur aðeins einu. Það mál sé þó fyrnt eins og öll hin málin.

„Kæmi til greiðslu af hálfu kirkjunnar engu að síður væri það að mati fagráðs umfram lagaskyldu,“ segir í niðurstöðum ráðsins. Fagráðinu bárust alls tíu kröfugerðir vegna kynferðislegrar misnotkunar og sex vegna andlegs eða annars ofbeldis af hálfu prests og kennslukonu á Landakoti á árunum 1959 til 1984.

„Reykjavíkurbiskupsdæmi hefur síðustu þrjú ár varið miklum tíma, vinnu og orku í þessi mál og hefur af sjálfsdáðum lagt áherslu á að komast til botns í þessu erfiða máli með hlutlægni og vandvirkni að leiðarljósi,“ segir í tilkynningu frá kaþólsku kirkjunni. Einnig segir að yfirstjórn kirkjunnar hafi gert „allar nauðsynlegar ráðstafanir hvað snertir fortíð sem framtíð“. - skó



**MÁLALOK** Með aðgerðunum segir Pétur Bürcher, biskup kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, að þessum erfiðu málum sé lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LANGAR BIÐRAÐIR** Landamæraeftirlit Spánverja hefur valdið miklum töfum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

ESB um Gíbraltardeilu:

## Spánn og Bretland hjálpist að

**SPÁNN** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kvað í gær upp þann úrskurð að Spánverjar hafi verið í fullum rétti þegar þeir tóku upp hert landamæraeftirlit við Gíbraltarhöfða fyrr á árinu.

Hins vegar sagði framkvæmdastjórnin að nú þurfi bæði Spánverjar og Bretar að leggja eitthvað á sig til að leysa deiluna.

Spánverjar þurfi að sjá til þess að umferð gangi greiðlega fyrir sig, en Bretar þurfi að efla eftirlitið Gíbraltarmegin landamæranna og hjálpa til við að koma í veg fyrir tóbakssmygl. - gb

Félag í Rangárþingi eystra:

## Múlakot verði aðgengilegt

**SVEITARSTJÓRNIR** Byggðaráð Rangárþings eystra vill vera með í stofnun hugsanlegrar sjálfseignarstofnunar eða félags um gömlu byggingarnar í Múlakoti.

„Þarna er um að ræða bæjarhúsin sem risu árin 1897-1946, rústir fjóss, hesthúss og hlöðu auk lystigarðsins sem kenndur er við Guðbjörgu Þorleifsdóttur og lystihúss sem stendur í garðinum,“ segir byggðaráðið, sem vill að svæðið og húsin verði aðgengileg almenningi og nýtist í menningartengdri ferðaþjónustu. Stofnun félags greiði fyrir styrkveitingum úr opinberum sjóðum, eins og Húsafriðunarsjóði. - gar

# Fasteignasalar áfrýja og vilja flýtimeðferð

Framkvæmdastjóri Félags fasteignasala segir brýnt að Hæstiréttur dæmi um hvort fasteignasalar geti staðið utan Félags fasteignasala eins og Héraðsdómur Reykjavíkur segir að þeir megi. Það þarf festu þegar fólk sýslar með aleiguna, segir hann.

**DÓMSMÁL** Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, segir félagið munu áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur um að ekki sé hægt að skylda fasteignasala til aðildar að félaginu.

„Brýnt er að Hæstiréttur kveði upp dóm sinn í þessu máli enda er með dómi héraðsdóms lagaákvæði í lögum um sölu fasteigna dæmt andstætt stjórnarskrá gagnvart tilteknum fasteignasala,“ segir Grétar.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu á miðvikudag neitaði framkvæmdastjóri fasteignasölu að vera meðlimur í Félagi fasteignasala. Aðildinni fylgir 90 þúsund króna árgjald. Málið kom til kasta Héraðsdóms Reykjavíkur sem á þriðjudag kvað upp úr með að félagið sinnti ekki slíku eftirlitshlutverki að það réttlætti löggjöf þar sem vikið væri til hliðar ákvæði stjórnarskrár um að ekki megi skylda fólk til aðildar að félagi.

„Lögmenn Félags fasteignasala munu áfrýja niðurstöðu héraðsdóms án tafar í þessu máli og óska flýtimeðferðar enda ýmislegt óglöggt í dómi héraðsdóms er varðar neytendur málið að fá skorið úr. Það varðar meðal annars heimildir löggjafans til að skapa öryggi og festu í fasteignaviðskiptum með því að leggja tilteknar skyldur á starfsstétt sem sýslar almennt með aleigu fólks og hefur opinber starfsréttindi til þess,“ segir Grétar.

Aðspurður segir Grétar engin fleiri slík mál rekin gegn öðrum og að sams konar mál og þetta hafi ekki komið upp.

> **Nokkur dæmi eru á hinn bóginn um að menn hafi viljað standa utan félagsins og með því verða meðal annars óbundnir af því að fylgja brýnum siðareglum gagnvart neytendum.**



**GRÉTAR JÓNASSON** Ýmislegt er óljóst í dómi héraðsdóms sem varðar neytendur miklu að Hæstiréttur skeri úr um.

„Nokkur dæmi eru á hinn bóginn um að menn hafi viljað standa utan félagsins og með því verða meðal annars óbundnir af því að fylgja brýnum siðareglum gagnvart neytendum og um leið gera eftirlit með starfsemi þeirra erfiðari. Þessir örfáu aðilar hafa komið óánægju á framfæri en reynslan orðið sú að þeir hafa orðið skammlífir í sínum rekstri,“ segir framkvæmdastjóri Félags fasteignasala. gar@frettabladid.is

### Félag fasteignasala

Félag fasteignasala var stofnað 5. júlí 1983.

„Frá stofnun félagsins hefur félagafjöldi verið nokkuð mismunandi en á árinu 2004 varð lögbundin skylduaðild að Félagi fasteignasala og eru nú allir fasteignasalar í félaginu.“

Heimild: Vefsíða Félags fasteignasala.

Sjómaður á Grænlandi:

## Drap sjaldséðan hvítan hrafn

**GRÆNLAND** „Ég skaut hann til að geta sannað að við hefðum séð hvítan hrafn,“ segir sjómaðurinn Hans Japhet Filippussen í samtali við grænlenska fréttavefinn Sermitsiaq. Filippussen skaut hvítan hrafn sem hann sá á flugi yfir bænum Ikerasaarsuk í fyrradag.

Hans Japhet hafði að eigin sögn aldrei áður séð hvítan hrafn og var handviss um að sjá þennan aldrei meir ef hann léti hann sleppa. Þess vegna greip hann til þessa örþrifaráðs.

Spurður hvað hann hygðist gera varðandi hræið sagðist Hans Japhet ekki vera viss. Hann myndi þó frysta fuglinn fyrst um sinn. - þj

Gleymdi sér við grænt ljós:

## Kona tekin kverkataki

**SVÍÞJÓÐ** Ökumaður sem tók konu kverkataki er hafði gleymt sér við umferðarljós í í Limhamn í Svíþjóð í ágúst síðastliðnum hefur verið ákærður. Hann flautaði á konuna þegar græna ljósið var komið og hún lyfti hendinni í þakkarskyni og ók af stað.

Hinn ákærði viðurkennir að hafa ekið upp að bíl konunnar sem hann segir hafa gefið honum dónalegt merki og ekið hægt til að ögra honum. Hann viðurkennir einnig að hafa farið úr bíl sínum og æpt á hana. Hann getur hins vegar ekki gefið skýringar á áverkum á hálsi konunnar eftir atvikið. - ibs

**EFNAHAGSMÁL**

### Hagvöxtur 2,5% á næsta ári

Hagvöxtur hér á landi verður 2% á þessu ári en 2,5% á því næsta. Þetta kemur fram í þjóðhagsspá Hagstofunnar. Í spánni er gert ráð fyrir því að landsframleiðsla aukist um 2% á þessu ári. Einkaneysla eykst minna í ár en í fyrra og fjárfesting dregst saman um 3,1%.




Pin-kerfi sett upp í verslunum Bónuss og Krónunnar snemma á næsta ári:

# Hver sekúnda skiptir máli

**NEYTENDAMÁL** Of lítill hraði á posum er aðalástæðan fyrir því að ekki hefur verið sett upp pin-númerakerfi fyrir viðskiptavini Bónuss.

Mikil pin-númeravæðing hefur verið hér á landi og nú er svo komið að viðskiptavinir þurfa víðast hvar sjálfir að slá inn pin-númerin er þeir borga með kortum. Þessi þróun hefur enn ekki náð í verslanir Bónuss og Krónunnar, nema að litlum hluta. Búið er að setja kerfið upp í verslun Bónuss að Nýbýlavegi í Kópavogi þar sem verið er að prófa hvernig það virkar. Áður hafði það verið sett upp í Holtagörðum en það þótti ekki nógu hraðvirkt.



**GUÐMUNDUR MARTEINSSON**

„Aðalmálið er að hraðinn sé nægur í þessu, hvað kerfið er fljótt að sækja heimild og að öryggisleiðir séu í lagi. Að ef netið er niðri sé búðin ekki óstarfhæf,“ segir Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss. „Við höfum verið að bíða eftir nýjustu tækni og höfum flýtt okkur hægt. Í svona stórum búðum þar sem mikið er að gera er það hver sekúnda sem telur.“ Hann býst við því að kerfið verði komið í allar 29 verslanir Bónuss snemma á næsta ári.

Linda Kristmannsdóttir, formaður upplýsingatæknisviðs Norvikur sem m.a. rekur Krónuna, býst einnig við því að kerfið verði komið þangað í byrjun næsta árs.

Hún hefur áhyggjur af því að afgreiðsluhraðinn minnki fyrst um sinn. „Það er kannski tímabundið. Fólk þarf að venjast því að nota þetta og eftir það eykst hraðinn.“ - fb



**SLÆR INN PIN-NÚMER** Viðskiptavinur Bónuss á Nýbýlavegi, þar sem nýtt posakerfi er í prófun, slær inn pin-númerið sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Við erum öll á sama máli
Íslenska með hreim er líka íslenska
Óskum öllum til hamingju með
dag íslenskrar tungu!
www.ms.is
ÍSLENSK MÁLNEFND
ÍSLENSKA ER
OKKAR MÁL

# Öll börn eiga rétt á móðurmáli

Móðurmál barna af erlendum uppruna er ekki kennt í íslensku menntakerfi. Renata Pesková Emilsson segir mikilvægt fyrir sjálfsmynd barnanna og tækifæri þeirra til náms að fá móðurmálskennslu. Það veiti einnig mikilvægan grunn til að ná tökum á íslenskunni.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Börn sem fá ekki móðurmálskennslu fá ekki jöfn tækifæri í námi,“ segir Renata Pesková Emilsson, formaður Móðurmáls, samtaka um tvítyngi á Íslandi og doktorsnemi í móðurmálskennslu og tvítyngi.

Móðurmál barna af erlendum uppruna er ekki kennt í íslensku menntakerfi. Ýmsir þjóðernishópar hafa tekið sig saman og bjóða upp á móðurmálskennslu fyrir börnin um helgar en það starf er unnið í sjálfboðavinnu og ekki samkvæmt samræmdri námsáætlun. Renata segir móðurmálskennsluna þurfa að vera lögbundna í skólum með námsskrá og viðurkenndum kennurum til að öll börn af erlendum uppruna geti haldið í við íslensk börn í námi.

„Auðvitað er ábyrgðin í höndum foreldranna en stundum er erfitt að sannfæra þá um þörfina fyrir móðurmálskennslu. Aðrir foreldrar hafa hreinlega ekki tíma til eða færi á að styðja börnin sín í námi. Enn aðrir tala ekki móðurmálið við börnin sín og því ná börnin aldrei almennilegum tökum á nokkru tungumáli. Barnið þarf að kunna að skrifa, greina móðurmálið og nota á skapandi hátt. Sá orðaforði sem barn býr yfir hefur bein áhrif á námsárangur í framtíðinni og skapar mikilvægan grunn til að læra nýtt tungumál,“ segir Renata og bendir á að þessir foreldrar þurfi stuðning frá menntakerfinu.

Rannsóknir sýna að eftir því sem barn hefur betri tök á móðurmálinu, því betur gengur því að læra nýtt tungumál. Renata kemur sjálf frá Tékklandi og talar alltaf tékknesku við son sinn þegar þau eru tvö saman. Hann er fæddur á Íslandi og talar bæði íslensku og tékknesku. Renata segir mun erfiðara fyrir börn að flytja til Íslands á grunnskólaaldri og missa tengslin við móðurmálið en um leið þurfa að læra nýtt tungumál frá grunni.

„Ef við tökum móðurmálið af börnunum og segjum að það skipti ekki máli, hvaða skilaboð erum við að senda þeim? Þetta eru rætur barnsins, menningararfur, sem er mjög mikilvægt fyrir sjálfsmynd þess. Svo er sagt að barn sé mállaust ef það talar ekki íslensku, til dæmis í skólanum. En það er ekki rétt. Það á heilt móðurmál til að nota.“

erlabjorg@frettabladid.is



**RENATA PESKOVÁ EMILSSON** og sonur hennar, Jóhannes Guðmundsson, tala alltaf saman á tékknesku. Hún segir móðurmálið vera undirstöðu fyrir aðra tungumálakennslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Tvítyngi er fjársjóður fyrir samfélagið

Íslensk málnefnd hefur ályktað um stöðu íslenskrar tungu í tilefni dags íslenskrar tungu. Nefndin beinir sjónum sínum að íslensku sem öðru máli og þá einkum að börnum af erlendum uppruna og skólastarfi.

Í ályktun frá nefndinni kemur fram að fjöldi barna með innflytjendabakgrunn hafi margfaldast á örfáum árum, þau börn fari síður í framhaldsnám og ljóst sé að skólakerfið standi frammi fyrir miklum áskorunum á næstu árum.

„Ég hef heyrt um hálftyngd börn sem eru veik í bæði móðurmáli og íslensku. Eru hreinlega ekki með tungumál til að tileinka sér flókna hugsun,“ segir Sigríður Þorvaldsdóttir, fulltrúi í íslenskri málnefnd og aðjúnkt í íslensku sem öðru máli. „Skólakerfið þarf að bregðast við þessum nýju aðstæðum.“

Sigríður segir tungumálið vera í höndum barnanna og því mikilvægt að vekja athygli á málinu. Hún segir tungumálastöðu barna af erlendum uppruna vera áhyggjuefni og nú sé tækifærið til að skoða þessi mál og lagfæra. „Það þarf að efla þessi börn. Það er mikill fjársjóður að hafa tvítyngda einstaklinga í samfélaginu og fá öll þessi tungumál. Annars ölum við upp nýja stétt fólks, útlendinga sem komast aldrei almennilega inn í samfélagið og fá aldrei sömu tækifæri. Þarna skiptir tungumálið höfuðmáli ásamt virðingu, skilningi og umburðarlyndi.“



**MIKLAR ÁSKORANIR** Sigríður Þorvaldsdóttir segir skólakerfið standa frammi fyrir miklum áskorunum á næstu árum FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON






**BORGAÐ Í BAUKINN** Þrátt fyrir að gjald í skammtímastæði í miðborginni hafi hækkað eru stæðin enn umsetin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skoða hvort bílastæðagjald í miðborginni hækki:

# Stæði í miðborg full þrátt fyrir hækkun

**SAMGÖNGUR** Bílastæðanýting við Laugaveg hefur ekki minnkað að ráði þrátt fyrir hækkun bílastæðagjalda í ágúst í fyrra. Þetta kemur fram í tölum Bílastæðasjóðs.

Með nýju gjaldskránni hækkaði gjald í skammtímastæði á gjaldsvæði 1 úr 150 krónum á klukkustund upp í 225 og gjaldskyldutími á laugardegi lengdist um þrjá tíma.

Meðal raka þeirra sem voru andsnúnir hækkuninni var að með þessu væri verið að hrekja fólk á einkabílinn úr miðborginni. Kannanir Bílastæðasjóðs leiða hins vegar í ljós að nýting stæðanna fyrri hluta dags jókst úr 92 prósentum upp í 98 prósent í mars miðað við sama mánuð í fyrra, í apríl fór nýtingin eilítið niður á við, en stóð engu að síður í 92 prósentum, og í júlí fór nýtingin niður í 83 prósent, en þá var hluti Laugavegar göngugata. Sé litið til mælinga í eftirmiðdaginn hækkaði nýtingin bæði í apríl og júlí.

„Við hækkuðum verðið til að auka flæði, en það hefur ekki breyst á gjaldsvæði 1, þannig að þetta dugði ekki til,“ segir Karl Sigurðsson, formaður umhverfis- og samgönguráðs.

Aðspurður hvort frekari hækkun væru í kortunum sagði Karl að verið væri að skoða framhaldið.

„Við ræðum á hverjum fundi hvað við getum gert til að auka flæðið.“

- þj

# VERIÐ VELKOMIN Á KAUPHALLARDAGINN Í HR Í DAG KL. 13-16

## Opið hús í Háskólanum í Reykjavík með fræðandi örnámskeiðum og skemmtun fyrir börn og fullorðna.

Kíktu á örnámskeið eða spjallaðu við fulltrúa frá fyrirtækjum á markaði, fjármálafyrirtækja, Klak Innovit, Meniga, Kauphöllinni og Háskólanum í Reykjavík.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
+
NASDAQ OMX® | ICELAND



+ Andlitsmálning og fígúrublöðrur fyrir börnin og Xbox Kinect tölvuleikur í boði Microsoft á Íslandi.
+ Frábært uppistand í boði Pörupiltanna Nonna Bö og Dóra Maack!

**BJARNI BENEDIKTSSON,** FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA OPNAR KAUPHALLARDAGINN Í HR UM KL. 13.

**KÍKTU Á ÖRNÁMSKEIÐ:**

+ EFRI ÁRIN: Ertu hætt/ur eða að fara að hætta að vinna? Hvað svo?
  Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB.
+ FJÁRMÁLALÆSI: Hvað hentar mér...?
  Katrín Ólafsdóttir, PhD, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík
+ NÝSKÖPUN: Frá hugmynd að fyrirtæki.
  Ragnar Örn Kormáksson, frá Klak Innovit.
+ ATFERLISFJÁRMÁL: Inn og út um sparnað.
  Már Wolfgang Mixa, dokstorsnemi í viðskiptadeild HR.
+ KAUPHÖLLIN: Hvaða hlutverki gegnir kauphöll og hvað er NASDAQ OMX?
  Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar.
+ KAUPHALLARSJÓÐIR: Eðli þeirra og virkni.
  Ólafur Jóhannsson, sjóðsstjóri hjá Landsbréfum
+ HLUTABRÉF: Fyrstu skref á markaði og gagnlegar þumalputtareglur.
  Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri hjá VÍB.
+ SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ: Ábyrgar fjárfestingar.
  Finnur Sveinsson, sérfræðingur í samfélagslegri ábyrgð hjá Landsbankanum.
+ FJÁRFESTING Á MARKAÐI: Taktu meðvituð skref.
  Baldur Thorlacius, Kauphöllinni.
+ FYRSTU KAUP: Ertu að fara að kaupa fyrstu fasteignina?
  Fulltrúi frá Arion banka mun flytja erindi.
+ SPARNAÐUR: Af hverju að spara og hvaða sparnaðarleiðir eru í boði?
  Marteinn Kristjánsson, fjármálaráðgjafi hjá Landsbankanum.
+ Fjármálafræðsla fyrir ungt fólk, 14-18 ára.
  Jón Jónsson, hagfræðingur á vegum Arion banka.

Dagskrána í heild má finna á vefnum: WWW.NASDAQOMXNORDIC.COM/OPEN-HOUSE-ICELAND

Arion banki · vib · klak NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS · innovit Entrepreneurship Center
Reginn · vodafone · NÝHERJI · EIMSKIP · MENIGA · ICELANDAIR GROUP · marel · Microsoft · TM

Undir lögaldri til lýtalækna:

## Fara í aðgerðir á skapabörmum

**HEILBRIGÐISMÁL** Dæmi eru um að stúlkur undir lögaldri fari í skapabarmaaðgerðir til lýtalækna í fylgd með mæðrum sínum. Lýtalæknir segir fordóma í garð slíkra aðgerða einkennast af vanþekkingu.

Þórdís Kjartansdóttir, formaður Félags lýtalækna, skrifar grein um málið í Læknablaðið. Þar segir hún að mikil vanlíðan fái konur til að gangast undir slíka aðgerð, ekki staðalímyndir í klámi. **- þþ**

Hjón sem spurð eru daglega hvort þau séu að grínast vegna nafna þeirra:

## Adam og Eva dekra við þreytta

**FÓLK** Í Reykjavík er hægt að komast í dekur hjá hjónunum Adam og Evu. Ekki þó í Edensgarðinum heldur í heilsulindinni Sóley Natura Spa.

Hjónin Adam og Eva eru pólskir nuddarar og vinna saman í heilsulindinni. Adam segir að nöfn þeirra hafi oft vakið furðusvip og hlátur hjá fólki.

„Helmingur viðskiptavina okkar er erlendir ferðamenn. Nöfnin okkar eru náttúrulega mjög alþjóðleg og því hefur fólk af bókstaflega öllum þjóðernum spurt okkur hvort við séum að grínast,“ segir Adam hlæjandi.

Adam og Eva hafa búið á Íslandi í átta ár. „Við ætluðum bara að vinna hér í eitt ár til að prófa eitthvað nýtt. En okkur líkar svo vel á Íslandi. Hér er allt svo rólegt og svo fallegt. Það er hægt að labba um göturnar um miðja nótt án þess að hafa áhyggjur af því að eitthvað komi fyrir mann. Það kunnum við vel að meta.“ **- ebg**



**Í PARADÍS** Adam og Eva hafa búið á Íslandi í átta ár og segja landið vera sína paradís. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Hrósa leikfangaverslun:

## Bæði kyn með sömu leikföngin

**JAFNRÉTTI** Í nýjum bæklingi frá Toys “R” Us má sjá stelpur og stráka leika sér saman í bílaleik og í barbí. Bæði kynin sjást leika sér með ýmis leikföng án þess að þau séu sérstaklega ætluð öðru kyninu.

Femínistafélag Íslands hrósar fyrirtækinu í tilkynningu: „Það er Femínistafélagi Íslands bæði ljúft og skylt að hrósa því þegar jafnréttissjónarmið eru höfð til hliðsjónar í starfsemi aðila sem eru í aðstöðu til að hafa áhrif.“ **- hrs**

Gjaldtaka á bílastæðum HÍ:

## Verður ekki í náinni framtíð

**MENNTAMÁL** Stúdentar við Háskóla Íslands óttast að tekin verði upp gjaldtaka á stæðum við byggingar Háskóla Íslands. „Ég sendi yfirstjórn skólans fyrirspurn þar sem ég spurðist fyrir um þetta mál. Mér var tjáð að þetta yrði ekki gert í náinni framtíð,“ segir María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs.

Hún segir að áður en farið yrði í að taka gjald fyrir að leggja í stæði við skólann yrði að semja um það við Landspítalann og HR auk þess sem það kallaði á bættar almenningssamgöngur. **- jme**

Forræðisdeila fyrir dómi:

## Fresta handtöku Hjördísar

**DÓMSMÁL** Handtökumáli Hjördísar Svan Aðalheiðardóttur var frestað í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hjördís flúði með dætur sínar frá Danmörku til Íslands, en hún hefur verið í áralangri forræðisdeilu við danskan barnsföður sinn. Faðirinn fékk dæmt forræði yfir dætrum þeirra í Danmörku.

Dönsk yfirvöld hafa sent handtökubeiðni til íslenskra stjórnvalda sem ríkissaksóknari sér um að fullnusta. Ákvörðun dansks dómara um að gefa út handtökuskipun hefur verið áfrýjað í Danmörku og á þeim grundvelli frestaði héraðsdómur málinu í gær.

Ekki er ljóst hvenær niðurstaða fæst fyrir dómstólunum. **- fbj**

# Kínastjórn slakar á klónni

Leiðtogar Kína hafa tekið ákvörðun um að leggja niður hinar illræmdu vinnubúðir, sem notaðar hafa verið í héruðum landsins til að refsa stjórnarandstæðingum. Einnig á nú að leyfa pörum að eignast tvö börn, ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Auðugir Kínverjar hafa komist upp með að eignast tvö börn og greiða sektir.

**KÍNA, AP** Á fjögurra daga fundi sínum um síðustu helgi samþykktu æðstu leiðtogar kínverska Kommúnistaflokksins tilslakanir á hinni umdeildu einbirnisstefnu, sem framfylgt hefur verið áratugum saman.

Brátt munu pör mega eignast tvö börn, en þó aðeins að því skilyrði uppfylltu að í það minnsta annað foreldrið sé einbirni.

Einbirnisstefnan hefur haft margvíslegar afleiðingar fyrir kínverskt samfélag. Dregið hefur úr hraða fólksfjölgunar, en að sama skapi er fyrirsjáanlegt að fólk á vinnualdri mun eiga æ erfiðara með að standa undir umönnun aldraðra þegar fram líða stundir.

Stefnunni hefur í mörgum tilfellum verið fylgt eftir af mikilli hörku, meðal annars með því að neyða konur til að gangast undir fóstureyðingar.

Þungar sektir hafa legið við brotum og hinir brotlegu hafa jafnvel misst eignir sínar og atvinnu, hafi þeir ekki efni á að greiða sektirnar. Auðugri Kínverjar hafa hins vegar getað komist upp með að eignast í það minnsta tvö börn, þar sem greiðsla sektar er ekki vandamál hjá þeim.

Á fundi leiðtoganna var einnig samþykkt að leggja niður hinar illræmdu vinnubúðir, sem upphaflega voru reistar til þess að refsa andstæðingum Kommúnistaflokksins.

Leiðtogar í héruðum Kína og sveitarfélögum hafa haldið áfram að notfæra sér þessa leið til þess að refsa einstaklingum, sem gagnrýnt hafa spillingu í stjórnsýslunni.

gudsteinn@frettabladid.is



**FRELSIÐ EYKST** Í nokkra áratugi hefur flestum kínverskum pörum verið bannað að eignast nema eitt barn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### SAGA EINBIRNISSTEFNUNNAR Í KÍNA Í SEXTÍU ÁR 1953-2013

- **1953** Kínverskir leiðtogar stinga fyrst upp á því að takmarka þurfi barneignir, en ekkert verður úr þeim áformum.
- **1970** Kínverjar orðnir 800 milljónir.
- **1975** Kínastjórn hvetur pör til að eignast helst ekki fleiri en eitt barn, og alls ekki fleiri en tvö.
- **1980** Kommúnistaflokkurinn setur ný lög þar sem pörum er í reynd bannað að eignast fleiri börn en eitt.
- **1984** Kínastjórn veitir sumum undantekningarheimild til þess að eignast tvö börn. Þetta á við sums staðar í sveitum landsins. Einnig mega foreldrar eins barns eignast annað barn ef þeir eru báðir einbirni. Nokkrar aðrar undantekningar eru einnig leyfðar.
- **2001** Með nýrri löggjöf er reynt að fylgja þessum reglum betur eftir. Meðal annars þarf nú að greiða sektir ef fólk eignast barn í óleyfi.
- **2013** Nú nægir að annað foreldri barns sé einbirni til þess að eignast megi annað barn.

www.volkswagen.is



Volkswagen Amarok

Fágaður og fullur af orku

Volkswagen Amarok sameinar kosti lúxusjeppa og pallbíls og býður upp á mikla notkunarmöguleika fyrir fjölbreyttan lífsstíl. Amarok fæst nú með 2.0 TDI 180 hestafla dísilvél með 8 gíra sjálfskiptingu og 3.200 kg dráttargetu.

Eyðsla frá 7,6 lítrar/100km.*

Amarok Double Cab 2.0 TDI 180 hestöfl kostar frá

7.590.000 kr.

(6.047.809 kr. án vsk)

*Miðað við blandaðan akstur á sjálfskiptum/beinskiptum Volkswagen Amarok Startline Double Cab 2.0 TDI, 180 hö.

Atvinnubílar

Komdu í reynsluakstur

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


Ljósadýrð Garðheima
20% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM SERÍUM UM HELGINA


JÓLATRÉN SEM ENDAST
20%
AFSLÁTTUR AF
GERVIJÓLATRJÁM
UM HELGINA


SKAPAÐU HLÝLEIKA HEIMA ❤
TILBOÐ Á RAUÐUM
JÓLASTJÖRNUM
GARÐHEIMAR
Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



# AMERÍSKIR DAGAR

AÐEINS 15.689 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**LARAMIE** 2JA SÆTA SÓFI
**179.990**
FULLT VERÐ: 199.990

AÐEINS 16.552 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**LARAMIE** 3JA SÆTA SÓFI
**189.990**
FULLT VERÐ: 209.990

**LARAMIE** sófasett
microfiber áklæði.
2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm.
3 sæta B:220 D:95 H:95 cm.

AÐEINS 8.789 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**ATTIC** SÓFABORÐ
**99.990**
FULLT VERÐ: 119.990

AÐEINS 13.102 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**LARAMIE** STÓLL
**149.990**
FULLT VERÐ: 169.990



**LARAMIE** Hornsófi.
Brúnt microfiber. D: 95 H: 95 L: 250x250 cm.

AÐEINS 34.664 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**LARAMIE**
HORNSÓFI
**399.990**
FULLT VERÐ: 449.990

AÐEINS 14.827 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**LARAMIE**
HÆGINDASTÓLL
**169.990**
FULLT VERÐ: 199.990



**Broyhill®**

- STOFNAÐ 1905 Í USA
- SÉRVALIÐ LEÐUR EÐA ÁKLÆÐI
- HANDUNNIÐ Í USA
- EINSTÖK ÞÆGINDI OG ENDING
- DURACOIL™ POKAGORMAR Í SESSUM
- ALVÖRU AMERÍSK ÞÆGINDI!



Brúnt microfiber.
B: 280 D:170 H: 95 cm.

AÐEINS 34.664 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**MIDLAND**
TUNGUSÓFI
**399.990**
FULLT VERÐ: 449.990

AÐEINS 32.939 KRÓNUR
Afb. á mán. m.v. 12 mán. vaxtalaust lán 3,5% lántökugj.

**HOLLANDER**
3JA SÆTA SÓFI
**379.990**
FULLT VERÐ: 429.990



Ekta leður, dökk brúnt. 3 sæta
B:220 D:95 H:90 cm. Einnig til 2ja sæta og stóll.

## FALLEGIR ARNAR – JÓLASENDINGIN KOMIN



ARINN ASHLEY
Hvítur B:122 D:35 H:106 cm



ARINN ASHLEY
Svartur B:122 D:35 H:106 cm



ARINN CHATEAU
Svartur B:104 D:30 H:95,5 cm



ARINN CHATEAU
Expresso B:104 D:30 H:95,5 cm

MERIDIAN
**69.990**
VERÐ: 79.990

ASHLEY
**119.990**
VERÐ: 149.990

HORN CHATEAU
**99.990**
VERÐ: 129.990

CHATEAU
**99.990**
VERÐ: 129.990

GABRIELLE
**139.990**
VERÐ: 159.990

KRISTINE
**149.990**
VERÐ: 179.990

# LA-Z-BOY®

18 MISMUNANDI HÆGINDASTILLINGAR

LA-Z-BOY STOFNAÐ 1928

MEST SELDI HÆGINDASTÓLL Í HEIMI



## EKKI MISSA AF ÞESSU!





64.990
FULLT VERÐ: 79.990

**EMPIRE** La-z-boy stóll.
Áklæði fjóri litir.
B:80 D:70 H:102 cm.



79.990
VERÐ: 109.990

**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart, grátt, brúnt, grænt eða ljóst áklæði.
B:80 D:85 H:102 cm.



99.990
FULLT VERÐ: 119.990

**AROS** La-z-boy stóll. Grátt, brúnt eða ljóst ákæði.
B:85 D:90 H:107 cm.



99.990
VERÐ: 119.990

**RIALTO** La-z-boy stóll. Svart, grátt, brúnt, grænt eða ljóst áklæði.
B:80 D:85 H:102 cm.



129.990
VERÐ: 159.990

**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart, vínrautt, brúnt eða ljóst leður.
B:80 D:85 H:102 cm.



149.990
VERÐ: 169.990

**MARTINI** La-z-boy stóll.
Svart leður. Martini er einnig til í áklæði
B:80 D:87 H:101 cm.



149.990
VERÐ: 179.990

**PINNACLE LZB**-stóll
Leður fimm litir.
B:80 D:85 H:104 cm.



169.990
FULLT VERÐ: 199.990

**CARDINAL** La-z-boy stóll.
Svart leður.
B:96 D:100 H:107 cm.

realflame KR. 790 DÓSIN




**ÖRUGGT OG UMHVERFISVÆNT.**
Real Flame arinn-eldsneyti í dós. Real Flame gelið er snarkandi og róandi á köldum haust-dögum. Sótar ekki. Logar í þrjár klukkustundir.

KASSI 24 DÓSIR 15% AFSLÁTTUR KR. 16.116



**ARINN KRISTINE** Mahogany
B:117 D:34 H:101 cm

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
– fyrir lifandi heimili –



**ÞRJÚ SKIP Á LANDI Á FILIPPSEYJUM** Fellibylurinn Haiyan gerði sér lítið fyrir og vippaði í lok síðustu viku þessum þremur skipum upp á þurrt í borginni Tacloban, sem nú er rústir einar eins og mörg önnur bæjarfélög á Filippseyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**FLÓÐ Í SÓMALÍU** Úrhelli mikið hefur verið síðustu daga í Sómalíu, með þeim afleiðingum að þúsundir manna hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna flóða. Sett hafa verið upp sjúkraskýli, þar sem konur og börn hafa fengið húsaskjól til bráðabirgða.



**MEÐ HNEFANA Á LOFTI Í JAPAN** Akio Toyoda, stjórnarformaður Toyota, ásamt fleiri framámönnum japanskra bílaframleiðenda, gerir kröfur til stjórnvalda um að skattur á bifreiðar verði lækkaður.



**SNJÓR Á SPÁNI** Í Benasque-dalnum í Pýreneafjöllunum á Spáni tók fólk upp skóflur í gær til að moka burt snjónum, sem kyngt hafði niður.

## ÁSTAND HEIMSINS





Skíðamarkaður Skíðadeildar Víkings

**Skíðadeild Víkings stendur fyrir árlegum Skíðamarkaði með notaðan skíðabúnað sunnudaginn 17. Nóvember milli kl. 11 og 14.**

Markaðurinn verður í **Víkinni**, íþróttahúsi Víkings í Fossvogi.

**Markaðurinn er opinn öllum.**

Boðið verður til sölu skíðabúnaður, skíðafatnaður, skór og skautar.

**Fagleg ráðgjöf á staðnum.**

Allir eru hvattir til að taka rækilega til í geymslum og skúrum og koma með notaðan búnað til að selja á markaðnum, mikil eftirspurn er eftir notuðum búnaði.

**Tekið verður á móti búnaði til sölu í Víkinni á laugardeginum 16. Nóvember milli 15:30 og 18:00**

Markaðurinn er nú haldinn í 7. skiptið og hefur notið mikilla vinsælda meðal skíðaiðkenda í Reykjavík. Fjölmargir hafa eignast skíði á alla fjölskylduna á góðu verði og aðrir hafa losað um pláss í geymslum sínum.

Kökubasar og heitt á könnunni.



Skíðamarkaðurinn hefur vakið mikla athygli, gríðaleg sala verið á búnaði margir komið búnaði í verð sem annars hefði rykfallið og svo hafa margir gert ótrúlega góð kaup.





**FÍLABEIN MULIÐ Í BANDARÍKJUNUM** Bandarísk stjórnvöld tóku ákvörðun um að eyða öllu fílabeini, sem hald hefur verið lagt á, í von um að senda bæði veiðiþjófum í Afríku og kaupendum í Bandaríkjunum ótvírætt merki um að smygl með fílabein verði ekki liðið.




**MÓTMÆLI Í BÚLGARÍU** „Mafía“ hefur verið skrifað á rauðu stjörnuna, sem mótmælandi þessi heldur á í Sofíu, höfuðborg Búlgaríu. Nánast daglega mótmæli hafa verið gegn stjórn Sósíalistaflokksins og krefst fólk þess að efnt verði til kosninga án tafar.



**MAGADANS Í TYRKLANDI** Karlkyns magadansari sýnir þarna listir sína, ásamt félaga sínum í Istiklal-stræti í Istanbúl.

# Taktu grænu skrefin með Olís

Umhverfisvænni VLO-díselolía
hjá Olís minnkar útblástur
á koltvísýringi um 5%

Nánari upplýsingar á olis.is

VLO Dísel olís

Vetnismeðhöndluð lífræn olía




Ríkisstjórnin vill draga úr skriffinnskunni:

# Léttara regluverk

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra lagði í byrjun vikunnar fram þarft frumvarp á Alþingi. Það fjallar um aðgerðir til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og efla samkeppni. Meiningin er að standa betur að undirbúningi löggjafar þannig að hún verði ekki til þess að leggja óþarfar byrðar og skriffinnsku á fyrirtækin í landinu.

Nú fer ekki á milli mála að reglur eru nauðsynlegar til að passa upp á alls konar almannahagsmuni, til dæmis að vernda umhverfið og heilsu fólks og tryggja hag neytenda. En það er jafnljóst að opinbert regluverk er á sumum sviðum komið út í öfgar og flækjurnar áreiðanlega ekki nauðsynlegar til að tryggja almannahagsmuni.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Við þekkjum ýmis dæmi um slíkt. Viðskiptaráð hefur til dæmis ítrekað á undanförnum árum vakið athygli á því hversu fáránlega dýrt er og flókið að koma af stað einföldum rekstri eins og litlu kaffihúsi eða bar. Til þess þarf fimm opinber leyfi og vel á fjórða tug vottorða. Kostnaðurinn við pappírana er mörg hundruð þúsund krónur. Verðandi veitingamenn þurfa að þvælast þvers og kruss um frumskóg opinberra stofnana og eftirlitsaðila og heimsækja suma oftar en einu sinni.

Sennilega var ekki meining löggjafans að hafa þetta svona, en af því að heildarsýnina skortir og fáir hafa velt fyrir sér hvernig mismunandi lög og reglur spila saman endar regluverkið með að verða svona fráleitlega flókið og þungt í vöfum.

Skrifræði af þessu tagi getur hreinlega latt fólk frá að stofna fyrirtæki og láta að sér kveða í atvinnulífinu. Það segir sig líka sjálft að lítil fyrirtæki bera hlutfallslega miklu meiri fyrirhöfn og kostnað af flóknu regluverki en þau stóru.

Ætlunin með frumvarpi forsætisráðherra er að leita „einfaldra, skilvirkra og hagkvæmra leiða til að ná fram samfélagslegum markmiðum." Það getur þýtt að ekki þurfi endilega alltaf nýja lagasetningu til, heldur sé hægt að ná markmiðunum með öðrum leiðum. Sömuleiðis er meiningin að festa í sessi þá meginreglu að innleiða ekki íþyngjandi reglu nema önnur slík víki þá í staðinn.

Í þessum tilgangi á að stofna óháð ráð, svokallað regluráð, sem á að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um hvernig eigi að ná þessum markmiðum. Ráðuneyti, ríkisstofnanir og sveitarfélög eiga að bera undir ráðið allar lagabreytingar og breytingar á stjórnvaldsfyrirmælum sem hafa áhrif á atvinnulíf og samkeppni. Athugasemdir ráðsins eiga svo að birtast með frumvörpum þegar þau koma til kasta Alþingis.

Mikið af löggjöf sem snertir atvinnulífið kemur til okkar frá Evrópusambandinu í gegnum EES-samninginn. Ráðið mun ekki geta haft miklar skoðanir á meiripartinum af henni, en í sumum tilvikum er þó svigrúm til að ganga skemmra en tilskipanir ESB kveða á um. Slíkt dæmi hefur verið í fréttum nýlega; löggjöf um að olíufélög verði að blanda lífrænu eldsneyti í olíuna hefði ekki þurft að taka gildi fyrr en eftir sjö ár. Slíkan frest hefði að sjálfsögðu átt að nýta.

Almennt er það góð nálgun að undirbúa löggjöf betur þannig að hún sé einfaldari, gegnsærri og minna íþyngjandi. Það er rétt að byrja á atvinnulífinu, en það sama á að sjálfsögðu við um ýmis lög og reglur sem snerta daglegt líf borgaranna. Þar má einfalda ýmislegt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is*, Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

ALLIR VELKOMNIR

SKIPTIR SAMSTAÐA MÁLI?

MÁLEFNAÞING UM KJARABARÁTTU OG VERKALÝÐSMÁL

16. nóvember kl. 13.00 - 17.00 í IÐNÓ

Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara
Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar
Drífa Snædal , framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins
Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands
Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB
Steinunn Rögnvaldsdóttir, kynjafræðingur

Sjöfn Ingólfsdóttir og Ögmundur Jónasson stýra þinginu

Nánari upplýsingar á www.vg.is

FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU

VINSTRI GRÆN



## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Enginn stökk upp á nef sér



Óvænt stökk enginn upp á nef sér þegar skýrsla hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar birtist í vikunni. Ástæðan er ugglaust sú að í henni er ekki það sprengiefni sem véfréttir af starfi hópsins höfðu gefið tilefni til að ætla að þar yrði að finna.

Ein helsta gagnrýni stjórnarandstöðunnar var sú að hafa ekki fengið að sjá skýrsluna á vinnslustigi. Athugasemdir af því tagi hefðu hugsanlega átt nokkurn rétt á sér ef hér væru á ferðinni fullgerðar tillögur sem stjórnarmeirihlutinn hefði þegar sameinast um og biðu aðeins formlegs samþykkis Alþingis.

Skýrslan er hins vegar ekki af þeim toga. Hún geymir velútfærðan lista yfir rúmlega eitt hundrað hugmyndir um hagræðingu og kerfisbreytingar. Nokkrar þeirra eru ferskar, aðrar hafa sést áður og sumar eru þegar til skoðunar í ráðuneytum eða jafnvel komnar í framkvæmd eins og utanríkisráðherra staðhæfir varðandi lækkun á framlögum til þróunaraðstoðar.

Misskilningurinn um ætlað efni skýrslunnar stafar trúlega af því að í henni sátu áhrifaríkir þingmenn sem á stundum hafa verið fyrirferðarmeiri í fjölmiðlum en ríkisstjórnin. Hald manna hefur sennilega verið að slíkur hópur skilaði endanlegum og útfærðum tillögum sem hann hefði í krafti pólitískra áhrifa þegar náð meirihlutastuðningi við.

Segja má að staða málsins sé á því þrepi sem algengt er í slíkri vinnu að embættismenn hafi lagt fram hugmyndalista fyrir pólitíska forystu, fyrst til frekari greiningar og rökstuðnings og síðar til að tryggja pólitískan stuðning. Í raun er pólitíska starfið við þetta þarfa og góða verk eftir.

## List hins mögulega

Pólitík er stundum sögð vera list hins mögulega. Að svo miklu leyti sem sú staðhæfing er rétt á hún við það verkefni sem hér er verið að leggja af stað með. Hvort tveggja er að það er efnislega flókið og pólitískt snúið.

Satt best að segja er það fremur umhugsunarefni hvort rétt hafi verið að birta hugmyndalistann á þessu þrepi vinnunnar en að gagnrýna að hann hafi ekki verið kynntur fyrr. Um leið og ein hugmynd er skotin í kaf er hætt við að þeir fái aukið púður sem eru í skotgröfunum til að verjast öðrum.

Í því ljósi hefði verið æskilegt að pólitíska vinnan væri lengra komin í fyrstu skýrslu. Alltént hefði það verið líklegra til að styrkja framgang málsins ef pólitíska skuldbindingin væri ríkari og ótvíræðari þegar svo umfangsmiklar tillögur koma til umræðu. Á móti kemur að eðlilegt er að umræðan hefjist áður en menn standa frammi fyrir orðnum hlut. Erfitt getur verið að finna jafnvægið þarna á milli.

Í byrjun var um það rætt að vinna hagræðingarhópsins myndi standa allt kjörtímabilið. Það var trúverðugt miðað við umfang málsins. Nú hefur formaður hópsins verið ráðinn aðstoðarmaður forsætisráðherra meðal annars til að vinna að framgangi þessara hugmynda. Ekkert er við þá ráðstöfun að athuga. Þingmenn geta verið aðstoðarmenn ráðherra eins og hverjir aðrir kjósi menn það.

Þessi skipan mála bendir í hina röndina til að ákveðið hafi verið að taka pólitísku forystuna í þessu máli úr þingmannanefndinni og inn í forsætisráðuneytið. Ugglaust er hugsunin sú að gefa viðfangsefninu meira pólitískt vægi en í upphafi var áformað. Sé svo fer vel á því. Það gefur til kynna að ríkisstjórnin ætli að láta reyna á list hins mögulega.

## Samstaða um að samkjafta

Fyrstu viðbrögðin við skýrslu hagræðingarhópsins eru vissulega bundin fyrirvörum af ýmsu tagi. En almennt eru þau jákvæð og vísbending um að víðtækur skilningur sé á nauðsyn umfangsmikillar hagræðingar í ríkisrekstrinum og jafnvel kerfisbreytinga.

Fyrir ári var birt skýrsla ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey um vaxtarmöguleika Íslands. Hún geymdi raunverulegt sprengiefni og leiddi meðal annars í ljós að raunvöxtur á síðustu þrjátíu árum var umtalsvert minni hér en í grannlöndunum og framleiðni vinnuafls um fimmtungi minni. Sjávarútvegurinn var eina atvinnugreinin sem stóðst alþjóðlegan samanburð í framleiðni.

Ekki er ofmælt að sú skýrsla sé eitt markverðasta framlag til efnahagsumræðunnar í langan tíma. Nefnd var skipuð til að vinna að framgangi þeirra hugmynda sem settar voru fram í henni. En athyglisvert er að í kosningabaráttunni síðastliðið vor myndaðist algjör samstaða um að samkjafta um þetta pólitíska púður.

Þær staðreyndir sem við blasa í McKinsey-skýrslunni kalla á umfangsmiklar kerfisbreytingar í þjóðarbúskapnum í heild. Án þeirra er lítil von um viðreisn Íslands. Ærin ástæða er til að kalla eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar til þeirrar vinnu í samhengi við hugmyndalista hagræðingarhópsins í ríkisfjármálum. Þessi tvö viðfangsefni er ekki unnt að slíta í sundur.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

ENDURMENNTUN 30 ÁRA



# NÆRÐU HUGANN

## FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI

### MENNING

Pílagrímaleiðin til Santiago de Compostella
hefst 18. nóvember

Hamlet í Borgarleikhúsinu: Ný kynslóð  nýir tímar  nýr Hamlet
skráningarfrestur til 26. nóvember

Byltingar, róttækar hreyfingar og „heilög stríð“:
Átakasaga Mið-Austurlanda
skráningarfrestur til 6. janúar

### STARFSTENGD HÆFNI

Orkustjórnun: Leið til að hámarka afköst þín og árangur
skráningarfrestur til 18. nóvember

Heilsuefling og forvarnir á vinnustöðum
skráningarfrestur til 18. nóvember

Analytics og gagnanám
skráningarfrestur til 19. nóvember

Innri úttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki
hefst 19. nóvember

Mælingar, prófanir og mótun vefstefnu
skráningarfrestur til 20. nóvember

Inngangur að greiningu ferla og ferlastjórnun
skráningarfrestur til 20. nóvember

WordPress II - Framhaldsnámskeið
hefst 21. nóvember

Grunnatriði í verkefnastjórnun
skráningarfrestur til 26. nóvember

Að leiðbeina jafningjum (train the trainer)
skráningarfrestur til 29. nóvember

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Sálgæsla og áfallahjálp – samfylgd í kjölfar áfalla
hefst 22. nóvember

Lög um réttindagæslu:
Hvernig draga á úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk.
Hlutverk, úrræði og undanþágur
skráningarfrestur 22. nóvember

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Sáttamiðlun fyrir stjórnendur
hefst 19. nóvember

Grunnatriði stjórnarsetur
– hagnýtt námskeið fyrir nýja og verðandi stjórnarmenn fyrirtækja
hefst 20. nóvember

### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Excel I
hefst 20. nóvember

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja - vinnustofa
hefst 21. nóvember

Excel PowerPivot
skráningarfrestur til 20. nóvember

Excel II
skráningarfrestur til 25. nóvember

Íslenskur fasteignamarkaður
skráningarfrestur til 26. nóvember

### PERSÓNULEG HÆFNI

Kolvetnasnautt mataræði – áhætta eða ávinningur?
hefst 18. nóvember

Öflugt sjálfstraust
hefst 21. nóvember

Kvíðasjúkdómar - Þú getur líka!
skráningarfrestur til 21. nóvember

Hugþjálfun – leið til árangurs
skráningarfrestur til 28. nóvember

### VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

Nýr Evrópustaðall um hönnun steinsteypuvirkja:
ÍST EN 1992-1-1:2004
hefst 20. nóvember

**GJAFABRÉF ENDURMENNTUNAR ER TILVALIN GJÖF FYRIR FRÓÐLEIKSFÚSA**

**SKRÁNINGARFRESTUR ER AÐ ÖLLU JÖFNU VIKU ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST**

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Kvótakerfi = gjafakvóti?

SJÁVARÚTVEGUR



**Jón Steinsson**
dósent í hagfræði við Columbia-háskóla í New York

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra hefur lýst því yfir að hann ætli að setja makríl inn í kvótakerfið. Með því verður makrílkvóti framseljanlegur og gríðarlega verðmætur. Sigurður segir að það hafi sýnt sig að kvótakerfi framseljanlegra veiðiheimilda sé „gríðarlega þjóðhagslega hagkvæmt“. Það má til sanns vegar færa. Auðvitað á makríll að fara inn í kvótakerfið.

Það að makríll eigi að fara inn í kvótakerfið þýðir hins vegar ekki að úthluta eigi þessum glænýja markrílkvóta án endurgjalds (eða svo gott sem). Það er ekkert sem segir að það þurfi að vera samasemmerki milli kvótakerfis og gjafakvóta.

Sjávarútvegsráðherra segir að horft verði til veiðireynslu, verðmætasköpunar og „væntanlega einhverra fleiri þátta“ við úthlutunina. Sjávarútvegsfyrirtækin sem veitt hafa makríl á síðustu árum hafa að mestu getað notað þau skip og þann tækjabúnað sem þau áttu hvort sem er og var ekki fullnýttur þar sem veiðar á uppsjávarfiski á sér stað í skorpum. Makríllinn var hreinn bónus fyrir uppsjávarfyrirtækin sem hægt var að sækja í milli þess sem þau sóttu í loðnu og síld. Að úthluta verðmætum upp á tugi milljarða

**➜ „Sátt“ í sjávarútvegsmálum virðist alltaf þýða að útgerðarmenn séu sáttir.**

á þessum grundvelli orkar tvímælis svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Sjávarútvegsráðherra segist hafa leitað eftir samráði við útgerðarmenn jafnt stóra sem smáa og vonast til að finna lausn sem flestir geta sætt sig við. Hér á hann auðvitað við flestir útgerðarmenn. Einhverra hluta vegna hefur hann ekkert samráð við skattgreiðendur og sjúklinga á Landspítalanum. Ætli þeir séu sáttir við að ráðherra úthluti gríðarlegum verðmætum langt undir markaðsverði? „Sátt“ í sjávarútvegsmálum virðist alltaf þýða að útgerðarmenn séu sáttir. Þjóðin er algjört aukaatriði í því sambandi.

Ég hef einfalda spurningu fyrir ráðherra: Hvað er það sem mælir gegn því að nýútgefinn makrílkvóti verði boðinn upp?

Með því myndi kvótinn renna til þeirra sem geta búið til mest verðmæti með hann (hagkvæmnin sem honum er tíðrætt um í þessu sambandi). Og ríkissjóður myndi fá talsverðar tekjur. Þær mætti nota til þess að lækka skatta eða bæta þjónustu (til dæmis á Landspítalanum). Ekki veitir af.

# Þetta fólk dregur sig í hlé – af málhöltum!

SAMFÉLAG



**Baldur Kristjánsson**
prestur

Í dag hefst Kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju sem í sjálfu sér er ekki í frásögur færandi. Ég sem fulltrúi vígðra manna í Suðurprófastsdæmi hyggst sitja þingið. Það er þó ekkert sjálfsagt.

Ég fékk heilastíflu, slag eða heilablæðingu eða hvað við eigum að kalla það í febrúar sl. Ef ekki væri fyrir hárrétt viðbrögð dóttur minnar 9 ára, starfsfólks sjúkrabíls, starfsfólks og lækna á taugadeild og taugaskurðdeild Fossvogsspítala væri ég búinn að vera dauður lengi. Síðan tók við frábær umönnun Grensáss og síðar nærsamfélags.

Ég virðist ætla að ná bærilegri heilsu þó vafi leiki á einu, tali, og þá kem ég að þeirri framhleypni minni að ætla að mæta á vinnuþing og málþing kirkjunnar sem fulltrúi altalandi fólks.

Skylt er að taka það fram að það virðist vera hluti af meðferðinni að telja sjúklingum trú um að þeir geti mikið og geti meira fljótlega. Þannig hef ég alltaf staðið í þeirri trú að ég yrði altalandi fljótlega. Slík trú heldur í manni lífinu.

Á hverju ári fá 400 Íslendingar slag (samheiti), rúmlega einn á dag. Margir þeirra verða málstola um lengri eða skemmri tíma.

Fyrir utan þá sem veikjast eiga margir erfitt um mál. Eru með einhverjum hætti málhaltir. Þá eru ótaldar allar þær milljónir sem búa þar sem móðurmál þeirra er ekki viðurkennt. Á Íslandi einu tugþúsundir. Allt þetta fólk býr við þau ósköp að geta ekki tjáð sig nema þá hægt og „illskiljanlega“.

### Mínir eigin fordómar

Er það ekki svo, Baldur, að þú hugsar hægar og ógreinilegar og þess vegna talar þú svona hægt? spurði mig hreint út vel meinandi og vel gerður maður og þá runnu upp fyrir mér mínir eigin fordómar. Fólk setur nefnilega samasemmerki milli málhraða (tækni) og greindar eða færni. Sá sem ekki talar af færni er illa gefinn, hvort sem það er málstol af völdum heilaröskunar eða vegna skorts á móðurmáli.

Þetta fólk dregur sig því í hlé smám saman, stór hluti af því.

„Hefurðu látið einhvern úr fjölskyldunni sýna þér þetta, vinur?“ er svarið sem ég fæ frá vel meinandi ráðgjafa hjá símafyrirtæki. Viðmót fólks snarbreytist þegar maður fer að tala og sæmdarheitið „vinur“ verður áberandi. Fólk vill vera gott við mann. Það rann upp fyrir mér að ég hef haft svipaða afstöðu til

**➜ Ég mun því sitja kirkjuþing sem fulltrúi vígðra í Suðurkjördæmi en einnig sem fulltrúi allra þeirra sem ekki geta tjáð sig eins og áður. Fulltrúi þeirra málhöltu.**

fólks. Lagt greind og málfærni að jöfnu.

Það er lágmark að fólk sé meðvitað um þetta. Útlendingar eru að jafnaði eins vel gefnir og innfæddir. Þeir sem verða fyrir heilaröskun missa ekki hæfileikann til rökréttrar hugsunar þó að hæfileikinn til tjáskipta skerðist oft tímabundið og þá oft vegna talfæra eða boða til þeirra. Hjá sjálfum mér hefur gerst það sama og hjá mörgum öðrum. Samfara æfingum hefur greindarvísitala mín hækkað. Óþarfi að liggja á því.

Ég mun því sitja kirkjuþing sem fulltrúi vígðra í Suðurkjördæmi en einnig sem fulltrúi allra þeirra sem ekki geta tjáð sig eins og áður. Fulltrúi þeirra málhöltu. Ég vona að sem flestir þeirra komi sem oftast og sem mest fram í dagsljósið. Ég er laus við fordóma í garð þeirra sem tala hægt eða ógreinilega. Það er frekar að ég hafi komið mér upp fordómum í garð þeirra sem tala of hratt. En það er efni í aðra grein.

# Að vera eða vera ekki kynfræðingur

KYNFRÆÐI



**Jóna Ingibjörg Jónsdóttir**



**Áslaug Kristjánsdóttir**



**Sigríður Dögg Arnardóttir**
kynfræðingar

Kynfræði (sexology) hefur þann megintilgang að auka þekkingu okkar á manninum sem kynveru. Fræðigreinin kynfræði er rétt að slíta barnsskónum hérlendis og mikilvægt að hlúa vel að fyrstu skrefunum í allri þróun, ekki síst uppbyggingu menntunar innan kynfræða.

Langvarandi skortur á faglegri menntun í kynfræðum hefur hægt á framþróun heildstæðrar stefnumótunar í kynheilbrigðismálum sem lýtur að þróun kynfræðslu og klínískrar vinnu svo og forvarnarstarfs og rannsókna. Þrátt fyrir að íslensk lög kveði á um að heilbrigðisstéttir og kennarar eigi að veita fræðslu og ráðgjöf um kynferðismál þá hefur minna farið fyrir ákvæðum um hvaða menntun þeir skuli hafa til að sinna þessu lögboðna hlutverki. (Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir… nr. 25/1975). Þetta hefur ekki verið viðunandi og síst til þess fallið að festa fræðigreinina í sessi.

Starfsheitið kynfræðingur er enn sem komið er ekki lögverndað starfsheiti á Íslandi. Það firrir samt ekki einstaklinga ábyrgð á gjörðum sínum og í því sambandi má nefna að allar heilbrigðisstéttir hafa sett sér siðareglur. Það er öllum frjálst að fjalla um kynlíf en borið hefur á því um árabil að starfsheitin kynfræðingur og kynlífsráðgjafi hafi verið notuð í tengslum við kynlífsumfjöllun án þess að viðkomandi hafi hlotið tilskilda menntun. Við teljum það ámælisvert. Þrátt fyrir vinsamlegar ábendingar hefur slík titlaskreyting gerst ítrekað.

### Kæruleysi

Við teljum að slíkt kæruleysi slái ryki í augu almennings sem þarf að vera upplýstur um að sérfræðiþekkingar sé þörf í sambandi við störf við kynfræðslu eða lausnir á kynlífsvanda. Það er ekki nóg að hafa skrifað pistla um kynlíf í fjölmiðlum til að nota starfsheitin kynfræðingur eða kynlífsráðgjafi. Ekki frekar en að til dæmis matarblogg geri bloggara að næringarfræðingi.

Kynfræðifélag Íslands (Kynís) á aðild að samtökum norrænna kynfræðifélaga (Nordic Association for Clinical Sexology – NACS) en samtökin hafa útbúið samnorræna staðla eða kröfur um menntun innan kynfræða. Lágmarkskrafa er að þeir sem vinna kynfræðistörf afli sér viðeigandi menntunar í fræðunum hvort sem um er að ræða kynfræðistörf við kynfræðslu eða störf á klínískum vettvangi.

Árið 2003, að frumkvæði þáverandi stjórnar Kynfræðifélags Íslands, hófst vinna við undirbúning að kynfræðinámi á háskólastigi. Þrjár deildir innan Háskóla Íslands tóku að lokum kynfræðinám upp á sína arma og bjóða upp á þverfræðilegt 30 ECTS diplómanám (þrjú sjálfstæð námskeið) í kynfræði á meistarastigi við Háskóla Íslands.

Áðurnefnt diplómanám veitir ekki titil eða eða réttindi innan kynfræða en veitir aðgang að frekara námi svo sem í Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Bretlandi Bandaríkjunum og Ástralíu. Eftir heildstætt framhaldsnám innan kynfræða er síðan hægt að sérhæfa sig í kynfræðslu eða í klínískri kynfræði og fá réttindi sem kynfræðari, kynlífsráðgjafi eða sérfræðingur í klínískri kynfræði.

**➜ Starfsheitið kynfræðingur er enn sem komið er ekki lögverndað starfsheiti á Íslandi. Það firrir samt ekki einstaklinga ábyrgð á gjörðum sínum og í því sambandi má nefna að allar heilbrigðisstéttir hafa sett sér siðareglur.**

Stjórn Kynfræðifélags Íslands hefur umsjón með veitingu réttinda innan kynfræða hér á landi, samkvæmt gildandi reglum samtaka norrænna kynfræðifélaga.

# Úlfshjarta

MENNTUN



**Guðrún G. Sveinbjörnsdóttir**
grunnskólakennari og fimm barna móðir

Lestrarvenjur unglinga hafa verið töluvert í umræðunni undanfarið og kannanir sýna að mikill hluti þeirra les ekki bækur sér til ánægju. Í starfi mínu sem íslenskukennari hefur mér fundist framboð bóka sem höfða til þessa mikilvæga lesendahóps oft á tíðum hafa verið takmarkað. Þess vegna langar mig að vekja athygli á bókinni Úlfshjarta eftir Stefán Mána sem kom út á þessu ári.

Úlfshjarta er tímælalaust kærkomin viðbót við þær bókmenntir sem lesnar hafa verið í gegnum tíðina á efsta stigi grunnskóla og í framhaldsskólum. Úlfshjarta er skrifuð fyrir ungmenni (young adults) og efnistök höfundar eiga fullt erindi við markhópinn sem bókin er ætluð. Aðalsögupersónan er 19 ára strákur sem þarf að læra að lifa með afar sérstökum persónueinkennum.

Sagan er í senn ástar-, spennu- og ævintýrasaga, þar sem tekin eru til umfjöllunar ýmis málefni sem fólk almennt glímir við á lífsleiðinni.

Sem dæmi um viðfangsefni má nefna glæpi og ofbeldi af ýmsu tagi, áfengis- og vímuefnaneyslu, sjálfsmynd og þá þætti sem móta hana, samskipti foreldra og barna og tilfinningar af ýmsu tagi. Bókin höfðar jafnt til stráka og stelpna og ég mæli hiklaust með henni til bókmenntakennslu, einkum ef eftirfarandi tilvitnun úr Aðalnámskrá grunnskóla er höfð að leiðarljósi:

„Þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmynd nemenda og kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og minnihlutahópa.“

(Aðalnámskrá, 2013, bls. 99)

# Grunnþjónusta í stað gæluverkefna

STJÓRNMÁL



**Kjartan Magnússon**
borgarfulltrúi, frambjóðandi í 2. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins

Rjúfa þarf þá kyrrstöðu sem ríkir í ýmsum málaflokkum Reykjavíkurborgar undir stjórn Besta flokksins og Samfylkingarinnar, t.d. í skólamálum, samgöngumálum og málefnum eldri borgara. Tími er kominn til að forgangsraða í þágu grunnþjónustu við borgarbúa í stað gæluverkefna meirihlutans.

Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að gera Reykjavík að enn líflegri og skemmtilegri borg þar sem frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja er virkjað. Mikilvægt er að öll hverfi fái að njóta sín í stað þess að ofuráhersla sé lögð á eitt póstnúmer.

■ Eitt fyrsta verkefni Samfylkingar og Besta flokksins var að hækka útsvar á Reykvíkinga í lögbundið hámark. Afnema þarf þessar hækkanir og auka þar með ráðstöfunartekjur borgarbúa á nýju.

■ Efla þarf skólastarf í borginni og sérstaklega grunnskólamenntun eftir þá stöðnun og forystuleysi, sem ríkt hefur í málaflokknum undir núverandi meirihluta. Óviðunandi er að eftir tveggja vetra lestrarnám geti 37% nemenda ekki lesið sér til gagns. Leggja þarf áherslu á hagnýtingu samræmdra mælinga til að bæta skólastarf og auka möguleika foreldra á að fylgjast með námsárangri barna sinna og frammistöðu skóla almennt.

■ Ábyrgðarlaust er að flæma flugvallarstarfsemi úr Vatnsmýri þegar allsendis er óljóst hvort og þá hvernig hagsmunir sjúkraflugs og innanlandsflugs verða tryggðir.

■ Styrkja þarf ólíka samgöngukosti í borginni og forgangsraða fjárveitingum í þágu umferðaröryggis eftir því sem kostur er. Hnekkja þarf aðgerðaleysisstefnu núverandi meirihluta í vegagerð og semja við ríkið um framkvæmdir. Mislægar umferðarlausnir á ákveðnum stöðum eru fljótar að borga sig upp þar sem þær fækka slysum stórlega, minnka mengun og greiða fyrir umferð.

■ Tryggja þarf lóðir undir þjónustuíbúðir eldri borgara, fjölga hjúkrunarrýmum og stofna öldungaráð í Reykjavík, sem verði borgarstjórn til ráðgjafar um málefni eldri borgara.

■ Til að tryggja gagnsæi verði listi yfir kostnaðargreiðslur borgarinnar birtar á netinu.

**➜ Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að gera Reykjavík að enn líflegri og skemmtilegri borg.**

Stærstu framfaramál Reykvíkinga eiga það sameiginlegt að hafa verið borin fram af Sjálfstæðisflokknum. Ég óska eftir stuðningi í 2. sæti í prófkjöri flokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar, sem fram fer í dag. Er það von mín að sem flestir taki þátt í prófkjörinu og leggi þannig góðan grunn að sigri Sjálfstæðisflokksins í kosningunum.



Krít
Sumarið 2014
15.000 kr.
afsláttur á mann á völdum dagsetningum ef bókað fyrir 1. desember.
Takmarkað magn í boði.
Frá kr. 109.900
Pella Steve I
Netverð á mann m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í íbúð m/1 svefnherbergi, 12. júní í 11 nætur með afslætti.
Frá kr. 123.900
Netverð á mann m.v. 2 fullorðnir í stúdíó, 12. júní í 11 nætur með afslætti.
Frá kr. 129.900 – allt innifalið
Maleme Mare Beach Resort
Netverð á mann m.v. 2 fullorðnir og 2 börn í íbúð m/1 svefnherbergi, 23. júní í 10 nætur með afslætti.
Frá kr. 154.900 – allt innifalið
Netverð á mann m.v. 2 fullorðnir í stúdíó, 23. júní í 10 nætur með afslætti.
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Heimsferðir
ENNEMM / SIA • NM59745
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Menntun er kjaramál

KJARAMÁL



**Ólafía B. Rafnsdóttir**
formaður VR

Starfsmenntamálin eru ofarlega á lista áherslna VR í þeim kjaraviðræðum sem nú standa yfir og er í kröfugerð VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna (LÍV) sérstaklega fjallað um menntun starfsmanna í verslun og þjónustu. Á nýafstöðnu þingi LÍV var samþykkt ályktun þar sem áherslur í menntamálum eru áréttaðar og atvinnurekendur hvattir til að standa með okkur að því að auka og efla starfsmenntun í landinu.

### Af hverju starfsmenntamálin?

Rúmlega helmingur félagsmanna VR sótti menntun, fræðslu eða þjálfun af einhverju tagi á árinu 2012, samkvæmt launakönnun VR. Það er mjög ánægjulegt. Það er hins vegar áhyggjuefni að í versluninni er þetta hlutfall lægra, eða 37%, á meðan það er mun hærra hjá fyrirtækjum í sérhæfðri þjónustu og fjármálageira, eða yfir 60%.

Í nýlegri vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar kemur fram að nær þriðjungur fólks á aldrinum 25-64 ára er ekki með framhaldsmenntun. Í verslun og ferðaþjónustu er þetta hlutfall umtalsvert hærra eða um 48%, að mati Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, að því er fram kemur í rannsókn sem unnin var á vegum Rannsóknarseturs verslunarinnar.

Þrátt fyrir mikið framboð af námi fyrir starfsfólk í verslun og þjónustu er enn þörf fyrir meiri menntun. Fjórir af hverjum tíu svarendum í könnun VR sögðust hafa mikla þörf fyrir frekari þjálfun eða viðbótarfræðslu í tengslum við starf sitt. Og því miður er aðsókn ekki nógu góð í sérhæft nám fyrir verslunarfólk – unga fólkið leggur námið ekki fyrir sig og lítur ekki á starfið sem framtíðarstarf.

Og síðast en ekki síst, starfsfólk vantar hvatann til að afla sér meiri menntunar. Mikið námsframboð hefur lítið að segja ef enginn nýtir það. VR gerði í sumar könnun meðal félagsmanna þar sem m.a. var spurt um starfsmenntamálin. Þegar spurt var um hvatann fyrir frekara námi voru niðurstöðurnar býsna afgerandi; flestir nefndu örugga launahækkun að námi loknu sem og tækifæri til starfsþróunar eða stöðuhækkunar. Atvinnulífið verður að sýna í verki að það vilji menntað starfsfólk til starfa. Og starfsmenn verða að sjá það í launaumslaginu sínu að menntunin borgi sig.

Markmið okkar er einfalt: við viljum hefja störf í verslun og þjónustu til vegs og virðingar og gera þau að eftirsóknarverðum valkosti fyrir unga fólkið. Það gerum við með því að auðvelda aðgengi að markvissu og skilvirku námi og tryggja að námið skili áþreifanlegum ávinningi – bæði í formi launa og starfsþróunar.

### Hverju viljum við ná fram?

Það bendir margt til þess að stéttarfélög og atvinnurekendur geri með sér stuttan kjarasamning sem undanfara að lengri og viðameiri samningi. Á þingi LÍV samþykktu þingfulltrúar þessa nálgun, eins og fram kemur í kjaramálaályktun þingsins sem birt er á heimasíðu VR. Kjarasamningaviðræður eru vettvangur samskipta milli atvinnulífsins og stéttarfélaganna og við teljum mikilvægt að starfsmenntamálin fái þá athygli sem þeim ber við samningaborðið, hvort sem samið verður til lengri eða skemmri tíma. Við gerum þá kröfu að áherslur félagsins í þessum málaflokki fái inni í bókun í næstu kjarasamningum.

**➜ Markmið okkar er einfalt: við viljum hefja störf í verslun og þjónustu til vegs og virðingar og gera þau að eftirsóknarverðum valkosti.**

Í fyrsta lagi gerum við þá kröfu að fulltrúar atvinnulífsins, í samstarfi við menntamálayfirvöld, sammælist um að ljúka vinnu við að skilgreina starfsmenntun fyrir starfsfólk í verslunar- og þjónustugreinum með námslokum sem verða metin til launa.

Í öðru lagi leggjum við áherslu á samfellt nám á framhaldsskólastigi fyrir starfsfólk í verslunar- og þjónustugreinum.

Og í þriðja lagi viljum við að áhersla verði lögð á að starfsfólk með stutta formlega menntun fái tækifæri til þess að fá reynslu sína metna í raunfærnimati.

Atvinnulífið og stéttarfélögin verða að fylgja því fast eftir að nýjar áherslur í starfsmenntamálum fái þann stuðning sem til þarf, orð mega sín lítils ef þeim fylgja ekki aðgerðir. VR samþykkti fyrir nokkrum árum menntastefnu þar sem áhersla er lögð á að menntun sé hagsmunamál allra á vinnumarkaði – félagsmanna og atvinnurekenda. Aukin menntun eykur ekki eingöngu verðmætasköpun heldur bætir lífsgæði einstaklinganna. Það er, þegar upp er staðið, helsta ástæða þess að við leggjum mikla áherslu á starfsmenntamálin.


# Stemmerettsjubileet

**Málþing í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar norskra kvenna**
**Norræna húsinu föstudaginn 22. nóvember kl. 15. 00 – 18.00**



**Framsögumenn:**

**Ingvild Næss Stub,** aðstoðarutanríkisráðherra Noregs
**Einar K. Guðfinnsson,** forseti Alþingis
**Anne Krogstad,** prófessor, UiO
**Eygló Harðardóttir,** félags- og húsnæðismálaráðherra

**Pallborðsþátttakendur:**

**Vigdís Finnbogadóttir**, fyrrv. forseti Íslands
**Árni Páll Árnason**, alþingismaður
**Kristín Ástgeirsdóttir**, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu
**Rósa Erlingsdóttir**, sérfræðingur, Velferðarráðuneyti
**Sigríður Dúna Kristmundsdóttir**, prófessor, HÍ

Fundarstjóri: Dag Wernø Holter, sendiherra Noregs á Íslandi.

Málþingið fer fram á ensku og er öllum opið.
Léttar veitingar.

Norska sendiráðið í Reykjavík í samstarfi við
Miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna (MARK)
og Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum (RIKK) við Háskóla Íslands.

NORSKA SENDIRÁÐIÐ


# Hverfur reiðufé af sjónarsviðinu?

FJÁRMÁL



**Ari Skúlason**
hagfræðingur hjá Landsbankanum

Miklar breytingar hafa orðið á viðskiptaumhverfi hérlendis og víðast hvar í heiminum á síðustu árum og á það ekki síst við fyrirkomulag á greiðslum. Vissulega eru enn margar leiðir mögulegar til greiðslu á vörum og þjónustu en við blasir að notkun reiðufjár hefur minnkað, tékkar eru nær horfnir og rafrænar lausnir hafa að miklu leyti tekið við.

Ekki er hægt að segja að gagnsæi ríki um kostnað þjóðfélagsins við greiðslumiðlun og hin ýmsu form hennar. Því er ekki hægt að útiloka að verðlagning einstakra þátta sé ekki í samræmi við kostnað, t.d. við árgjöld eða færslugjöld. Það er því ekki gefið að sá greiðslumiðill sem vinsælastur er hverju sinni, sé sá hagkvæmasti fyrir fjármálakerfið eða þjóðfélagið í heild. Geri menn sér ekki grein fyrir kostnaði við notkun á tilteknum greiðslumiðli, getur það stuðlað að sóun eða tafið eðlilega framþróun.

### Kostnaður er stundum sýnilegur …

Tékkar eru gott dæmi um greiðslumiðil þar sem kostnaður var nokkuð augljós. Allir vissu að hlutfallslegur kostnaður neytenda við notkun þeirra var hár enda útrýmdu debetkortin tékkaviðskiptum nær algerlega. Annað dæmi eru hraðbankar; þar er kostnaður nokkuð augljós. Þeir eru dýrir í innkaupum og rekstur þeirra kostar mikið. Nú innheimta bankar færslugjald af úttektum annarra en eigin viðskiptavina. Reynslan mun svo skera úr um hvaða áhrif gjaldtakan hefur á notkun hraðbanka.

### … en stundum ekki

Í kreditkortaviðskiptum tíðkast að sá sem selur vöru eða þjónustu greiðir umsjónaraðilum kortakerfisins (banka, greiðslumiðlunarfyrirtæki (Reiknistofu bankanna) og kreditkortafyrirtæki) þóknun í hvert sinn sem kreditkort er notað. Korthafinn greiðir hins vegar sjaldnast færslugjald þannig að frá hans sjónarhóli er notkun á þessum greiðslumiðli ókeypis þegar frá er talið árgjaldið.

Svipaða sögu má segja um reiðufé. Viðskiptavinur sem notar reiðufé verður heldur ekki var við þann kostnað sem fylgir því að gefa út seðla og mynt, kostnað við meðhöndlun fjárins í bönkum og hjá þeim sem selja vöru og þjónustu.

Bankar taka sjaldnast þóknun fyrir notkun reiðufjár, yfirleitt er hægt að leggja inn og taka út peninga án nokkurs kostnaðar. Sama gildir um verslanir, þar er hægt að nota reiðufé án þess að það kosti viðskiptavininn nokkuð. Frá sjónarhóli neytandans fylgir m.ö.o. enginn kostnaður notkun reiðufjár enda kemur hann hvergi fram. Reyndin er auðvitað önnur. Bæði bankar og verslanir bera mikinn kostnað vegna geymslu og umsýslu reiðufjár, en jafn ljóst er að það er mjög erfitt að rukka neytandann beint vegna þessa.

**➜ Ekki er hægt að segja að gagnsæi ríki um kostnað þjóðfélagsins við greiðslumiðlun og hin ýmsu form hennar.**

Staðreyndin er sú að kostnaður við notkun reiðufjár er innifalinn í verðlagningu á þeirri vöru og þjónustu sem greitt er fyrir og því fylgir að notendur ódýrari greiðslumiðla, t.d. korta eða rafrænna millifærslna, greiða niður kostnað við notkun reiðufjárins.

### Kostnaður við reiðufé er mikill …

Við notkun reiðufjár fer fram uppgjör um leið og peningar skipta um hendur. Það á hvorki við um tékka né rafræna greiðslumiðla. Í þeim tilvikum þarf milliliði eins og banka, hæft starfsfólk, tölvukerfi og margreyndar vinnsluaðferðir til að ljúka uppgjöri. Að þessu leyti er reiðufé einfaldara í notkun en aðrir greiðslumiðlar en það gerir það ekki ókeypis. Nálgast þarf reiðufé í banka eða hraðbanka. Verslanir þurfa að varðveita reiðuféð með traustum hætti. Síðan þarf að fara með þann hluta þess sem ekki er notaður sem skiptimynt í bankaafgreiðslu eða næturhólf. Vegna þess að reiðufé ber enga vexti flytja bankar eins mikið og þeir geta til Seðlabankans í lok viðskiptadags. Þegar þeir þurfa svo aftur á því að halda til að þjónusta viðskiptavini þurfa þeir að sækja það aftur í Seðlabankann. Flutningar af þessu tagi kalla á umfangsmiklar öryggisráðstafanir og það sama á við um um flutning reiðufjár milli útibúa. Þetta sýnir glögglega að það er langt frá því að reiðufé sé ókeypis greiðslumiðill, þótt engin árgjöld, færslugjöld eða annar kostnaður fylgi notkun þess. Þá er enn algerlega ótalinn kostnaður við prentun seðla og myntsláttu sem er auðvitað verulegur.

### Hver verður framtíðin?

Þróun á þessu sviði hefur verið mjög hröð og tæknin ræður miklu þar um. Ef gengið er út frá þeirri viðurkenndu hugmynd að innheimta beri raunkostnað fyrir þjónustu, þá mætti hugsa sér að hægt væri að ýta undir hagkvæmari greiðslumiðlun með því að taka gjald fyrir umsýslu reiðufjár sem tæki mið af raunverulegum kostnaði eða leggja á notkun þess og vörslu sérstakt áhættugjald. Tilgangurinn með slíkri gjaldtöku væri m.a. að gera notkun reiðufjár tiltölulega óhagstæðari en annarra greiðslumiðla.

Eflaust má segja að notkun reiðufjár sé einn af hornsteinum okkar fjármálakerfis og þannig hefur það verið um aldir. Gjaldtaka vegna þeirrar notkunar er flókin og hún myndi tæplega ganga hávaðalaust fyrir sig. Miklu líklegra er því að reiðufé hverfi hægt og hljóðlega af sjónarsviðinu á næstu árum, þó ólíklegt sé að notkun þess líði alveg undir lok.

Framtíð reiðufjár verður rædd á ráðstefnu Landsbankans í Hörpu þriðjudagsmorguninn 19. nóvember.

## UMMÆLI VIKUNNAR

09.011.2013 ➜ 15.11.2013

**„Í ljósi þess sem hér var sagt um brýna nauðsyn aukinnar fjárfestingar verð ég að viðurkenna að ég er orðin óþreyjufull. “**

*Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, nefndi í framhaldinu Helguvík á haustfundi Landsvirkjunar. Síðar sagðist hún ekki hafa verið að snupra menn.*



Skráning á **www.sjavarutvegsradstefnan.is**

STÆRSTI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM

SJÁVARÚTVEGS RÁÐSTEFNAN 2013

Grand Hótel Reykjavík 21. – 22. nóvember

9:00 Afhending gagna

## Fimmtudagurinn 21. nóvember kl. 10.00

### Íslenskur sjávarútvegur

Fundarstjóri: Inga Jóna Friðgeirsdóttir

- Setning, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands
- Ávarp sjávarútvegsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson
- Hefur verðmæti afla aukist? Framboð, framleiðsla og sala íslenskra sjávarafurða, horfur 2014 og heimsframboð sjávarfangs, Kristján Hjaltason
- Stefnumótun í íslenskum sjávarútvegi, Þór Sigfússon
- Íslenskur sjávarútvegur í alþjóðlegu samhengi, Magnús Bjarnason
- Afhending framúrstefnuverðlauna, Hjálmar Sigurþórsson

**12:00-13:00 Matur**

Málstofa A1 | Gullteigur

### Hvernig eru helstu stofnanir sjávarútvegsins að þjóna greininni?

Málstofustjóri: Sigurgeir Þorgeirsson

- Yfirlit yfir helstu stofnarnir sjávarútvegs og fiskeldis, Hreiðar Þór Valtýsson
- Leiðbeinandinn, Guðmundur Smári Guðmundsson
- Stoðkerfi sjávaraútvegs út frá sjónarhóli smábátaeigenda, Örn Pálsson
- Stoðkerfi sjávaraútvegs út frá sjónarhóli frumkvöðla, Davíð Freyr Jónsson
- Stoðkerfi sjávarútvegsins – Eftirlitsstarfsemin, Pétur Reimarsson

**14:45-15:15 Kaffi**

Málstofa A2 | Gullteigur

### Flutningur á ferskum fiski

Málstofustjóri: Bylgja Hauksdóttir

- Leiðir til bættrar hitastýringar við sjó- og flugflutning á ferskum fiski, Björn Margeirsson
- Leiðarkerfi í flugi skapar einstakt tækifæri fyrir íslenskan ferskan fisk, Gunnar Már Sigurfinnsson
- Ferskur fiskur og flutningaþróun, Brynjar Viggósson
- Logistic viewpoint from the buyer's side, Andrei Kouznetsov

**12:00-13:00 Matur**

Málstofa B1 | Hvammur

### Sjávarlíftækni – Hvað er í hendi?

Málstofustjóri: Hólmfríður Sveinsdóttir

- Hvað er að gerast í heiminum – Hvað getum við af þeim lært? Hörður Kristinsson
- Saga Zymetech - frá rannsóknum til afurða á markaði, Ágústa Guðmundsdóttir
- Líftækniafurðir úr þörungum, Rósa Jónsdóttir
- Lýsisafurðaiðnaðurinn, Baldur Hjaltason

**14:45-15:15 Kaffi**

Málstofa B2 | Hvammur

### Hvalveiðar og ferðaþjónusta, samkeppni eða samherjar?

Málstofustjóri: Helga Sigurrós Valgeirsdóttir

- Hvalveiðar, átök og stjórnsýslan, Halldór Ásgrímsson
- Nýlegar breytingar á útbreiðslu og stofnstærðum hvala við Ísland, Gísli Víkingsson
- Sjónarmið hvalskoðunarfyrirtækja, Rannveig Grétarsdóttir
- Áhrif hrefnuveiða á hvalaskoðun og almennt á ferðaþjónustuna á Íslandi, Gunnar Bergmann Jónsson

**17:00-19:00 Móttaka í boði Landsbankans**

## Föstudagurinn 22. nóvember kl. 9.00

Málstofa A3 | Gullteigur

### Heimsframboð samkeppnistegunda botnfiska

Málstofustjóri: Einar K. Guðfinnsson

- Heimsframboð, Lúðvík Börkur Jónsson
- Barentshafsþorskur, Sturlaugur Haraldsson
- Alaska ufsi, Magnús Gústafsson
- Tilapia, Steindór Sigurgeirsson

**10:30-11:00 Kaffi**

Málstofa A4 | Gullteigur

### Umhverfis- og upprunamerki, samkeppni eða samherjar?

Málstofustjóri: Jónas R. Viðarsson

- Umhverfismerki, kröfur í hverfulum heimi, Gísli Gíslason
- Ábyrgar fiskveiðar, Guðný Káradóttir
- Reynsla Sæmarks af markaði, Svavar Þór Guðmundsson
- Að hafa góða sögu að segja, Gunnlaugur Sighvatsson

**12:30-13:00 Kaffi**

Málstofa A5 | Gullteigur

### Sameiginlegt markaðsstarf

Málstofustjóri: Erla Kristinsdóttir

- Sameiginlegt markaðsstarf saltfiskframleiðenda, Skjöldur Pálmason
- Vitund og ímynd íslensks saltfisks á Spáni. Niðurstöður meistaraverkefnis, KristinnArnarson
- Á sömu bókina lært - Samanburður við aðrar greinar, Eggert Benedikt Guðmundsson
- Alaska Seafood Marketing, why branding matters, Tyson Fick

**14.45 Hluthafafundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf. Kosning þriggja nýrra fulltrúa í stjórn. Skipulag Sjávarútvegsráðstefnu 2014 o.fl.**

Málstofa B3 | Hvammur

### Deilistofnar = Deilustofnar?

Málstofustjóri: Kolbeinn Árnason

- Sveiflur og breyttar göngur deilistofna í norðaustanverðu Atlantshafi, Jóhann Sigurjónsson
- Yfirlit yfir núverandi samninga deilistofna og þar sem ekki eru samningar, Kristján Freyr Helgason
- Allocation of shared and straddling stocks. Experiences from the North East Atlantic, Kjartan Hoydal
- Núverandi staða og framtíðarsýn um leiðir að samkomulagi um nýtingu stofna, Helgi Áss Grétarsson

**10:30-11:00 Kaffi**

Málstofa B4 | Hvammur

### Eru tegundafalsanir og efnanotkun vandamál í íslenskri fiskvinnslu?

Málstofustjóri: Sjöfn Sigurgísladóttir

- Skyldur og heimildir til að takmarka viðskipti með gallaðar vörur, Jón Gíslason
- Orðsporsáhætta: Erfðafræði, skolprör og Meryl Streep, Sveinn Margeirsson
- Blekkingar og svindl - hverra hagur? Garðar Sverrisson
- Alþjóðlegir gagnagrunnar, Grímur Valdimarsson

**12:30-13:00 Kaffi**

Málstofa B5 | Hvammur

### Þróun í vinnslutækni

Málstofustjóri: Sigurjón Arason

- Þróun í uppsjávarvinnslu á Íslandi, Sindri Sigurðsson
- Vinnslutækni bolfisks, Torfi Þorsteinsson
- Sjálfvirkni í vinnslu á ferskum bolfiski, Helgi Hjálmarsson
- Fiskvinnsla framtíðar – Nýting, hráefnismeðhöndlun og sjálfvirkni, Kristján Hallvarsson

Aðal styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar

EIMSKIP YFIR HAFIÐ OG HEIM · SÆMARK · TM · N1 · ODDI

**Rauðir dagar** 18.-22. nóvember

# Hver er sparnaður íslenskra heimila að meðaltali á mánuði?

Samkvæmt gagnagrunni Meniga.

- ☐ 418 kr.
- ☐ 30.193 kr.
- ☐ 36.372 kr.
- ☐ 43.456 kr.

Það eru Rauðir dagar í útibúinu þínu alla næstu viku með fræðslu og fundum um fjármál heimilisins.

**Komdu og spurðu okkur spjörunum úr.**

**Rauðir dagar - í útibúinu þínu**

Á Rauðum dögum Íslandsbanka 18.-22. nóvember leggjum við sérstaka áherslu á fræðslu um flest það sem viðkemur fjármálum heimilisins.

Boðið verður upp á opna fundi og fyrirlestra á völdum stöðum og heitt kaffi og meðlæti í útibúinu þínu.

**Nánar á islandsbanki.is**

**Mánudagur 18. nóvember**
**Allt um sparnað**

**Sparifé við starfslok**
Fræðslufundur um lykilatriði varðandi sparnað á efri árum.
Íslandsbanki Höfðabakka kl. 10.00.

**Tölvan og snjallsíminn**
Kennsla á Netbankann og Íslandsbanka Appið. Öll útibú kl. 12.15-12.45.

**Hvaða sparnaðarform hentar þér?**
Opinn fyrirlestur um mismunandi tegundir sparnaðar, kosti þeirra og galla.
Íslandsbanki Suðurlandsbraut kl. 16.30.

**Þriðjudagur 19. nóvember**
**Björgum okkur sjálf**

**Netbankinn**
Kynning og kennsla fyrir eldri borgara.
Íslandsbanki Garðabæ kl. 10.00.
Íslandsbanki Hafnarfirði kl. 15.00.

**Tölvan og snjallsíminn**
Kennsla á Netbankann og Íslandsbanka Appið. Öll útibú kl. 12.15-12.45.

**Að notfæra sér netið og setja sér markmið**
Fræðslufundur um Netbankann, Meniga og Íslandsbanka Appið.
Íslandsbanki Suðurlandsbraut kl. 16.30.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000




**Miðvikudagur 20. nóvember**
**Hús og heimili**

**Efri árin og fjármálin**
Fræðslufundur um fjármál við starfslok.
Íslandsbanki Kirkjusandi kl. 10.00.

**Tölvan og snjallsíminn**
Kennsla á Netbankann og Íslandsbanka
Appið. Öll útibú kl 12.15-12.45.

**Húsnæðislán á mannamáli**
Fræðslufundur um húsnæðismál með
áherslu á kaup á fyrstu eign.
Íslandsbanki Suðurlandsbraut kl. 16.30.

**Fimmtudagur 21. nóvember**
**Opið til 17.00 með Georg og félögum**

**Árangur í ávöxtun**
Fræðslufundur VÍB um uppbyggingu eigna-
safna. Íslandsbanki Kirkjusandi kl. 12.15-12.45.

**Tölvan og snjallsíminn**
Kennsla á Netbankann og Íslandsbanka
Appið. Öll útibú kl. 12.15-12.45.

**Eru rafmagnsbílar framtíðin?**
Fundur um samgöngur framtíðarinnar og
fjármögnun. Ergo Suðurlandsbraut kl. 16.30.

**Við höfum opið frameftir**
Krakkar sem koma með baukinn sinn fá flottan
glaðning. Við bjóðum þér myndatöku og nýja mynd
í kortin. Tónlist, kaffiveitingar og uppákomur.
Öll útibú til kl. 17.00.

**Föstudagur 22. nóvember**
**Spurt og svarað**

**Netbankinn**
Kynning og kennsla fyrir eldri borgara.
Íslandsbanki Eiðistorgi kl. 10.00.

**Tölvan og snjallsíminn**
Kennsla á Netbankann og Íslandsbanka
Appið. Öll útibú kl. 12.15-12.45.

**Þjónusta við námsfólk**
Kynning á Námsvild og Íslandsbanka Appinu.
Íslandsbanki Kringlunni kl. 15.00-17.00.

Íslandsbanki

16. nóvember 2013 LAUGARDAGUR

# HELGIN



**Anna Svava Knútsdóttir leikkona**

### Í keilu með mömmu

Í kvöld verð ég veislustjóri hjá WOW air og fer svo beint í fertugsafmæli hjá Konna vini mínum. Á morgun ætla ég svo að skella mér í keilu með mömmu. Ég gaf henni einkatíma fyrir okkur báðar hjá landsliðsþjálfaranum í keilu svo fellurnar verða líklega óteljandi.



**Bjarni Bjarnason rithöfundur**

### Færeyska alla helgina

Ég er að undirbúa lestur á nýútkominni bók í Færeyjum og þarf því að rifja upp færeyskuna. Ég verð einn með tvíburastrákana mína og hyggst tala við þá færeysku alla helgina.



**Guðrún Helga Sigurðardóttir ferðafrömuður**

### Hellaferð og veisla

Ég ætla með ferðamenn í hellaferð á Reykjanes í dag og segja þeim sögur og í kvöld fer ég í doktorsveislu en morgundagurinn er óskrifað blað.



**Steinunn Ólína Þorvarðardóttir, leikkona og ritstjóri kvennabladid.is**

### Erfitt að fasta

Vinna, leika við börnin mín og fara í bröns með fjölskyldunni sem verður erfitt af því að ég er að fasta!



**Vísindi og tónlist í Hörpu**

## Sverrir Guðjónsson kemur fram

**Tónleikar** Á sunnudaginn verður óvenjuleg sýning í Hörpu þar sem vísindi og listir koma saman í verkinu SOLAR5 eftir Sverri Guðjónsson, Huga Guðmundsson, Joshue Ott og fleiri. Verkið byggir á „quasicrystals“ eða fimmfaldri samhverfu tónlistar, sem tengist formfræðirannsóknum, heimspeki og lífsstarfi Einars Þorsteins Einarssonar, sem þróaði hina svonefndu „quasibrick“, sem Ólafur Elíasson notaði við hönnun glerhjúps og lofts Hörpu. Flutningur verksins tekur um eina klukkustund og geta gestir haft áhrif á hljóðinnsetninguna með skynjurum og spjaldtölvum.

SOLAR5 - Journey to the center of sound. Flutt í Hörpu 17. nóvember 2013 kl. 17.00 og 21.00.

**Sýnir í skúr**

## Samtal við veður og haf

**Myndlist** Listakonan Dodda Maggý opnar sýningu í Menningarhúsinu Skúrnum laugardaginn 16. nóvember klukkan 15.00. Sýningin, sem er hljóðinnsetning og ber titilinn Æsa, er tíu radda kórverk unnið sérstaklega fyrir Menningarhúsið Skúrinn. Verkið liggur á óljósu svæði milli tón- og hljóðlistar og má segja að það sé eins konar samtal við veður og haf. Menningarhúsið Skúrinn er að þessu sinni staðsettur við Bygggarða, vestast á Seltjarnarnesi.



**Hafnarganga í Hafnarfirði**

## Daglegt líf skoðað

**Göngutúr** Kristinn Aadnegard, yfirhafnsögumaður hjá Hafnarfjarðarhöfn, mun leiða göngu um hafnarsvæðið. Gangan hefst í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar. Gangan er hluti af dagskrá í tengslum við verkefnið Þinn staður – okkar umhverfi, opna vinnustofu um bæjarskipulag sem umgjörð daglegs lífs í Hafnarfirði. Gangan hefst við Hafnarborg sunnudaginn 17. nóvember kl. 15.00.



**VIGNIR RAFN VALÞÓRSSON LEIKSTJÓRI** Refurinn er hans fyrsta leikstjórnarverkefni í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLADID/XXXXX

# Þurfum við að vera hrædd?

**Vignir Rafn Valþórsson** leikstýrir sínu fyrsta verki í atvinnuleikhúsi, Refnum, á sunnudagskvöld. Hann segir gaman að fá loksins að segja fyrrverandi bekkjarsystkinum fyrir verkum.

**Símon Birgisson**
simon@frettabladid.is

Jú, það er bara frábær stemning í hópnum,“ segir Vignir Rafn Valþórsson leikstjóri en á sunnudagskvöld verður leikritið Refurinn frumsýnt í Borgarleikhúsinu. Leikritið er það fyrsta sem Vignir leikstýrir í atvinnuleikhúsi en hann hefur sett upp sýningar með leikhópunum Vér morðingjar og Munaðarleysingjunum síðustu ár.

Refurinn er nýtt breskt leikrit eftir Dawn King, unga skáldkonu sem hefur vakið mikla athygli þar í landi. Verkið hlaut til að mynda Papatango-leiklistarverðlaunin árið 2011 og hefur verið sett upp víða um heim. Dawn King flaug reyndar til Íslands á fimmtudagskvöld til að vera viðstödd frumsýninguna í boði Vignis.

„Ég er vinur hennar á Twitter og fannst hún svo kúl að ég ákvað að bjóða henni til landsins. Eftir á að hyggja var það kannski ekki besta hugmynd í heimi. Eitt er að leikstýra fyrsta verkinu sínu í alvöru leikhúsi en nú bætist stressið við að vera með höfundinn viðstaddan ofan á,“ segir Vignir í léttum dúr.

Hann segir Refinn vera litla sögu með stóran boðskap. „Verkið fjallar um ung hjón sem fá refabendi frá ríkinu í heimsókn. Hann er kominn til að taka út býlið þeirra og sjá hvort það sé sýkt af refum sem í þessum heimi eru undirrót alls ills. Refirnir eru ógnin og verkið fjallar í raun um þessa þörf fyrir að búa til sameiginlegan óvin. Við eigum alltaf að vera hrædd við eitthvað. Þarna hefur ríkið ákveðið að refurinn sé óvinurinn en spurningin sem verkið varpar fram er auðvitað hvort refurinn sé í raun og veru til. Þurfum við alltaf að vera hrædd?“

Vignir segir frábært að fá tækifæri til að leikstýra í Borgarleikhúsinu. Það sé svo enn skemmtilegra að í leikhópnum eru tvö af bekkjarsystkinum hans úr Listaháskóla Íslands, Hallgrímur Ólafsson og Tinna Lind Gunnarsdóttir, en Vignir útskrifaðist sem leikari fyrir nokkrum árum. „Jú, þetta er í fyrsta skipti sem ég get sagt bekkjarsystkinum mín hvernig þau eigi að gera hlutina,“ segir Vignir. „En svona í fullri alvöru þá reyni ég ekki að þykjast vita svörin við öllum spurningunum. Ég held að góður leikstjóri sé sá sem getur líka sagt: Ég veit það ekki.“

# Ástríðufullur kvennakór í Fríkirkjunni

**Þema tónleika Kvennakórsins Kötlu í kvöld er ástin í öllu sínu veldi. Meðlimir segja það verðugt málefni.**

Kvennakórinn Katla heldur tónleika í Fríkirkjunni í dag, laugardaginn 16. nóvember. Þema tónleikanna er „Ástin í öllu sínu veldi“ en í tilkynningu frá kórnum segja þær það verðugt málefni sem varði mannkynið allt. Þær segja jafnframt að Kötlurnar séu þekktar fyrir kraftmikla framkomu og hrífandi söng. Öll lög eru flutt án undirleiks. Stjórnendur kórsins eru Hildigunnur Einarsdóttir og Lilja Dögg Gunnarsdóttir. „Við héldum inntökupróf þar sem við leituðum eftir flottum og hressum söngkonum en ekki endilega hámenntuðum,“ svarar Lilja Dögg, spurð um inntökuskilyrðin í kórinn. „Aðalatriðið er að konurnar í kórnum hafi ástríðu fyrir söng og samveru. Það eru engin landamæri. Við erum lýðræðislegar í lagavali, reynum að fara út fyrir rammann. Ætli það sé ekki okkar mottó. Við viljum ögra okkur sjálfum og hafa gaman.“ - sb



**KÖTLUR Á GÓÐRI STUND** Inntökuskilyrðið í Kötlurnar er að elska tónlist og vera hress. /MYND ÚR EINKASAFNI

JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ HALLGRÍMSKIRKJU 2013
HALLGRIMSKIRKJA CHRISTMAS MUSIC FESTIVAL

# JÓLATÓNLEIKAR

MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU MEÐ DIDDÚ



# CHRISTMAS CONCERT

WITH THE MOTET CHOIR AND DIDDÚ

7. DESEMBER, LAUGARDAGUR KL. 17 / 5 PM
8. DESEMBER, SUNNUDAGUR KL. 17 / 5 PM









**FLYTJENDUR/ PERFORMERS:** MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

**SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR** SÓPRAN
**BALDVIN ODDSSON** TROMPET
**BJÖRN STEINAR SÓLBERGSSON** ORGEL

**STJÓRNANDI/ CONDUCTOR:** HÖRÐUR ÁSKELSSON

Á EFNISSKRÁNNI ER HÁTÍÐLEG AÐVENTU- OG JÓLATÓNLIST, M.A. EFTIR / PROGRAM INCLUDES:
**HÄNDEL**, **MOZART**, **SIGVALDA KALDALÓNS**, **HALLDÓR HAUKSSON** OG **ÁSKEL JÓNSSON**.

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 32. STARFSÁR
THE HALLGRIMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 32. SEASON

**AÐGANGSEYRIR / ADMISSION:**

3.900 / 2.500 ISK.

Reykjavíkurborg    Mennta- og Menningarmálaráðuneytið    Gunnar Eggertsson

**MIÐASALA / TICKET SALE:** HALLGRÍMSKIRKJA S./ TEL 510 1000, OPIÐ 9 - 17 ALLA DAGA/ OPEN DAILY 9 AM- 5 PM. HALLGRIMSKIRKJA.IS    *midi.is*




**CELL 7** „Það kom fyrir að ég heyrði um skotbardaga í hverfinu, en í þannig aðstæðum verður maður að beita almennri skynsemi og passa sig að vera ekki að þvælast á hættulegum stöðum eftir að skyggja tekur," segir Ragna um dvöl sína í New York þar sem hún lærði til hljóðmanns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vildi brjótast út úr kassanum

**Ragna Kjartansdóttir**, sem gengur undir listamannsnafninu Cell 7, sló í gegn með Subterranean, einni fyrstu rappsveitinni á Íslandi á tíunda áratugnum. Hún hefur lengi gengið með sólóplötu í maganum og eftir að hafa lært til hljóðmanns í New York, stofnað til fjölskyldu og orðið Íslandsmeistari í karate er stóra stundin loks runnin upp.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is



Þetta eru orðin ansi mörg ár sem ég hef verið á leiðinni með þessa plötu. Ég hef í raun unnið örlítið í henni á hverju ári en ekki „trukkað" henni í gegn fyrr en núna. Í byrjun árs fékk ég styrk frá Menningarsjóði Hlaðvarpans og menningarmálaráðuneytinu gegn því að platan kæmi út á ákveðnum tíma og síðan þá hef ég nýtt hverja sekúndu í að vinna í henni. Það er auðvitað heilmikil vinna að vera í fullri vinnu og með fjölskyldu að gera sólóplötu, en þetta er líka rosalega gaman. Annars væri ég nú ekki að þessu," segir Ragna Kjartansdóttir sem er ef til vill betur þekkt undir listamannsnafninu Cell 7.

Ragna er ein af stofnmeðlimum hipphopp-sveitarinnar Subterranean sem sendi frá sér eina af fyrstu íslensku rappplötunum, Central Magnetizm, árið 1997, en sendir nú frá sér sína fyrstu sólóplötu sem heitir CELLF.

### Vorkenndi upptökustjóranum

Ragna starfar sem hljóðmaður í Stúdíó Sýrlandi og rekur meðal annars ástæðuna fyrir biðinni löngu eftir sólóplötu til námsins í þeim fræðum, en hún nam til hljóðmanns í New York, fæðingarborg hipphopptónlistarinnar.

„Eftir að Subterranean lagði upp laupana rétt fyrir aldamótin flutti ég til New York til að mennta mig og var þar í fjögur ár. Þegar ég kom aftur til Íslands þurfti ég strax að einbeita mér að ferlinum sem hljóðmaður. Svo stofnaði ég til fjölskyldu og þar fram eftir götunum, en uppgötvaði svo eftir nokkur ár að ég var orðin svo upptekin af hversdagsleikanum að mig var farið að þyrsta í að svala sköpunarþörfinni. Maður getur alltaf unnið, ef maður er heppinn, en ég var búin að vera með plötuna í maganum svo lengi og hún var byrjuð að kalla ansi hátt til mín," segir Ragna og bætir við að vissulega geti verið erfitt fyrir skapandi einstaklinga, sem hafa eitthvað fram að færa í forgrunni, að starfa lengi bak við tjöldin, eða bak við upptökuborðið í hennar tilfelli.

„Ég hef aðeins verið að taka upp tónlist en hjá Latabæ, þar sem ég vann í mörg ár, vann ég aðallega við hljóðbrellur og svo með fréttateyminu hjá Ríkisútvarpinu. Í Sýrlandi sé ég mikið til um hljóðupptökur á barnaefni og starfið er mjög fjölbreytt og skemmtilegt."

Atvinnan getur líka skapað ákveðin vandamál, eins og Ragna komst að þegar hún hóf vinnu við lokahnykk plötunnar ásamt upptökustjóranum Gnúsa Yones, en þau störfuðu einmitt saman í Subterranean forðum daga. Ragna lýsir samstarfi þeirra sem afar góðu og náttúrulegu, en viðurkennir að hún hafi á köflum kennt í brjósti um hann við gerð plötunnar. „Gnúsi var ekki bara að fá rappara heldur líka hljóðmann og afskiptasama manneskju sem vill helst hafa puttana í öllu," segir hún og hlær. „Sem betur fer gerði ég mér fljótlega grein fyrir því að ég þurfti að færa mig yfir í baksætið þegar kom að upptökustjórninni. Ef maður ætlar að gera eitthvað vel þarf maður að einbeita sér algjörlega að því og ég vildi vera hundrað prósent rappari á þessari plötu."

Upptökustjórn flestra laga plötunnar er í höndum Gnúsa Yones sem hefur á síðustu árum snúið sér í ríkara mæli að reggítónlist, meðal annars með sveitinni Amaba Dama, en Ragna segir ekki hafa verið erfitt að draga upp úr honum gömlu rapptaktana. Gnúsi og Ragna starfa náið saman, en aðrir sem koma mikið að plötunni eru upptökustjórinn Introbeats úr Forgotten Lores, Andri Ólafsson, bassaleikari Moses Hightower, og söngkonurnar Sunna Ingólfsdóttir, Drífa Sigurðardóttir og Lori Wieper, en þeirri síðastnefndu kynntist Ragna í náminu úti í Bandaríkjunum.

### Partígírinn eðlislægur

Á CELLF kennir ýmissa grasa, enda leggur Ragna mikla áherslu á að hún hafi ólm viljað gera fjölbreytta plötu sem nái til margra, óháð því hvort sérstakur smekkur fyrir rapptónlist er fyrir hendi hjá hlustendum eður ei. Ragna hafði þegar lagt grunninn að þorra laganna þegar hún hóf lokakeyrsluna í byrjun árs en tvö þeirra, upphafslagið Gal Pon Di Scene og I Endorse, sem skartar indversk-ættuðu „sampli" og texta sem deilir á þörf ungs nútímafólks fyrir skjót- og auðfengna frægð, eru glæný. Þessum tveimur nýju lögum mætti einnig lýsa sem partílögum, hröðum og hressum, en slíkt er ekki upp á teningnum í öllum lögum plötunnar.

„Ég þurfti markvisst að reyna að færa mig úr stuðgírnum og „frístæl"-textagerðinni í sumum lögunum. Það eru nokkur róleg lög á plötunni, til dæmis Feel Something og Close to Me, sem eru öðruvísi en ég hef áður gert. Þar tala ég um ástina á persónulegan hátt og þykir fyrir vikið mjög vænt um þessi lög. Partígírinn er mér eðlislægur og mér finnst auðvelt að koma mér í hann, en ég vildi hafa eitthvað fyrir alla á plötunni og freista þess að brjótast út úr þessum kassa sem rapparar eru alltaf settir í," útskýrir Ragna, en í textunum á CELLF verður henni einnig tíðrætt um síðari hluta tíunda áratugarins, tímabilið þegar hún byrjaði sjálf að rappa, Subterranean hóf starfsemi og eins konar hipphoppsprenging varð á Íslandi.

### Barnalegar deilur

Í texta lagsins I Spit 90ies virðist Ragna horfa saknaðaraugum til þessa tíma, þegar hún var í raun eina stelpan á íslensku rappsenunni, smávaxin en risastór um leið, fylgin sér og staðráðin í frekari landvinningum. ▶



## TILDRÖGIN AÐ STOFNUN SUBTERRANEAN

**Ragna kynntist Gnúsa Yones**, sem rappaði með henni í Subterranean og sér að mestu leyti um upptökustjórn á nýju sólóplötunni hennar, í kringum fimmtán ára aldurinn. „Það voru svo fáir að rappa á þessum tíma en ég frétti af honum og fór ásamt liðinu mínu úr Vesturbænum á rappkvöld í Hólabrekkuskóla til að sjá hann stíga á svið. Vinir mínir vissu að ég var eitthvað að rappa og hentu mér inn í hringinn, þar sem ég fór með nokkrar rímur eftir þá í Mobb Deep, sem voru átrúnaðargoðin mín á þeim tíma. Þá sá hann mig fyrst, en svo hittumst við aftur nokkrum dögum síðar á McDonald's niðri á Lækjartorgi. Hann sagði mér að ég þyrfti að byrja að semja texta og svo urðum við eiginlega bara strax vinir og stofnuðum hljómsveit."

# Ljósveitan

*Kemur með háhraðanetið*




**Míla tengir heimili landsins við Ljósveituna.** Til að lágmarka rask í grónum hverfum nýtum við nútímatækni og fyrirliggjandi leiðslur til að koma Ljósveitunni til heimila en í nýrri hverfum leggjum við ljósleiðarann alla leið inn í hús. Með því að nýta tengingar sem eru til staðar fær mikill fjöldi íslenskra heimila háhraðatengingu nú þegar í stað þess að þurfa að bíða í mörg ár eða áratugi eftir kostnaðarsömum framkvæmdum. Nú skila tengingar Ljósveitunnar heimilum 50-70 Mb/s og mun stöðug tækniframþróun skila þeim meiri og meiri hraða á næstu árum.

Kynntu þér stöðugar háhraðatengingar Ljósveitunnar á **mila.is**

ENNEMM / SÍA / NM59732

Hafðu samband við eftirtalda aðila til að kaupa þjónustu um Ljósveituna:

Tölvustoð · vodafone · snerpa · Símafélagið · NETSAMSKIPTI EHF. NETWORK COMMUNICATIONS · 365 · Fjölnet · Hringdu · Hringiðan · Síminn · TAL

míla
*Lífæð samskipta*

„Þetta var ótrúlega skemmtilegur og merkilegur tími,“ rifjar hún upp. „Það var hægt að sjá utan á fólki hvers konar tónlist það hlustaði á, sérstaklega á hipphoppurunum í sínum víðu buxum, skæru litum og stóru dúnúlpum. Stundum skammast ég mín pínulítið þegar ég sé myndir frá þessu tímabili, en þetta var gaman og þá var mikil sérstaða fólgin í því að vera rappari.“

Rapptónlistinni úti í heimi virðast stundum fylgja einhvers konar deilur manna á milli og í verstu tilvikunum slagsmál og klíkustríð. Ragna histir höfuðið þegar slíkt ber á góma varðandi sokkabandsár íslenska hipphoppsins.

„Það voru aðallega fjölmiðlarnir sem bjuggu til deilur milli okkar og Quarashi, en sú sveit varð til á svipuðum tíma og við en var mun rokkaðri. Fjölmiðlarnir vildu stilla þessu upp eins og við værum að deila, „þið eruð bara R&B!“, og „Þið eruð bara rokkarar!“, og líklega tókum við þátt í því í einhverjum barnaskap, en þessar svokölluðu deilur ristu aldrei djúpt. Þetta var aðallega fyndið, en ég held að röppurum finnist þeir þurfa að láta líta út fyrir að þeir eigi í deilum við einhvern. Annars er ekkert stuð,“ segir Ragna og skellir upp úr.



> Það var hægt að sjá utan á fólki hvers konar tónlist það hlustaði á, sérstaklega á hipphoppurunum í sínum víðu buxum, skæru litum og stóru dúnúlpum. Stundum skammast ég mín pínulítið þegar ég sé myndir frá þessu tímabili, en þetta var gaman og þá var mikil sérstaða fólgin í því að vera rappari.

**RAGNA RAPPARI** Mamma Rögnu er frá Filippseyjum þar sem orðið hafa miklar náttúruhamfarir upp á síðkastið. Hún hefur lítið sem ekkert samband við mjög fjarskylda ættingja sína á Filippseyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Beitir almennri skynsemi

Eins og áður sagði fluttist Ragna til New York í nám eftir að Subterranean lagði upp laupana um aldamótin. Skyldi það ekki hafa verið upplifun fyrir einlægan aðdáanda rapptónlistar að vera skyndilega stödd í hringiðunni í sjálfri fæðingarborg hipphoppsins?

„Þetta var algjör draumur að því leytinu til að ég þurfti að velja úr hverja af hetjunum mínum ég vildi sjá á tónleikum þá og þá vikuna. Sem bláfátækur námsmaður með sífelldar áhyggjur af gengi krónunnar, sem sveiflaðist upp og niður, og skólagjöldunum neyddist ég auðvitað til að velja tómstundirnar vel, en ég fór til dæmis á sex tónleika með Erykuh Badu sem ég hef alltaf haldið mikið upp á,“ segir Ragna, sem bjó til að byrja með á Long Island, höfuðvígi rapp-frumkvöðlanna í Public Enemy, en færði sig svo yfir til Brooklyn, í Bedford–Stuyvesant-hverfið sem meðal annars er sögusvið kvikmyndarinnar Do the Right Thing eftir Spike Lee.

„Ég bjó á landamærum gettósins og efristéttarhverfisins og var því með sjoppuna sem var rænd á kvöldin vinstra megin og svo vel setta Cosby-liðið hægra megin,“ segir Ragna. „Það kom fyrir að ég heyrði um skotbardaga í hverfinu, en í þannig aðstæðum verður maður að beita almennri skynsemi og passa sig að vera ekki að þvælast á hættulegum stöðum eftir að skyggja tekur. Um helgar sá ég líka heilu fjölskyldurnar grilla saman og hafa það gott í görðunum og það kom mér í raun á óvart hversu mikið samfélag þetta er.“

Merkilegast við dvölina í New York þótti Rögnu þó hversu samgróin rapptónlistin er íbúum borgarinnar. „Einn daginn var ég að labba niður götu þegar ég heyrði lag með Notorious BIG spilað hátt út um glugga á bíl. Á móti mér kom kona labbandi sem söng með textanum í laginu, svo heyrði ég í manni fyrir aftan mig sem rappaði líka með og svo uppgötvaði ég skyndilega að allt fólkið í götunni kunni textann við lagið. Þetta var eins og ég væri stödd í súrrealísku myndbandi, en svona er bara kúltúrinn þarna.“

### Með svarta beltið í karate

Eftir hljóðmannsnámið í Five Towns College á Long Island var Ragna lærlingur í hinu fræga Chung King-hljóðveri á Manhattan um skeið, en starfið reis ekki undir væntingum hennar nema síður sé.

„Það besta við þessa vinnu var að á næturnar, þegar enginn var að taka upp, fékk ég að laumast í græjurnar og prófa mig áfram með mitt eigið efni. Annars fékk ég í rauninni í mesta lagi að hlaupa eftir McDonald‘s-hamborgurum klukkan fjögur á næturnar eða þrífa upptökutækin með eyrnapinna. Þetta var ekki sá skóli sem ég hafði ímyndað mér,“ rifjar Ragna upp og bætir við að launin fyrir byrjendur í þessum harða bransa í Bandaríkjunum séu nær engin.

„Þeir borga ekki einu sinni fyrir neðanjarðarlestarmiðann þinn til að komast í vinnuna og er alveg sama þótt þú hættir því þeir geta alltaf fengið einhverja aðra í staðinn. Auðvitað var gaman að hitta margt af þessu liði sem tók upp þarna eins og til dæmis Foxy Brown, en allar reglur um vinnutíma fuku út í veður og vind og ég sá ekki fram á að geta lifað þetta af nema búa heima hjá foreldrum mínum, eins og er víst mjög algengt að fólk geri.“

Ragna sá sér því þann kost vænstan að flytja aftur til Íslands og býr nú í Vesturbænum í Reykjavík, þar sem hún ólst upp, ásamt manni sínum, Ingvari Björnssyni, teymisstjóra á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, og Bjarna Emil, fjögurra ára gömlum syni þeirra.

„Einu sinni sagðist ég aldrei ætla að flytja aftur í Vesturbæinn því ég er eins og gömul kelling og læt rokið þar fara alveg óskaplega í taugarnar á mér. En Ingvar er svo mikill Vesturbæingur að hann heimtaði að við flyttum þangað. Við fengum mjög góða íbúð þar svo ég er sátt,“ segir Ragna og viðurkennir að henni þyki þægilegt að vera nálægt miðbænum. „Ég hef nánast alltaf verið í miðbænum eða í kringum hann, fór til dæmis í Menntaskólann við Hamrahlíð og æfði karate með Þórshamri. Ég er með svarta beltið í karate, varð Íslandsmeistari í kata árið 2007, og tek enn rispur við og við og keppi á Íslandsmótum. Þetta er eins og að læra að hjóla og löngunin til að sýna öllum hinum hvernig á að gera þetta blossar alltaf upp öðru hvoru.“

### Fjarskyldir ættingjar á Filippseyjum

Pabbi Rögnu er íslenskur en mamma hennar frá Filippseyjum. Þau kynntust þegar þau voru saman í námi í Bandaríkjunum og fluttu saman til Íslands í kjölfarið.

„Mamma féll alveg fyrir landinu og fannst það sérlega öruggur staður til að ala upp börn, enda vorum við krakkarnir í hverfinu hlaupandi um allt allan daginn og langt fram á kvöld þegar ég var lítil,“ segir Ragna, en móðir hennar var þá ein af örfáum Filippseyingum á landinu. „Þegar ég fæddist var pabbi í vinnunni og mamma talaði ekki stakt orð í íslensku en smá í ensku. Hjúkrunarkonan labbaði inn, haldandi á barni með kolsvart hár og dökkan hörundslit, og mamma hélt auðvitað að það væri ég og breiddi út faðminn. Þegar hjúkkan labbaði svo framhjá henni og rétti íslenskri konu barnið fékk mamma áfall og hugsaði með sér hvert hún væri eiginlega komin, að hún fengi ekki sitt eigið barn í hendurnar að lokinni fæðingu. Þá kom upp úr kafinu að konan sem fékk barnið átti mann frá Filippseyjum og þetta var svona svakaleg tilviljun að ég og þessi stelpa, sem er vinkona mín í dag, fæddumst nánast á sama tíma. Núna er hins vegar heilt samfélag af Filippseyingum á Íslandi,“ segir Ragna, en móðir hennar er ræðismaður Filippseyja hér á landi og þarf því oft að ráðleggja fólki sem hyggst sækja eyjarnar heim.

„Íslendingar, sem koma heim til hennar til að redda vegabréfsmálum og undirritunum, byrja mjög oft að tala við hana á ensku, þótt hún hafi búið hér í rúma þrjá áratugi. Þegar hún svarar þeim á íslensku grípa þeir svo bara til íslenskunnar þegar þá vantar réttu orðin á ensku. Þetta er auðvitað stórfurðulegt en ég kenni fáfræði um, ekki hatri eða neinu slíku, og grunar að þetta sé algengara hjá eldri kynslóðinni en hinni yngri,“ segir Ragna og bætir við að sjálf hafi hún ekki mætt neinum fordómum að ráði vegna hörundslitarins.

Hamfarirnar hræðilegu á Filippseyjum nýverið hafa skotið heimsbyggðinni skelk í bringu, en Ragna á einungis afar fjarskylda ættingja í landinu sem fjölskyldan hefur lítið sem ekkert reglulegt samband við. „Amma og afi sem áttu heima þar eru látin og systkini mömmu, sem eru átta talsins, fluttu öll ung til Bandaríkjanna. Samt er sjokkerandi að fylgjast með fréttum frá hamförunum og filippseyska samfélagið á Íslandi gerir sitt besta til að hjálpa til og senda peninga og birgðir út.“

### Kvenfyrirlitningin víða

Rapptónlistarheimurinn hefur nánast frá upphafi verið gagnrýndur fyrir að vera karllægur úr hófi fram og kvenfyrirlitningu í textum. Hvernig kemur ung kona sér fyrir í slíkum heimi?

„Bara með velgengni sem alvöru listamaður, ekki endilega umdeildur en alvöru. Það held ég að sé eina svarið. Annars held ég að kvenfyrirlitningin sé alls ekki bundin við rappið heldur sé hún víða ríkjandi í tónlistarheiminum þótt rappið hafi fengið hörðustu gagnrýnina. Við þá sem vilja standa í slíku segi ég bara verði þér að góðu ef þú ert ekki þroskaðri en þetta. Ég geri mitt og þú gerir þitt.“




Jólagjöfin fæst hjá okkur

epli.is

Smáralind
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

Laugavegi 182
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300
Jólaopnun auglýst nánar á www.epli.is

# Veröldin

## hennar Karólínu

ÁRITAÐ OG TÖLUSETT GRAFÍKVERK FYLGIR BÓKINNI










Glæsileg listaverkabók um feril Karólínu Lárusdóttur
Texti bókarinnar er bæði á íslensku og ensku

**Vildarklúbbsverð kr. 9.499,-**
**Fullt verð kr. 9.999,-**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn | Eymundsson – Bóksali frá 1872

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is



**MIKILL BARÁTTULEIKUR** Birkir Bjarnason og Ivan Rakitic í hörðum slag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Ísland gerði jafntefli við Króatíu

Landslið Íslands í knattspyrnu tók á móti Króötum á Laugardalsvelli í gærkvöldi. Þrátt fyrir að spila manni færri drjúgan hluta leiks tókst íslenska liðinu að ná jafntefli gegn sterku liði Króata. Seinni leikur umspilsins verður spilaður í Króatíu næstkomandi þriðjudag.



**FULLSETINN VÖLLUR** 9.768 áhorfendur voru á Laugardalsvelli og stemningin var alveg frábær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FÉKK RAUÐA SPJALDIÐ** Ólafur Ingi Skúlason fékk að líta rauða spjaldið á 50. mínútu eftir að hafa brotið á Ivan Perisic. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**BARIST Í HÁLOFTUNUM** Kolbeinn Sigþórsson berst um boltann við Vedran Corluka, varnarmann Króata. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**FÓR MEIDDUR AF VELLI** Kolbeinn Sigþórsson var borinn af velli eftir að hafa misstigið sig skömmu fyrir hálfleik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Skáldskapur í hæsta gæðaflokki




## Gullmoli eftir Jules Verne

Hin fræga skáldsaga Jules Verne, *Ferðin að miðju jarðar,* kemur nú í fyrsta sinn út óstytt og þýdd úr frummálinu með myndskreytingum frumútgáfunnar.

**Sannkallaður happafengur handa öllum unnendum ævintýra og vísindaskáldsagna.**




## Meistari satýrunnar

Höfundur *Malarans sem spangólaði, Árs hérans* og *Dýrlegs fjöldasjálfsmorðs* er kominn aftur.

„Frábærlega skemmtileg bók, hugmyndarík og full af kaldhæðni. ... [bók] sem enginn ætti að missa af.“
Kolbrún Bergþórsdóttir, Mbl. júlí 2013.




## Klasssískt meistaraverk

*Í gegnum spegilinn* er sjálfstætt framhald *Lísu í Undralandi* og hefur löngum verið talið eitt af meistaraverkum barnabókmenntanna. Kemur nú út í fyrsta sinn á íslensku í vandaðri þýðingu Valdimars Briem.




## Fyrsta flokks barnabók

*Skrímslið litla systir mín* eftir Helgu Arnalds, Björku Bjarkadóttur og með tónlist Eivarar Pálsdóttur hefur slegið í gegn hjá börnunum. Og þeir fullorðnu kunna einnig að meta hana:

„Bókin er fallega myndskreytt af Björku Bjarkadóttur og tónlist Eivarar Pálsdóttur er skemmtileg viðbót við vandaða bók. Eins og aðrar fyrsta flokks barnabækur höfðar bókin bæði til barna og fullorðinna.“

*Ólöf Skaftadóttir, Frbl. 18. okt.*

**SKRUDDA**
www.skrudda.is

# Skriftir eru stanslaus höfuðverkur

Bræðurnir **Hugleikur** og **Þormóður Dagssynir** muna eftir sér teiknandi frá fyrstu tíð og textagerð er þeim í blóð borin. Þetta tvennt ásamt hugmyndafluginu fleytir þeim langt á listasviðinu. Tónlistin er góð aukabúgrein líka hjá Þormóði.



**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
gun@frettabladid.is

Hugleikur Dagsson er mættur á Tíu dropa þegar ég stíg þar inn úr slabbinu. Þormóður bróðir hans birtist stuttu seinna. Öll fáum við okkur kaffi í krúsir hússins þó Hugleikur hafi sínar meiningar um þann drykk og hafi lent í þrætum um hann. „Þegar fólk segir: „Þetta var góður kaffisopi“ segi ég: „Það er ekki rétt. Allt kaffi er vont, það er hræðilegt á bragðið, það kemur vond lykt út úr manni á eftir, en það gerir sitt gagn því það er örvandi og skapar vissa sælutilfinningu.“ Fyrst þegar ég drakk áfengi þá varð ég að pína það ofan í mig en þegar ég drakk það í fimmta skipti þá var heilinn búinn að læra á vímuna. Það sama gildir um kaffið. Hjá mér að minnsta kosti.“

### Stanslaus höfuðverkur

Þormóður starfar á þýðingarstofunni Skjali auk þess að vera söngvari í hljómsveitinni Tilbury. Áður spilaði hann á trommur í hljómsveitunum Skakkamanage, Jeff Who? og Hudson Wayne. Hann er líka búinn að læra umhverfis- og auðlindafræði en kveðst alltaf eiga eftir að skrifa meistararitgerðina sína. „Það er eilífðarverkefni,“ segir hann og kveðst búinn að ákveða efnið nokkrum sinnum. „Ég er alveg búinn að fara í fáeina hringi með það.“

Hugleikur lifir á listinni. Eftir hann liggja ótal bækur með teikningum og sögum. Hann kveðst alltaf vera eitthvað að krota. „Ég er mjög oft með vasabók á mér og ef ég gleymi henni þá nota ég þann pappír sem ég er með, kassanótur og svona. Teikna allt fríhendis en skanna það undantekningarlaust í tölvu og þá er það komið þangað.“ Hann segir brandarana og spýtukarlana koma tiltölulega áreynslulaust, þegar honum detti í hug. „En að skrifa er stanslaus höfuðverkur,“ segir hann. „Ég er að skrifa leikrit, var að skrifa söguna Ógæfu og þættina fyrir RÚV, þetta er eins og að setja saman stærðfræðiformúlu og láta hana ganga upp en hún má samt ekki vera leiðinleg.“

Hugleikur er eigin herra, skyldi hann vera harður húsbóndi? „Nei, en ég geri samninga við forlag eða kvikmyndastúdíó og skilafresturinn er harður húsbóndi. Í ár hef ég verið upptekinn hvern einasta dag. Ég gleymi því alltaf hvað þetta er mikil vinna. Þetta er svipað og ég hef heyrt um konur sem fæða börn með miklum kvölum. Eftir fæðinguna verða einhver efnahvörf sem gera það að verkum að þær gleyma sársaukanum og langar bara fljótlega að skella í annað barn. Ég held það sé svipað og að semja. Það er stórkostleg tilfinning þegar maður fær eigin bók í hendur en að gera hana er bara höfuðverkur og kvíði og andvökunætur.“

Mismunandi er hvenær sólarhringsins Hugleik hentar að skrifa. „Þessa dagana finnst mér best að vakna snemma. Þá er hugurinn ferskur og þorir meiru,“ segir hann. „Það er auðveldast að semja þegar maður er tiltölulega kærulaus, þegar maður slekkur á röddinni innra með sér sem talar fyrir hugsanlegum viðbrögðum annarra. Maður þarf stanslaust að minna sig á að ef eitthvað virkar fyrir mann sjálfan þá virkar það fyrir einhvern annan.“

### Textagerð í ættinni

Þormóður er auðvitað líka að fást við skriftir á þýðingarstofunni. „Hún leggst dálítið í ættir, þessi textagerð,“ útskýrir hann. „Það eru margir í okkar ætt endalaust að skrifa, meðal annars ljóð og skáldsögur.“ Þetta kallar á skýrslu um ætt og uppruna.

**Þormóður:** „Ef við byrjum á mömmu þá heitir hún Ingibjörg Hjartardóttir og er Svarfdælingur, bæði Hafstað og Eldjárn. Hún skrifar ljóð og leikrit. Það var stór fjölskylda sem hún ólst upp í, þau voru sjö systkinin og öll meira og minna í skapandi greinum. Pabbi er austan úr Breiðdal, Dagur Þorleifsson. Hann var blaðamaður. Góður penni líka.“

**Hugleikur:** „Ég var einmitt að heyra hetjusögur af honum af Þjóðviljanum. Ef heilsíðuauglýsing datt út á síðustu stundu þá var hann látinn skrifa einhverja fréttaskýringu um það sem var í deiglunni þá stundina. Fékk stundum klukkutíma eða minna til þess og hann hristi það fram úr erminni. Hann virðist hafa verið dálítið góður að díla við skilafrestinn.“

*Ekki hafði hann Internetið til að hjálpa sér,* segi ég og hugsa til blaðamennsku nútímans.

„Nei, en kosturinn við það var líka sá að enginn gat gúgglað til að athuga sannleiksgildi fréttarinnar,“ bendir Hugleikur á.

**Þormóður:** „Hann var líka blaðamaður sem fór á vettvang atburða, gekk til dæmis með kúrdískum uppreisnarmönnum um fjöllin og kynnti sér aðstæður þeirra.“

Bræðurnir eiga þrjár hálfsystur. „Pabbi átti fimm börn með fjórum konum,“ útskýrir Þormóður. „Við erum bara tveir albræður sem ólumst upp saman. Systur okkar heita Bryndís, Úlfhildur og Anna. Anna er sænsk og við þekkjum hana minnst en hún er næst okkur í aldri og Bryndís elst.“

### Betluðu stríðsleikföng

Þeir bræður áttu heima í Stokkhólmi í bernsku en fluttu heim þegar Þormóður var fjögurra ára og Hugleikur sex. *Hvernig skyldu þeir hafa leikið sér þegar þeir voru litlir?*

„Við teiknuðum mikið,“ segir Þormóður. „Svo lékum við okkur með Star Wars og He-man sem við betluðum í jóla-og afmælisgjafir með miklum herkjum.“ „Já,“ samsinnir Hugleikur. „Fullorðna fólkið í kring um okkur var svo miklir hippar sem var gott og blessað nema þegar kom að stríðsleikföngum, kókópuffsi og Stöð 2.“



**BRÆÐUR OG FÉLAGAR** „Við biðum bara þolinmóðir. Komnir yfir tvítugt og bjuggum enn hjá móður okkar, en, nei nei, þau voru alveg að fara.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þormóður: „Við fórum bara til vina okkar að horfa á morgunsjónvarp Stöðvar 2 og fá kókópuffs,“

*Áttuð þið aldrei heima í Svarfaðardalnum?*

**Hugleikur:** „Mér fannst alltaf að ég hefði hefði átt heima fyrir norðan en það var leiðrétt, við vorum þar bara mikið á sumrin og um jól en bjuggum í Reykjavík, enda gekk ég í Vesturbæjarskólann.“

**Þormóður:** „Mamma flutti seinna norður með manni sínum, Ragnari skjálfta, það var ekki fyrr en 2000 eða 2001. Þá vorum við orðnir sjálfbjarga.“

**Hugleikur:** „Já, við byggðum þau í rauninni út. Ég var orðinn 18-19 ára þegar ég heyrði þau fyrst tala um að flytja í dalinn og svo tók það nokkur ár. Við biðum bara þolinmóðir. Komnir yfir tvítugt og bjuggum enn hjá móður okkar, en, nei, nei, þau voru alveg að fara.“

Nú eru báðir bræðurnir komnir í sambúð og bera lof á konur sínar sem þeir segja meðal annars mjög góða ráðgjafa.

**Hugleikur:** „Þegar Hrafnhildur Halldórsdóttir gagnrýnir mig þá hlusta ég meira en hún veit. Hún er góð að fatta hluti í mínum verkum sem ég hafði ekki hugmynd um. Svo bendir hún mér á bæði góða og slæma hluti í fari mínu, það er bara gott og blessað.“

**Þormóður:** „Kærastan mín heitir Sigurbjörg Birgisdóttir og starfar við atvinnuráðgjöf í Hinu húsinu. Ég tek mikið mark á því sem hún segir. Ég er alltaf að brasa í tónlistinni og leyfi henni að heyra lögin þegar þau eru skammt á veg komin, les út úr hennar viðbrögðum og fer eftir því. Sé hvað virkar og hvað ekki. Það kemur að góðu gagni.“

Þegar við stöndum upp frá kaffibollunum og búumst til brottferðar spyr ég þá bræður hvort þeir kunni vel við snjóinn.

„Ekki þetta slabb,“ svarar Hugleikur. „Við viljum helst hafa hann þurran eins og í Svarfaðardalnum,“ segir Þormóður. „Hann er þægilegri.“

**Hugleikur:** „Ég er hrifnastur af vetrinum hvað varðar árstíðirnar. Þá meina ég hávetrinum, þegar veðrið er loksins búið að ákveða sig. Á öllum öðrum tímum er veðrið voða mikið hálfkák.“

## → Helstu viðfangsefnin þessa dagana

Diskur sveitarinnar Tilbury heitir Northern Comfort eða Norðlæg þægindi. Að sögn söngvarans Þormóðs eru á honum ljúfar ballöður um veðrið og allt sem því tengist. Útgáfutónleikar verða 28. nóvember í Kaldalóni.

Hugleikur er að skrifa leikrit og að senda frá sér Ógæfu, sem Rán Flygenring myndskeytir. Hann verður með uppistand í Háskólabíói 29. nóvember og í Hofi á Akureyri 19. desember.

Tilboðið gildir **16. - 23.** nóv. 2013

markhonnun.is

# FRÁBÆR FÓTBOLTATVENNA!




## ÞÚ KAUPIR BÓKINA UM SIR ALEX

**OG FÓTBOLTASPILIÐ FYLGIR FRÍTT MEÐ**

**4.193 KR**

Birt með fyrirvara um stafsetningarvillur og eða myndavíxl

**www.netto.is**

Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

nettó bækur

*Kræsingar & kostakjör*

# 35 ár liðin frá mannskæðasta slysi íslenskrar flugsögu

Í gær voru 35 ár liðin síðan þota Flugleiða brotlenti í aðflugi á Srí Lanka. 183 fórust í slysinu, þar af átta Íslendingar.

**Haukur Viðar Alfreðsson**
haukur@frettabladid.is
**Freyr Bjarnason**
freyr@frettabladid.is





**FLAKIÐ** Flak flugvélarinnar á staðnum þar sem Harald Snæhólm flugstjóri fannst. MYND/ÚR EINKASAFNI

Leifur Eiríksson, DC-8-þota Flugleiða, brotlenti í aðflugi við Katunayake-flugvöll í Kólombó á Srí Lanka fyrir 35 árum í gær. Um er að ræða mannskæðasta slys íslenskrar flugsögu, en 183 fórust, þar af átta íslenskir starfsmenn Flugleiða.

Vélin var á leið frá Sádi-Arabíu með indónesíska pílagríma á leið til síns heima, Millilenda átti í Kólombó þar sem aukaáhöfn og starfsmenn áttu að verða eftir. Í afleitu veðri og skyggni brotlenti vélin á kókoshnetuplantekru skömmu fyrir miðnætti, rúmum tveimur kílómetrum frá enda flugbrautarinnar.

**Þjóðin harmi slegin**

79 komust lífs af úr slysinu, þar af fimm Íslendingar. Þeir voru flugfreyjurnar Jónína Sigmarsdóttir, Kristín E. Kristleifsdóttir, Oddný Björgólfsdóttir og Þuríður Vilhjálmsdóttir, og Harald Snæhólm flugstjóri. Þau eru öll á lífi í dag.

Áhöfn Dagfinns Stefánssonar, flugstjóra, beið vélarinnar á flugvellinum, en hún átti að taka við henni og flytja pílagrímana áfram til Indónesíu. Hópurinn sat í farþegasal flugvallarins þegar honum voru flutt tíðindin.

Íslendingarnir fimm sem komust lífs af voru fluttir á sjúkrahús í Kólombó og reyndist ekkert þeirra lífshættulega slasað.

Að kvöldi 19. nóvember lenti Boeing 727-þota Flugleiða með lík sjö þeirra átta Íslendinga sem fórust í slysinu. Fjöldi einkennisklæddra starfsmanna Flugleiða stóð heiðursvörð við móttökuathöfnina og lúðrasveit spilaði á meðan líkkistunum var raðað fyrir framan vélina. Þjóðin var harmi slegin.

**Rannsóknin gagnrýnd**

Rannsókn flugmálayfirvalda á Srí Lanka var gagnrýnd af Flugmálastjórn Íslands. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að gáleysi flugmannanna hefði verið meginorsök slyssins.

Hópur íslenskra rannsóknarmanna sem var sendur utan komst að annarri niðurstöðu og taldi ýmislegt athugavert við flugstjórnar- og aðflugstæki flugvallarins. Fulltrúar annarra flugfélaga voru á sama máli og gefin var út rannsóknarskýrsla í samráði við bandaríska sérfræðinga sem stangaðist verulega á við niðurstöður fyrri rannsóknarinnar.

Var niðurstaða þessarar nýju rannsóknar sú að meginorsakir slyssins hafi verið skortur á viðhaldi aðflugstækja og að áhöfn vélarinnar hafi fengið rangar upplýsingar frá flugturni. Þá var veðrið talið hafa átt sinn þátt, en mikil rigning var þegar slysið varð, vindur og niðurstreymi.




**FLUGVÉLIN SEM BROTLENTI** Flugvél Loftleiða, Leifur Eiríksson TF-FLA, kemur til lendingar á Reykjavíkurflugvelli á flugdegi í ágúst 1978. Tæplega þremur mánuðum síðar fórst vélin í aðflugi að flugvellinum í Kólombó á Srí Lanka. 183 manns fórust. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR


VÍSIR

200 FÓRUST MEÐ FLUGLEIÐAÞOTU

Íslendingarnir sem fórust

Fimm Íslendingar komust lífs af

**FORSÍÐA VÍSIS** Vísir fjallaði ítarlega um slysið á forsíðu sinni 16. nóvember 1978.

## Presturinn bankaði upp á með hempuna

**Ásta B. Hauksdóttir var fimmtán ára þegar faðir hennar, flugstjórinn Haukur Hervinsson, fórst í flugslysinu.**

„Slysið verður sex um kvöld að íslenskum tíma en þetta er ekkert eins og núna. Þú værir búinn að vita þetta eftir eina mínútu. Ég man að presturinn kom heim morguninn eftir klukkan sjö og bankaði upp á með hempuna og hringdi dyrabjöllunni. Mamma fór og kíkti út um lítinn glugga í betra anddyrinu og sá þennan mann. Þá vorum við kallaðar fram systurnar,“ segir Ásta. „Okkur var sagt að vélin hefði farist í flugtaki, en hún fórst í aðflugi. Allar upplýsingar voru rangar en boðleiðirnar voru aðrar á þeim tíma. Það var enginn sem fékk áfallahjálp. Ég er fimmtug í dag og er enn þá að glíma við þetta. Ég hef unnið með sjálfa mig en maður er fullorðin kona í dag og þetta „markerar“ mann alveg fyrir lífstíð.“

Þrátt fyrir slysið hræðilega ákvað Ásta fimm árum síðar að „fara í flugið“ eins og hún kallar það. Hún starfaði sem flugfreyja í mörg ár og lærði síðan flugrekstrarfræði. Aðspurð segir hún slysið ekki hafa dregið úr sér kjarkinn. „Þegar slysið varð sagði ég að ég ætlaði aldrei að fara í flugvél aftur. Svo bara var ég með þessa bakteríu í blóðinu og þetta átti hug minn allan.“ Hún bætir við að íslenskir flugmenn séu tvímælalaust þeir bestu í heimi.

Í fluginu kynntist hún einmitt vel þeim sem lifðu slysið af og hefur hún verið í góðu sambandi við marga þeirra í gegnum árin. Þess má geta að Ásta á þrjár dætur og er ein þeirra, sem er sextán ára, harðákveðin í að verða flugmaður.

Ásta bjó í útlöndum í tíu ár en flutti aftur heim til Íslands í vor. Síðan þá hefur hún átt í viðræðum við Icelandair um að reistur verði minnisvarði um þá sem fórust. Hún hefur einnig áhuga á að stofna minningarsjóð sem yrði veitt úr einu sinni á ári, 15. nóvember.

Henni finnst mikilvægt að eftirlifendur slyssins og ættingjar þeirra sem fórust haldi hópinn meira. „Það þarf einhvern til að taka það frumkvæði og ég hugsa að ég geri það. Ég gekk með það í maganum að við myndum fara ferð til Srí Lanka. Einhverjir hafa tekið vel í það og svo þarf bara að framkvæma þetta.“




**MISSTI PABBA SINN Í SLYSINU** Ásta B. Hauksdóttir lét flugslysið ekki draga úr sér kjarkinn og gerðist flugfreyja þegar hún var tvítug. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hélt ég myndi brenna lifandi

**Flugstjórinn Harald Snæhólm, sem er 74 ára, var einn þeirra fimm Íslendinga sem lifðu slysið af. Hann flaug sem farþegi og sat aftast í eldhúsi flugvélarinnar þegar slysið varð.**

„Ég slasaðist mikið. Ég man að lungun lögðust saman, bakið fjórbrotnaði og hausinn á mér var allur skorinn í sundur,“ rifjar Harald upp fyrir blaðamann. „Stélið fór niður og það kom mikill hvellur. Svo rankaði ég ekki við mér fyrr en 100 til 200 metra frá flugvélinni með stórt pálmatré yfir brjóstinu á mér og ég gat ekki hreyft mig, var alveg pikkfastur. Vélin sprakk og ég hélt ég myndi brenna lifandi. En ég gat grafið undan bakinu á mér með höndunum þannig að ég gat ýtt mér undan trénu. Þannig skreið ég í burtu og tveir innfæddir fundu mig og drösluðu mér á spítala. Þetta var bara Guð og lukkan.“

Harald bætir við að öll deyfilyf hafi verið búin. „Þegar andlitið á mér var saumað saman héldu þeir mér niðri, Dagfinnur Stefánsson og Einar Guðlaugsson, sem voru í áhöfninni sem átti að taka við af okkur.“

Eftir að hann var gróinn sára sinna sneri Harald aftur til starfa sem flugstjóri þrátt fyrir þessa ógurlegu lífsreynslu. Það gerðu einnig hinir fjórir eftirlifendurnir og áttu þau eftir að fljúga margoft saman. „Ég var settur í þjálfun aftur og svo byrjaði þetta smám saman að koma. Þetta var andskoti erfitt en það var annaðhvort að takast á við þetta eða finna sér aðra vinnu.“



**HARALD SNÆHÓLM** Harald er einn þeirra fimm Íslendinga sem lifðu slysið af. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Harald fékk enga áfallahjálp frekar en aðrir sem lentu í slysinu en segir það hafa hjálpað sér mikið að tala við aðra flugmenn um það sem gerðist. „Þeir voru alltaf að spyrja mig og ég var alltaf að kjafta. Þá losar maður um þetta. Ég hef fengið hálfgerða hjálp þannig.“

Þegar Útkalls-bók Óttars Sveinssonar um slysið kom út árið 2006 hitti Harald í fyrsta sinn ættingja þeirra sem fórust í slysinu. „Það var mjög þægileg og góð stund.“

Aðspurður segist hann hafa áhuga á að fara aftur til Srí Lanka og setja þar upp minnisvarða að heiman. „Það fyndist mér réttlætanlegt. Ég held að við værum öll tilbúin til að gera það.“


A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
JÓLIN BYRJA
Í THE PIER
Haag áður 199.900
Tilboð gildir til 20. nóvember
179.910
Haag
-10%
Kertaluktir
25 cm 4.990
31 cm 7.990
MIKIÐ ÚRVAL AF BÖKKUM,
KERTUM OG SKREYTIEFNI Í
AÐVENTUKRANSINN
OG JÓLASKREYTINGUNA
Kerti frá 590
Krans
5.990
Jólatré
50 cm 2.490,
60 cm 2.990
90 cm 4.990
Home - Love 2.990
HOME
LOVE
Stálbakkar með munstri 2.590
Styttur frá 2.990
Uglur
12 cm 990, 15 cm 1.990 og 20 cm 2.990
Englar 8,5 cm 790 og 14 cm 1.790
Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
ÍRIS
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Setti soninn í fyrsta sæti

**Systa Björnsdóttir** bjó í Mílanó í tuttugu ár og vann við leikmyndahönnun fyrir auglýsingar og kvikmyndir víða um lönd en flutti heim á síðasta ári til að veita syni sínum betri aðbúnað í æsku. Nú hefur hún gert sína fyrstu leikmynd fyrir leikhús.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





**HÖNNUÐURINN** „Ég kom hingað bara sem gestur á tímabili og þá var alltaf skipulögð dagskrá og mikil gleði, þannig að ég sá dálítið bjagaða mynd af lífinu hér," segir Systa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þetta er frumraun mín í leikhúsi," segir Systa Björnsdóttir hönnuður um leikmynd og búninga í Refnum á Litla sviði Borgarleikhússins. „Ég kem í rauninni úr allt öðrum heimi. Hef verið úti á Ítalíu í tæp tuttugu ár og meðal annars unnið í kvikmyndum, auglýsingum og sýningum úti um allan heim en aldrei komið nálægt leikhúsi." Hún segir fólkið í Borgarleikhúsinu hafa verið henni hjálplegt. „Auðvitað snýst svona hönnun alltaf um það sama, handrit, áherslur og þarfir leikara. Verstu óvinir mínir í þessu verkefni voru sjónlínurnar. Ég er ekki vön að þurfa að taka mikið tillit til þeirra en þetta er búið að vera lærdómsríkt og skemmtilegt og ég sé eftir að hafa ekki kynnst heimi leikhússins fyrr."

### Ekki á náttfötunum út í búð

Systa hefur haft bækistöð í Mílanó frá því hún fór út, bjó þar með Ítala um tíma en flutti til Íslands á síðasta ári með son sinn Ísak sem verður þriggja ára í janúar. Hvað kom til?

„Ég hafði verið úti öll mín fullorðinsár, var í bullandi karríer, alltaf að ferðast og sinna spennandi verkefnum. Svo eignaðist ég Ísak og þá fór ég að hugsa allt út frá honum. Þegar fæðingarorlofinu lauk var hann sjö mánaða og alltaf hjá barnapíu og þegar ég fór að leita að leikskóla handa honum komst ég að því að ég þurfti að koma með sápu og klósettpappír að heiman. Umhverfið var einstaklega óbarnvænt svo ég ákvað að prófa að flytja heim."

Hún segir þó heilmikil viðbrigði að setjast að á Íslandi eftir tuttugu ára fjarveru. „Ég kom hingað bara sem gestur á þessu tuttugu ára tímabili og þá var alltaf skipulögð dagskrá og mikil gleði, þannig að ég sá dálítið bjagaða mynd af lífinu hér. Það er óneitanlega erfitt að flytja hingað úr stóru samfélagi eins og Mílanó sem er milljónaborg. Hér get ég til dæmis ekki farið á náttfötunum út í búð að kaupa í matinn eins og þar! Mér fannst ég alltaf vera að sjá sama fólkið hér og í byrjun vissi ég ekkert hvort ég ætti að heilsa því. Var farin að brosa vandræðalega. Ítalir eru svo opnir og ég var orðin vön því að fólk segði það sem því fyndist. „Þú hefur bara fitnað." „Mikið lítur þú vel út í dag." „Þetta er falleg blússa sem þú ert í," og annað þess háttar. Ítalir spyrja alltaf hvernig maður hafi það og þá er ekkert athugavert við að segja bæði jákvæða og neikvæða hluti. Mér finnst eins og það sé ekki í boði hér, fólk tekur því eins og maður sé að kvarta og það er ekki vinsælt."

### Engin tvö verkefni eins

Systa er úr Svarfaðardal, dóttir Björns Daníelssonar og Fjólu Guðmundsdóttur. „Pabbi var kennari í Húsabakkaskóla. Þótt við værum í sveit áttum við bara ketti og páfagauka. Það var allur búskapurinn," segir Systa brosandi.

Eftir nám í MA og á listabraut Kennaraháskólans kveðst hún hafa haldið til Ítalíu í nám í leikmynda-og búningahönnun. „Ég ætlaði ekkert að stoppa lengi. En að námi loknu byrjaði ég að vinna sem aðstoðarmaður hjá stórum leikmyndahönnuðum. Það er mikill skóli og maður verður að vera hógvær og duglegur. En smátt og smátt fór fólk að biðja mig að taka að mér verkefni meðfram svo ég fór að vinna sjálfstætt. Það byrjaði mjög skarpt því ég fór strax að vinna með stórum nöfnum, Tony Kaye til dæmis sem gerði American History X, og ég fór að ferðast mikið, meðal annars til Suður-Ameríku, Suður-Afríku, til Asíu og út um allt. Það skiptir miklu máli að leikmyndahönnuður sé með frá byrjun og það sem gerir starfið skemmtilegt er að engin tvö verkefni eru eins, oft erum við að búa til heim sem aldrei hefur verið til, eða var til fyrir löngu síðan. Það liggur mikil undirbúningsvinna á bak við hvert verk og ferlið er oft langt." Hún kveðst vera orðin sérfræðingur í að breyta húsnæði á marga vegu og oft hafa látið smíða stórar leikmyndir í stúdíóum. „Þar eru smíðuð heilu húsin en stundum er ekki hægt að opna hurðirnar," lýsir hún.

Það voru viðbrigði fyrir Systu að koma heim vegna atvinnunnar. „Ég hafði ekki þurft að leita mér að vinnu í mörg, mörg ár fyrr en ég kom til Íslands en úti gat ég valið um verkefni," segir hún og kveðst hafa farið til Ítalíu til að vinna á mánaðarfresti fyrst eftir að hún flutti heim, enda með ákveðinn kúnnahóp þar, eins og Vodafone og IKEA. Þar kom að hún ákvað að fækka utanlandsferðum og reyna þess í stað að finna sér verkefni hér á landi. „Ég var svo heppin að kynnast kvikmyndafyrirtækinu Pegasusi, gerði til dæmis leikmyndina í Hrauninu, nýjum framhaldsþætti fyrir RÚV sem Pegasus framleiddi og fljótlega hefst vinna við skemmtilega sýningu í Hönnunarsafni Íslands."

### Engar pabbahelgar

Þægindin á Íslandi og þráin eftir Ítalíu togast á í huga Systu. „Ég er búin að vera hér í ár og stundum langar mig að komast í heimsborgaraskapið en þá er líka hægt að hoppa upp í flugvél og fara. Ég var 40 mínútur að keyra niður á strönd frá heimili mínu, klukkutíma upp í Alpana og það var tiltölulega stutt til Parísar en ég get ekki sagt að ég hafi alltaf verið að njóta lífsins á þessum stöðum. Mest flakkaði ég bara vinnunnar vegna og stundum fannst mér ég búa meira á hótelum og í flugvélum en heima hjá mér."

Systa segir frábært að vera með börn á Íslandi og Ísak sé á yndislegum leikskóla, Hagaborg. Hún kveðst ekki vera í neinu sambandi við barnsföður sinn, svo ekki er um neinar pabbahelgar að ræða. „En ég á góða fjölskyldu sem elskar Ísak og hjálpar mér mikið. Ég hef ferðast um heiminn, kynnst alls konar fólki, smakkað alls konar mat og notið ólíkrar menningar, ég hef átt velgengni að fagna í starfi og finnst allt í lagi að hægja á mér og setja son minn í fyrsta sæti. Og þótt ég búi á Íslandi og sé orðin mamma er ekki þar með sagt að ferillinn sé búinn!"

> **„Það er óneitanlega erfitt að flytja hingað úr stóru samfélagi eins og Mílanó sem er milljónaborg. Hér get ég til dæmis ekki farið á náttfötunum út í búð að kaupa í matinn eins og þar.**

## SÝNISHORN AF VERKEFNUM SYSTU Á ÍTALÍU



**TOSCANA** 1 Kynningarefni fyrir Toscanahérað; allt sem héraðið hefur upp á að bjóða var tekið fyrir á listrænan hátt.




**JÓLAAUGLÝSING VODAFONE** Margir risastórir hlutir smíðaðir, meðal annars hljóðfæri.

**SANPELLIGRINO** „Eitt af fyrstu verkum Systu sem leikmyndahönnuðar, hluti unninn í tölvuvinnslu en tekið upp í stúdíói.





**VIÐ STRÖNDINA** Góðar bókmenntir eru eitt af því sem Toscanahérað státar af.

# FÓTBOLTAFJÖR Í KRINGLUNNI MEÐ GUNNARI HELGASYNI



**BOLTI FYLGIR KEYPTRI BÓK!***




**Fótboltatombóla með glæsilegum vinningum og þrususpennandi boltasögur**

**Í tilefni af útkomu bókarinnar *Rangstæður í Reykjavík* verður ferlega skemmtilegt fótboltafjör á Blómatorginu í Kringlunni í dag kl. 15!**

*Meðan birgðir endast

Kringlan


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr og snjöll
35% afsláttur
2989 kr. kg
Verð áður 4598 kr. kg
Ungnauta entrecode
20% afsláttur
1998 kr. kg
Verð áður 2598 kr. kg
Ungnautasnitzel
1498 kr. kg
Ungnautahakk
KJÖTDAGAR
15% afsláttur
2898 kr. kg
Verð áður 3498 kr. kg
Lamba prime
1998 kr. kg
Lambalærissneiðar
2158 kr. kg
Lambakótilettur
NÚ ER TÍMINN TIL AÐ BAKA!
Mikið úrval af bökunarvörum
10 í pk.
629 kr. pk.
Brúnegg, vistvæn, 10 stk.
2 kg
Smjörlíki
Súkkulaði
allra
HVEITI
2 kíló
Sugar
199 kr. stk.
Allra smjörlíki, 500 g
199 kr. stk.
Allra suðusúkkulaði, 200 g
199 kr. pk.
Allra hveiti, 2 kg
253 kr. pk.
Grå Label sykur, 1 kg
293 kr. pk.
Flórsykur, 500 g
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is
Krónan Árbæ
Krónan Bíldshöfða
Krónan Breiðholti
Krónan Granda
Krónan Hvaleyrarbraut
Krónan Lindum
Krónan Mosfellsbæ
Krónan Reykjavíkurvegi
Krónan Vallakór
Krónan Akranesi
Krónan Reyðarfirði
Krónan Selfossi
Krónan Vestmannaeyjum

35% afsláttur



1489 kr. kg

Verð áður ~~2298~~ kr. kg

Grísalundir, erlendar

40% afsláttur



1298 kr. kg

Verð áður ~~2198~~ kr. kg

Grísakótilettur

FRÁBÆRT VERÐ!

50% afsláttur



849 kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg

Grísahnakki úrbeinaður

# Í KRÓNUNNI



698 kr. kg

Krónu blandaðir kjúklingabitar



799 kr. kg

Krónu kjúklingur, heill

42% afsláttur

GOTT VERÐ



1998 kr. stk.

Verð áður ~~3498~~ kr. kg

Peking önd frosin, 2,6 kg



Coca-Cola

Kaupauki

Dagatal fylgir með kaupum á kippu af 4x2L Coke*

998 kr. pk.

Með hverri kippu 4 x 2L

færð þú 1 stk.

Gildir um 4x2L Coke, Coke light eða Coke Zero á meðan birgðir endast.

Coca-Cola and the Contour bottle are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2013, The Coca-Cola company.

Nýtt dót á hverjum degi!



2998 kr. pk.

Kinder dagatal, 2 tegundir



3989 kr. pk.

Playmo dagatöl, 4 tegundir

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is



**ALLT UNDIR** Magnus Carlsen og Viswanathan Anand einbeittir við skákborðið við upphaf einvígisins í Chennai á Indlandi. Mynd AP

# Framtíð skáklistarinnar í húfi

Norska undrabarnið **Magnus Carlsen** berst um heimsmeistaratitilinn í skák við indverska snillinginn Viswanathan Anand. Þeir eru fulltrúar mismunandi kynslóða en vonir standa til þess að sigur Carslens gæti endurvakið áhuga almennings á skák.

**Símon Birgisson**
simon@frettabladid.is



Heimsmeistaraeinvígið í skák fer nú fram í borginni Chennai á Indlandi þar sem Viswanathan Anand, núverandi heimsmeistari, ver heimsmeistaratitil sinn gegn norska undrabarninu Magnusi Carlsen. Langt er síðan heimsmeistaraeinvígi hefur vakið jafn mikla athygli og tala margir um að framtíð skáklistarinnar sé jafnvel í húfi. Magnus Carlsen er um 20 árum yngri en Anand. Ef Norðmaðurinn ungi sigrar fær skákin svo sannarlega andlitslyftingu. Magnus Carlsen er ekki bara snillingur við skákborðið – hann er ofurstjarna, módel og hefur oft verið kallaður rokkstjarna skákheimsins.

Fyrstu fjórar skákirnar í einvíginu enduðu með jafntefli. Upphaf einvígisins minnir á þungavigtarbardaga í hnefaleikum þar sem menn nota fyrstu loturnar til að fá tilfinningu fyrir andstæðingnum. Sigurvegarinn í einvíginu fær 2,5 milljónir Bandaríkjadala í sinn hlut – rétt rúmar 300 milljónir íslenskra króna. En það eru ekki bara peningar í húfi. Þrátt fyrir að það hafi aldrei fleiri teflt á heimsvísu hafa vinsældir skáklistarinnar dalað. Það er orðið langt síðan almenningur vissi hver væri heimsmeistari í skák eða þekkti sterkustu skákmenn heims með nafni.

Skákin náði hæstu hæðum með einvígi Bobby Fischers og Boris Spassky á Íslandi árið 1972. Enda fékk einvígið viðurnefnið Einvígi aldarinnar og varð táknmynd kalda stríðsins, heimsveldanna tveggja sem litu á heiminn eins og skákborð í flóknu stríði. Skákin komst aftur í sviðsljósið þegar Garry Kasparov, þá ungur maður á þrítugsaldri, skoraði sovéska heimsmeistarann Anatoly Karpov á hólm. Einvígi þeirra var langt og snúið. Kasparov, sem var gyðingur og fæddur í Armeníu, var ekki með sovésku skákelítuna með sér í liði en hæfileikar hans voru slíkir að hann vann engu að síður og varð yngsti heimsmeistari sögunnar árið 1985.

Síðar átti Kasparov eftir að vekja heimsathygli þegar hann tefldi gegn ofurtölvunni Deep Blue árið 1997 og tapaði. Líklega var það síðasta skákeinvígið sem náði heimsathygli enda töluðu margir um viðureignina sem uppgjör mannsins gegn tölvunum. Kasparov settist í helgan stein árið 2005. Síðan þá hafa átök innan alþjóðaskáksambandsins og sterkustu skákmanna heims gert það að verkum að erfitt hefur reynst að krýna óumdeildan heimsmeistara. Almenningur hefur misst áhugann á keppnisskák. Síðustu heimsmeistaraeinvígi hafa verið háð fyrir tómum áhorfendasölum í borgum sem fáir þekkja.

Einvígið milli Anands og Magnusar Carlsen er upplagt tækifæri fyrir skákina að ná aftur fyrri vinsældum. En þá þarf Magnus Carlsen helst að vinna og verða hið nýja andlit skákarinnar. Öll spjót beinast í raun að Anand sem hefur í gegnum árin sýnt gríðarlegan styrk í einvígum um heimsmeistaratitilinn en ekki náð jafn góðum árangri á venjulegum mótum. Spurningin er hvort aldurinn, reynslan og undirbúningur nái að sigra snillinginn Magnus Carlsen sem er þekktur fyrir að vilja finna lausn á flóknum stöðum yfir borðinu, gefur minna fyrir undirbúning og kann því vel að sigla á óþekkt mið.

Það er kannski dæmi um pressuna á Anand að þegar hann var spurður hvernig hægt væri að vekja aftur áhuga almennings á skák og fá stórfyrirtæki til að veita meiri peningum í íþróttina var svarið einfalt: Magnus Carlsen.

**Áhuginn er svo mikill að sums staðar liggur vinna í fyrirtækjum niðri. Menn liggja bara á netinu og fylgjast með leikjunum í beinni.**

## → Fulltrúar ólíkra kynslóða

Magnus Carlsen er fæddur 30. nóvember 1990 og verður því 23 ára gamall síðar í mánuðinum. Hann er í fyrsta sæti á styrkleikalista FIDE yfir sterkustu skákmenn heims – hærri á listanum en heimsmeistarinn Anand, sem hann teflir nú við í Chennai á Indlandi. Magnus Carlsen var aðeins 13 ára gamall þegar hann náði stórmeistaratitlinum. Fyrir utan að vera einn besti skákmaður í heimi er Magnus Carlsen sannkölluð ofurstjarna í Noregi. Hann þykir frambærilegt módel og hefur verið andlit vörumerkisins G-Star Raw og ekki er óalgengt að hann sé umvafinn stúlknaskara sem öskrar af fögnuði þegar hann birtist.

Viswanathan Anand fæddist 11. desember 1969. Hann hefur fimm sinnum unnið heimsmeistaratitilinn í skák og hefur verið óumdeildur heimsmeistari frá árinu 2007. Hann er einnig þekktur fyrir hæfileika sína í hraðskák þar sem fáir standast honum snúning. Anand varð fyrsti indverski stórmeistarinn árið 1988. Hann hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga á Indlandi þar sem hann er afar þekktur. Anand er lýst sem afar fjölhæfum skákmanni. Sigur gegn Magnusi Carlsen myndi innsigla stöðu hans sem eins af risunum í skáksögunni.



**GRÍÐARLEGAR VINSÆLDIR** Þessar stelpur sendu Verdens Gang mynd til stuðnings Magnusi Carlsen. Myndin hefur vakið mikla athygli í Noregi eins og einvígið allt.

## Sigur snjallsímanna



„Einvígið vekur gríðarlega athygli hér í Noregi,“ segir Gísli Kristjánsson, fréttaritari í Ósló. Hann segir það hafa komið fjölmiðlum þar í landi talsvert á óvart. „Sérstaklega hafa netmiðlarnir grætt á þessum mikla áhuga. Verdens Gang er með beina útsendingu á netvarpi sínu og áhorfið hefur farið fram úr öllum vonum. Áhuginn er svo mikill að sums staðar liggur vinna í fyrirtækjum niðri. Menn liggja bara á netinu og fylgjast með leikjunum í beinni.“

Gísli segist ekki hafa séð fjölgun á skákborðum á kaffihúsum og götum úti. „Nei, stóra sagan í þessu er snjallsímabyltingin. Nú sér maður svart á hvítu hvað snjallsímarnir og spjaldtölvurnar eru að breyta hefðbundinni fjölmiðlun. Það er sama hvert maður lítur, það eru allir með einvígið og leikina í beinni í snjallsímunum. Í gamla daga sá fólk þetta í sjónvarpinu en nú eru það litlu tölvurnar sem allir fylgjast með. Þetta er sigur snjallsímanna í fjölmiðlastríðinu.“

Hann segir Norðmenn hæfilega bjartsýna á sigur. „Fyrstu fjórar skákirnar enduðu með jafntefli svo mótstaðan er sterkari en menn héldu. En þetta heldur fólki við efnið. Hver skák tekur óskaplegan tíma en hér í landi er fólk vant að horfa á íþróttir eins og 50 kílómetra skíðagöngu þar sem klukkutími getur liðið milli þess sem menn sjást í mynd. Svo skákin er bara nokkuð æsileg hér í Noregi um þessar mundir.“

# Gæði á Dorma-verði!

## MIAMI svefn-tungusófi



Fullt verð krónur 169.900
Stærð: 240x90 Tunga: 225 Hæð: 90 cm.
Grátt slitsterkt áklæði. Rúmfatageymsla í tungunni.

JÓLATILBOÐ **149.900** FULLTVERÐ KR. 169.900

HEILSURÚM **FRÁBÆRT VERÐ**

## Nature's Rest heilsurúm



Aðeins kr. **7.056** í 12 mánuði*
STÆRÐ 120X200
Dýna, botn og lappir

Nature's Bedding

AÐEINS **79.900** 120x200

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir
- 320 gormar pr fm$^2$

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

## Nature's Comfort heilsurúm



Aðeins kr. **13.094** í 12 mánuði*
STÆRÐ 160X200
Dýna, botn og lappir

Nature's Bedding

AÐEINS **149.900** 160x200

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Steyptar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

## Jazz hægindastóll



Jazz - hægindastóll með skemli. Fæst í koníaksbrúnu, svörtu, dökk brúnu og kremuðu leðri.

AÐEINS **95.900** DORMAVERÐ

## Silo svefnsófi með tungu



Stærð: 228 x 162 cm. H. 83 cm. Dökkgrátt áklæði
Tunga getur verið beggja vegna. Rúmfatageymsla.

SVEFNSÓFI **FRÁBÆRT VERÐ**

JÓLATILBOÐ **119.900** FULLTVERÐ KR. 139.900

DORMA
– býður góða nótt

**Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800 • OPIÐ: Virka daga kl. 10.00–18.00 og laugardaga kl. 11.00–16.00**
Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100

# Nauðsynlegt að sameina háskóla

**Illugi Gunnarsson**, mennta- og menningarmálaráðherra, boðar uppstokkun í menntakerfinu. Hann segir óhjákvæmilegt að sameina háskóla og vill stytta nám til stúdentsprófs. Þá vill hann endurskilgreina hlutverk RÚV á fjölmiðlamarkaði.



**Höskuldur Kári Schram**
hoskuldur.schram@365.is

Tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar voru kynntar í vikunni. Hópurinn leggur meðal annars til að háskólum verði fækkað með sameiningu eða samstarf milli háskóla verði aukið til að nýta megi fjármuni betur. Illugi segir að þetta séu skynsamlegar tillögu og segir nauðsynlegt að sameina háskóla með einhverjum hætti. „Ég held að það sé alveg augljóst þegar við horfum á háskólasviðið okkar að það er heldur mikið í lagt fyrir rétt rúmlega 300 þúsund manna þjóð að vera með sjö háskóla. Ég hef ekki viljað segja á þessari stundu hvaða háskólar það eru sem ég tel rétt að sameinist eða breyti rekstrarformi sínu en það er augljóst að þessi staða er uppi,“ segir Illugi. Vinna við þetta er þegar hafin innan ráðuneytisins en ekki liggur fyrir hvenær henni lýkur. „Ég sé ekki fram á að fjárframlög til háskólastarfs muni aukast mikið á næstunni. Þá verðum við að horfa á hina hliðina, þ.e. hvernig getum við nýtt fjármunina betur til þess að auka gæðin. Þetta á bæði við um kennsluna en ekki síður rannsóknir. Ef við getum búið til meiri gæði fyrir sömu fjármuni þá eigum við að gera það. Hagræðingarhópurinn er ekki að leggja til að við förum að draga fjármuni út úr háskólakerfinu. Ég held að allir hljóti að vera sammála því að við þurfum að auka. En þá er það spurningin hvað við getum aukið. Ef við getum náð fram betri gæðum með samruna, sameiningu eða aukinni samvinnu þá þurfum við að gera það. Svo þurfum við markvisst á næstu árum og sennilega áratugum að auka fjárframlög til háskólastigsins. Allir hljóta að sjá að við getum ekki haft það þannig að við séum eftirbátar þeirra þjóða sem við viljum bera okkur saman við.“

### Aukning til rannsóknarsjóða

Ákvörðun Illuga um að falla að hluta frá fyrirhugaðri hækkun á fjárframlögum til rannsóknarsjóða hefur mætt mikilli gagnrýni. Illugi segir að hækkunin hafi byggst á fjárfestingaáætlun síðustu ríkisstjórnar og að sú áætlun hafi ekki verið að fullu fjármögnuð. „Hún var grundvölluð á því að menn voru að gefa sér ákveðnar forsendur varðandi stöðuna í ríkisfjármálum. Bæði hvað varðar tekjur og útgjöld. Þær hafa ekki gengið eftir. Í fyrstu var talið að ríkissjóður ætti að vera í jafnvægi en í stað þess stefnir í 30 milljarða króna halla. Þar þarf að grípa til einhverra aðgerða. Við erum þess vegna að skera niður. Hins vegar er einungis hluti af þessari hækkun til rannsóknarsjóða tekinn til baka. Stór hluti hennar stendur eftir. Þannig að ef menn bera þetta saman við árin 2012, 2011 og 2010 þá er um verulega aukningu að ræða.“

### Úrelt framhaldsskólakerfi

Ársæll Guðmundsson, formaður Skólameistarafélags Íslands, sagði í samtali við Fréttablaðið á fimmtudag að framhaldsskólakerfið hér á landi væri úrelt. Kerfið sé ósveigjanlegt og að hluti vandans sé kjarasamningar kennara. Illugi tekur undir orð Ársæls og segir nauðsynlegt að endurskoða kerfið. „Við þurfum auðvitað að skoða kerfið og það er eitthvað sem aðrar þjóðir hafa líka verið að gera. Menn eru að reyna að auka sveigjanleika. Hluti af því eru kjarasamningar og hvernig þeir eru uppbyggðir. Það hefur án vafa áhrif þar á en ég er ekki að segja að það ráði öllu. Ég held að allir sem hafa skoðað þessi mál viti að kjarasamningar og uppbygging þeirra er ekki beint til þess fallin að auðvelda eða liðka fyrir. En þetta á allt sínar sögulegu ástæður og að sjálfsögðu verða menn að horfast í augu við það en það er líka nauðsynlegt að horfa til framtíðar og spyrja sig hvernig við viljum byggja upp framhaldsskólakerfið.“

### Nauðsynlegt að stytta nám

Illugi hefur verið talsmaður þess að stytta nám til stúdentsprófs og telur enn fremur rétt að sameina framhaldsskóla. „Það kann að vera nauðsynlegt að sameina skóla undir eina stjórn til að tryggja að nemendur hafi aðgang að nægilegu námsframboði. Það er erfitt fyrir minni skólastofnanir að bjóða upp á jafn fjölbreytt nám og stóru skólarnir geta gert. Spurningin er hvort að það sé hægt með samvinnu eða sameiningu. Aðalatriðið er að tryggja aukin gæði í framhaldsskólastarfinu og auka valmöguleika fyrir nemendur. Vitanlega þarf líka að huga að hagræðingunni. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því,“ segir Illugi. Hann segist ætla að beita sér sérstaklega fyrir því að stytta nám til stúdentsprófs. „Ég held að það sé skynsamlegast að nálgast þetta út frá sjónarhorni nemendanna. Nemendurnir eiga sinn tíma, hver og einn einstaklingur á sinn tíma. Ríkið á ekki tímann. Skylda hins opinbera er að bjóða upp á kerfi sem gerir nemendum kleift að nýta sinn tíma sem best. Ísland er eina landið í OECD þar sem það tekur 14 ár að undirbúa sig undir háskólanám. Öll önnur lönd eru með 12 til 13 ár. Með öðrum orðum, hin löndin bjóða nemendum upp á kerfi þar sem þeir geta nýtt tíma sinn betur. Er það eitthvað sérstakt á Íslandi sem er ólíkt öllum öðrum löndum og gerir það að verkum að við þurfum 14 ár en allir aðrir 12 eða 13? Á meðan menn koma ekki með útskýringu á því af hverju það þurfi að vera 14 ár þá tel ég einsýnt að stytta námið,“ segir Illugi.

### Hlynntur sameiningu stofnana

Í tillögum hagræðingarhópsins er lagt til að yfirstjórnir opinberra safna og menningarstofnana verði sameinaðar til að auka hagræðingu. Þannig er lagt til að yfirstjórnir Þjóðleikhússins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Íslenska dansflokksins og Íslensku óperunnar verði sameinaðar. Einnig yfirstjórnir Náttúruminjasafns Íslands, Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Einars Jónssonar og Listasafns Íslands. Illugi segir að óperan sé ekki ríkisstofnun og því hafi hann ekki vald yfir henni. Að öðru leyti segist hann vera opinn fyrir þessum tillögum. „Eitt af því sem við erum komin af stað með er að sameina Námsgagnastofnun og Námsmatsstofnun. Tilgangurinn er ekki bara að spara peninga heldur líka auka gæðin.“

### Uppsagnir ekki útilokaðar

Illugi útilokar ekki að fækkun yfirstjórna og sameining skóla muni kalla á uppsagnir. „Nú er það þannig með opinbera starfsmenn rétt eins og alla aðra starfsmenn að menn geta ekki gengið að því vísu að halda sínu starfi. Það geta komið aðgerðir sem gera það að verkum að starfsmönnum fækkar. Það á við um hinn almenna vinnumarkað og einnig ríkisstarfsmenn. Tilgangurinn er hins vegar ekki að fækka opinberum starfsmönnum. Tilgangurinn er að nýta sem best skattpeningana,“ segir Illugi.



**→ ILLUGI GUNNARSSON**

**MENNTUN** Stúdentspróf MR **1987**. BS-próf í hagfræði HÍ **1995**. MBA-próf frá London Business School **2000**.

**HELSTU STÖRF** Fiskvinna á sumrin hjá Hjálmi hf. Flateyri **1983-1993**. Leiðbeinandi við Grunnskóla Flateyrar **1987-1988**. Organisti Flateyrarkirkju **1995-1996**. Skrifstofumaður hjá Vestfirskum skelfiski á Flateyri **1995-1997**. Stundaði rannsóknir í fiskihagfræði við HÍ **1997-1998**. Aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar forsætisráðherra **2000-2005**.

**STJÓRNMÁLAÞÁTTTAKA** Í stjórn Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta við Háskóla Íslands, **1989-1990**, oddviti **1993-1994**. Í Stúdentaráði Háskóla Íslands **1993-1995**. Fulltrúi stúdenta í háskólaráði **1993-1995**. Formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna, **1997-1998**. Þingmaður síðan **2007**. Formaður þingflokks sjálfstæðismanna **2009-2010** og **2012-2013**. Mennta- og menningarmálaráðherra síðan **2013**.

**MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐHERRA** „Ég hef alltaf litið svo á og hef lýst yfir þeirri skoðun að hlutverk RÚV eigi að snúa að því að tryggja að boðið sé upp á efni sem einkastöðvarnar eiga erfitt með að gera,“ segir Illugi Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Vill endurskilgreina hlutverk RÚV

Innan menntamálaráðuneytisins er nú hafin vinna í tengslum við endurnýjun á þjónustusamningi ríkisins við RÚV. Illugi vill endurskoða hlutverk RÚV. „Ég hef alltaf litið svo á og hef lýst yfir þeirri skoðun að hlutverk RÚV eigi að snúa að því að tryggja að boðið sé upp á efni sem einkastöðvarnar eiga erfitt með að gera. Ekki endilega að sé til markaður fyrir slíkt efni. Þetta hefur einkum að gera með sögu þjóðarinnar, menningu hennar og listir, og jafnvel stjórnmálaumræðu. Einkaaðilar eru líka að sinna þessu en við gerum þá kröfu að RÚV sinni þar auknu hlutverki.“ Illugi segir að tæknibreytingar, t.d. varðandi miðlun efnis, muni umbylta fjölmiðlamarkaðinum á næstu árum. Þetta þurfi einnig að hafa í huga þegar endurskoða á hlutverk RÚV. „Ef menn ætla að halda áfram að hafa ríkisútvarp þarf það að hafa sérstaka skírskotun og sérstakan tilgang. Ég held að hann snúi að íslenskri menningu og þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það eigi að vera ríkisútvarp. En ég er ekki talsmaður þess að það sé til ríkisútvarp sem sé alveg eins og aðrir fjölmiðlar sem starfa á einkamarkaði,“ segir Illugi.

### Leysir engan vanda að loka Þjóðleikhúsinu

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum og flokksbróðir Illuga, kallaði nýlega eftir breyttri forgangsröðun í ríkisfjármálum til að tryggja grunnþjónustu. Gagnrýndi hann sérstaklega að peningum væri varið í rekstur Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands á sama tíma og verið væri að skera niður í heilbrigðismálum. Illugi er ósammála Elliða hvað þetta varðar. „Ég skil stöðu hans sem bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. Hann er að auðvitað að reyna að verja að það sé ákveðin þjónusta til staðar í Vestmannaeyjum. Okkur vantar meira fé inn í heilbrigðiskerfið en lausnin á því er ekki að loka Þjóðleikhúsinu. Okkur vantar líka meira fjármagn inn í menntakerfið og ég er alveg klár á því að öryrkjar og aldraðir telja að það vanti meira fjármagn inn í þeirra málaflokk. Að mínu mati er umræðan á villigötum. Ætla menn að loka Þjóðleikhúsinu af því að það vantar fjármagn hér og þar? Hvað ætla menn að gera þegar búið er að loka Þjóðleikhúsinu og áfram vantar? Síðað samfélag þarf á svona starfsemi að halda og þetta bætir samfélagið,“ segir Illugi.

**visir.is**
Viðtalið við Illuga er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á www.visir.is.**

# JÓLAGJÖFIN HANS

LAUGARDAGUR **16. NÓVEMBER 2013**

**Kynningarblað** Fatnaður, hugmyndalistar og góð ráð.



# Þegar velja á gjöf handa honum

Hina fullkomnu gjöf getur reynst þrautin þyngri að finna. Eftirfarandi leiðbeiningar er gott að hafa bak við eyrað.

**1** Nálgastu verkefnið á nýjan hátt. Hættu að leita að „gjöf“ handa honum og leitaðu heldur að „honum“ í gjöfinni. Þó það hljómi kannski undarlega er þetta rökrétt nálgun. Bestu gjafirnar sem maður fær eru þær sem segja eitthvað um mann sjálfan, er það ekki?

**2** Hafðu í huga hvers konar tilfinningar gjöfin vekur. Það er mikilvægt. Þegar einhver gefur þér gjöf sem vel hefur verið valin, finnurðu strax hvað viðkomandi finnst um þig. Þú veist að hann var að hugsa um þig og hvaða mann þú hefur að geyma þegar hann valdi gjöfina. Slíkar gjafir veita bæði gefandanum og viðtakandanum gleði.

**3** Settu þig því í stellingar og hugsaðu um hvað þú veist um viðtakandann. Hversu vel þekkirðu manninn þinn?

Spurðu þig til dæmis þessara spurninga:

-hvaða áhugamál hefur hann?

-hvaða markmið hefur hann sett sér í lífinu?

-hvað gerir hann eiginlega í frítíma sínum?

Veldu svo eitthvað sem tengist einhverju atriðanna beint eða óbeint. Ef hann hefur áhuga á sporti eins og köfun gæti verið of dýrt að kaupa tilheyrandi búnað og græjur, en áhugaverð bók um viðkomandi sport gæti verið sniðug lausn.


Finndu hina fullkomnu gjöf með því að leita að „honum“ í gjöfinni.

**5** Ef þú ert alveg lens er einfaldast að spyrja hann hreint út hvað hann langar í.

**6** Ef þér finnst það hins vegar eyðileggja algjörlega spennuna gætirðu beðið hann að nefna til dæmis fimm atriði og velja síðan eitt. Þá veit hann að minnsta kosti ekki hvert þeirra verður undir trénu.

www.wikihow.com


Hafðu í huga hvers konar tilfinningar gjöfin vekur.



Hversu vel þekkirðu manninn þinn? Hvaða áhugamál hefur hann og hvað gerir hann í frítíma sínum?





Þó það geti verið snúið að velja buxur og peysur á bóndann er lítið mál að finna húfu, trefil, hanska, náttföt, sokka eða skó án þess að hann sé með í för.


Sokkarnir frá Happy Socks eru sérlega skrautlegir

## *Ekki láta bóndann fara í jólaköttinn*

Bóndinn má ekki fara í jólaköttinn frekar en aðrir meðlimir fjölskyldunnar og er alger fásinna að halda því fram að karlmenn vilji ekki mjúka pakka. Vissulega getur verið snúið að velja peysu, skyrtu eða buxur sem passa og hugsanlega betra að láta makann um það. Húfu, trefil, hanska, náttföt, nærföt, sokka og skó er þó vel hægt að velja án þess að hann sé með í för.

Síðastliðin ár hafa æ fleiri karlmenn tekið upp á því að klæðast skræpóttum sokkum og eru jafnvel dæmi um að menn flauti til keppni um skrautlegasta parið. Þá er nokkuð um að þeir lyfti upp skálmunum á mannamótum og hefji meting. Eftir því sem næst verður komist þykir það tákn um karlmennsku að þora að skarta litríkum sokkum. Skrautlegt sokkapar ætti því víðast hvar að hitta í mark.


Góðir íþróttaskór gagnast flestum.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ


## NÝTNIVIKA

**Nýtnivikan verður haldin hér á landi vikuna 16. til 24. nóvember. Markmið vikunnar er að draga úr myndun úrgangs og hvetja fólk til að nýta hluti betur. Nánar á reykjavik.is**


NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Reyndir kennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Landsins mesta úrval af sófum og sófasettum






Sófinn þinn útfærður eftir þínum óskum
Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16
Patti HÚSGÖGN
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

1 ár
Við höldum upp á eins árs afmæli
Af því tilefni veitum við 20% afslátt af öllum fatnaði í dag.
Hlökkum til að sjá ykkur.
Nýtt Kortatímabil
Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.
black pepper FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook


# ER TEPPIÐ HREINT Í SAMEIGNINNI?

**HÚSFÉLAGAÞJÓNUSTAN KYNNIR** *Nú er rétti tíminn til að panta teppahreinsun fyrir jólin. Húsfélagaþjónustan er leiðandi í þjónustu fyrir húsfélög.*

Húsfélagaþjónustan býður upp á margþætta þjónustu fyrir húsfélög en einn þátturinn er teppahreinsun. „Fyrirtækið á eina öflugustu teppahreinsivél landsins, svokallaða „Truck mount“. Vélin er í bílnum en vatns- og sogbarkinn ásamt hreinsiáhaldinu eru leidd inn í húsið þegar teppið er þrifið,“ útskýrir Þórir Gunnarsson, eigandi Húsfélagaþjónustunnar, og segir vélina byltingu í teppahreinsun. „Fyrir utan hvað hún þrífur vel þá sýgur hún 90% af vatninu upp eftir hreinsun og það er í lagi að ganga á teppinu á meðan þrifin eiga sér stað og strax á eftir,“ segir Þórir. Hann bætir við að sett sé óhreinindavörn á teppið eftir hreinsun sé þess óskað. „Hún varnar því að óhreinindi festist eins auðveldlega í teppinu og því þarf sjaldnar að þrífa það auk þess sem endingin eykst. Efnið er það sama og fylgir teppinu frá framleiðanda en það eyðist smám saman úr þráðunum.“

Húsfélagaþjónustan hefur í ellefu ár verið leiðandi í þjónustu við húsfélög. „Sautján manns starfa hjá fyrirtækinu og enn fleiri á sumrin við gluggaþvott sem er stór þáttur í starfsemi okkar en við rekum eina af stærstu gluggaþvottadeildum landsins,“ segir Þórir. Megináhersla fyrirtækisins hefur þó verið reglubundin ræsting í sameignum fjölbýlishúsa og fyrirtækja. „Þessi þjónusta mælist afar vel fyrir. Við þjónustum vel á þriðja hundrað sameignir í dag, allt frá fjögurra íbúða húsum til blokkarkjarna með tugi íbúða,“ lýsir Þórir en einnig býður fyrirtækið upp á fasteignaumsjón. Þá er haft meira eftirlit með húsunum. „Hjá okkur starfar smiður sem er ígildi húsvarðar. Hann sér um smáviðhald fyrir viðskiptavini. Þá sjáum við einnig um að skipta um ljósaperur og halda umhverfi húsanna hreinu utandyra.“



**TEPPIÐ ÞRIFIÐ** Húsfélagaþjónustan hefur yfir afar öflugri teppahreinsivél að ráða.

Þórir segir að það sem viðskiptavinir sínir kunni best að meta við Húsfélagaþjónustuna sé eftirfylgni, vönduð vinnubrögð og samviskusemi. „Við stöndum við það verklag sem um er samið,“ segir hann og bendir jafnframt á að fólki þyki þægilegt að skipta við fyrirtæki sem bjóði víðtæka þjónustu. „Þannig þarf það ekki að leita víðar.“

Hægt er að fá tilboð hjá Húsfélagaþjónustunni að kostnaðarlausu með því að hringja í síma 555-6855 eða senda tölvupóst husfelag@husfelag.is

### GÆÐAVÉL

„Fyrir utan hvað hún þrífur vel þá sýgur hún 90% af vatninu upp eftir hreinsun og það er í lagi að ganga á teppinu á meðan þrifin eiga sér stað og strax á eftir.“



**EIGANDINN** Þórir Gunnarsson er eigandi Húsfélagaþjónustunnar.


Meirapróf











ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Næsta meirapróf byrjar 20. nóvember 2013

VÉLSLEÐASÝNING
16. NÓVEMBER 2013 KL. 12-16





Í tilefni af árshátíð LÍV Reykjavík verður opið hús hjá Yamaha laugardaginn 16. nóvember þar sem sýndar verða 2014 árgerðir af Yamaha vélsleðum.
Komdu í heimsókn á Kletthálsinn!
FARÐU LENGRA!
YAMAHA
www.yamaha.is
ARCTIC TRUCKS
Arctic Trucks | Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is

# JÓLAGJÖF SEM LIFIR AÐ EILÍFU

**LJÓSMYNDASTOFA ERLINGS KYNNIR** *Fallegar ljósmyndir eru skemmtileg hugmynd að jólagjöf sem lifir lengi.*



Ljósmyndastofa Erlings er á Eiðistorgi og hefur starfað frá árinu 2000. Á stofunni starfa Erling Ó. Aðalsteinsson og Silla Páls. Ljósmyndastofan sinnir öllum almennum myndatökum, til dæmis barna- og stúdentamyndatökum og einnig fermingar- og brúðkaupsmyndatökum. Passamyndatökur hafa einnig verið vinsælar undanfarin ár auk ýmissa fjölbreyttra viðburðamyndataka. Fyrir jólin er boðið upp á svokallaða jólakortamyndatöku en það er hálftíma myndataka þar sem ein mynd er valin á tuttugu jólakort á aðeins 18.000 krónur. Að koma í myndatöku á að vera gaman því minningin um myndatökuna lifir með myndinni. Við mælum með að börnin hafi sér uppáhaldsleikfangið sitt með í myndatökuna.

Það er vinsælt að stórfjölskyldan komi í myndatöku. Þá koma afi og amma með börn og barnabörn og allir myndaðir, bæði allur hópurinn, afi og amma með barnabörnunum, og sínum börnum, síðan hver fjölskylda fyrir sig. Þá er líka algengt að systkini koma í myndatöku og koma foreldrum sínum á óvart með fallegri systkinamynd í jólagjöf. Slíkar myndir eru ómetanlegar minningar og skemmtilegar gjöf sem lifir að eilífu.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni okkar erling.is, faceboook síðu okkar og í síma 552-0624.







# EKKERT MÁL AÐ GERA JÓLAKORTIN

**LJÓSMYNDAVÖRUR KYNNA** *Lítið mál er að útbúa jólakortin með hjálp ljósmyndavorur.is. Þar má einnig panta stækkanir, búa til dagatöl og ljósmyndabækur, láta prenta á bolla, boli og brúsa.*

Ljósmyndavörur ehf., eitt elsta ljósmyndafyrirtæki landsins (stofnað 1974), hafa stórbætt öflugasta framköllunarvef landsins (framkollun.ljosmyndavorur.is) núna í haust. Á vefnum er hægt að panta ljósmyndir, líka Instagram (10x10cm – á frábæru verði), stækkanir, striga, jólakort, bolla, boli, brúsa, dagatöl, músamottur, iPhone-hulstur, harðar ljósmyndabækur og margt fleira. Breytingarnar voru gerðar til að mæta óskum viðskiptavina. Núna eru allar pantanir greiddar strax í gegnum örugga greiðslusíðu Valitors, þannig að allar pantanir sem koma í gegnum vefinn fara strax í framleiðslu. Það þýðir að við getum afgreitt miklu hraðar en áður – en við vorum býsna snögg áður! Við getum sent hraðar frá okkur pantanir og mun styttri biðtími verður eftir afgreiðslu í verslun okkar fyrir þá sem vilja sækja sjálfir.

Að búa til ljósmyndir, jólakort, dagatöl, striga og svo framvegis er leikur einn á vefnum. Ef þú ert með myndir í tölvunni þarftu bara að fara inn á framkollun.ljosmyndavorur.is. Svo velur þú það sem þú vilt gera, t.d. jólakort. Þá velur þú útlit með því að smella á það kort sem þér lýst best á, smellir svo á „Smelltu hér til að velja mynd“ og þá færðu valmöguleika til að finna myndina sem þú vilt (af tölvunni þinni eða Facebook), smellir á hana, velur fjölda og heldur svo áfram að panta eða klárar pöntunina. Þú velur hvort þú vilt sækja eða fá sent með pósti, greiðir og pöntunin þín fer í framleiðslu. Þú færð um hæl tölvupóst með upplýsingum um pöntunina þína og afgreiðslutíma. Veljir þú að sækja pöntunina færðu SMS þegar hún er tilbúin. Þess má geta að umslög fylgja jólakortunum.




Mikið hefur verið óskað eftir Facebookstuðningi og höfum við brugðist við því. Núna er ekkert mál að fá ljósmyndir gerðar úr Facebook-myndunum þínum. Eina sem þarf að gera er að fara inn á framkollun.ljosmyndavorur.is, velja Framköllun, velja félagsmiðlar, smella á Facebook, skrá sig inn á Facebook-síðuna sína og velja myndirnar. Þá er hægt að gera ljósmyndir, stækkanir, bolla, boli, brúsa, músamottur o.fl. úr myndunum. Til að tryggja næga afkastagetu bættum við við okkur annarri Fujifilm Frontier-framköllunarvél sem er sú hraðvirkasta á landinu.

Við bjóðum líka upp á mjúkar ljósmyndabækur, sérstakt pöntunarforrit er á ljosmyndavorur.is fyrir þær. Svo erum við með mikið og sívaxandi úrval af ljósmyndarömmum.

**ÖFLUGUR FRAMKÖLLUNARVEFUR** framkollun.ljosmyndavorur.is er sniðugur vefur.

# JÓLASTJARNA SKÍN

**HÖNNUN** *Inga Sól Ingibjargardóttir leggur áherslu á endurvinnslu í sinni hönnun. Nýverið hannaði hún rauða og jólalega ljósaseríu úr mjólkufernum.*

Inga Sól er menntaður húsgagnahönnuður en hefur undanfarið einblínt á minni nytjahluti fyrir heimilið. „Það sem hefur verið gegnumgangandi þráður hjá mér er endurvinnsla. Ég hef mjög gaman af því að skoða efni og athuga hvernig ég get notað þau á nýjan hátt,“ segir Inga Sól, sem sýnir verk sín á Handverki og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina.

Sem dæmi um endurunna hönnun Ingu Sólar má benda á hálsmen sem hún býr til úr gömlum rennilásum, diskamottur sem ofnar eru úr dagblöðum í vefstól og hitaplatta sem hún býr til úr gömlu parketi. „Þá hef ég notað mjólkurfernur í ljósaseríurnar mínar. Þá tek ég mjólkurfernur, eyði úr þeim öllu límí og vaxi og bý til nýjan pappír sem ég fæ þá annað hvort hvítan eða brúnan,“ segir Inga Sól en úr þessum pappír mótar hún blóm sem hún festir við ljósaseríu. „Núna fyrir jólin litaði ég pappírinn rauðan,“ segir Inga Sól, sem hafði jólastjörnuna í huga við hönnunina. „Bæði blómið en einnig Betlehemsstjörnuna og stjörnurnar sem við hengjum út í glugga um jólin,“ segir hún. Inga Sól hefur lituðu seríuna ekki til sölu á Handverki og hönnun en þeir sem hafa áhuga geta pantað hana hjá henni.

■ solveig@365.is



**INGA SÓL** Nánari upplýsingar um hönnun Ingu Sólar er að finna á ingasoldesign.com og á facebook undir IngaSól design. MYND/GVA

# SNILLINGUR Í JÓLAKORTAFÖNDRI

**FÖNDRARI** *Sif Úlfarsdóttir er útstillingahönnuður í Stokkhólmi. Hún er afar listræn en því hafa vinir hennar og ættingjar fengið að kynnast þegar þeir fá jólakort ár hvert.*

Sif hefur búið til eigin jólakort frá árinu 1984 og breytir um þema hver jól. „Ég er föndrari af lífi og sál og handavinnukona,“ sagði Sif þegar við slógum á þráðinn til hennar. „Þegar ég byrjaði að föndra jólakort bjó ég á Mallorca. Ég var fararstjóri yfir sumartímann en oft var lítið að gera eftir að ferðatímabilinu lauk. Ég var barnlaus á þessum tíma en bauð oft vinkonum mínum sem áttu börn að koma og jólaföndra með mér. Það var góð afsökun til að föndra með trölladeig,“ útskýrir Sif sem bjó á Mallorca í ellefu ár.

„Ég hef alltaf haldið í þennan sið og kortin hafa þróast með tímanum. Ég bý núna í Stokkhólmi og starfa sem útstillingahönnuður. Haustin eru annatími hjá mér, sérstaklega fyrir jólin þegar setja þarf upp jólaskreytingar. Tíminn til að gera kortin er því ekki eins mikill og áður var. Ég ætla alltaf að gera kortin einföld en það tekst aldrei. Það fer töluverður tími í að hanna og föndra jólakort,“ segir Sif sem býr til sextíu kort fyrir hver jól.

**HANDGERÐ KVEÐJA**

„Ég hef kynnst fólki víða um heim og hef gaman af að senda handgerð kort fyrir jólin. Ég nota sama þema á öll kortin en þau eru samt ólík þótt notaður sé sami pappír. Sumir safna kortunum. Ein vinkona mín stillir þeim öllum upp ofan á eldhúsinnréttingunni fyrir jólin. Sjálf safna ég pappír og tek eftir honum hvar sem ég er á ferðinni. Ég heimsæki allar föndurbúðir sem ég sé og sanka að mér öllu því sem ég get notað í föndur.“

Eftir ellefu ár á Spáni flutti Sif til Íslands og bjó hér í tvö ár áður en hún flutti með eiginmanni sínum, Leó Jóhannssyni innanhússarkitekt, húsgagnahönnuði og kennara, til Svíþjóðar. Hún hefur starfað sem útstillingahönnuður í þrettán ár. Hjónin vinna því bæði með hönnun, form og liti. Það gerir einnig dóttir Leós, Kolbrún, sem er hönnuður og innanhússarkitekt í New York. Dóttir Sifjar og Leós, Sunna Björk, er 15 ára.

**TÍMAFREKT FÖNDUR**

Vegna anna hefur Sif ekki enn komist í jólakortagerðina. „Það er mjög slæmt því það tekur mig heilan mánuð að föndra þau,“ segir hún. „Ég er að falla á tíma,“ bætir hún við. „Jólakortagerðin fer fram á kvöldin eftir vinnu. Ég er stundum að spá í hvort ég eigi að hætta þessu en ætli ég geri þetta ekki í tvö ár í viðbót,“ segir hún. Ættingjar og vinir fá því fallega jólakveðju þessi jólin. „Ég er með tvær hugmyndir að kortum núna, önnur er einföld en ég býst við að sú flóknari verði fyrir valinu,“ segir Sif.

Þegar hún er spurð um jólaskreytingar í Stokkhólmi þetta árið svarar hún að þar séu þrír heimar. „Það er þjóðlegt þema með sænskum jólasveinum og jólageit, síðan er það glitter og glamúr og svo nýmóðins skandinavískur hönnunarstíll. Í fyrra var kopar vinsæll en núna eru frekar fölir litir,“ segir Sif sem ætlar að eyða jólunum í New York en áramótunum á Íslandi.

Sif er með fallega bloggsíðu – sif-littlesomethings.blogspot.com.

elin@365.is










**ÚTSTILLINGAHÖNNUÐUR**
Sif Úlfarsdóttir er afar listræn. Vinir hennar og ættingjar fá fallega jólakveðju frá henni fyrir hver jól.










Póst dreifing

**Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti**

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. ***Örugglega til þín.***

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | postdreifing.is

# NÁTTÚRULEG LÆKK-UN KÓLESTERÓLS

**ICECARE KYNNIR** *Fæðubótarefnið Ateronon markar tímamót þegar kemur að því að viðhalda góðri heilsu hjarta og æðakerfis.*

Ateronon er fyrsta og eina fæðubótarefnið sem inniheldur líffræðilega virkt lycopene. Eitt hylki af Ateronon á dag getur hamlað oxun LDL-kólesteróls í blóði, um allt að 90% á átta vikum. Virka efnið í Ateronon er lycopene, öflugt andoxunarefni sem Miðjarðarhafsmataræði er ríkt af og hefur löngum verið tengt við gott ástand æðakerfis hjartans. Lycopene er náttúrulegt andoxunarefni sem finnst í tómötum og öðrum rauðum ávöxtum. Ateronon var þróað með það að markmiði að gera náttúrulega vöru sem hefur skýran, vísindalegan ávinning og jákvæð langtímaáhrif á líf fólks.

Vísindamenn í Cambridge hafa í samstarfi við matvælafyrirtækið Nestlé uppgötvað nýja leið til að gera lycopene líffræðilega virkt svo líkaminn geti nýtt það betur en áður hefur þekkst. Ateronon er einstakt efni og er einkaleyfisskráð uppgötvun á náttúrulegu efni.

Hömlun oxunar á LDL-kólesteróli er lykillinn að því að hindra að fyrirstaða myndist í slagæðum. Ateronon bætir að auki blóðflæði um allan líkamann. Fyrirstaða í æðum gerir það að verkum að blóð hefur ekki eins greiða leið út í líkamann og getur valdið heilsutjóni. Ateronon er auk þess eina fæðubótarefnið sem með góðum árangri hamlar oxun LDL-kólesteróls og er staðfest með rannsóknum. Ateronon má taka með lyfseðilsskyldum lyfjum. Það er unnið á náttúrulegan hátt og hefur engar þekktar aukaverkanir. Fólk sem þolir ekki soja, tómata eða mysuprótein getur ekki notað vöruna. Hylkin innihalda ekki erfðabreytt efni (GMO free).






**NÝJUNG** Birna Gísladóttir, sölustjóri hjá Icecare, segir að Ateronon hafi vakið mikla athygli í Bretlandi. Útsölustaðir Ateronon eru: Apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.

### UMSAGNIR SÉRFRÆÐINGA

***„Algjörlega ný leið í meðferð á háu kólesteróli í blóði.“***

**Prófessor Anthony Leeds,**
stjórnarmaður í HEART UK

***„Ateronon virðist hafa áhrif á efnaskipti og LDL-kólesteról á allt annan hátt en hefðbundin andoxunarefni. Það er vegna þessarar virkni sem Ateronon lofar góðu í baráttunni við að minnka hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum til langs tíma.“***

**Dr. Howard Sesso,**
aðstoðarprófessor í læknisfræði við Harvard-háskóla í Boston

***„Æðakölkun, þrengingar af völdum kólesteróls í slagæðum, er stór áhættuþáttur þegar til heilablóðfalls kemur. Við vitum að andoxunaraefnaríkt mataræði er ákjósanlegt til að minnka þrengingarnar og við fögnum niðurstöðum þessara rannsókna.“***

**Dr. Peter Coleman,**
rannsóknarforstjóri samtaka um heilablóðfall á Bretlandi


MÁLÞING FJÖLMIÐLANEFNDAR
OG HEIMILIS OG SKÓLA
Í SAL ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS
20. NÓVEMBER KL.16–18



ER BARÁTTAN TÖPUÐ?

**Er hægt að vernda börn gegn skaðlegu efni í fjölmiðlum og tölvuleikjum?**



1. Ávarp
   **Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra**
2. „Ef ég er pirraður þá fer ég kannski í aðeins blóðugri leiki“ – Netnotkun íslenskra ungmenna í 9. og 10. bekk grunnskóla
   **Hjördís Sigursteinsdóttir, aðjúnkt á hug- og félagsvísindasviði Háskólans á Akureyri**
3. Löggjöf um vernd barna gagnvart skaðlegu efni á Íslandi og reynsla annarra ríkja
   **Elfa Ýr Gylfadóttir, fjölmiðlanefnd**
4. Ábyrgð foreldra, skóla og samfélagsins gagnvart börnum og skaðlegu efni
   **Hrefna Sigurjónsdóttir, Heimili og skóli**
5. Tilgangur og gagnsemi vatnaskilareglna og auglýsingabanns. Sjónarmið frá fjölmiðli
   **Ari Edwald, forstjóri 365 miðla**



**Pallborð**
- Páll Magnússon (RÚV)
- Snæbjörn Steingrímsson (SMÁÍS)
- Fulltrúi frá Ungmennaráði SAFT

**Fundarstjóri**
- Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna

FJÖLMIÐLANEFND
Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
SAFT




**STAFAFÓLK** Þetta fólk er tengt fjölskylduböndum og eru aðstandendur leiksins. Frá vinstri: Bergrún Íris Sævarsdóttir, myndlistar- og blaðakona, Andri Ómarsson tómstundafræðingur, Arnþór Snær Sævarsson tölvunarfræðingur og Elísabet Ólafsdóttir, bókmenntafræðingur og vefstýra. MYND/ÚR EINKASAFNI

# STAFRÓF AF DÝRUM

**DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU** *Í dag er kynnt ókeypis viðbót við leikinn Stafina okkar sem kom út í sumar. Bæst hefur við myndasafn sem sýnir dýr af öllum stærðum og gerðum en erfitt reyndist að finna dýr fyrir alla stafina.*

Þetta var virkilega skemmtileg áskorun og við erum ánægð með útkomuna,“ segir Elísabet Ólafsdóttir, bókmenntafræðingur og vefstýra, sem skapaði hinn bráðskemmtilega og lærdómsríka leik Stafina okkar ásamt fjölskyldu sinni og ljær honum meðal annars rödd sína.



**LEIKGLEÐI** Arnaldur Kjárr Arnþórsson er tveggja ára sonur Elísabetar og Arnþórs. Hann hefur verið hjálplegur við prófanir á leiknum. MYND/DANÍEL

Leikurinn er fyrir spjaldtölvur og snjallsíma og hefur slegið í gegn hjá íslensku smáfólki á síðustu mánuðum. Því vilja aðstandendur hans sýna þakklæti sitt í verki með gefins uppfærslu á leiknum í dag, á degi íslenskrar tungu.

„Fyrsta myndasafnið sýndi börnum ýmiss konar orð en nú hefur bæst við stórt myndasafn með alls konar dýrum. Erfiðast var að finna dýr sem byrjar á stafnum „i“ en Vísindavefurinn kom til bjargar með dýrin iglur, iktur og ildýr. Ildýrin urðu fyrir valinu enda skemmtilega myndræn bifdýr alsett litlum hárum,“ útskýrir Elísabet.

Stafurinn „x“ olli einnig smávegis höfuðverk en niðurstaðan var að nota orðið uxi.

„Þá ekki eins og í útihátíðinni Uxa, heldur sem annað orð yfir tudda eða tarf,“ segir Elísabet og hlær. „Íslenskan er rík af fallegum og fróðlegum orðum og óþarfi að börnin okkar hafi bara úr erlendum spjaldtölvuleikjum að velja. Leikurinn Stafirnir okkar er nú orðinn tvöfalt skemmtilegri og okkur fannst kjörið að kynna þessa skemmtilegu og ókeypis viðbót við leikinn á degi íslenskrar tungu,“ segir Elísabet og tekur fram að leikurinn sé þegar kominn út fyrir Android en þegar þetta er skrifað er Apple að leggja lokahönd á rýnina. „Við krossum bara putta og vonum að Apple haldi sig við settan dag. Það er ekkert smá spennandi!“



Fyrir jólin er væntanlegur nýr leikur frá hópnum sem ber nafnið Tölurnar okkar.



„Í honum tökumst við á við tölustafina með skemmtilegum myndskreytingum,“ segir Elísabet um fróðlegan leik sinn og skemmtilega barnaskemmtun.

Stafirnir okkar fást í Appstore og á Google Play. Þeir sem eiga leikinn nú þegar fá í dag dýrapakkann gefins og þeir sem kaupa leikinn eftir uppfærslu fá tvo stafapakka í stað eins.

■ thordis@365.is





# Eniga Meniga

Meniga er brautryðjandi í þróun nýrrar kynslóðar netbankalausna á heimsvísu en þjónusta Meniga er nú þegar í 15 löndum um allan heim. Fyrirtækið er miklum vexti og þarf á öflugum starfskröftum að halda.

**Nánari upplýsingar um Meniga má finna á www.meniga.is og www.meniga.com**

### Hugbúnaðarsnillingar

Meniga leitar eftir heimsklassa hugbúnaðarsérfræðingum til að taka þátt í vöruþróun og þjónustu við viðskiptavini. Við leitum að snillingum sem hafa ástríðu fyrir því að gera hlutina vel og vilja halda áfram að þroskast og læra. Ef þú ert reynslubolti í bransanum og vilt skoða ný og spennandi verkefni - hafðu þá samband.

### Ritari framkvæmdastjórnar

Ritari sinnir ýmsum tilfallandi verkefnum svo sem almennum skrifstofustörfum, fundarritun, frágangi skjala, útréttingum og símsvörun. Framúrskarandi enskukunnátta, mjög góð tölvukunnátta og afburðagóð samskiptahæfni eru forsendur. Áhugi á viðskiptum er nauðsynlegur og menntun kostur. Ritarinn vinnur í nánu samstarfi við stjórnendur fyrirtækisins og ber mikla ábyrgð.

### Markaðsstjóri Meniga á Íslandi

Meniga óskar eftir að ráða öflugan einstakling til þess að auka notkun á Meniga.is og viðhalda góðri ímynd Meniga á Íslandi. Verkefnin krefjast framúrskarandi ensku- og íslenskukunnáttu, jafnt í rituðu sem töluðu máli. Viðkomandi þarf að hafa sjálfstæðan metnað til þess að ná árangri við að auka notkun Meniga.is og vera bæði úrræðagóður og samskiptalipur. Umsækjendur þurfa að geta sýnt fram á reynslu og árangur í sambærilegum verkefnum.

### Verkefnastjóri

Verkefnastjóri þarf að búa yfir framúrskarandi enskukunnáttu og yfirgripsmikilli tækniþekkingu. Tæknilegur bakgrunnur er kostur. Reynsla af störfum í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi er einnig mikill kostur. Þetta starf krefst ferðalaga og mikillar hæfni í mannlegum samskiptum.

### Vörustjóri hugbúnaðar

Viltu taka þátt í að þróa netbanka framtíðarinnar? Vörustjórar skilgreina þróunarstefnu Meniga kerfisins ásamt því að vinna náið með viðskiptavinum okkar í að þróa og aðlaga vörur okkar að þörfum þeirra. Þú þarft að hafa gott auga fyrir nytsemi veflausna, brennandi áhuga á nýjungum og metnað til að útfæra bestu notendaupplifun sem völ er á. Umsækjendur þurfa að geta sýnt fram á reynslu og árangur í sambærilegum verkefnum. Framúrskarandi enskukunnátta er skilyrði.

### Skrifstofustarf

Meniga leitar að öflugum starfsmanni á fjármálasvið fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að vera mjög skipulagður, með góða tölvukunnáttu, metnað og vönduð vinnubrögð. Reynsla af sambærilegu starfi er áskilin. Helstu verkefni eru hótel- og ferðabókanir, reikningagerð og önnur tilfallandi skrifstofustörf. Frábær enskukunnátta er skilyrði.

## Við lofum »

- Spennandi og krefjandi verkefnum
- Tækifæri til að læra, vaxa og þroskast í starfi
- Fjölskylduvænu og góðu vinnuumhverfi
- Skemmtilegum vinnustað
- Góðum starfskjörum
- Frábærri starfsaðstöðu með mötuneyti og líkamsræktaraðstöðu
- Besta kaffi norðan Alpafjalla

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda ferilskrá og kynningarbréf á ensku á **atvinna@meniga.com**. Vinsamlegast taktu fram af hverju þú hefur áhuga á að starfa með Meniga. Umsóknarfrestur er til og með 25.nóvember. Nánari upplýsingar veitir **Þórhildur Birgisdóttir, thorhildur@meniga.com**

MENIGA

Kringlunni 5 | 103 Reykjavík | Sími: 527 7800 | meniga@meniga.com | www.meniga.com

# Vertu með í kröftugu liði Samskipa

## FLOTASTJÓRI

**Flotastjóri sér um að skipuleggja og stýra akstri félagsins með lágmarkskostnað og hámarksnýtingu flutningatækja að leiðarljósi. Flotastjóri sinnir stöðugu mati á flutningsgetu og bestun ferla auk þess að bera ábyrgð á þjónustustigi deildarinnar í samræmi við þjónustustaðla fyrirtækisins. Flotastjóri ber ábyrgð á virku kostnaðareftirliti einingarinnar, samningum og samskiptum við verktaka sem og við aðrar einingar Landflutninga og Samskipa.**

**Menntun**

- Háskólapróf í verkfræði/vörustjórnun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfið

**Hæfnikröfur**

- Starfsreynsla við vörustjórnun eða flotastýringu
- Reynsla við bestun ferla
- Reynsla af rekstri og rekstrareftirliti
- Marktæk stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni
- Góð almenn tölvuþekking, færni í vinnu við Excel
- Framúrskarandi samskiptahæfni

## SKIPAEFTIRLITSMAÐUR

**Skipaeftirlitsmaður ber ábyrgð ásamt forstöðumanni á viðhaldi og rekstrarkostnaði skipa félagsins: Arnarfells, Helgafells, Samskip Akrafells og ferjunnar Sæfara. Skipaeftirlitsmaður sinnir stöðugu eftirliti með viðhalds- og rekstrarkostnaði skipanna, fylgir eftir öryggis- og gæðastjórnun um borð og undirbýr skipin undir viðhald eða viðgerðir. Skipaeftirlitsmaður sinnir ásamt forstöðumanni kostnaðareftirliti með skipa-rekstrinum í heild sinni, samningum við birgja og áætlanagerð fyrir skiparekstur.**

**Menntun**

- Háskólamenntun í verkfræði eða tæknifræði eða önnur tæknimenntun sem nýtist í starfið

**Hæfnikröfur**

- Reynsla af viðhaldi skipa og skipaeftirliti æskileg
- Hæfileiki til þess að vinna sjálfstætt og í hópi
- Frumkvæði og metnaður til þess að ná árangri
- Tungumála- og tölvukunnátta nauðsynleg
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfni

**Umsóknarfrestur er til og með 24. nóvember**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starf þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið rökstudd.

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.



Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

SAMSKIP
Saman náum við árangri

Capacent Ráðningar

# VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR/ HAGFRÆÐINGUR

**Lífeyrissjóður óskar eftir að ráða öflugan einstakling á traustan og góðan vinnustað. Viðkomandi verður að vera tilbúinn að ganga í fjölbreytt og krefjandi verkefni.**

**Starfssvið**
- Áhættugreining og ýmis greiningarvinna á eignasafni sjóðsins
- Framkvæmd greiningarvinnu á fjárfestingarkostum
- Framkvæmd verðbréfaviðskipta
- Samskipti við aðila á fjármálamarkaði
- Vinna við gagnagrunna sjóðsins s.s. iðgjaldakerfi, greiðslukerfi og verðbréfakerfi
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólagráða í viðskiptafræði/hagfræði með áherslu á áhættustjórnun
- Þekking á starfsemi lífeyrissjóða og fjármálamarkaðar
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott viðmót og samskiptahæfni

**Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



# Sérfræðingur í fjárfestingum

VÍS leitar að sérfræðingi í fjárfestingum. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og felst í að stýra fjárfestingaeignum félagsins. Viðkomandi heyrir undir forstöðumann fjárfestinga og kemur að mótun fjárfestingastefnu, greinir fjárfestingakosti og annast kaup og sölu fjármálagerninga.

Í samræmi við jafnréttisstefnu VÍS hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Fjárfestingastarfsemi er önnur af grunnstoðum VÍS ásamt vátryggingastarfsemi. VÍS stefnir að því að skila traustri langtímaávöxtun í samræmi við fjárfestingastefnu félagsins. VÍS er stærsta vátryggingafélag landsins og stór fagfjárfestir.

**Starfssvið:**
- Kaup og sala verðbréfa
- Greining fjárfestingakosta
- Lausafjárstýring á handbæru fé félagsins
- Skýrslugjöf til yfirstjórnar og eftirlitsaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- BS próf í viðskipta-, hag- eða verkfræði
- Msc í fjárfestingastjórnun eða fjármálum fyrirtækja er æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Brennandi áhugi á fjármálum

Nánari upplýsingar veita Agla Sigr. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. nóv. nk. og skulu umsækjendur sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

capacent

VÍS er framsækið þjónustufyrirtæki með 40 þjónustuskrifstofur víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheild. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS felur starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

# Vélstjóri - Þörungaverksmiðjan

*Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum framleiðir þang- og þaramjöl í háum gæðaflokki. Ársverk hjá fyrirtækinu s.l. ár voru 14 auk starfa verktaka við þangslátt. Afurðirnar eru að langmestu leyti fluttar út og m.a. nýttar til framleiðslu alginats, fóðurbætis, áburðar og snyrtivara. Á Reykhólum er mikil náttúrufegurð. Þar er m.a. grunnskóli, leikskóli, heilsugæsla, dvalarheimili, verslun, sundlaug og bókasafn auk annarrar þjónustu.*

*Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu verksmiðjunnar **www.thorverk.is***

Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum óskar eftir að ráða til starfa vélstjóra á Gretti BA.

**Helstu verkefni**

- Öflun og flutningur hráefnis fyrir verksmiðju fyrirtækisins á Reykhólum
- Vélgæsla og viðhald
- Skipulagning viðhalds véla-, tækja- og búnaðar
- Vinnur náið með viðhaldsstjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Réttindi til að sinna vélgæslu (VS-3 réttindi)
- Reynsla af sambærilegu starfi er mikilvæg, s.s. af viðhaldi véla og tækja og rafmagnsbúnaðar
- Reynsla af vinnu við vökva- og viðhaldskerfi
- Áhugi á gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnun á vinnustað er æskileg

**Í boði er áhugavert og krefjandi starf í fallegu umhverfi Reykhóla. Starfið og staðsetningin gæti hentað mjög vel fjölskyldufólki með yngri börn.**

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember n.k.*
*Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja **starfsferilsskrá**.*

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir




# Brjálað að gera á Slippbarnum

Þess vegna þurfum við að bæta við eftirfarandi starfsfólki:

- Framreiðslufólk í veitingasal
- Aukafólk í sal
- Barþjónar

Ef þú ert 20 ára eða eldri, með reynslu af sambærilegum störfum og ert alltaf í stuði, þá hlökkum við til að heyra í þér.

**Umsóknir sendist á snorrit@icehotels.is**

Við elskum fjör og fjölbreytni. Við elskum að skála við uppáhaldsfólkið okkar. Við elskum stemningu. Við elskum kokteila. Við elskum léttan mat sem bráðnar í munni og lætur okkur líða vel. Við elskum syndsamlega góða eftirrétti. Við elskum að eiga góða stund með þér.

REYKJAVIK NATURA REYKJAVIK MARINA Í KEFLAVÍK FLÚÐIR KLAUSTUR HÉRAÐ AKUREYRI HAMAR

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

Capacent Ráðningar

# DEILDARSTJÓRI LÖGFRÆÐIDEILDAR

**Kópavogsbær auglýsir starf deildarstjóra lögfræðideildar (bæjarlögmanns) laust til umsóknar. Deildarstjóri stýrir lögræðideild bæjarins, er ráðgjafi bæjarráðs og bæjarstjóra í lögfræðilegum efnum, annast samningsgerð og gerð umsagna. Hann annast jafnframt lögfræðilega innheimtu og málflutning fyrir bæjarfélagið, upplýsingagjöf varðandi tryggingamál bæjarins og meðferð bótamála. Konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið.**

**Helstu verkefni:**

- Veitir stofnunum og stjórnkerfi bæjarins lögfræðilega ráðgjöf
- Annast dómsmál fyrir héraðsdómi og sér um meðferð mats- og gerðardómstóla.
- Er tengiliður við lögmenn sem kunna að reka mál bæjarins fyrir dómstólum
- Annast samningagerð er varða kaup/sölu fasteigna
- Veitir ráðgjöf varðandi skjala- og samningagerð
- Veitir stofnunum bæjarins aðstoð við túlkun lagaákvæða og reglugerða
- Sér um löginnheimtu á tilteknum vanskilakröfum
- Heldur skrá um samþykktir og reglugerðir varðandi sveitarstjórnarmál

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi
- Góð þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, sérstaklega á sveitarstjórnarstigi
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Leiðtogahæfileikar
- Færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti
- Rík áhersla er lögð á þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

**Umsóknarfrestur er til og með 18. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

OPIN KERFI

# Ert þú OK týpan?

Við leitum að hinum stórmerku og geysimetnaðarfullu
OK týpu í herbúðir OK liðsins að Höfðabakka 9

## Einkenni OK týpunnar

OK týpan er einstaklega sjálfstæð í vinnubrögðum, hefur mikinn metnað og er tilbúin að leggja mikið á sig til að ná árangri. Hún vill vera í sigurliðinu og hafa tækifæri til þess að móta starfsumhverfi sitt og hafa áhrif á þá uppbyggingu sem á sér stað hjá liðinu hennar. OK týpan er líka félagsvera sem nýtur sín vel í samhentum hópi þar sem allir leggjast á eitt og hún finnur sterkan samhljóm með gildum fyrirtækisins:
Eitt lið, sigurvilji, heiðarleiki og opinn hugur.

## Vinnustaðurinn Opin kerfi

Opin kerfi sérhæfir sig í sölu tölvu- og samskiptabúnaðar, ráðgjöf og innleiðingu lausna auk þjónustu. Opin kerfi býður upp á krefjandi og skemmtilegan vinnustað þar sem starfsmenn eru hvattir til að vera sjálfstæðir í starfi og hafa áhrif á eigið starfsumhverfi. Opin kerfi hefur flatt stjórnskipulag sem styður við það jafningjasamfélag sem vinnustaðurinn einkennist af, óháð tegund starfa.

## Framkvæmdastjóri innkaupa- og dreifingarsviðs

**Lýsing:**
Starfið felst í innflutningi á búnaði, birgðahaldi og dreifingu auk endursölu og viðhalds birgjasamninga. Starfið felur jafnframt í sér þátttöku í framkvæmdastjórn félagsins.

**Helstu verkefni**
- Uppgjör, birgða- og frávikagreiningar
- Þróun viðskiptatengsla og sókn á nýja markaði
- Viðhald og þróun birgjasamninga
- Daglegur rekstur sviðsins og stjórnun mannauðs

**Reynsla og þekking**
- Reynsla af stjórnun, rekstri og uppgjörum
- Reynsla af mannaforráðum
- Reynsla af samningagerð
- Mjög góð enskukunnátta
- Þekking og áhugi á upplýsingatækni

**Við erum að leita að:**
Sterkum liðsmanni sem getur sótt fram á völlinn, þróað liðið áfram og séð um rekstur og greiningu á stöðunni á hverjum tíma. Þú ert sveigjanlegur í starfi, í töluverðum erlendum samskiptum og aðlagar þig að síbreytilegum aðstæðum hverju sinni.

**Færni og eiginleikar**
- Færni í greiningu og lestri tölulegra gagna
- Færni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagsfærni
- Færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi
- Brennandi áhugi á upplýsingatækni
- Metnaður til að ná árangri í starfi

**Menntun**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarnámskeið, leiðtogaþjálfun, endurmenntun

## Forstöðumaður notendalausna

Í starfinu felst ábyrgð á sölu og markaðssetningu notendalausna á fyrirtækja- og einstaklingsmarkaði. Viðkomandi vinnur náið með framkvæmdastjóra sviðsins.

**Helstu verkefni**
- Þróun viðskiptatengsla og sókn á nýja markaði
- Samskipti við birgja
- Markaðssetning
- Dagleg stjórnun mannauðs

**Reynsla og þekking**
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum
- Reynsla af mannaforráðum
- Reynsla af samningagerð
- Mjög góð enskukunnátta
- Þekking og áhugi á upplýsingatækni

**Færni og eiginleikar**
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi
- Færni til að koma fram í ræðu og riti
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Brennandi áhugi á upplýsingatækni
- Jákvæðni og þjónustulund

**Menntun**
- Menntun sem nýtist í starfi

## Microsoft grunnlausnasérfræðingur

Starfið felst í ráðgjöf, innleiðingu og þjónustu á Microsoft grunnlausnum félagsins og er markmiðið með starfinu að styðja við uppbyggingu grunnlausnahópsins vegna aukinna verkefna.

**Helstu verkefni**
- Ráðgjöf og þjónusta við stærri viðskiptavini félagsins
- Hönnun og innleiðing Microsoft lausna

**Reynsla og þekking**
- Reynsla af rekstri Microsoft lausna
- Reynsla af þjónustu og rekstri stærri UT kerfa
- Mjög góð þekking á Microsoft grunnlausnamengi
- Þekking á Hyper-V og SQL Server (æskileg)
- Breið almenn tæknileg þekking

**Færni og eiginleikar**
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagsfærni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi
- Jákvæðni og þjónustulund
- Brennandi áhugi á upplýsingatækni
- Metnaður til að ná árangri í starfi

**Menntun**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Microsoft vottun/vottanir (æskilegt)

## Netsérfræðingur

Starfið felst í ráðgjöf, innleiðingu og þjónustu á net- og samskiptalausnum félagsins og er markmiðið með starfinu að styðja við uppbyggingu nethópsins vegna aukinna verkefna.

**Helstu verkefni**
- Ráðgjöf og þjónusta net- og samskiptalausna hjá stærri viðskiptavinum félagsins
- Hönnun og innleiðing net-og samskiptalausna

**Reynsla og þekking**
- Reynsla af rekstri netkerfa og/eða IP símkerfa
- TCP/IP þekking
- Þekking á netbúnaði frá Cisco og/eða HP (æskileg)
- Almenn þekking á stýrikerfum

**Færni og eiginleikar**
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagsfærni
- Færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi
- Jákvæðni og þjónustulund
- Brennandi áhugi á upplýsingatækni
- Metnaður til að ná árangri í starfi

**Menntun**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Cisco CCVP, CCNA, CCNP eða sambærilegt (æskilegt)

**Upplýsingar veitir:**
Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
**www.hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember 2013

HAGVANGUR



# SNYRTIFRÆÐINGUR ÓSKAST

## FRAMTÍÐARSTARF VIÐ EITT AF UNDRUM VERALDAR

Við leitum að orkumiklum og metnaðarfullum snyrtifræðingi til framtíðarstarfa. Starfið felur í sér að veita Blue Lagoon snyrtimeðferðir ásamt ráðgjöf og sölu á Blue Lagoon húðvörum. Um vaktavinnu er að ræða.

Hæfniskröfur:

- Snyrtifræðiréttindi og reynsla í faginu
- Rík þjónustulund
- Áreiðanleiki og stundvísi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Góð enskukunnátta

Meistararéttindi í faginu eru kostur en ekki skilyrði.

Nánari upplýsingar veita Ester Gísladóttir og Eyrún Eggertsdóttir í síma 420 8800. Umsóknarfrestur er til **24. nóvember n.k.**

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn í gegnum heimasíðu Bláa Lónsins www.bluelagoon.is/atvinna

*Bláa Lónið hefur margsinnis verið valinn einn besti spa staðurinn á heimsvísu og er eitt af 25 undrum veraldar að mati National Geographic. Bláa Lónið er tóbakslaus vinnustaður og þar starfa að jafnaði um 300 starfsmenn.*

BLUE LAGOON ICELAND



# Sérfræðistörf hjá Alcoa Fjarðaáli

## Sérfræðingur í upplýsingatækniteymi

**Alcoa Fjarðaál leitar að öflugum sérfræðingi til að hafa tæknilega umsjón með rekstri og þróun framleiðslukerfa og iðnstýringa. Í upplýsingatækniteymi Fjarðaáls starfar metnaðarfullur hópur sérfræðinga með stöðugar umbætur að leiðarljósi. Iðntölvukerfi Fjarðaáls eru þau stærstu á landinu og verkefnin því fjölbreytt.**

### Ábyrgðarsvið

- Tæknileg umsjón með rekstri og þróun framleiðslukerfa og iðnstýringa.
- Bilanagreining og úrlausn tæknilegra vandamála.
- Stjórnun ýmissa tæknilegra verkefna.
- Þátttaka í stöðugum úrbótum upplýsingatækniferla.
- Starfið krefst mikillar samvinnu við aðra starfsmenn fyrirtækisins.

### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á rafmagns-, tölvu- eða vélasviði.
- Þekking og reynsla af rekstri iðntölvukerfa.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta.
- Hæfni til að miðla og þjálfa.
- Lipurð í samskiptum.

**Áhugasamir eru hvattir til að afla sér frekari upplýsinga hjá Stefáni Karli Guðjónssyni í upplýsingatækniteymi Fjarðaáls: stefan.gudjonsson@alcoa.com eða í síma 470 7700.**

## Verkfræðingur í álframleiðsluteymi

**Við leitum að verkfræðingi til að starfa í álframleiðsluteymi Fjarðaáls. Kerskáli álversins við Reyðarfjörð er meðal þeirra öflugustu í heiminum. Álið er framleitt í 336 tölvustýrðum rafgreiningarkerum. Framleiðslugetan er um 350.000 tonn á ári.**

### Ábyrgðarsvið

- Framleiðslustýring á vinnsluferlum kerskála.
- Hámörkun á nýtni kera og lágmörkun umhverfisáhrifa við framleiðsluna.
- Stillingar á kerstýringum.
- Stjórnun umbótaverkefna.
- Þróun og innleiðing ferla.
- Greining hráefna og eftirlit með gæðum afurða.

### Hæfniskröfur

- Meistarapróf í véla-, iðnaðar, rafmagns-, eða efnaverkfræði.
- Reynsla af stjórnun og framleiðslu æskileg.
- Hæfni til að miðla og þjálfa.
- Lipurð í samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

**Áhugasamir eru hvattir til að afla sér frekari upplýsinga hjá Júlíusi Brynjarssyni í álframleiðsluteymi Fjarðaáls: julius.brynjarsson@alcoa.com eða í síma 470 7700.**

---

### Alcoa Fjarðaál

Með stöðugar umbætur að leiðarljósi hefur Fjarðaál komist í fremstu röð álvera í heiminum. Umhverfi, heilsa og öryggi eru forgangsmál. Mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði, teymisvinnu, öflugu félagsstarfi og stuðningi við samfélagið. Fjarðaál býður starfsmönnum fjölbreytt tækifæri til menntunar og starfsþróunar.

### Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

**Hægt er að sækja um störfin á www.alcoa.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 2. desember.**

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 66610 11/13

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

# Viltu starfa...

**... í hópadeild við sölu og skipulagningu á ferðum erlendra ferðamanna?**

**Hefur þú...**
...reynslu af störfum í hópadeild ferðaskrifstofu?
...reynslu af skipulagningu ferða um Ísland?
...mjög góða íslensku- og enskukunnáttu? Önnur góð tungumálakunnátta er kostur
...reynslu af tilboðsgerð?
...góða tölvukunnáttu ?

**Ert þú...**
...samviskusöm/samur?
...reiðubúin/nn að ganga í mismunandi störf innan deildarinnar
...skipulögð/lagður?

**Getur þú...**
...Sýnt frumkvæði og unnið sjálfstætt?
...hafið störf sem fyrst?

**Þá erum við að leita að þér**

**Umsóknir berist fyrir 25. nóvember til Ferðaþjónustu bænda á atvinna@farmholidays.is**

Ferðaþjónusta bænda/Bændaferðir er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á gistingu og afþreyingu hjá ferðaþjónustubændum innanlands og í skipulagningu og sölu utanlandsferða. Metnaður er lagður í gott starfsumhverfi og að veita persónulega og góða þjónustu.

ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

**Nánar má lesa um fyrirtækið á www.sveit.is**

Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Ofbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.

# SÖLUSTJÓRI
## FAGAÐILA Á NORÐURLANDI



### Húsasmiðjan á Akureyri leitar að öflugum liðsmanni í stöðu Sölustjóra fagaðila á Norðurlandi

Um er að ræða mjög spennandi og krefjandi starf á lifandi samkeppnismarkaði.

Sölustjóri er í hópi lykilstarfsmanna Húsasmiðjunnar og heyrir undir rekstrarstjóra Húsasmiðjunnar á Akureyri en vinnur náið með framkvæmdastjóra sölusviðs í Reykjavík.

Húsasmiðjan er í hópi stærstu fyrirtækja landsins og þjónustar fagmenn og einstaklinga um land allt.

**Ábyrgðarsvið:**

- Í starfinu felast samskipti við fagviðskiptavini Húsasmiðjunnar s.s. heimsóknir, tilboðsgerð og önnur þjónusta.

**Við leitum að öflugum liðsmanni með:**

- Mikla þjónustulund og góða samskiptahæfni.
- Frumkvæði og getu til að finna lausnir með viðskiptavinum.
- Haldgóða reynslu úr byggingageiranum.
- Mikinn metnað og jákvætt hugafar.

Allar upplýsingar um starfið veitir rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar á Akureyri, Sigurður Harðarson sighard@husa.is eða í síma 525 3555

**Umsóknir berist fyrir 2. desember til Guðrúnar Kristinsdóttur, gudrunk@husa.is. Öllum umsóknum verður svarað.**





Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Gildi Húsasmiðjunnar er eftirfarandi:

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**
**Áreiðanleiki**
**Liðsheild**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956**

# Hey, þú!

cyan

Cyan er fyrirtæki sem þróar áreiðanlegar og notendavænar veflausnir. Fyrirtækið býr yfir gríðarlegri þekkingu á vefmálum og á sér langa og farsæla sögu. Nýlega gekk fyrirtækið í gegnum mikla endurnýjun og er á fullri siglingu inn í nýja tíma.

Við erum í Kaaber-húsinu við Guðrúnartún umlukin skapandi fyrirtækjum og kraftmiklu fólki sem starfar við markaðssetningu og alla mögulega miðla.

www.cyan.is

## Sölu- og markaðsstarf

Cyan leitar að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi í fullt starf við sölu og markaðssetningu á fjölbreyttum veflausnum og áframhaldandi mótun á spennandi og líflegu fyrirtæki.

Við leitum fyrst og fremst að fólki sem elskar lífið og hefur gaman af því að vinna með öðrum. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi reynslu af sölu- og markaðsstarfi og séu fljótir að tileinka sér nýja hluti.

**Í starfinu felst að:**

- Taka þátt í að markaðssetja fyrirtækið og greina tækifæri á markaði
- Selja og þjónusta veflausnir
- Taka þátt í að móta og þróa spennandi lausnir Cyan

**Þú þarft að:**

- Hafa yndi og ánægju af því að vinna með fólki
- Tileinka þér vefinn og hafa metnað fyrir tækni og framþróun í vefgeiranum
- Hafa frumkvæði í starfi og geta unnið sjálfstætt
- Hugsa út fyrir kassann og njóta þess að skapa, læra og leika þér

## Viðmótsforritari / CSS

Hjá Cyan færðu tækifæri til að láta ljós þitt skína í forritun og þróun á nýjum og áhugaverðum veflausnum.

Starfið felur í sér viðmótsforritun og náið samstarf við vefhönnuði, bakendaforritara og þjónustuborð. Starfið felur einnig í sér þróun á margbreytilegum vörum og áframhaldandi mótun á spennandi og líflegu fyrirtæki.

**Við leitum að fólki sem býr yfir:**

- Krafti og frumkvæði í starfi
- Öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum
- Lífsgleði og léttri lund

**Mikilvægt er að hafa mjög gott vald á:**

- HTML / HTML5
- CSS
- Javascript
- Vafrasamhæfingu – Cross-Browser compatibility
- Photoshop og Illustrator
- Javascript frameworks (jQuery)

Þá er version control kunnátta góður kostur (SVN, GIT) sem og gott auga fyrir hönnun.

Áhugasamir sendi umsóknir og starfsferilsskrá á **vinna@cyan.is**

# Starf tæknimanns

**Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar auglýsir starf tæknimanns laust til umsóknar**

Tæknimaður á framkvæmdasviði sinnir verkefnum á sviði skipulags- og byggingamála m.a. í samvinnu við skipulags- og byggingafulltrúa. Auk þess sinnir hann verkefnum á sviði umhverfis- og framkvæmdamála.

**Helstu verkefni:**
- Þjónusta við íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu á sviði byggingamála.
- Eftirfylgni vegna byggingaleyfa, þ.m.t, úttektir og byggingaeftirlit í umboði skipulags- og byggingafulltrúa.
- Eftirlit með að lögum og reglugerðum mannvirkjamála sé framfylgt.
- Umsjón og eftirlit með framkvæmdum á vegum sveitar félagsins, t.d. í nýbyggingum, veitum og hafnarmann virkjum.
- Gerð lóðaleigusamninga á grundvelli lóðarblaðs og samþykkts deiliskipulags.
- Yfirlestur eignaskiptasamninga og annarra skjala sem heyra undir byggingasvið.
- Vinnur að framkvæmd og eftirliti með sorphirðu og urðun sorps í sveitarfélaginu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Verkfræði, tæknifræði eða sambærilega menntun á háskólastigi.
- Reynslu af og þekkingu á skipulags- og bygginga málefnum sveitarfélaga.
- Reynslu af og þekkingu á verkeftirliti í mannvirkjagerð.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum samninganefndar sveitarfélaga (SNS) við viðkomandi stéttarfélag. Eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um stöðuna.

Allar frekari upplýsingar veitir Guðmundur Elíasson mannvirkjastjóri, í síma 470 9019.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið gudmundur.eliasson@fjardabyggd.is merkt **„Tæknimaður á framkvæmdasviði“**.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember 2013.**

Fjarðabyggð er vaxandi sveitarfélag á Austurlandi og það fjölmennasta með ríflega 4.600 íbúa. Bæjarkjarnar þess eru sex talsins eða Mjóifjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður. Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar vinnur að fjölbreyttum verkefnum í hverjum þeirra í samstarfi við stjórnsýslunefndir bæjarins og opinberar fagstofnanir. Í mannauðsstefnu Fjarðabyggðar er áhersla lögð á vandaða stjórnsýsluhætti við ráðningar, gott starfsumhverfi og jöfn tækifæri karla og kvenna.

Mjóifjörður | Norðfjörður | Eskifjörður | Reyðarfjörður | Fáskrúðsfjörður | Stöðvarfjörður



**LJÓSAVOGUR**
**LÖGGILTUR RAFVERKTAKI**

**Rafvirki**
Ljósavogur óskar eftir því að ráða rafvirkja - bæði til lengri og skemmri tíma.

Umsóknum skal skilað á raggi@ljosavogur.is
Allar nánari upplýsingar veitir Ragnar í síma 895 9010



TE & KAFFI

# Birgðabókari óskast

Te & Kaffi óskar eftir að ráða birgðabókara í fullt starf.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Umsjón með birgðum
- Bóka innkaupareikninga
- Yfirfara innkaup
- Stofna vörunúmer
- Birgðatalningar
- Edi samskipti
- Tollafgreiðsla
- Afstemmingar

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af birgðabókhaldi nauðsynleg
- Góð kunnátta á DK
- Talar og skrifar góða íslensku
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Nákvæm vinnubrögð
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum

**Umsóknir berist á bjork@teogkaffi.is til og með 25.11.2013.**

**Fagmennska – Þekking – Upplifun**

teog kaffi.**is**






## VEGNA AUKINNA UMSVIFA ÓSKAR EFLA AS Í NOREGI EFTIR AÐ RÁÐA Í EFTIRFARANDI STÖRF:

**Rafmagnsverkfræðingur**
Óskað er eftir rafmagnsverkfræðingi með menntun og reynslu á sviði raforkukerfa með sérstakri áherslu á hönnun háspennulína. Nauðsynlegt er að hafa gott vald á skandinavísku tungumáli, helst norsku.

**Byggingastjóri**
Óskað er eftir verkfræðingi með reynslu af stjórnun stórra framkvæmda. Æskileg er reynsla af byggingu háspennulína. Nauðsynlegt er að hafa gott vald á norsku og ensku.

**Eftirlitsmenn með byggingu háspennulína**
Óskað er eftir verkfræðingum/tæknifræðingum eða fólki með mikla reynslu af byggingu háspennulína og tengivirkja. Einnig kemur til greina reynsla af eftirliti með jarðvegsframkvæmdum og steypuvinnu. Nauðsynlegt er að hafa gott vald á skandinavísku tungumáli, helst norsku og ensku.

**Veghönnuður**
Óskað er eftir verkfræðingi/tæknifræðingi með reynslu af veghönnun. Um er að ræða fjölbreytt verkefni á sviði veg- og gatnahönnunar.

**Allir starfsmenn munu verða staðsettir í Noregi en um er að ræða verkefni til lengri tíma. Mikilvægt er að starfsmenn séu góðir í mannlegum samskiptum, sýni frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.**

Umsókn, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast inn í gegnum heimasíðu EFLU, efla.is/umsokn fyrir 23. nóvember. Frekari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri EFLU AS (ragnar.jonsson@efla.no) og Ásta B. Sveinsdóttir starfsmannastjóri EFLU (asta.bjork.sveinsdottir@efla.is).

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki með meginstarfsemi á Íslandi og í Noregi, auk verulegrar þátttöku í atvinnurekstri og verkefnum víða um heim. Hlutverk EFLU er að koma með lausnir sem stuðla að framförum og efla samfélagið.

EFLA AS er dótturfyrirtæki EFLU í Noregi. Félagið hefur einkum veitt sérhæfða þjónustu við háspennulínur og önnur verkefni sem lúta að flutningi raforku en um leið þróað þjónustu við aðrar greinar verkfræði í Noregi. EFLA á sér langa sögu við verkfræðiráðgjöf á norska orkumarkaðinum, í iðnaði og nú síðustu ár í samgöngum.

40 EFLA
VERKFRÆÐISTOFA

EFLA HF. • HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • www.efla.is

ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • PÓLLAND • RÚSSLAND • TYRKLAND



# Verkefnisstjóri áfallahjálpar

**Rauði krossinn á Íslandi óskar eftir að ráða sálfræðing í fullt starf sem verkefnisstjóra áfallahjálpar**

Rauði krossinn á Íslandi er forystuaðili í áfallahjálp í landinu og sinnir sálrænum stuðningi bæði innanlands og utan. Við leitum að sálfræðingi með klíníska reynslu, sem hefur áhuga á uppbyggingu áfallahjálpar í landinu og getur leitt bæði fagfólk og sjálfboðaliða til góðra verka. Í starfinu felst einnig faglegur stuðningur við Hjálparsíma Rauða krossins 1717. Viðkomandi þarf að hafa gott vald á ensku og einu norðurlandamáli.

**Hæfniskröfur**
Klínísk reynsla sem sálfræðingur
Þekking á áfallahjálp og sálrænum stuðningi
Rit- og talfærni á íslensku og ensku
Verkefnastjórnun

**Helstu verkefni**
Uppbygging áfallahjálpar Rauða krossins innanlands
Faglegur stuðningur við Hjálparsíma Rauða krossins 1717
Stjórn alþjóðlegra verkefna í sálrænum stuðningi
Samskipti við samstarfsaðila innan lands og utan

Umsóknir sendist til Hermanns Ottóssonar framkvæmdastjóra Rauða krossins, **hermann@redcross.is**, og nánari upplýsingar um starfið gefur Jóhann Thoroddsen, sálfræðingur, **johann.thoroddsen@redcross.is**

Rauði krossinn



Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Rennismiður

KM stál, snyrtilegur vinnustaður þar sem aðalega er unnið að hönnun og smíði á vélum, óskar að ráða rennismið eða mann vanan renni og fræsivinnu.

**Upplýsingar gefur Karl Jóhann í síma 692 2680 eða kalli@kmstal.is**

## Elskar þú tækni?

Hefur þú þekkingu á netum og umhverfi þess?

*Vegna aukinna verkefna leitar Svar tækni að hæfleikaríkum aðila með frábært þjónustuviðhorf og þekkingu á netkerfum og umhverfi þess.*

### Starfið felur í sér

- Uppsetningu og rekstur símkerfa og netkerfa
- Uppsetningu og rekstri myndavélakerfa á IP lagi
- Frágangi á lögnum og umhverfi viðskiptavina
- Önnur dagleg þjónustuverkni sem falla til

### Hæfnis og menntunarkröfur

- Framúrskarandi viðhorf til þjónustu og mannlegra samskipta
- Þekking og reynsla á Microsoft lausnum
- Snyrtimennska, lagnaþekking og þekking á nethögun
- Áhugi á að tileinka sér nýja tækni og þekkingu
- Símvirki, rafvirki, rafeindavirki eða sambærileg menntun með áhuga á þekkingu og á netum

**Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember 2013. Umsóknir, með góðri ferilskrá, skal senda á netfangið umsokn@svar.is**

svar) tækni

UMFERÐARDEILD REYKJAVÍK

## VERKFRÆÐINGUR

VEGAGERÐIN

**Laust er starf verkfræðings í umferðardeild Vegagerðarinnar Í Reykjavík. Um 100% starf er að ræða. Með tilliti til aldurssamsetningar starfsmanna Vegagerðarinnar er gjarnan tekið við umsóknum frá yngra fólki með nýleg próf.**

**Starfssvið**

- Greining slysastaða á þjóðvegum og mat á æskilegri forgangsröðun umferðaröryggisaðgerða
- Þátttaka í rannsóknarverkefnum á sviði umferðar- og umferðaröryggismála
- Aðstoð við svörun fyrirspurna sem berast til umferðardeildar
- Þátttaka í öðrum verkefnum deildarinnar eftir því sem þörf er á

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf í verkfræði. Meistaragráða æskileg.
- Áhugi á umferðar- og umferðaröryggismálum
- Góð íslenskukunnátta
- Kunnátta í ensku
- Kunnátta í a.m.k. einu Norðurlandamáli er æskileg
- Kunnátta í tölfræði
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu Vegagerðarinnar eru konur með tilskildar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.**

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til 2. desember 2013. Umsóknir berist mannauðsstjóra, netfang oth@vegagerdin.is
Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir, þar með talin menntunar- og starfsferilsskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður umferðardeildar, í síma 522-1023.

**Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

MOSFELLSBÆR

## Þroskaþjálfi við Varmárskóla - tímabundin ráðning

Laus er til umsóknar staða þroskaþjálfa við Varmárskóla. Um tímabundna ráðningu er að ræða, frá áramótum og fram í júní.

Varmárskóli er 50 ára gamall skóli staðsettur í fallegu umhverfi við Skólabraut í Mosfellsbæ.
Skólinn er í tveimur byggingum og er með um 700 nemendur og 100 starfsmenn. Varmárskóli leggur upp með gildi Mosfellsbæjar sem eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja. Skólinn er staðsettur í náttúruparadís og lögð er áhersla á nýtingu umhverfis í námi nemenda.
Skólinn er með glæsilega útikennslustofu og í vor flaggaði skólinn Grænfánanum í fyrsta skipti.

**Helstu verkefni**
Starfið felst í hegðunarmótandi vinnu og þjálfun, meðal annars með einhverfum nemendum í námsveri og bekkjum. Mikið er unnið í teymisvinnu.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- BA gráða í þroskaþjálfafræðum
- Góð samskiptafærni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta
- Áhugi á að vinna með börnum og unglingum

Upplýsingar gefur Hrund Arnardóttur yfirþroskaþjálfi (hrund@varmarskoli.is) eða Þórhildur Elfarsdóttir skólastjóri (thorhildur@varmarskoli.is) eða sömu aðilar í síma 525 0700.

Ráðið verður í starfið frá og með 1. janúar 2014 til og með 6. júní 2014. Í framhaldi verður skoðað hvort þörf verður á áframhaldandi ráðningu.
Umsóknarfrestur er til mánudagsins 2. desember 2013.

Umsóknir sem greina frá menntun, reynslu og fyrri störfum skulu sendast á netfangið thorhildur@varmarskoli.is

Laun samkvæmt kjarasamningi ÞÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fólk af báðum kynjum er hvatt til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

## ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?



## SPENNANDI TÆKIFÆRI!

**Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi BYKO og við erum ávallt að leita að góðu fólki. Það fólk sem við ráðum til starfa þarf að búa yfir hæfileikum til að starfa sjálfstætt, vera jákvætt og eiga mjög gott með að vinna með öðrum.**

### LAGNAVERSLUN Í BREIDD

LAGNAVERSLUN

**SÖLUMAÐUR**

Sölumaður í Lagnaverslun BYKO. Starfið felst í ráðgjöf og sölu til viðskiptavina. Reynsla af sölumennsku er góður kostur auk þess sem æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á hreinlætistækjum og lagnavörum. Kostur er að viðkomandi hafi iðnmenntun sem nýtist í starfi.

**Áhugasamir vinsamlega sæki um á www.byko.is**
**Umsóknarfrestur er til 24. nóvember n.k.**

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

EXPO · www.expo.is



# Vertu í fremstu röð í fjarskiptum

## Sérfræðingur í rekstri flutningsnets

Míla leitar að sérfræðingi til starfa við rekstur flutningsnets fyrirtækisins. Viðkomandi mun starfa í hópi tæknimanna sem sér um rekstur grunnfjarskipta á Íslandi. Um er að ræða fjölbreytt, spennandi og krefjandi starf í dagvinnu ásamt bakvöktum.

Starfið felur í sér rekstur á búnaði í stofnkerfi Mílu um land allt, gangsetningu og prófanir á nýjum búnaði, breytingar á kerfum, gæðamælingar og aðstoð við bilanagreiningu og viðgerðir.

### Menntun og reynsla

- Háskólamenntun á sviði tækni- eða verkfræði
- Þekking á fjarskiptaumhverfi er kostur
- Þekking á netkerfi IP, etherneti, ljósleiðaratækni og örbylgjukerfum er æskileg
- Gott vald á íslensku og ensku er nauðsynlegt

### Persónulegir eiginleikar

- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni og hæfni til að tileinka sér nýja þekkingu
- Hæfni til að miðla tækniupplýsingum

Umsóknir óskast fylltar út á www.mila.is undir **starfsumsókn**.

Umsóknarfrestur er til og með **26. nóvember** næstkomandi.

**Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn.**
**Míla er lífæð samskipta.**

**Gildi Mílu eru virðing, forysta og traust.**

ENNEMM / SÍA / NM60153

míla
*Lífæð samskipta*

*Míla ehf. • Suðurlandsbraut 30 • Sími 585 6000 • www.mila.is*

# NÓATÚN ÓSKAR EFTIR MATRÁÐI Í NÓATÚN Á HRINGBRAUT

**HELSTU VERKEFNI ERU:**

- Matargerð í versluninni.
- Þjónusta við viðskiptavini.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Reynsla af matseld er skilyrði.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulögð vinnubrögð.

**Vinnutími er 8-15 virka daga.**

**ÁHUGASAMIR VINSAMLEGAST SÆKI UM Á NOATUN.IS**
Umsóknarfrestur er til og með 24. nóvember



Opið til miðnættis alla daga 8›24 NÓATÚN



# Gæða- og öryggismál

## Sérfræðingur gæða- og öryggismála óskast til starfa

Vegna aukinna umsvifa óskar Airport Associates eftir að ráða öflugan liðsmann í gæðadeild fyrirtækisins á Keflavíkurflugvelli. Við leitum að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi til að takast á við fjölbreytt verkefni á sviði gæða- og öryggismála.

**Starfssvið:**

- Innri gæðaúttektir, áhættugreining og skýrslugerð
- Rekstur handbóka, uppbygging og skráning verkferla
- Önnur verkefni er snúa að gæða- og öryggismálum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð enskukunnátta, bæði rituð og töluð, skilyrði
- Reynsla af flugtengdri starfsemi kostur
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Haldgóð tölvukunnátta

Áhugasamir sæki um starfið á heimasíðu fyrirtækisins, www.airportassociates.com. Nánari upplýsingar gefur Telma Dögg Guðlaugsdóttir, telma@airportassociates.com.
**Umsóknarfrestur er til 28. nóvember 2013.**

Airport Associates
*-at your service!*

Airport Associates - Fálkavelli 7 - 235 Reykjanesbæ
Sími 420 0700 - www.airportassociates.com

Starfsemi Airport Associates tekur til allrar þjónustu við farþega- og fraktflugvélar svo sem hleðslu flugvéla sem og annarar þjónustu á flughlaði, farþegainnritunar, hleðsluefitirlits og alls þess er lítur að flugvélaafgreiðslu. Meðal viðskiptavina okkar eru: British Airways, Cargolux, Delta Airlines, UPS, Air Berlin, Germanwings, Bluebird Cargo, Fly Niki, First Choice Airways, WOW air, Primera Air, easyJet, Norwegian, Baseops Europe, Avcon, Transavia, Corendon, MNG Airlines, Volga Dnepr, Airbridge, ABX air og fleiri félög.

DAGSVERK.IS / APA1113

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# NÝ GÖNGUDEILD MELTINGARLÆKNINGA

## Hjúkrunafræðingur

Laust er til umsóknar starf hjúkrunarfræðings á nýrri göngudeild meltingarlækninga. Um er að ræða nýtt starf sem felur í sér uppbyggingu hjúkrunartengdrar göngudeildar fyrir sjúklinga með meltingarsjúkdóma, undirbúning á opnun deildar og skipulagningu á tilhögun starfseminnar.

Deildin verður hluti af speglunardeild við Hringbraut. Næsti yfirmaður er deildarstjóri speglunardeildar.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Sinnir móttöku og samskiptum við sjúklinga og aðstandendur þeirra
» Skipuleggur fræðslu til sjúklinga og leiðbeinir samstarfsfólki og nemum
» Tryggir að skráning starfseminnar sé í samræmi við reglur Landspítala
» Er virkur þátttakandi í þróun hjúkrunar og gæðastarfi á deild og vinnur að ýmsum þróunar- og rannsóknarverkefnum

### Hæfnikröfur

» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Framhaldsnám í hjúkrun æskilegt
» Faglegur metnaður
» Sjálfstæði í starfi, skipulagshæfni og lipurð í samskiptum
» Þekking og reynsla af hjúkrun sjúklinga með sjúkdóma í meltingarvegi
» Góð tölvufærni

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 8. desember 2013.
» Starfshlutfall er 50% og veitist starfið frá 1. janúar 2014 eða eftir nánara samkomulagi.
» Upplýsingar veita Herdís Ástráðsdóttir, deildarstjóri, herdisa@landspitali.is, sími 543 6030 og Þórgunnur Hjaltadóttir, mannauðsráðgjafi, torghjal@landspitali.is, sími 543 6560.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

**Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun**

# www.vinna.is

LANDSSAMTÖKIN

# ÞROSKAHJÁLP

**Landssamtökin Þroskahjálp óska**
eftir sölufólki til að selja listaverkaalmanök samtakanna í fyrirtæki á höfuðborgarsvæði , um er að ræða húsasölu.
Góðir tekjumöguleikar fyrir duglegt fólk

**Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við skrifstofu samtakanna að Háaleitisbraut 13 eða í síma 5889390**

ALÞINGI

## Þingvörður

Skrifstofa Alþingis auglýsir
eftir þingverði í fullt starf.
Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

# Starfagátt STARFs

## Atvinnuleitendur

**Flest auglýst störf í landsfjölmiðlum má finna á einum stað í lista á vefsíðu STARFs**

**www.starfid.is**

STARF
VINNUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. er fyrirtæki í eigu Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og var stofnað vorið 2012 til að halda utan um tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur sem eru félagar í tilteknum stéttarfélögum. Þjónustan fer fram í fjórum þjónustumiðstöðvum og þar starfa m.a. 14 atvinnuráðgjafar STARFs. Þungamiðja þjónustunnar er vinnumiðlun og jafnframt er atvinnuleitendum liðsinnt við margvísleg vinnumarkaðsúrræði – markmiðið er að koma fleiri atvinnuleitendum aftur til starfa. Nánari upplýsingar um STARF má finna á vefsíðu félagsins: www.starfid.is

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Garðaskóli**
- umsjónarmaður fasteigna

**Hofsstaðaskóli**
- deildarstjóri yngsta stigs
- matráður
- umsjónarmaður tómstundaheimilis

**Sjálandsskóli**
- þroskaþjálfi
- kennari í textílmennt

**Leikskólinn Hæðarból**
- aðstoðarmatráður

**Félagsleg heimaþjónusta**
- starfsmenn sem annast þrif

**Hjúkrunarheimilið Ísafold**
- hjúkrunarfræðingar

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar,
**www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

# Viðskiptastjóri/söluráðgjafi

## Inkasso óskar eftir tveimur ráðgjöfum á fyrirtækjasvið.

Í starfinu felst ráðgjöf og sala á þjónustu Inkasso, samskipti við viðskiptavini, greining og ráðgjöf á meðferð viðskiptakrafna auk tilboðs- og samningagerðar. Viðkomandi þarf að búa yfir söluhæfileikum, frumkvæði, jákvæðni og drifkrafti. Í starfinu reynir á sjálfstæð vinnubrögð og virka þátttöku í teymisvinnu.

Krafa er gerð um reynslu af sambærilegum störfum. Viðskiptafræðimenntun eða sambærileg menntun er kostur en ekki skilyrði. Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknir berist á netfangið **starfsumsokn@inkasso.is.**

**Umsóknarfrestur er til 25. nóvember 2013**

PIPAR\TBWA • SÍA • 133337

Á annað þúsund fyrirtækja hafa valið Inkasso

**Um Inkasso ehf.**
Inkasso sérhæfir sig í ráðgjöf til fyrirtækja í innheimtumálum. Inkasso býður viðskiptavinum sínum að stýra innheimtuferlinu allt frá stofnun reiknings til löginnheimtu, ef nauðsyn krefur. Inkasso tók til starfa vorið 2010 og hefur vakið athygli fyrir tæknivædda þjónustu sem minnkar álag viðskiptavina verulega og sparar þeim umtalsverðar fjárhæðir.

**INKASSO ehf** | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogur | Sími 520-4040 | www.inkasso.is

INKASSO



# VERKEFNASTJÓRI FERÐAÞJÓNUSTU

Arctic Trucks er þjónustufyrirtæki sem vinnur að lausnum fyrir áhugafólk um jeppa. Fyrirtækið breytir bílum til notkunar við ólíkar og krefjandi aðstæður, allt frá hefðbundnum fjölskyldubílum til sérútbúinna bíla til notkunar við friðargæslu eða á heimskautasvæðum. Arctic Trucks er með starfsemi á Íslandi, Noregi og í Dubai UAE, auk þess að vera með samstarfssamninga við fyrirtæki víðar um heiminn.

Arctic Trucks Ísland ehf. leitar að framsæknum og metnaðarfullum einstaklingi í starf verkefnastjóra fyrir **Arctic Trucks Experience,** sem er ferðaþjónustuhluti fyrirtækisins.

Arctic Trucks Experience býður "self-drive" ferðir um hálendi Íslands, jafnt dagsferðir sem lengri ferðir, að sumri sem vetri.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem snýr bæði að daglegum rekstri sem og uppbyggingu á ört vaxandi starfsemi.

STARFSSVIÐ
Hver var þessi góði maður? Hlýtur þetta ekki að vera Jesú sjálfur? Ónei, þetta var Honi hringateiknari. Og hann var uppi einum 60 árum áður en Jesú svo mikið sem fæddist. Viðurnefni sitt fékk hann af því að hann var eitt sinn fenginn til að biðja guð um regn, þegar brakandi þerrir hafði alltof lengi verið í Palestínu, og þá teiknaði hann hring í rykið á jörðinni, kom sér fyrir innan hringsins og kallaði síðan til guðs að hann myndi ekki hreyfa sig úr hringnum fyrr en færi að rigna. Þá fór að úða svolítið, en Honi fyrtist við og hrópaði höstugur til guðs að svona spræna væri engum til gagns. Þá lét guð koma steypiregn, en Honi rótaði sér hvergi úr hringnum og útskýrði nú þolinmóður fyrir guði að hann myndi ekki hætta fyrr en kæmi venjuleg rigning, góð fyrir gróðurinn. Og guð lét undan Honi og það fór að rigna eðlilega.

Honi var ekki einn á ferð. Þeir voru margir kraftaverkamennirnir í Palestínu um þær mundir. Einn þeirra, sem líka gerði kraftaverk og rak út illa anda, hann átti í svo augljósu og nánu sambandi við guð, að guð ávarpaði hann af himnum og kallaði hann son sinn.

Var það þá Jesú?

Nei, það var Hanina ben Dosa. Hann var uppi nokkru á eftir Jesú frá Nasaret og var svo bænheitur að þegar eðla beit hann einu sinni meðan hann lá á bæn, þá sakaði hann ekki og tók ekki einu sinni eftir bitinu, en eðlan drapst.

## Ótrúleg ævi

Já, þeir voru fleiri slíkir kraftaverkamenn og prédikarar í Palestínu á dögum Jesú. Hasídim voru þeir kallaðir, og sá grunur kviknar náttúrlega hvort Jesú frá Nasaret hafi kannski upphaflega verið slíkur hasíd – vinalegur farandprédikari, kraftaverkamaður og læknir – frekar en að hann hafi endilega verið alveg eindreginn sendiboði guðs almáttugs.

Því er ég að rifja þetta upp að rétt í þessu uppgötvaði ég að nú er dáinn sá maður, sem frekar en flestir aðrir fræðimenn bentu á hve hinar upprunalegu sögur um Jesú frá Nasaret virðast skyldar sögunum um kraftaverkamenn eins og Honi og Hanina. Þessi maður var einn af merkustu og altént skemmtilegustu fræðimönnum sem undanfarna áratugi hafa verið að rannsaka hinn „sögulega Jesú“ sem kallaður hefur verið. Það er að segja hver Jesú frá Nasaret hafi verið í sögulegu samhengi, hvað fyrir honum kunni að hafa vakað og hvað hafi í rauninni gerst á ævi hans, alveg burtséð frá allri þeirri guðfræði sem smíðuð hefur verið í kringum hann síðustu 2.000 árin og rúmlega það. Þessi fræðimaður var ungverskrar ættar og hét Géza Vermes, hann dó þann 8. maí í vor og einmitt um það leyti var ég að festa kaup á rafrænni útgáfu af síðustu bókinni hans, sem kom út í fyrra. Og burtséð frá áhugaverðu efni þeirrar bókar, sem fjallaði um upphaf kristindómsins allt frá Jesú frá Nasaret og fram að kirkjuþinginu í Níkeu sem hófst árið 325, þá var líka einhvern veginn einkennilega vel við hæfi að lesa Vermes í splunkunýrri Kindiltölvu vegna þess að hann hóf í raun fræðimannsferil sinn á að rannsaka einhver þau elstu handrit sem til eru í Biblíufræðum, það er að segja Dauðahafshandritin víðkunnu sem fundust rétt upp úr seinni heimsstyrjöld í hellum nálægt Dauðahafinu í Palestínu.



JESÚ PÁRAR Í DUFTIÐ, RÉTT EINS OG HONI HRINGATEIKNARI



GLATT Á HJALLA Í BERJAFERÐ

Vermes átti sjálfur ótrúlega ævi, sem er jafn mikil ástæða til að halda til haga og fræðistörfum hans. Hann fæddist í smáborg í Ungverjalandi 1924 og var af Gyðingaættum. Ætt hans hafði hins vegar ekki iðkað trú sína að neinu ráði í hundrað ár og þegar Géza var sjö ára létu foreldrar hans skírast til kaþólskrar trúar. Það gerðu þau til að sonurinn hefði betri tækifæri en ella í Ungverjalandi þar sem Gyðingahatur var landlægt og fór vaxandi eftir fyrri heimsstyrjöldina. Foreldrar hans voru báðir frjálslyndir í skoðunum og pólitík, faðirinn blaðamaður og móðirin kennari. Trúskiptin áttu þannig aðeins að vera til málamynda, en svo fór að móðir Géza gerðist trúuð mjög á kaþólska vísu og sonurinn var sendur í kaþólskan skóla. Þegar hann útskrifaðist tæplega tvítugur var heimsstyrjöldin síðari skollin á, Ungverjar höfðu skipað sér í lið með Þjóðverjum og enn fór að harðna á dalnum hjá ungverskum Gyðingum þótt skipulögð morð hæfust ekki fyrr en 1944, þegar Þjóðverjar hrifsuðu til sín stjórnartaumana í landinu. Þá kom Adolf Eichmann til Ungverjalands og skipulagði fjöldamorð á þeim, það eru til einstaklega óhuggulegar ljósmyndir af kátu starfsfólki útrýmingarbúðanna í Auschwitz þegar það fór í berjaferð haustið 1944, þá var fólkið talið verðugt notalegrar hvíldarferðar, því þær vikurnar var allt vitlaust að gera í vinnunni við að drepa ungverska Gyðinga. Þar á meðal voru foreldrar Géza Vermes.

Fólkið í berjaferðinni, og maðurinn með harmóníkuna, taldi sig kærleiksríka arftaka hinna fyrstu lærisveina Jesú frá Nasaret sem hefði komið til að kenna nýjan sið og segja skilið við gyðingdóm þeirra Honis og Hanina. Þvert ofan í það, sem Géza hélt fram síðar, þegar hann sýndi fram á að bitamunur en ekki fjár var á Honi, Hanina og sjálfum Jesú.

Trúskiptin höfðu nefnilega alls ekki bjargað foreldrum hans. Hann sjálfur hafði farið í prestaskóla í von um að njóta verndar kaþólsku kirkjunnar þegar hryllingurinn reið yfir, og það gekk eftir. Kirkjan faldi Vermes fyrir morðæði Eichmanns og hinna kátu starfsstúlkna í berjaferðinni. Eftir stríðið lauk hann námi í prestaskólanum en hafði reyndar aldrei hug á að starfa sem prestur, heldur hafði hann fyllst áhuga á Biblíufræðum, ekki síst Nýjatestamentisfræðum. Eftir að Dauðahafshandritin fundust árið 1947 hellti Vermes sér út í rannsóknir á þeim í Ísrael og átti mikinn þátt í að skapa sátt um hvað þar væri á ferðinni. Lengi vel vissu menn nefnilega ekki hverjir hefðu skrifað öll þau innblásnu trúarrit sem fundust í hellunum við Dauðahafið og voru ýmsar kenningar í gangi. Niðurstaða Vermes og félaga var sú að handritin hefðu verið skrifuð af ströngum sértrúarflokki Gyðinga eitthvað laust fyrir árið 100 fyrir Krist, sumir telja að Jesú frá Nasaret hafi seinna meir kynnst mönnum úr þessum flokki og dregið frá þeim dágóðan hluta kenningar sinnar.

## Brautryðjendastarf við kynningu

Vermes gaf út fræga bók um Dauðahafshandritin árið 1962 og hann var síðar fremstur í flokki þeirra sem börðust ákaft gegn þeirri tilhneigingu ísraelskra stjórnvalda, sem fengu yfirráð yfir handritunum, að loka þau niðri og veita ekki hverjum sem var aðgang að þeim til rannsókna. Það var ekki fyrr en árið 1992 sem Ísraelsmenn féllust loks á að „frelsa“ handritin eins og Vermes komst að orði.

Um miðjan sjötta áratuginn hafði Vermes lagt frá sér prestshempuna þegar hann varð ástfanginn af giftri enskri konu, hún skildi við mann sinn, hann við kirkjuna og þau fluttu til Englands þar sem hann varð að lyktum prófessor við Oxford og helgaði sig margvíslegum rannsóknum á sögu Gyðinga kringum Krists burð. Smátt og smátt fjarlægðist hann kaþólsku kirkjuna og gekk aftur til liðs við Gyðingdóm, þótt hann segðist raunar alls ekki vera trúaður í neinum hefðbundnum skilningi. Hann sagðist bara hafa „vaxið upp úr“ kirkjunni en fundið æ betur fyrir sínum gyðinglegu rótum.

Bækur þær sem Vermes skrifaði um Jesú frá Nasaret fóru að koma út á áttunda áratugnum og blésu nýju lífi í rannsóknir á hinum „sögulega Jesú“. Sú fyrsta hét „Jesus the Jew“ og vakti heilmikla athygli á sínum tíma, sem og síðari bækur hans.

Kenningar hans eru ekki alveg óumdeildar, en hann vann ásamt fáeinum öðrum mikið brauðryðjendastarf við að kynna okkur hinn gyðinglega bakgrunn Jesú.

Fyrir nú utan að hann kynnti okkur fyrir bráðskemmtilegum fýrum eins og þeim Honi og Hanina.

> **„En viti menn, dauðinn gat ekki sigrað hann. Hann hvarf vissulega um stund í dá dauðans, en svo reis hann upp aftur. Fólk vildi ekki trúa á upprisu hans, þá tók guð hann til sín og hann er á himnum. Hver var þessi góði maður? Hlýtur þetta ekki að vera Jesú sjálfur? Ónei, þetta var Honi hringateiknari.**

LANDSSAMBAND SLÖKKVILIÐS- OG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA

**Landssamband Slökkviliðs- og Sjúkraflutningamanna boðar til ráðstefnu um;„Viðbrögð vegna flugslysa á alþjóðlegum flugvöllum á Íslandi“**

**Hótel Natura 5. desember kl. 13:00–17:00**

M.a. verða umræður um þær breytingar sem hafa verið gerðar á björgunar- og slökkviþjónustu á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli á síðustu árum. Hvernig hefur til tekist og hvert stefnir?

**Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir**

Nánar á heimasíðunni www.lsos.is
Vinsamlegast skráið þátttöku á lsos@lsos.is

LÝKUR UM HELGINA

# ÖLL HEIMILISTÆKI

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN

byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggtogbuid

---

**TRYLLITÆKI 1200W**

WILFA BLANDARI

VERÐ ÁÐUR 18.995
TILBOÐSVERÐ 15.995
ÞÚ SPARAR 3.000

# WIL-BL1200

---

20%

AEG PRESSA 700W

VERÐ ÁÐUR 19.999
TILBOÐSVERÐ 15.999
ÞÚ SPARAR 4.000

# 65005209

---

23%

SEVERIN STÁL

VERÐ ÁÐUR 6.495
TILBOÐSVERÐ 4.999
ÞÚ SPARAR 1.496

# SEV-AT2514

---

FRANCIS FRANCIS X7 ESPRESSOVÉL

VEGLEGUR KAUPAUKI

Þú sparar 7.000

20%

ÍTÖLSK GÆÐI

VERÐ ÁÐUR 36.900
TILBOÐSVERÐ 29.900
ÞÚ SPARAR 7.000

# 45341160

---

35%

BABYLISS iPRO • 2000W

VERÐ ÁÐUR 10.999
TILBOÐSVERÐ 7.149
ÞÚ SPARAR 3.850

# 67024724

---

20%

CLOER VÖFFLUJÁRN

VERÐ ÁÐUR 9.999
TILBOÐSVERÐ 7.999
ÞÚ SPARAR 2.000

# CLO-1629

---

30%

TRISTAR BLANDARI 500W • MYLUR KLAKA

VERÐ ÁÐUR 9.990
TILBOÐSVERÐ 6.990
ÞÚ SPARAR 3.000

# TRI-BL4430

---

20%

SEVERIN POPPVÉL

VERÐ ÁÐUR 5.995
TILBOÐSVERÐ 4.796
ÞÚ SPARAR 1.199

# SEV-PC3751

---

20%

SKAFTRYKSUGA ERGORAPIDO

VERÐ ÁÐUR 24.900
TILBOÐSVERÐ 19.900
ÞÚ SPARAR 5.000

# 65005870

---

PIZZAOFN ARIETE

VERÐ ÁÐUR 16.999
TILBOÐSVERÐ 14.449
ÞÚ SPARAR 2.550

# ARI-DC904

---

KitchenAid®

HRÆRIVÉL + ÁHALDASETT

20%

HRÆRIVÉL HVÍT + ÁHALDASETT

VERÐ ÁÐUR 99.980
TILBOÐSVERÐ 79.990
ÞÚ SPARAR 19.990

# 69001001

HRÆRIVÉL LITUÐ + ÁHALDASETT

VERÐ ÁÐUR 102.980
TILBOÐSVERÐ 82.990
ÞÚ SPARAR 19.990

# 69001003

---

GEORGE FOREMAN HEILSUGRILLIN

Russell Hobbs

Allt að 42% minni fita

20%

FAMILY

VERÐ ÁÐUR 16.995
TILBOÐSVERÐ 13.596
ÞÚ SPARAR 3.399

# RUS-1887056

COMPACT

VERÐ ÁÐUR 11.995
TILBOÐSVERÐ 9.596
ÞÚ SPARAR 2.399

# RUS-1885056

---

PRINCESS SLOW-JUICER

VERÐ ÁÐUR 22.995
TILBOÐSVERÐ 18.995
ÞÚ SPARAR 4.000

# PRI-202041

---

Þú sparar 6.000

iROBOT 620 RYKSUGUVÉLMENNI

VERÐ ÁÐUR 59.995
TILBOÐSVERÐ 53.995

# IRO-620

---

WILFA

30%

1L HRAÐSUÐUKANNA

VERÐ ÁÐUR 6.999
TILBOÐSVERÐ 4.899
ÞÚ SPARAR 2.100

# WIL-WK5

---

SEVERIN KAFFIVÉL SÝÐUR VATNIÐ

VERÐ ÁÐUR 17.999
TILBOÐSVERÐ 14.999
ÞÚ SPARAR 3.000

# SEV-KA5700

---

KENWOOD MATVINNSLUVÉL 750W MEÐ BLANDARA

VERÐ ÁÐUR 19.995
TILBOÐSVERÐ 16.999
ÞÚ SPARAR 2.996

# KEN-FPM250

---

ÓDÝRI HEIMILISTÆKJA MARKAÐURINN ALLT Á 2.990

40% 25% 25% 40% 25% 25%

---

SERÍUR

KAUPTU TVÆR OG FÁÐU ÞÁ ÓDÝRARI Á 50%

---

50%

TRISTAR BAÐVOG

VERÐ ÁÐUR 4.990
TILBOÐSVERÐ 2.495
ÞÚ SPARAR 2.495

# 43902421

---

50%

BABYLISS SLÉTTUJÁRN

VERÐ ÁÐUR 7.999
TILBOÐSVERÐ 4.000
ÞÚ SPARAR 4.000

# BAB-ST225E

---

TRISTAR TÖFRASPROTI + SAXARI OG ÞEYTARI

VERÐ ÁÐUR 9.999
TILBOÐSVERÐ 7.999
ÞÚ SPARAR 2.000

# TRI-MX4157

**FIMMTA PRENTUN !**

**Sigurganga verðlaunabókar Bjarka Karlssonar, Árleysi alda, heldur áfram og fimmta prentun kemur í verslanir um helgina. Slíkar vinsældir eru nánast einsdæmi þegar ný ljóðabók á í hlut.**

FÆRT TIL BÓKAR



## Valdi á toppnum

Ljóðabók **Valdimars Tómassonar**, Sonnettugeigur, situr á toppi metsölulista ljóðabóka þessa vikuna og hefur þar með skotið hinni geysivinsælu bók Bjarka Karlssonar, Árleysi alda, ref fyrir rass. Í bókinni yrkir Valdimar um ástina og dauðann undir ströngum hætti sonnettunnar.



## Bækur í eldsvoða

Upplag bókarinnar Hér heilsast skipin, tveggja binda rits **Guðjóns Friðrikssonar** um sögu hafnanna við Faxaflóa, hefur tafist um nokkra daga í hafi þar sem upplagið var um borð í Goðafossi, sem kviknaði í á dögunum. Bækurnar eru óskemmdar og koma í verslanir í lok næstu viku.

## Blóðhófnir brokkar um heiminn



Heildarsafn ljóða **Gerðar Kristnýjar** verður gefið út í vor en fyrstu þrjár ljóðabækurnar hennar eru alveg uppseldar og hafa verið lengi. Endurprentun Blóðhófnis frá því nú í haust er líka uppseld, en Blóðhófnir er nú fáanlegur sem rafbók.

Blóðhófnir er kominn út á ensku, dönsku, sænsku og norsku. Nýjasta útgáfan er á finnsku og kom bókin út í Finnlandi á dögunum í þýðingu Tapios Koivukari.

Gerður er á sífelldum ferðalögum á ljóðahátíðir – ljóðin draga hana um allar heimsins koppagrundir. Hún las úr Blóðhófni fyrir Danadrottningu á miðvikudaginn og færði henni síðan eintak af bókinni á dönsku.

# Útflutningur á göldrum

Galdraskræða eftir Skugga er komin út í nýrri og vandaðri útgáfu Lesstofunnar. Þar má finna teikningar af galdrastöfum, uppskriftir að göldrum auk þess sem þjóðsögur og þjóðlegur fróðleikur blandast inn í. **Anna Lea Friðriksdóttir** segist vonast til að fólk nýti sér bókina og prófi að galdra, en aðallega sé bókin þó einstæð heimild.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is



Galdraskræða kom upphaflega út árið 1940. Var þá handskrifuð og handteiknuð og gefin út í hálfgerðu ljósriti í mjög fáum eintökum," segir Anna Lea Friðriksdóttir, einn aðstandenda Lesstofunnar. „Hún hefur verið ófáanleg lengi og gengið manna á milli í þessu handriti, þannig að okkur þótti full ástæða til að gefa hana út aftur."

*Höfundurinn kallar sig Skugga, hver var hann?* „Hann hét Jochum M. Eggertsson, var ættaður úr Þingeyjarsveit, búfræðingur að mennt og bróðursonur Matthíasar Jochumssonar. Hann grúskaði í ýmsu og skrifaði nokkrar bækur undir skáldanafninu Skuggi, var mjög beittur penni og deildi hart á samfélagið í því sem hann skrifaði."

Galdraskræða inniheldur uppskriftir að göldrum, galdrastafi og slíkt og Anna Lea segir Skugga hafa hugsað bókina sem yfirlit um hvítagaldur á Íslandi. „Hann safnaði þessu saman úr ýmsum handritum sem hann tiltekur aftast í bókinni. Þetta eru sem sagt allt góðir galdrar; varnargaldrar, ástargaldrar og svona hitt og þetta. Meining höfundarins var að skrifa líka rit um svartagaldur en það er ekki vitað til þess að sú fyrirætlun hafi komist í framkvæmd."

*Hvers vegna eruð þið að gefa þetta út núna, er þetta eitthvað sem fólk mun nýta sér?* „Við náttúrulega vonum að fólk nýti sér þetta og prófi galdrana. Aðallega er þetta samt merkileg heimild um þetta tímabil í sögu Íslands og er stærsta heildarsafn af göldrum sem fáanlegt er. Auk þess er mikill þjóðlegur fróðleikur þarna inn á milli og þjóðsögurnar fléttast inn í, þannig að þetta er mjög skemmtileg lesning."

> **Við höfum fundið fyrir mjög miklum áhuga alls staðar að, erum búin að senda bók til Rússlands, Bandaríkjanna, Þýskalands og Danmerkur.**

Þórarinn Eldjárn skrifar formála þar sem hann rekur ævihlaup Skugga og Anna Lea segir að Þórarinn sé annar tveggja manna á landinu sem sé sérfróður um hann. „Hinn er Megas og við lögðum ekki alveg í hann."

Bókin er mjög vönduð að allri gerð enda segir Anna Lea að Lesstofan leggi metnað sinn í að vanda til verka í útgáfum bóka sinna. „Þessi bók hefur fylgt okkur lengi og við vorum alltaf ákveðin í að gefa hana út, spurningin var bara hvernig við ættum að gera það. Þegar við vorum búin að tryggja okkur útgáfuréttinn heyrðum við af því fyrir algjöra tilviljun að heill bekkur í Listaháskólanum væri að fást við það að teikna alla galdrastafina og rúnaletrið upp á nýtt þannig að við fórum í samstarf við þau og þá aðallega einn myndlistarnema, Arnar Fells Gunnarsson, sem tók við keflinu, gerði bókina að lokaverkefni sínu frá Listaháskólanum og vann hana síðan áfram með okkur. Þannig að hún er með dálítið öðru sniði en upphaflega bókin."

Viðtökur við bókinni hafa verið góðar og nú er ensk útgáfa í bígerð. „Já, við höfum fundið fyrir mjög miklum áhuga alls staðar að, erum búin að senda bók til Rússlands, Bandaríkjanna, Þýskalands og Danmerkur, og munum halda áfram að koma henni á markað sem víðast. Það er greinilega miklu meiri áhugi á galdri en nokkur hefði getað ímyndað sér."



**ANNA LEA FRIÐRIKSDÓTTIR** „Við náttúrulega vonum að fólk nýti sér þetta og prófi galdrana." FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## GANDREIÐARSTAFUR

**Sá er gera vill gandreið** skal rista þennan staf á skininn hrosshaus úr tvenns konar blóði; skal annað vera úr manninum sjálfum en hitt úr hesti, og blanda til þriðjunga; skulu tveir partar vera úr hesti; undan tungu þeirri er liggur innan í höfnum á hægra framfæti og undan stórutá á vinstri fæti á manninum. – Stafinn skal draga með hanafjöður, og sá er hefur gandreiðarbeisli getur þá riðið loft og lög, hvert sem hann listir að fara. Gandreiðarbeisli er svo til búið að tekinn er upp nýgrafinn maður, og af honum rist hrygglengjan. Hana skal hafa í tauma. Því næst skal flá höfuðleðrið af hinum dauða manni og hafa til höfuðleðurs í beislið. Málbein hins dauða manns skal í mél hafa og mjaðmirnar í kjálka. Galdur þarf og að lesa hér yfir, og er þá beislið búið. Þarf nú ekki annað en leggja gandreiðarbeislið við hrosshausinn. Fer hann þá í loft upp með þann er á situr og flýgur fljótar en elding til þess staðar er maður vill. Verður þá þytur mikill í loftinu.



# Karlar með körlum

BÆKUR ★★★★

**Sæmd**
Guðmundur Andri Thorsson
**JPV-ÚTGÁFA**

Guðmundur Andri Thorsson er mikill meistari í mannlýsingum í skáldskap. Í nýjustu skáldsögu sinni, Sæmd, málar hann fyrir lesendur eins konar portrett af tveimur þekktum mönnum úr íslenskri menningarsögu: skáldinu og fjölfræðingnum Benedikt Gröndal annars vegar og fræðimanninum og kennaranum Birni M. Ólsen hins vegar. Þeir birtast sem ólíkir menn í sögu Guðmundar Andra: Ólsen strangur, siðavandur og ósveigjanlegur, kallaður Harðstjórinn af skólasveinum, en Gröndal á hinn bóginn breyskur og drykkfelldur en líka tilfinninganæmur og skilningsríkur á bresti í fari annarra.

Þessir tveir menn voru um hríð samstarfsmenn við Lærða skólann og Sæmd lýsir árekstri sem verður á milli þeirra innan veggja skólans. Þar kemur til sögunnar þriðja aðalpersóna sögunnar og sögumaður hennar, skólapilturinn Ólafur sem situr að afloknu ævistarfi sínu og lítur til baka. Smávægileg yfirsjón Ólafs verður til þess að ólíkar hugmyndir þessara tveggja manna um sæmd og heiður rekast á.




Mynd sögunnar af Gröndal er viðkvæmnisleg og falleg. Hann hefur misst stoð sína og styttu í lífinu, eiginkonuna Ingu, en sambandi hans við dótturina, Túllu litlu, er fallega lýst, þau deila heimi ævintýra og sagna sem verða Gröndal kærkomið athvarf þegar umheimurinn verður honum um megn. Þótt hann sé ekki mikill bógur út á við reynist hann vera sá eini sem getur staðið uppi í hárinu á valdinu.

Björn M. Ólsen er að einhverju leyti skúrkurinn í sögunni, en lýsing hans er engu síður áhugaverð en lýsingin á Gröndal, kannski ekki síst vegna þess að hann er ekki eins þekktur og höfundur Dægradvalar og Heljarslóðarorrustu. Björn er, þrátt fyrir allt, klofnari einstaklingur en Gröndal. Hann er umsjónarmaður skólans og við piltana er hann harður og reglufastur svo stappar nærri öfgum. Lesandinn fær á tilfinninguna að hann sé rangur maður á röngum stað, samt fórnar hann eigin frama til þess að geta sinnt starfi sínu sem kennari ungra pilta. Í einkalífinu á hann sér aðra hlið og mýkri, ekki síst þá sem snýr að ungum fóstursyni hans, Siggu litla, og föður hans og hjartans vini Björns, Sigurði slembi.

Í samdrykkjum þeirra og vináttu birtist skýrt að Sæmd er saga um karla í karlaheimi, samheldni þeirra og samtryggingu en líka veikleika þeirra og varnarleysi. Hún er áhugaverð stúdía á því sem kynjafræðingar kalla hómósósíalítet, andlega samkynhneigð karla, ekki síst í efri lögum samfélagsins. Sagan lýsir körlum og drengjum sem lifa í sínum eigin heimi sem er því sem næst kvenmannslaus, þeir eiga forréttindin vís, eru valdastétt í valdalitlu samfélagi, þjakaðir af smáþjóðarmetnaði og minnimáttarkennd. Lýsing sögunnar á þessum heimi er í senn áhugaverð söguleg greining og frábærlega dregnar myndir af eftirminnilegum persónum Íslandssögunnar.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**NIÐURSTAÐA:** Meistaralegar mannlýsingar og áhugaverð gegnumlýsing á samfélagi karla í fortíðinni.


ÍSFUGL
Íslensk framleiðsla
Grafíka/Guðrún Anna 2013
Við veljum íslenskar Ísfugls kalkúnabringur á okkar jólahlaðborð
MÚLAKAFFI
GALITO
RESTAURANT
VEISLUÞJÓNUSTA HÖRPU
Grand HÓTEL REYKJAVÍK
Lækjarbrekka
satt
PERLAN
ARGENTÍNA
Radisson BLU
SAGA HOTEL, REYKJAVIK
BROADWAY
VEISLUGARÐUR
Veisluþjónustan Hlégarði
SLIPPBARINN
NAUTHÓLL
STRIKIÐ
Gullhamrar
BRYGGJAN
RESTAURANT
VOX
RESTAURANT
BLUE LAGOON
ICELAND

## Konráð og félagar á ferð og flugi 70

Bragi Halldórsson

„Þar fór í ver," sagði Konráð. „Okkur liggur á en þurfum að komast í gegnum þetta völundarhús fyrst." Hann dæsti og bætti við vonsvikinn, „við verðum of sein."

Getur þú hjálpað félögunum að komast í gegnum þetta völundarhús?





## Heilabrot

**Fátt er skemmtilegra fyrir káta krakka en að fara út í leik með öðrum krökkum úr götunni.** Slíkir leikir þurfa hvorki að vera flóknir eða dýrir. Nóg er að hafa einn brennibolta eða jafnvel bara gamla spýtu sem maður finnur á förnum vegi. Einn skemmtilegur útileikur heitir einmitt Fallin spýta. Svona fer hann fram:

**Einn úr hópnum er valinn til að bíða hjá spýtu sem er stillt upp við vegg.** Hann byrjar á því að telja upp að tuttugu. Allir aðrir þátttakendur hlaupa í burtu og fela sig. Markmiðið er að finna alla sem földu sig. Ef hann sér einhvern, hleypur hann að spýtunni og kallar hátt og snjallt: „Fallin spýta fyrir Jóni/Gunnu, einn, tveir, þrír" og er þá viðkomandi úr leik. Þeir sem földu sig reyna aftur á móti að komast að spýtunni á undan þeim sem leitar og ef einhverjum tekst það kastar hann spýtunni upp í loftið og kallar: „Fallin spýta fyrir öllum!" og með því frelsar hann alla.


KOLAPORTIÐ

Kolaportið er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 11-17



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is


## Brandarar

# Batmanprinsessan grínast



Saga Garðarsdóttir leikkona fékkst til þess að deila nokkrum af uppáhaldsbröndurum sínum með yngstu lesendum Fréttablaðsins.

**Einu sinni var Óli uppi í herberginu sínu að leika sér. Þá kallaði mamma hans til hans: „Óli minn. Viltu heita samloku?" Þá svaraði Óli: „Nei, ég vil bara heita Óli."**

**Einu sinni kom maður og bankaði á hurð. Lítil stúlka fer til dyra. Hún ræðir við manninn og hleypur svo til mömmu sinnar og segir: „Mamma, mamma! Það er maður í dyrunum að safna fyrir nýrri sundlaug. Má ég gefa honum vatnsglas?"**

**Einu sinni kom skjaldbaka á lögreglustöð og sagði örvæntingarfull: „Hjálp, hjálp! Það var agalegt sniglagengi sem réðst á mig." Lögreglan biður hana um nánari útskýringar og þá segir skjaldbakan: „Ég veit það ekki, þetta gerðist allt svo hratt."**

**Veistu hvað ljóskan sagði þegar hún sá krókódílinn: „Nei, sko. Lacoste-svefnpoki."**




**STUÐBOLTI** Sveppi finnst mikilvægt að krakkar fái ferskt loft í búkinn og heilann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ég er hrekkjuhvolpur

Sveppi er búinn að gefa út Stuðbók þar sem hann segir frá uppáhaldsleikjunum sínum, kemur með hugmyndir að tómstundum og margt fleira. Þegar honum leiðist finnst Sveppa best að breyta herberginu sínu og teikna mynd og lita.

**Kemst fólk í stuð við að lesa nýju bókina þína?** Yfirleitt er fólk komið í stuð þegar það byrjar að lesa! En bókin ætti að hjálpa gífurlega.

**Hver er uppáhaldsleikurinn þinn?** Þeir eru reyndar margir en leikurinn „Hver er maðurinn?" er svona eins og kjúklingur! Kannski ekki uppáhalds, en maður er alltaf til í hann.

**Finnst þér krakkar leika sér of mikið í tölvuleikjum?** Bæði og. Þegar ég var að stækka, eða vaxa, eða svoleiðis, þá var ekki mikið um tölvur og tölvuleiki. Nú er þetta úti um allt svo það er gott að hafa varann á og passa upp á að fá ferskt loft í búkinn og heilann.

**Hvað finnst þér best að gera þegar þér leiðist?** Fara í tölvuleik! Djók! Það er smákafli í bókinni þar sem ég fer yfir það hvað er hægt að gera ef manni leiðist alveg ógurlega, eins og til dæmis að breyta herberginu sínu, eða teikna mynd og lita, klippa hana svo í sundur og púsla henni saman! Eða smakka eitthvað í ísskápnum sem maður hefur aldrei smakkað.

**Hélst þú dagbók þegar þú varst lítill?** Já, og ég skrifaði yfirleitt bara um eitthvað sem mér fannst fyndið, sniðugt eða asnalegt. Eins og þegar við vorum að skutla ömmu upp á flugvöll og ég var alveg að pissa í mig og pabbi varð að stoppa og ég fór út að pissa og það var svo mikið rok og það var sama hvernig ég sneri: pissið fauk allt á mig og ég settist inn í bíl rennblautur.

**Ertu hrekkjusvín?** Ja, jájá. Kannski ekki svín, en svona hrekkjuhvolpur.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að elda eða baka?** Mér finnst eiginlega skemmtilegast að poppa, en ég veit ekki hvort það er bakstur eða eldamennska.

**Hvað þarf maður að vera orðinn gamall til að byrja að ganga í jakkafötum og drögtum?** Um leið og maður hættir að vera skemmtilegur, þá má maður byrja á því!

**Segðu okkur einn brandara?** Þessi er í uppáhaldi hjá mér núna:
**Maður**: Jæja, hvað ertu með margar kindur hérna?
**Bóndi**: Ég veit það ekki, ég sofna alltaf þegar ég byrja að telja.

**Hvenær kemur næsta bíómynd um Sveppa?** 2015. Vonandi. Kannski.

markhönnun ehf

Gildir **16. - 17.** nóv. 2013




VÍSINDABÓK VILLA
VILHELM ANTON JÓNSSON
**2.759** KR




SKUGGASUND
ARNALDUR INDRIÐASON
**3.954** KR

# JÓLABÆKURNAR ERU KOMNAR!




LKL 2
GUNNAR MÁR SIGFÚSSON
**2.399** KR




TÍMAKISTAN
ANDRI SNÆR MAGNASON
**2.985** KR




OG FJÖLLIN ENDURÓMUÐU
KHALED HOSSEINI
**3.953** KR




ÓLÆSINGINN SEM KUNNI AÐ REIKNA
JONAS JONASSON
**2.960** KR




KAFTEINN OFURBRÓK
DAV PILKEY
**2.509** KR




RANGSTÆÐUR Í REYKJAVÍK
GUNNAR HELGASON
**2.960** KR




MANGA MEÐ SVARTAN VANGA
ÓMAR RAGNARSSON
**2.793** KR




FREYJU SAGA - MÚRINN
SIF SIGMARSDÓTTIR
**2.960** KR

**nettó** bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1.** Fætur slompaðs eru ekki ýkja traustir (11)
**11.** Bylur suð og sút er hryðjur dynja yfir (10)
**12.** Mun kúnst oflofs fegra umhverfið? (11)
**13.** Fótspor skánar (6)
**14.** Bragða varlega en blákalt þó (14)
**15.** Dular á við og pí og systur hennar (6)
**18.** Mun gera mannaveiðurum og skaufaskutl-urum erfitt fyrir (15)
**20.** Et þakið salt (6)
**21.** Lýst er eftir drykkfelldum skipasmiði (3)
**23.** Bóklegi hluti lærdóms hinna músíkölsku langskipa (20)
**25.** Afkomandi fjölda foreldra fjölda barna (10)
**30.** Það besta er það versta (5)
**31.** Sjóvíg er glæpur á glæp ofan (7)
**32.** Þar sem fjörleysi og fjör mætast er ekkert stress (7)
**33.** Kameljón af góðum ættum (8)
**34.** Þver og öfug undan skrúfuð (7)
**38.** Spora nudd í niðurfall (5)
**39.** Falskur fúkki er óspennandi ástand (8)
**41.** Sá hljómfagri sækir í blómið (7)
**42.** Mannfólk og málmur, þar er þekkingin (7)
**43.** Brýndu jafnt fólkið og blöðin (6)
**44.** Sandryk í sandköku? (7)
**45.** Slekt sálar má rekja til frænda (8)

**LÓÐRÉTT**

**1.** Ræmuleg snæða sneið hins óbreytta (10)
**2.** Nema sekkinn við nárann (10)
**3.** Serkirnir birtast er mjólkurvörumöstur rísa (10)
**4.** Ætli óðagotið sanni nokkuð? (5)
**5.** Erum við Gollubakka að leita að dressinu (12)
**6.** Beinar bröndur leggja átök sín í dóm (12)
**7.** Vöðvakroppur þýðir fall (12)
**8.** Krókur í ker sem rífur og tætir (6)
**9.** Ófáguð og vitlaus (6)
**10.** Snýr og snertir (6)
**15.** Syngja börn um baksið (6)
**16.** Sauðir meiða konu fyrir brellinn gaur (10)
**17.** Sá síðasti er á kvöldprís (10)
**19.** Fyrsta flokks labbakútar njóta umhyggju (6)
**22.** Skóp klæði á mörg (3)
**24.** Nú vil ég þú lesir í löngun þeirra sem ekki eru bókaðir (8)
**25.** Drykkfelldur rithöfundur geymir efni í bók (9)
**26.** Með splunkunýja olnboga til fundar við byrjendur (9)
**27.** Frá stingjunum að hengingunum (9)
**28.** Blæs golan sótt í tvílitan sauð? (9)
**29.** Hér má sjá illgresi einvalds (9)
**35.** Þola sögur um strípalinga (6)
**36.** Kemst gegnum skafla (6)
**37.** Steini eða Sindri? (6)
**40.** Kollótt má kjósa (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**KASSETTUTÆKI**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Glæpnum eftir Árna Þórarinsson frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Bryndís Brynjólfsdóttir, Reykjavík.**




**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist ævintýralegt fyrirbæri. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi **20. nóvember** næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „**16. nóvember**“.


JEPPAR Í GÓÐU ÚRVALI

Mikið afl - 163 hestöfl. Upphitanleg framrúða. Starthnappur



▶Tilboð: 4.490.000 kr.
**Ford Kuga** Titanium S AWD YGG14
Skráður maí 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 63.000 km.
Í ábyrgð
Ásett verð: 4.850.000 kr.

Vertu með!
FERÐAFJÖR NOTAÐRA BÍLA
Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna
400.000 KR.
GJAFABRÉF FRÁ WOWair*
Hvert myndir þú fara?
WOW air

▶ FINNDU BÍLINN ÞINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS



7 manna lúxusjeppi, hlaðinn búnaði

▶Verð: 8.350.000 kr.
**Ford Explorer** Limited AWD KXV56
Skráður júní 2012, 3,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 59.000 km.
Í ábyrgð



Leðuráklæði. Skynvætt fjórhjóladrif. Rúmgóður.

▶Tilboð: 3.650.000 kr.
**Ford Escape** Limited AWD LDB02
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 66.000 km.
Ásett verð: 3.950.000 kr.

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Notaðir bílar - Brimborg

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 7. nóvember 2013 til og með 20. desember 2013 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2013 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umboðssölubíla.


## FRÓÐLEIKURINN Vaxtarræktarmaðurinn Dan Lurie



**DAN LURIE ÁSAMT RONALD REAGAN** Heiðraður fyrir framlag sitt til heilsuræktar.

# Fór í sjómann við forseta Bandaríkjanna

Einn af upphafsmönnum kraftlyftingasportsins í Bandaríkjunum heitir Dan Lurie. Hann fæddist 1. apríl 1923 í Brooklyn-hverfinu í New York og á sér einstaka sögu. Eftir fæðingu uppgötvaðist að hann var með hjartasjúkdóm og var ekki búist við að hann ætti sér langt líf fyrir höndum. En hann storkaði örlögunum og byggði sig upp með æfingum og viljastyrk. Hann er til að mynda sagður hafa gert 1.665 armbeygjur á einum og hálfum tíma í vitna viðurvist.

Upp úr tvítugu byrjaði Dan Lurie að keppa í vaxtarrækt og var fjórum sinnum kosinn mesta vöðvatröll Bandaríkjanna á árunum 1942-1949. Hann stofnaði alþjóðasamband í vaxtarrækt, opnaði fjölda líkamsræktarstöðva og skrifaði fjölda greina í kraftlyftingablöð.

En líklega er eitt af þekktustu augnablikunum á ævi Dans Lurie þegar hann fór í sjómann við Ronald Reagan, þáverandi forseta Bandaríkjanna. Dan Lurie var 60 ára gamall en Ronald Reagan 73 ára gamall og vildi sýna heiminum hvað hann væri í góðu formi. Keppnin fór fram á skrifstofu Ronalds Reagan og hafði forsetinn betur og á Dan Lurie að hafa sagt að það hefði aldrei komið til greina að hann legði sjálfan forseta Bandaríkjanna.

Dan Lurie lagði áherslu á mikilvægi þess að rækta líkama og huga til jafns. Hann boðaði heilbrigðan lífsstíl og hafði áhrif á að gera ímynd kraftlyftinga og vaxtarræktar jákvæðari. Hann gaf út ævisögu sína, Stálhjartað eða Heart of Steel, árið 2009.

Byggt á grein Kára Elíssonar á síðunni kraftheimar.net

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# FARTÖLVUR Á LÆGRA VERÐI !

## TOSHIBA

### INTEL i7 OG GT740M LEIKJASKJÁKORT

Glæsilega hönnuð, þunn og gríðarlega kraftmikil. Þriðju kynslóðar fjögurra kjarna Intel i7 örgjörvi sem hentar vel fyrir þunga vinnslu eða leiki. Öflugt 1GB nVidia GeForce GT740M leikjaskjákort, stækkanlegt vinnsluminni í 16GB, 750GB harður diskur og góðir tengimöguleikar með USB3 og HDMI. Einstakt verð vegna magnkaupa.




15,6"

TOS-L50A105

**149.990**

---

## acer

### INTEL DUAL CORE

Hagkvæm 15,6" fartölva fyrir alla hefbundna tölvuvinnslu á ótrúlegu verði. Intel Dual Core örgjörvi, Intel HD skjákort, 4GB vinnsluminni, 500GB harður diskur. Frábær kaup fyrir heimilisnotkun eða skólann.



ACE-NXM12AA030

**69.990**

---

## ASUS

### INTEL PENTIUM

Sterkbyggð og flott fartölva frá Asus með Intel Pentium örgjörva og Intel HD skjákorti. 500GB harður diskur, HDMI og USB3 tengi fyrir allt að tífaldan gagnaflutningshraða.



ASU-X550CADB91

**79.990**

---

### 128GB SSD OG SNERTISKJÁR

## TOSHIBA

Fislétt og örþunn með 128GB SSD sem gerir hana ofurhraða. Skýr og skarpur 14" snertiskjár. Þriðja kynslóð af Intel i3 örgjörva og snertiskjár sem fullnýtir möguleika Windows 8.




14"

TOS-U840T105

**159.990**

---

### OFURVÉL MEÐ HASWELL i7

## TOSHIBA

15,6"

Ein sú allra flottasta í P-línunni frá Toshiba. Turbo Intel Core i7-4700MQ Quad core örgjörvi. 4GB GeForce GT745M skjákort, 8GB í vinnsluminni og 1TB harður diskur. Full HD skjár.



TOS-P50A12K

**199.990**

---

PROMENNT

### ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÞÓRDÍSAR EGILSDÓTTUR**
**Langeyrarvegi 20, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Vegamóta á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund sem annaðist hana af virðingu og hlýju.

**Gunnar Egill Finnbogason**
**Málfríður Finnbogadóttir**
**Reynir Þór Finnbogason**
**Halla Jónsdóttir**
**Jóhannes Tómasson**
**Kristín Waage**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Við þökkum innilega auðsýnda samúð og kærleika vegna andláts ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**ÞORBJARGAR (OBBU) HANSDÓTTUR**
**Ægissíðu 4, Rangárþingi.**

Minning hennar lifir.

**Þórhallur Ægir Þorgilsson**
**Baldur Þórhallsson**
**Felix Bergsson**
**Ólöf Þórhallsdóttir**
**Guðmundur Óskar Hjaltalín**
**Bjarki Þórhallsson**
**Guðmundur, Álfrún Perla, Kristín Ósk, Ægir og Freyja**

†



Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN ELÍASDÓTTIR**
**frá Hábæ,**

lést á Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 4. nóvember. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sigurður Ólafsson**
**Herdís Hallgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA SVEINBJARNARDÓTTIR**
**frá Núpi, Vestur-Eyjafjöllum,**

lést á Dvalarheimilinu Kirkjuhvoli 11. nóvember. Útförin fer fram frá Ásólfsskálakirkju 23. nóvember kl. 14.00.

**Anna Sigríður Guðmundsdóttir**
**Sveinn Ívarsson**
**Guðmundur Guðmundsson**
**Berglind Hilmarsdóttir**
**Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir**
**Björn Eysteinsson**
**barnabörn og langömmubarn.**

WWW.KVEDJA.IS
Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS


571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

Nóvembertilboð
30% afsláttur af íslensku blágrýti
eingöngu af legsteinum á lager
Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum
Mikið úrval
Gerið verðsamanburð
10% staðgreiðsluafsláttur

Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - sími 587 1960 - www.mosaik.is



**STOLT** Edda Borg Ólafsdóttir og Bjarni Sveinbjörnsson eru stolt af Jónasi Ásgeiri Ásgeirssyni harmóníkuleikara. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tímamót í tónlistinni

## Tónskóli Eddu Borg á 25 ára afmæli í ár og útskrifar nemanda af framhaldsstigi.

„Fyrsta veturinn vorum við bara að kenna forskólakennslu, inni í Seljakirkju og í safnaðarsalnum og þá hófst hið góða samstarf kirkjunnar og skólans sem stendur enn í dag," segir Edda Borg Ólafsdóttir, skólastjóri Tónskóla Eddu Borg. Bjarni Sveinbjörnsson, tónlistarmaður og eiginmaður Eddu, hefur verið hennar hægri hönd í skólaumsjóninni.

Það stendur mikið til í Tónskóla Eddu Borg því skólinn heldur upp á 25. starfsár sitt á skólaárinu en hann var stofnaður haustið 1989. Edda Borg var þá nýútskrifaður tónmenntakennari og kenndi tónmennt í Seljaskóla veturinn 1988-1989. Edda Borg segir að þá hafi hugmyndin að stofnun tónskólans kviknað, eftir að hafa séð þörfina fyrir tónlistarkennslu í hverfinu.

„Í upphafi var ég í öllu, allt frá því að kenna á píanó til þess að ræsta skólann en nú hefur þetta aðeins breyst," segir Edda Borg létt í lund. Fljótlega flutti skólinn úr kirkjunni yfir í Hólmasel 4-6 og bættist hljóðfærakennsla við. Skólinn var þar þangað til haustið 2009, þá á tuttugasta starfsárinu, en þá flutti hann í nýtt og glæsilegt húsnæði í Kleifarseli 18.

„Á fyrsta starfsári skólans voru nemendur um 70 talsins en núna nema um 150 nemendur við skólann," segir Edda Borg en nýja húsnæðið er virkilega glæsilegt og öll aðstaða til fyrirmyndar. „Píanóið hefur alltaf verið vinsælasta hljóðfærið en við kennum á flestöll hljóðfæri í dag – það eru sveiflur í vinsældum hljóðfæra á milli ára."

Fram að þessu hefur skólinn sent nemendur frá sér þegar komið er áleiðis í náminu, en á undanförnum árum hefur hann í auknum mæli hafið samstarf við aðra tónlistarskóla svo unnt sé að bjóða nemendum upp á allar þær aukagreinar og samspil sem þarf til að klára tónlistarnámið við skólann.

> **Á fyrsta starfsári skólans voru nemendur um 70 talsins en núna eru um 150 nemendur við skólann.**

„Í tilefni afmælisins ætlum við að brjóta upp kennsluna á næstu önn og hafa opna viku fyrstu vikuna í mars. Sú vika endar svo með afmælistónleikum 8. mars í Seljakirkju, þar sem við viljum sjá fyrrverandi, núverandi og tilvonandi nemendur," útskýrir Edda Borg. Tónleikar skólans hafa alla tíð verið haldnir í Seljakirkju og er samstarfið mjög gott.

„Skólinn er nú í fyrsta skipti að útskrifa nemanda af framhaldsstigi en Jónas Ásgeir Ásgeirsson harmóníkuleikari verður með burtfararprófstónleika í Hannesarholti föstudaginn 22. nóvember og erum við mjög stolt af honum," segir Edda Borg.

gunnarleo@frettabladid.is

†



Ástkær eiginmaður minn, bróðir okkar og mágur,

**HREINN JÓNSSON**
**Blikahólum 2, Reykjavík,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans föstudaginn 1. nóvember. Útförin fór fram frá Fossvogskirkju í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Kolbrún Olgeirsdóttir**
**Valgerður Jónsdóttir**
**Sæbjörn Jónsson**
**Jón Jónsson**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÁLL ÞÓRHALLSSON**
**læknir,**
**Laugarnesvegi 89,**

sem lést 6. nóvember sl. verður jarðsunginn frá Neskirkju miðvikudaginn 20. nóvember kl. 13.00.

**Hildigunnur Halldórsdóttir**
**Hjördís S. Pálsdóttir**
**Björgúlfur Pétursson**
**Þorgerður B. Pálsdóttir**
**Guðmundur K. Marinósson**
**Bentína U. Pálsdóttir**
**Kristinn Á. Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**KRISTINN J. B. GÚSTAFSSON**
**Dyrhömrum 18, Reykjavík,**

sem lést föstudaginn 8. nóvember verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju, miðvikudaginn 20. nóvember kl.13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á reikning krabbameinslækningadeildar Landspítalans við Hringbraut, 11E.
Reikningsnúmer 0323-13-700697, kt. 070474-3959.

**Ragna Hrönn Jóhannesdóttir**
**Guðlaug Þóra Kristinsdóttir**
**Jón Ólafur Ólafsson**
**Jóhannes Kr. Kristinsson**
**Inga Huld Hermóðsdóttir**
**Vala Lind Kristinsdóttir**
**Alexander Harrason**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**KRISTÍNAR ANDRÉSDÓTTUR**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu DAS í Laugarási fyrir hlýhug og góða umönnun.

**María Henley**
**Kristján Ólafsson**
**Valgerður Björk Einarsdóttir**
**Guðný Alda Einarsdóttir**
**Þórdís Heiða Einarsdóttir**
**Sturla Einarsson**
**Freyja Valgeirsdóttir**
**Andrés Einar Einarsson**
**Halldóra Berglind Brynjarsdóttir**
**Guðrún Björg Einarsdóttir**
**Helgi Guðjón Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# ERU MYGLU-SVEPPIR HEIMA HJÁ ÞÉR?

## FYRIRLESTUR UM RAKA OG MYGLU Í HÍBÝLUM

**Laugardaginn 16. nóvember í BYKO Breidd kl. 13 og 15.**

BOÐAÐU KOMU ÞÍNA HÉR BYKO.IS/MYGLUSVEPPUR*

Skráning er ekki skilyrði* - Allir velkomnir

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

hús&heilsa

FRUMKVÖÐLAR Í LAUSNUM Á RAKA OG MYGLU Í HÍBÝLUM

– Fagleg vinna byggð á vísindalegum grunni
– Mælingar, rannsóknir, fræðsla, ráðgjöf, eftirlit.

## Dagskrá:

- Sérfræðingar Húss og heilsu með fyrirlestur og svara spurningum.
- Kynning á hreinsiefnum og myglusveppaprófi.
- Sérfræðingar kynna lausnir og frágang í votrýmum.
- Agnar Snædahl veitir ráðgjöf um frágang á rakavarnarlögum með vörum frá SIGA.
- Leigumarkaður BYKO kynnir verkfæri.
- Kynning á lausnum og vörum frá Málningu.



Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir
sérfræðingur Húss & heilsu
B.Sc líffræði
Certified mold inspector CMI

Boðið verður upp á kaffi og kleinur fyrir gesti.

BOÐAÐU KOMU ÞÍNA HÉR BYKO.IS/MYGLUSVEPPUR*

Skráning er ekki skilyrði* - Allir velkomnir



facebook.com/BYKO.is

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa



✝

Ástkær móðir okkar, vinkona, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN INGIBJÖRG EIRÍKSDÓTTIR**
**Hlíð, Hjaltadal,**

lést á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki miðvikudaginn 13. nóvember. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 23. nóvember klukkan 14. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á gjafasjóð endurhæfingar hjá Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki.

**Kristján E. Björnsson** **Nanna V. Westerlund**
**Sigrún Ingvarsdóttir** **Davíð Hjaltested**
**Ingvar Guðnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Við þökkum öllum þeim sem sýndu okkur stuðning, hlýju og samúð vegna veikinda, andláts og útfarar elsku mömmu minnar, tengdamömmu og ömmu okkar,

**ÖNNU S. ÁRNADÓTTUR,**
**Hofakri 5, Garðabæ.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk L-4 á Landakoti fyrir einstakt viðmót, fagmennsku og hlýju í garð sjúklinga og aðstandenda. Þið eigið verðskuldað pláss í hjörtum okkar.

**Sigríður Anna Ásgeirsdóttir** **Atli B. Guðmundsson**
**Hugi Snær Hlynsson**
**Harpa Lind Atladóttir**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ARNHILDUR HELGA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Aratúni 32, Garðabæ,**

lést að heimili sínu þann 14. nóvember sl. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 22. nóvember kl. 13.00.

**Gunnar Gunnlaugsson**
**Gunnar Gunnarsson** **Harpa Karlsdóttir**
**Irma Mjöll Gunnarsdóttir** **Gunnar G. Bragason**
**Drífa Lind Gunnarsdóttir** **Davíð Ketilsson**
**Þuríður Elín Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi og bróðir,

**LÁRENTSÍNUS GUNNLEIFSSON**

er látinn. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 26. nóvember kl. 13.00.

**Unnur Árnadóttir**
**Árni Þór Lárentsínusson**
**Ragnhildur Dröfn**
**Khadija Ósk**
**Sara Kristín**
**Gunnar Lárent**
**Bræður og aðrir aðstandendur.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ALDA JÓNA SIGURJÓNSDÓTTIR**
**Hraunbæ 103, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 12. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Gísli Þór Tryggvason** **Inga Steina Guðmundsdóttir**
**Ólafur Þór Tryggvason** **Svanhvít Hlöðversdóttir**
**Sigurjón Þór Tryggvason**
**Tryggvi Þór Tryggvason** **Guðfinna Guðmundsdóttir**
**Rannveig Tryggvadóttir**
**Heimir Þór Tryggvason** **Ólafía Gústavsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR KRISTJÁNSSON**
**klæðskeri,**
**Múlasíðu 22, Akureyri,**

lést á dvalarheimilinu Hlíð 11. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Steinar Óli Gunnarsson** **Regína M. Siguróladóttir**
**Sólrún María Gunnarsdóttir** **Loftur Pálsson**
**börn og fjölskyldur.**



**SVANURINN Í STUÐI** Hér er sveitin að skemmta í Eldborg. MYND/BRYNJAR ÁGÚSTSSON

# Svanurinn á afmæli

## Lúðrasveitin Svanur heldur upp á 83 ára afmælið með tónleikum í Hörpu.

„Við verðum með æfingardag á afmælisdaginn þannig að það verður nóg að gera. Við verðum samt með fögnuð um kvöldið,“ segir Jón Ingvar Bragason, formaður Svansins, en Jón starfar dagsdaglega sem viðburðastjóri hjá skátunum en grípur reglulega í lúðurinn þess á milli.

Lúðrasveitin Svanur, sem heldur upp á 83 ára afmælið í ár, er fjörug sveit með um fimmtíu spilandi hljóðfæraleikara frá 15 til 60 ára. Sveitin var stofnuð 1930 og fagnar 83 ára afmæli sínu 16. nóvember. Stjórnandi Lúðrasveitarinnar Svans er Brjánn Ingason, fagottleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

„Við erum um 50-60 núna en við vorum bara svona 15 þegar Svanurinn var stofnaður.“

Lúðrasveitin stendur nú á tímamótum því fyrir dyrum standa flutningar af Lindargötu 48, þar sem sveitin hefur haft æfingahúsnæði síðastliðin 25 ár, í Mjóddina. Í tilefni þessara flutninga munu félagar skipuleggja skemmtilegar uppákomur í Breiðholtinu á nýju ári og vonandi í framtíðinni.

„Gæði og kraftur tónlistarinnar hafa komið eldri félögum í sveitinni skemmtilega á óvart og óhætt að segja að mikill metnaður sé fyrir tónleikunum,“ segir Jón Ingvar.

Svanurinn fer til Þýskalands annað hvert ár og leikur þar á lúðrasveitamóti þar sem þrjátíu lúðrasveitir víða að úr Evrópu koma saman. „Það er rosalega gaman að fara á þessi mót.“

Fram undan hjá Lúðrasveitinni Svani eru tónleikar í Norðurljósasal Hörpu á þriðjudaginn þar sem leikin verður tölvuleikjatónlist. „Við spilum tölvuleikjatónlist sem getur verið mjög flókin og erfið. Þarna verða mörg stór verk flutt úr leikjum eins Eve Online, World of Warcraft, Pokémon og Super Mario Bros,“ útskýrir Jón Ingvar. Tónleikarnir fara fram í Norðurljósasalnum í Hörpu og hefjast klukkan 20.00 og miðasala er á midi.is.

gunnarleo@frettabladid.is



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ÁGÚSTA WILHELMINA RANDRUP**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þriðjudaginn 12. nóvember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn 18. nóvember kl. 13.00. Sendum sérstakar þakkir til starfsfólks á D-deild HSS.

**Ingvar Georg Ormsson**
**Örn Wilhelm Randrup** **Petrína Bára Árnadóttir**
**Ormur Georgsson** **Lilija Kozlova**
**Ólafur Georgsson** **Sigurjóna Hauksdóttir**
**Emil Georgsson** **Ásta Gunnarsdóttir**
**Sigríður Helga Georgsdóttir** **Svavar J. Gunnarsson**
**Agnes Fjóla Georgsdóttir** **Sigurður Kristinsson**
**Ingvar Georg Georgsson** **Herdís Halldórsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



✝

Ástkær amma okkar og frænka,

**ANNA BJARNADÓTTIR**
**Lindargötu 57, Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 20. nóvember kl. 15.00.

**Bjarni Jónsson**
**Andrés Jón Esrason**
**og aðrir aðstandendur.**

✝

Kær faðir okkar,

**HUGI KRISTINSSON**

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 18. nóvember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á dvalarheimilið Hlíð.

**Anna Guðrún Hugadóttir**
**Hjalti Hugason og Ragnheiður Sverrisdóttir**
**Kristinn Hugason og Guðlaug Hreinsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**STEINUNN GUÐMUNDSDÓTTIR KRISTIANSEN**
**áður Njálsgötu 29 og Vesturgötu 7, Hjúkrunarheimilinu Eir,**

lést á Landspítalanum Fossvogi 12. nóvember. Útför hennar fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 22. nóvember kl. 13.00.

**Þorsteinn Kornelíus Kristiansen**
**Halldór Helgi Kristiansen** **Auður Magnúsdóttir**
**Þorgerður Mattía Kristiansen**
**Selma Ósk Kristiansen** **Helgi Kristjánsson**
**Helga Árdís Kristiansen**

**Ingólfur, Rakel og Samúel Kristian Kristiansen Þorsteinsbörn, Einar Halldórsson, Steinunn Björt, Heiðrún Arna og Árdís Björg Óttarrsdætur, Baldur og Bryndís Helgabörn, Marteinn Már, Baldur og Bragi Einarssynir**

**Karítas Svana, Aníta Rán og Leon Mikael Elfarsbörn, Helgi Jökull Arnarsson og Harriet Selma Baldursdóttir.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

**INGVELDUR SALÓME KRISTJÁNSDÓTTIR,**
**Hraunbrún 30, Hafnarfirði,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, föstudaginn 8. nóvember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 18. nóvember kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kristján Magnússon og Magnús Guðni Kuwahara Magnússon**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



✝

Þökkum hlýhug og kveðjur vegna andláts og útfarar

**KOLBRÚNAR BJARNADÓTTUR**
**kennara,**
**Ystafelli.**

**Jón, Regína, Helga, Erla og fjölskyldur.**

# Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp — NÚNA



## Sendu sms-ið barn í númerið 1900

til að styrkja neyðarstarf UNICEF um 1.900 krónur

**Söfnunarreikningur**
701-26-102040
kt. 481203-2950

www.unicef.is

unicef


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Kredit Kort
Nýtt kortatímabil
698
krónur 2.3 kg.
garciaBallester
798
krónur 2.3 kg.
Robin
Jóla
klementínurnar komnar !
369
krónur kg.
AMERÍSK RAUÐ EPLI Í LAUSU
AMIN.O ENERGY
NÝTT Í BÓNUS
3579
krónur 270g
AMIN.O ENERGY 270g
FJÓRAR BRAGÐTEGUNDIR
479
krónur 1.36 kg.
AMERÍSK RAUÐ SMÁEPLI Í POKA 1.36 KG.
459
krónur stk.
DÖNSK KERTI
18 x 7 SM
259
krónur stk
BÓNUS NORMALBRAUÐ 650g NÝBAKAÐ
249
krónur kg.
HOLLENSKAR CONFERENCEPERUR Í LAUSU
Doritos
198
krónur 170g
Feti
298
krónur 250g.
BÓNUS FETI Í KRYDDOLÍU
Í KRYDDOLÍU MEÐ ÓLÍFUM
Coca-Cola
pepsi MAX
pepsi
ÆÐI BITAR
198
krónur 200g
198 kr. kassinn 200g
Hraun BITAR
198
krónur 200g
198 kr. kassinn 200g
198
krónur 1.5 ltr
198
krónur 2 ltr
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Kredit Kort
Nýtt kortatímabil
NÝTT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU
KYCKLINGFILÉ
1579
krónur. 900g
EUROSHOPPER FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR
VINSÆLUSTU
KJÚKLINGABRINGURNAR Í VERSLUNUM BÓNUS
NÝ SLÁTRAÐ
BÓNUS
1298
krónur kg.
BÓNUS FERSKUR ÚRBEINAÐUR
GRÍSAHRYGGUR MEÐ PURU
BÓNUS
Grísabógur
NÝ SLÁTRAÐ
598
krónur kg.
BÓNUS GRÍSABÓGUR HRINGSKORINN
BÓNUS
Grísahakk
698
krónur KG.
BÓNUS GRÍSAHAKK
BÓNUS
BACON
1598
krónur kg
998
krónur kg.
BLANDAÐ HAKK NAUT / LAMB
100% HREINT KJÖT
FORKRYDDAÐ Í BRAUÐRASPI
TILBÚIÐ Á PÖNNNUNA
ÍSLANDS GRÍS
NÝTT Í BÓNUS
1498
krónur kg
FERSKAR ÚRB. GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
ÍSLANDS LAMB
NÝTT Í BÓNUS
1798
krónur kg
FERSKAR LAMBALÆRISNEIÐAR
Ali
Spareribs
GRÍSARIF- Spareribs
Foreldað þarf aðeins að hita
998
krónur kg
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
KOFARAREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
2998
krónur kg.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
KOFARAREYKTUR ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
1998
krónur kg.
KJARNAFÆÐI
Kofareyktur hangiframpartur með beini
1259
krónur kg.
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00



KL. 20:45 ÁSTRÍÐUR

Ástríður er nú orðin yfirmaður skilanefndar fjárfestingarbanka í borginni í þessum bráðskemmtilegu gamanþáttum.

# Frábært sunnudagskvöld

KL. 19:45

SJÁLFSTÆTT FÓLK

Í kvöld fylgir Jón Ársæll Dóru Takefusa austur á Seyðisfjörð þar sem hún er fædd og uppalin.



KL. 20:20

THE CRAZY ONES

Geggjaðir gamanþættir með Robin Williams og Sarah Michelle Gellar í aðalhlutverkum.



KL. 21:10

HOMELAND

Magnaðir spennuþættir sem unnu tvenn Emmy-verðlaun í ár.



KL. 22:00

BOARDWALK EMPIRE

Margverðlaunuð sería með Steve Buscemi í aðalhlutverki.



KL. 19:00

ÍSÖLD – HEIMSÁLFUHOPP

Frábær teiknimynd um þá Manny, Sid og Diego sem verða strandaglópar á borgarísjaka.



KL. 20:30

VAMPIRE DIARIES

Önnur þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 5 | 3 | 7 | | |
| 3 | | 5 | | | | | | 6 |
| 4 | 8 | 9 | | 7 | 1 | 2 | | |
| 9 | | | 2 | | | 6 | 5 | |
| | | | | 4 | | | | |
| | | 4 | 3 | 9 | 7 | | | |
| | | | | 2 | 4 | 5 | 7 | |
| | | | 8 | | 5 | | 6 | |
| 1 | | | | | | | 8 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 7 | | 4 | | 2 | | 6 |
| | | | | 9 | | | | 3 |
| 1 | 2 | 6 | | | | | | |
| | | 1 | 6 | | 2 | | | |
| | | | | 5 | | | 8 | |
| 2 | 4 | | 1 | | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 3 | | |
| | 5 | | | | 7 | 4 | | |
| 9 | 1 | | 4 | 2 | 5 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 8 | 2 | | |
| 9 | | | 1 | | | | 8 | |
| 1 | 8 | | | 5 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |
| | | 6 | | | | 7 | | |
| | | 4 | 9 | | 7 | 5 | | |
| | | | | 4 | | 8 | 3 | |
| 2 | | 8 | 6 | | | | 1 | |
| 3 | | | | 9 | 2 | 4 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 6 | 3 | 5 | 7 | 4 | 9 | 8 |
| 5 | 9 | 3 | 8 | 2 | 4 | 1 | 6 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 6 | 9 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 3 | 1 | 5 | 2 | 7 | 8 | 6 | 4 | 9 |
| 2 | 7 | 9 | 5 | 4 | 6 | 8 | 1 | 3 |
| 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 |
| 8 | 3 | 7 | 4 | 6 | 5 | 9 | 2 | 1 |
| 6 | 5 | 2 | 1 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 |
| 9 | 4 | 1 | 7 | 8 | 2 | 3 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 5 | 1 | 3 | 7 | 2 | 6 | 8 |
| 8 | 2 | 1 | 5 | 6 | 9 | 7 | 3 | 4 |
| 7 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 5 | 1 | 6 |
| 1 | 4 | 9 | 7 | 5 | 6 | 3 | 8 | 2 |
| 5 | 6 | 2 | 3 | 8 | 1 | 9 | 4 | 7 |
| 6 | 5 | 3 | 8 | 7 | 2 | 4 | 9 | 1 |
| 2 | 8 | 4 | 9 | 1 | 3 | 6 | 7 | 5 |
| 9 | 1 | 7 | 6 | 4 | 5 | 8 | 2 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 2 | 8 | 6 | 4 | 9 | 1 | 7 |
| 8 | 4 | 1 | 5 | 7 | 9 | 6 | 2 | 3 |
| 6 | 7 | 9 | 1 | 2 | 3 | 5 | 4 | 8 |
| 4 | 9 | 3 | 6 | 8 | 7 | 1 | 5 | 2 |
| 1 | 6 | 5 | 9 | 3 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 7 | 2 | 8 | 4 | 5 | 1 | 3 | 6 | 9 |
| 5 | 8 | 4 | 3 | 9 | 6 | 2 | 7 | 1 |
| 9 | 1 | 7 | 2 | 4 | 5 | 8 | 3 | 6 |
| 2 | 3 | 6 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Maðurinn, ólíkt dýrunum, hefur aldrei áttað sig á því að eini tilgangur lífsins er að njóta þess.**

*– Samuel Butler*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**

**2.** tóntegund, **6.** klafi, **8.** neitun, **9.** kjafi, **11.** tveir eins, **12.** box, **14.** afdrep, **16.** pot, **17.** svívirðing, **18.** lík, **20.** skst., **21.** brak.

**LÓÐRÉTT**

**1.** tónlistarstíll, **3.** öfug röð, **4.** nennuleysi, **5.** farfa, **7.** gera óvandlega, **10.** þrá, **13.** sjón, **15.** innyfla, **16.** mælieining, **19.** óð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** moll, **6.** ok, **8.** nei, **9.** kló, **11.** tt, **12.** kassi, **14.** skýli, **16.** ot, **17.** níð, **18.** hræ, **20.** fr, **21.** marr. **LÓÐRÉTT: 1.** rokk, **3.** on, **4.** letilíf, **5.** lit, **7.** klastra, **10.** ósk, **13.** sýn, **15.** iðra, **16.** ohm, **19.** ær.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Magnus Carlsen (2.870) vann Vishy Anand (2.775) í fimmtu skák heimsmeistaraeinvígis þeirra eftir smáónákvæmni Indverjans.**

**Hvítur á leik**



52. a4! (peðsfórn–eini leikurinn sem leiðir til vinnings.) 52...Kxe5 53. a5 Kd6 54. Hh7 Kxd5 55. a6 c4+ 56. Kc3 Ha2 57. a7 Kc5 58. h4 Kd5 og svartur gafst upp um leið. Carlsen hefur forystu, 3-2. Sjötta skákin fer fram í dag. **www.skak.is** EM landsliða lýkur um helgina.

# FÆRÐ ÞÚ ENDURGREITT?

## ALLIR SEM KAUPA SJÓNVARP 14.-18. NÓVEMBER GÆTU FENGIÐ TÆKIÐ ENDURGREITT!




### FJÖLDI GÓÐRA SJÓNVARPSTILBOÐA • NOKKUR DÆMI:




**FINLUX**

**Finlux 32FLY189B**
- 32" LED með 1366x768p upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn móttakari DVB-T+C
- Nicam Stereo hljóðkerfi
- USB, HDMI, Scart, Ci, S-video, PC tengi
- Heyrnartólstengi, S/PDIF, og CVBS tengi
- Með hótelstillingu

**69.990**




**FINLUX**

**Finlux 39FLHY189BV**
- 39" LED Full HD með 1920x1080p upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn móttakari DVB-T+T2+C
- Nicam Stereo hljóðkerfi
- USB, 2xHDMI, Ci, S-video, S/PDIF, PC tengi
- Heyrnartólstengi og CVBS tengi
- Með hótelstillingu

**89.990**




**Panasonic**

**Panasonic TXL42B6**
- 42" FHD IPS LED með 1920x1080p upplausn
- Vreal Pro myndtækni
- High Contrast filter
- DVB-T/C stafrænn móttakari (MPEG4)
- USB Mediaplayer
- Scart, 2x HDMI, Composite og RCA tengi
- Heyrnatólstengi. Optical út og CI rauf

**119.990**




**Panasonic**

**Panasonic TXL50BL6**
- 50" FHD IPS LED með 1920x1080p upplausn
- Vreal Pro myndtækni og 100Hz
- High Contrast filter
- DVB-T/C stafrænn móttakari (MPEG4)
- USB Mediaplayer og Smart TV
- Scart, 2x HDMI, Composite og RCA tengi
- Heyrnatólstengi. Optical út og CI rauf

**199.990**

*Fleiri sjónvarpstilboð á sm.is*

# Sjónvarpsmiðstöðin

ÁFRAM ÍSLAND

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# Forkristin heimsmynd og ástir

**Sögusamkoma verður í Hannesarholti á morgun. Þar munu Gísli Sigurðsson og Gunnar Karlsson ræða nýútkomnar bækur sínar, Leiftur frá horfinni öld og Ástarsögu Íslendinga. Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur mun stýra umræðum.**

„Við Gunnar ætlum að vera þarna með smáskemmtiatriði,“ segir Gísli sposkur þegar spurt er um hvað dagskráin í Hannesarholti snúist. „Ég veit náttúrulega ekkert hvað Gunnar ætlar að gera, en ég ætla að reyna að vera skemmtilegur og tala um hvers vegna við látum eins og við látum með handritin. Varpa ljósi á það hvað það er sem er svona merkilegt við þetta.“

Og hvað er svona merkilegt? „Það er þetta einstaka innihald. Hvergi annars staðar tókst fólki á miðöldum að skrá þessa fornu forkristnu heimsmynd sína, þessa goðfræðilegu túlkun á veruleikanum, með skipulegum hætti á bækur. Þetta eru einu bókmenntirnar sem lýsa þessum alfyrsta fundi mannsins við náttúruna og ekki er síður merkilegt að finna beinlínis upp nýtt bókmenntaform til að miðla þessum sögum. Íslendingasögurnar líkjast ekki neinu öðru, án þess að ég sé að gera lítið úr því að auðvitað spruttu þær upp úr jarðvegi þess sem á undan var komið. Þetta er nú í örstuttu máli það sem ég mun fjalla um á sunnudaginn.“

Gunnar Karlsson er á örlítið öðrum nótum í sinni bók, Ástarsögu Íslendinga, þar sem hann beinir sjónum lesenda að sögu tilfinninganna og fjallar um ástir Íslendinga á tímabilinu 870 til 1300. Að loknum framsöguerindum þeirra félaganna mun Vilborg Davíðsdóttir, þjóðfræðingur og rithöfundur, stýra umræðum sem Gísli segist vonast til að áheyrendur taki virkan þátt í.

fridrikab@frettabladid.is



**SPEKINGAR SPJALLA** Gunnar Karlsson og Gísli Sigurðsson ræða nýútkomnar bækur sínar í Hannesarholti á morgun. Vilborg Davíðsdóttir stjórnar umræðum.

# Svakalega virðuleg athöfn

**Davíð Örn Halldórsson myndlistarmaður tók við 1,8 milljóna króna styrk á Carnegie Art Awards verðlaunaafhendingunni á fimmtudagskvöld.**

Hin virtu verðlaun Carnegie Art Award voru afhent á fimmtudagskvöld í Svíþjóð. Handhafi þessara virtu verðlauna var norski myndlistarmaðurinn Dag Erik Elgin og fékk hann í sínar hendur eina milljón sænskra króna eða um 18 milljónir íslenskra króna. Önnur og þriðju verðlaun hlutu dönsku og sænsku myndlistarmennirnir Sophie Totte og A. Kassen. Íslendingar áttu sinn fulltrúa á verðlaunaafhendingunni. Myndlistarmaðurinn Davíð Örn Halldórsson tók við 1,8 milljóna króna styrk frá Carnegie-sjóðnum en styrkurinn er afhentur ungum listamanni sem þykir skara fram úr á sínu sviði. Fréttablaðið heyrði í Davíð Erni sem flaug beint frá Svíþjóð til Þýskalands eftir að hafa tekið við styrknum. „Þetta var virkilega flott athöfn, svakalega virðuleg og margir listamenn viðstaddir,“ sagði Davíð. Hann sagði afar jákvætt fyrir sig sem listamann að hljóta þennan styrk og nú þegar hefði Carnegie-sjóðurinn fjárfest í nokkrum verka hans. Carnegie-verðlaunin voru sett á laggirnar árið 1998 af Carnegie fjárfestingabankanum og er markmið þeirra að verðlauna og styrkja það markverðasta í norrænni myndlist auk þess að styðja við bakið á ungum listamönnum.

- sb



**DAVÍÐ ÖRN** Hlaut styrk frá Carnegie-sjóðnum.




# Heljarstökk eftir hljómborði í Salnum

TÓNLIST ★★★★☆

**Píanóleikararnir Aladar Rácz og Peter Maté**
Dagskrá ættuð frá Ungverjalandi
**HÁDEGISTÓNLEIKAR Í SALNUM Í KÓPAVOGI MIÐVIKUDAGINN 13. NÓVEMBER**

Tuttugu fingur ruku yfir eitt hljómborð á hádegistónleikum í Salnum í Kópavogi í hádeginu á miðvikudaginn. Eigendur fingranna voru þeir Aladar Rácz og Peter Maté. Þeir eru báðir af ungverskum ættum og tónlistin sem fingur þeirra miðluðu var það einnig. En þó ekki. Ungversku dansarnir á efnisskránni voru t.d. eftir Jóhannes Brahms sem var þýskur. Brahms samdi alla umgjörðina í kringum stefin, en þau byggjast samt á ungverskum lögum. Þarna var líka sálmur eftir annan Þjóðverja, Jóhann Sebastian Bach, en reyndar í útsetningu Ungverjans Györgi Kurtágs.

Tónleikarnir hófust á verki eftir hinn ungverska Franz Liszt. Það var Hátíðarpólónesa, en pólónesa er pólskur dans í þrískiptum takti. Hátíðarpólónesan hans heyrist ekki oft. Eins og flest annað eftir hann einkennist hún af glæsimennsku, flottum tónahlaupum, háskalegum heljarstökkum upp og niður hljómborðið. Liszt fæddist árið 1811 og sumir hafa sagt að hann hafi verið fyrsta poppstjarnan. Hann var heimsfrægur píanóleikari sem svo miklum ljóma stafaði af að sumar konur féllu í yfirlið þegar hann steig fram á sviðið.

Fullt af ungmennum var á tónleikunum nú, en ég gat ekki séð að nokkur þeirra væru borin út í ofboði þegar Liszt var leikinn! Engu að síður var túlkunin flott, samspilið nákvæmt og öruggt – það gneistaði af flutningnum. Einmitt þannig á Liszt að hljóma.

Sálmurinn eftir Bach, Aus tiefer Not schrei' ich zu dir, var líka prýðilega fram settur. Flestir sálmar Bachs eru þrungnir andakt, en engu að síður var túlkunin nú tilfinningarík, án þess að vera tilgerðarleg. Ég hef einmitt heyrt svona



**PETER MATÉ LÉK ÁSAMT** Aladar Rácz í salnum. Jónas Sen er yfir sig hrifinn.

tónsmíðar eftir Bach í útsetningu Kurtágs þar sem tilgerðin hefur lekið af hverjum tóni. Ekki nú. Hér var flutningurinn blátt áfram og einlægur, það var eitthvað fallega elskulegt við hann.

Um ungversku dansana eftir Brahms (nr. 4, 6 og 3) þarf ekki að hafa mörg orð. Þetta er það allra vinsælasta sem Brahms samdi, tónlist sem þeir Peter og Aladar spiluðu afburðavel. Túlkunin var rytmísk og full af snerpu; tæknileg atriði, svo sem eins og hraðar, glitrandi nótnarunur og samspil var allt saman pottþétt. Sömu sögu er að segja um tvo dansa eftir Ungverjann Leo Weiner, þeir voru báðir kraftmiklir og grípandi, léttir og leikandi.

Aukalagið var útsetning eftir Vilberg Viggósson á íslensku þjóðlagi. Vilberg hefur gert margar frábærar útsetningar sem eru vinsælar hjá lengra komnum píanónemendum. Þær eru smekklegar og hugvitsamlegar, oft skreyttar húmor. Útsetningin nú var fullkominn endir á líflegri dagskrá.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Sérlega skemmtilegir tónleikar með tveimur píanóleikurum í fremstu röð.



REFURINN
Spennuþrungið, reifarakennt og margrætt
Pantaðu ljúffengar veitingar til að njóta fyrir sýningu eða í hléi
Frumsýnt í kvöld kl. 20 UPPSELT
lau 16/11 kl. 20 UPPSELT
sun 17/11 kl. 20 UPPSELT
lau 23/11 kl. 20 UPPSELT
sun 24/11 kl. 20 UPPSELT
þri 26/11 kl. 20 UPPSELT
lau 30/11 kl. 20 UPPSELT
þri 3/12 kl. 20 UPPSELT
mið 4/12 kl. 20 UPPSELT
lau 7/12 kl. 20 UPPSELT
þri 10/12 kl. 20 UPPSELT
mið 11/12 kl. 20 UPPSELT
lau 21/12 kl. 20 örfá sæti
ODDI
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið



Minjastofnun Íslands
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr
fornminjasjóði
fyrir árið 2014

Minjastofnun Íslands úthlutar styrkjum úr fornminjasjóði.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum, sbr. reglur nr. 321/2013. Úthlutað er styrkjum til eftirfarandi verkefna

- Rannsókna á fornminjum (fornleifum og forngripum)
- Miðlunar upplýsinga um fornminjar
- Varðveislu og viðhalds fornminja

Sjóðnum er jafnframt heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja.

Umsóknir eru metnar með tilliti til vísindalegs– og menningarsögulegs gildis og þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið í minjavernd, ásamt gildi þeirra fyrir varðveislu þjóðararfleifðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

**Umsóknarfrestur er til 5. janúar 2014. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.**

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu unnin í samræmi við lög nr. 80/2012 og reglur stofnunarinnar og í samræmi við innsend umsóknargögn.

Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
fornminjasjodur@minjastofnun.is




**ÓVANALEG SÝNING** Sýningin er í almenningnum í Hörpu, aðgangur er ókeypis og að sjálfsögðu allir velkomnir, að sögn Halldórs.

# Þróun byggingarlistar í aldarfjórðung

Að móta Evrópu: Byggingarlist í 25 ár nefnist sýning sem opnuð verður í Hörpu í dag. Þar gefur að líta líkön, teikningar og myndir af þeim byggingum sem hlotið hafa Mies van der Rohe-verðlaunin síðastliðin 25 ár.



**HALLDÓR GUÐMUNDSSON**

„Þetta er afar skemmtileg sýning," segir Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu, um sýninguna Að móta Evrópu: Byggingarlist í 25 ár. Verðlaun Evrópusambandsins fyrir samtíma byggingarlist – Mies van der Rohe-verðlaunin 1988-2013, sem opnuð verður í Hörpu í dag. Harpa hlaut sem kunnugt er þessi virtu verðlaun fyrr á þessu ári og er það kveikja þess að sýningin er sett upp hér.

„Sýningin kemur til okkar frá Barcelona og var gerð í tilefni þess að þessi evrópsku arkitektúrverðlaun eru 25 ára," útskýrir Halldór. „Sett hefur verið saman sýning þar sem allar verðlaunabyggingarnar eru auk margra tilnefndra bygginga víðs vegar að úr Evrópu, en í allt eru 44 líkön á sýningunni, fyrir utan spjöld með ýmsum fróðleik."

Halldór segir sýninguna gefa ótrúlega skemmtilegt yfirlit um evrópska byggingarlist síðasta aldarfjórðunginn. „Það sem gerir þessa sýningu óvanalega í íslensku samhengi er sá mikli fjöldi af líkönum bygginga sem þarna er til sýnis, við erum vanari ljósmyndum og teikningum, sem vissulega eru með hér líka."

Sýningin er í almenningnum í Hörpu, aðgangur er ókeypis og að sjálfsögðu allir velkomnir, að sögn Halldórs. Henni lýkur í janúar.

**fridrikab@frettabladid.is**


PRJÓNAHÓF




GRÉTA SÖRENSEN

Í tilefni af útgáfu **Prjónabiblíunnar** stórglæsilegu verður efnt til útgáfuhófs sunnudaginn **17. nóvember kl. 14** í Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi.

- **Léttar veitingar í boði**
- **Prjónaprufurnar úr bókinni verða til sýnis**
- **Kynning frá Ömmu mús**

VONUMST TIL AÐ SJÁ SEM FLESTA

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*


# Ádeila á raunveruleikann

LEIKLIST ★★★☆☆

**Sá á fund sem finnur sig**
Stúdentaleikhúsið
**LEIKSTJÓRI: PÉTUR ÁRMANNSSON**



**STÚDENTALEIKHÚSIÐ** sýnir Sá á fund sem finnur sig. MYND/IONA SJÖFN

Sá á fund sem finnur sig er nýtt íslenskt sviðsverk í uppsetningu Stúdentaleikhússins sýnt á Dansverkstæðinu við Skúlagötu. Verkið fjallar um leikarana sjálfa sem allir vilja „finna sig". Þeir taka þátt í keppni um það hver sé bestur og fljótastur í að finna sig og áhorfendur fylgjast með ferlinu. Áhorfendum er falið að hafa áhrif á hver stendur uppi sem sigurvegari keppninnar að lokum og á þá leið er þeim ögrað til þess að leggja eigin skilning í verkið.

Hér er ekki um að ræða leiksýningu í hefðbundnum skilningi þess orðs heldur það sem kallast „performans". Þá styðjast leikarar við leikkerfi, búninga og myndbandstækni. Hver sýning verður einstök því það virðist vera tilviljunarkennt hverjir fá að tjá sig og hve lengi hverju sinni. Verkið er tilraunakennt en sem „performans" er það í hefðbundnari kantinum.

Hugmyndasmiður og leikstjóri er Pétur Ármannsson. Pétri tekst vel að draga fram hæfileika hinna ófaglærðu leikara. Til dæmis var Ásthildur skemmtilega fjarverandi og veruleikafirrt í hlutverki sínu sem kynnir keppninnar og Grétar var sannfærandi sem einlægur einstaklingur sem ekki virtist auðveldlega ginnkeyptur gylliboðum þáttarstjórnenda. Einnig var spænskumælandi leikari í keppninni, Marjan, sem virtist ekki alveg skilja hvað var um að vera. Þá gilti einu hvort áhorfandinn skildi spænsku. Leikararnir voru hver og einn sannfærandi sem „þeir sjálfir" og skiluðu hlutverkum sínum með sóma.

Í verkinu er tekist á við hugmyndir um raunveruleikann. Um er að ræða ádeilu á samfélagið, raunveruleikasjónvarp og peningahyggju. Leikararnir vinna með ímyndir og leitina að sjálfum sér um leið og þeir keppast um athygli áhorfenda. Það leiðir þá á hálan ís, því hver sá sem keppist um athygli getur fljótlega orðið yfirborðskenndur eða ýktur. Sumir nota veikleika sína til þess að fá athygli á meðan aðrir ljúga kannski til þess? Ramminn utan um sýninguna er skýr en stefnuleysi lýsir ástandi leikaranna, enda um ringlaða einstaklinga að ræða. Sýningin nær ekki nægilega alvarlegum undirtóni til þess að hreyfa við áhorfendum en leikgleðin er mikil og boðskapurinn kemst til skila í gegnum húmor.

Umgjörð og leikmynd er einföld. Með myndbandstækni skapast ákveðin ringulreið sem getur verið skírskotun í samtímann. Ringulreiðin verður þó heldur mikil í lokin. Sýningin virkar óraunveruleg þótt hún fjalli um veruleikann og sýnir þannig ástand fáránleika. Einnig er ýmsum fáránlegum blæbrigðum fléttað inn í „söguþráðinn" sem gefur sýningunni mikið.

**Eva Guðrún Gunnbjörnsdóttir.**

**NIÐURSTAÐA:** Kómískur performans sem ögrar áhorfendum með ádeilu á raunveruleikann. Skemmtileg sýning sem vekur til umhugsunar. Vel gert áhugaleikhús.

# GERSEMI






„... hér er hann í sínu allra besta formi ...“

FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR / VÍÐSJÁ

★★★★

„Þessi bók er afar vel skrifuð.“

RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON / PRESSAN.IS

„Lýtalaus, spennandi, hugsana- og tilfinninga-vekjandi saga.“

ÞORGEIR TRYGGVASON

„Bókin er áhrifamikil og heldur lesandanum föngnum frá upphafi til enda ... Klárlega skyldulesning.“

GUÐMUNDUR GUNNARSSON / EYJAN.IS

JPV ÚTGÁFA

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*

# MIKIÐ ÚRVAL AF KERTUM

## af öllum stærðum og gerðum






Vnr. 51880210-79
System led seríur, frábært ljósadíóðukerfi til skrautlýsinga utandyra. Úrval af keðjum, grýlukertum, gardínum, netum, ljósaslöngum og fylgihlutum þar sem allar einingar innan kerfisins eru samtengjanlegar.

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**



Vnr. 88165979
Snjóbolti með 50 ljósum, 12 cm.
**1.490kr.**



Vnr. 88166753
Kúla með snjókornum, 10 ljós, 10 cm.
**1.690kr.**



Vnr. 88167391
Stjarna með perlum og 10 ljósum, 30 cm.
**2.990kr.**



Vnr. 51880333
FLINGA gluggaskraut.
**4.690kr.**



Vnr. 88166910
Ljósahringur með 120 ljósum, 40 cm.
**5.990kr.**



Vnr. 88165989-91
Aðventuljós, 7 ljós.
**1.490kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.




*Mikið úrval af jólavöru á lægra verði*

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
















www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

facebook.com/BYKO.is



**BÍÐUR SPENNTUR** Rúnar getur ekki beðið eftir að horfa á lokaþátt Ástríðar 2 á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**SÆT SAMAN** Rúnar Freyr og leikkonan Þóra Karítas Árnadóttir leika par í seríunni.



**SÆTIR SAMAN** Kjartan Guðjónsson og Björn Hlynur Haraldsson slaka á.



**HVAÐ ER AÐ GERAST HÉR?** Leikarar sprella á setti.

# Konan getur ekki horft á þættina

Síðasti þáttur í annarri seríu af Ástríði fer í loftið á sunnudaginn á Stöð 2. Leikarinn Rúnar Freyr Gíslason leikur Svein Torfa og lýsir Rúnar honum sem sætu greyi. Hann segir hins vegar að kona sín geti ómögulega horft á hann á skjánum.

„Sveinn Torfi er spes náungi þannig að ég var með hálfgerðan aulahroll allan tímann sem ég var að leika í seríunni. En ég kann voðalega vel við hann. Hann er sætt grey sem meinar vel. Hann bara kemur sér í vandræði með því að flækja allt,“ segir leikarinn Rúnar Freyr Gíslason. Hann er búinn að horfa spenntur á seríuna síðustu vikur og ætlar ekki að missa af lokaþættinum á sunnudag.

„Mér finnst gaman að horfa á þetta og ég veit ekkert hvað gerist nema bara í mínum senum. Ég veit ekkert hvernig þetta endar en auðvitað veit ég hver örlög minnar persónu eru. Ég held að fólk eigi eftir að gaman af því,“ segir Rúnar. Konan hans á hins vegar erfitt með að horfa á sinn heittelskaða á skjánum.

„Konan mín getur ekki horft á þetta. Hún lætur í alvöru teppi yfir andlitið á sér og á erfitt með að horfa á mig nokkrar mínútur eftir þátt. Vinkonur hennar eru líka búnar að vera að spá hvort ég sé svona í alvörunni,“ bætir Rúnar við léttur í bragði. Hann er ánægður með velgengni seríunnar.

„Það eru margir að tala mjög vel um þættina og margir sem vona að þriðja serían verði búin til. Það er gaman þegar vel gengur – það er alls ekki sjálfgefið.“

liljakatrin@frettabladid.is



**KÓSÍHEIT** Kjartan Guðjónsson, Guðbjörg Thoroddsen og Ilmur Kristjánsdóttir samrýmd á setti.






**BÖRNIN HANS HEMMA** Þórður Norðfjörð, Eva Laufey, Edda og Sigrún brostu sínu blíðasta í útgáfuteitinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**VINIR HEMMA** Halldór í Henson, stórvinur Hemma, og Guðleifur Long. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÆSKUVINUR OG HÖFUNDUR** Sveinn Guðjónsson, æskuvinur Hemma, ásamt Orra Páli Ormarssyni.

# Hemma Gunn minnst

Mannmargt var í útgáfuteiti bókarinnar Sonur þjóðar eftir Orra Pál Ormarsson, sem fjallar um líf og störf hins ástsæla Hermanns Gunnarssonar, sem lést fyrr á þessu ári.

Hermann, sem flestir þekkja betur sem Hemma Gunn, hafði einstakt lag á að sjá það spaugilega í tilverunni en líf hans var enginn dans á rósum. Hann lenti snemma í klóm Bakkusar, upplifði einelti og missti ástina í lífi sínu snemma á lífsleiðinni. Hann var afreksmaður í íþróttum og einn vinsælasti skemmtikraftur og fjölmiðlamaður landsins. Vinna við bókina hófst í mars 2012 en auk frásagnar Hemma sjálfs segja tæplega þrjátíu samferðamenn hans frá kynnum sínum af honum.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? LAUGARDAGUR

**Tónleikar**

**22.00** Ellen Kristjánsdóttir og dætur skemmta á Café Rosenberg kl. 22.

**23.00** Bandaríski tónlistarmaðurinn Roland Hartwell leikur og syngur á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8, laugardaginn 16. nóvember klukkan 23.00.

**Fræðsla**

**13.00** Laugardaginn 16. nóvember efnir Ljósmyndasafn Reykjavíkur, í samstarfi við Nýherja, til kynningar þar sem sérfræðingar munu fjalla um ólíka möguleika til að varðveita okkar ljósmyndir og hættur sem við ættum að forðast við meðhöndlun þeirra. Kynningin fer fram í Ljósmyndasafni Reykjavíkur frá 13-15.

**Sýningar**

**14.00** Laugardaginn 16. nóvember kl. 14.00 opnar Ragnar Hólm sýningu á nýjum vatnslitamyndum í Populus tremula. Heiti sýningarinnar, Dagur með Drottni, vísar til himneskrar fegurðar íslenskrar náttúru. Þetta er sjötta einkasýning Ragnars.

**14.00** Laugardaginn 16. nóvember kl. 14 opnar myndlistarmaðurinn Jón Laxdal Halldórsson sýningu með nýjum verkum í Flóru, Hafnarstræti 90 á Akureyri.

**16.00** Laugardaginn 16. nóvember kl. 16 munu Guðrún Kristjánsdóttir myndlistarmaður, Daníel Bjarnason tónskáld og Ólafur Gíslason listfræðingur vera með leiðsögn um sýninguna VATN sem nú stendur yfir í Hallgrímskirkju.

**Hátíðir**

**10.00** Dagur íslenskrar tungu verður haldinn hátíðlegur á Gljúfrasteini. Opið verður laugardaginn 16. nóvember frá 10-17 og er aðgangur ókeypis.

**Upplestur**

**15.00** Bókmenntaklúbburinn Hana-nú verður með ljóðalestur í Bókasafni Kópavogs, Hamraborg 6a, 1. hæð. Klúbburinn er 30 ára um þessar mundir og í tilefni af því og degi íslenskrar tungu lesa félagar ljóð eftir sjálfa sig og aðra. Allir eru velkomnir og hvattir til að mæta.

**Kvikmyndir**

**15.00** Laugardaginn 16. nóvember kl. 15, á degi íslenskrar tungu, verður heimildarmyndin „Hver var Jónas?“ sýnd í Kamesi Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15. Þetta er leikin heimildamynd um Jónas Hallgrímsson og eru Steinn Ármann Magnússon, Valdimar Örn Flygenring og Þröstur Leó Gunnarsson meðal leikenda. Sýningartími myndarinnar er 70 mínútur.

**Bókmenntir**

**14.00** Bókin Reykjavík eftir Gérard Lemarquis, sem Signal Books í Bretlandi gefur út, verður kynnt í Bókabúðinni Sjónalind, Bergstaðastræti 7.

**Dansleikir**

**15.00** Vikivaki verður stiginn í Þjóðminjasafni í tilefni af degi íslenskrar tungu. Unnur Guðjónsdóttir stýrir dansinum og eru gestir hvattir til að taka þátt.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

## EKKI MISSA AF

***Ágústa styrkir UNICEF***
**Kringlan**

Ágústa Dómhildur Karlsdóttir leikur á fiðlu í Kringlunni á sunnudag frá 15 til 17 til styrktar Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF.

# SUNNUDAGUR

**Tónleikar**

**17.00** Þær Kristín R. Sigurðardóttir sópran og Heiðrún Kristín Guðvarðardóttir mezzósópran syngja nokkrar fagrar Ave Maríur og fleiri ljúf lög á tónleikum í Háteigskirkju, laugardaginn 16. nóvember, klukkan 17. Julian M. Hewlett leikur með þeim á píanó.

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, sunnudaginn 17. nóvember klukkan 17.00.

**17.00** Requiem eftir Gabriel Fauré og fleira eyrnakonfekt. Kór Hjallakirkju. Laufey H. Geirsdóttir sópran, Eiríkur H. Helgason bassi, Elísabet Waage hörpuleikari og Örn Magnússon orgelleikari. Stjórnandi Jón Öl. Sigurðsson Sjá hjallakirkja.is. Aðgangseyrir kr. 2.500.

**20.00** Tónlist tungumálsins er yfirskrift annarra tónleika vetrarins í tónleikaröðinni Hljóðön í Hafnarborg sem haldnir verða sunnudaginn 17. nóvember kl. 20. Fram koma Marie Guilleray söngkona og Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari, sem leiða hlustendur inn í tónlistina sem býr innan í og að baki tungumálinu.

**20.00** Á tónleikum Kórs Langholtskirkju sunnudaginn 17. nóvember kl. 20 verða verk stjörnutónskáldsins Eric Whitacre í brennidepli.

**Fræðsla**

**15.00** Rósa Gísladóttir myndlistarmaður og Ólafur Gíslason listfræðingur og fyrrverandi listgagnrýnandi munu ræða saman og við gesti um skúlptúrverk Rósu á sýningu hennar í Listasafni Árnesinga klukkan 15.

**16.00** Tveir fyrir einn á aðgangseyri í Þjóðminjasafn, ókeypis fyrir yngri en 18 ára. Fjölbreyttar sýningar og skemmtilegir ratleikir í boði!

**Kvikmyndir**

**15.00** MÍR, Hverfisgötu 105, sýnir tvær heimildamyndir um rússneska tónskáldið Dmitri Shostakovitsj. Stjórnandi beggja myndanna var Alexander Sokúrov, einn kunnasti kvikmyndagerðarmaður Rússa, höfundur kvikmyndanna Alexandra, Rússneska örkin og Faust m.a. Enskur texti og íslenskt tal. Aðgangur ókeypis.

**Dansleikir**

**20.00** Dansað verður í félagsheimili eldri borgara í Stangarhyl 4 í Reykjavík næstkomandi sunnudagskvöld kl. 20.00-23.00. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 1.500 kr. fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



# Ólíkleg pör í stjörnuheimum

**„Ástin spyr hvorki um stétt né stöðu, ástin fæst hvorki keypt né seld,“ eins og ballöðukóngurinn Björgvin Halldórsson söng svo eftirminnilega. Þessi orð eiga vel við þessi frægu pör sem náðu saman þrátt fyrir að vera afar ólík. Það sannar víst hið fornkveðna – andstæður laðast saman.**



**RAPPARINN OG SJÓNVARPSKONAN** Sjónvarpskonan Chelsea Handler og rapparinn 50 Cent áttu í sambandi eftir að tónlistarmaðurinn var gestur í sjónvarpsþætti hennar árið 2010. Sambandið entist þó ekki lengi.



**ELDHEITT ÁSTARSAMBAND** Leikarinn Tom Cruise og söngkonan Cher deituðu í byrjun níunda áratugarins og hefur Cher látið hafa það eftir sér að hann hafi verið frábær elskhugi.



**BARA VINIR** Margir hafa haldið því fram að leikkonan Brooke Shields og poppkóngurinn Michael Jackson hafi átt í ástarsambandi en Brooke segir að þau hafi bara verið vinir.



**FERGIE VAR Á UNDAN BRITNEY SPEARS** Justin Timberlake var afar hrifinn af söngkonunni Fergie þegar hann var 16 en hún 23 ára. Þetta var áður en Justin byrjaði með poppprinsessunni Britney Spears.



**STORMASAMT SAMBAND** Leikarinn Sean Penn og söngkonan Madonna kynntust árið 1985 og voru saman um tíma. Sambandið var stormasamt en mjög ástríðufullt.



**60 ÁRA ALDURSMUNUR** Sextíu ára aldursmunur er á Playboykónginum Hugh Hefner og eiginkonu hans Crystal Harris.



**ÁSTIN SPYR EKKI UM ALDUR** Ástin spyr ekki um aldur og það sannast í tilfelli athafnakonunnar Mary Kate-Olsen og milljónamæringsins Oliviers Sarkozy enda sautján ára aldursmunur á þeim. Þau byrjuðu saman í fyrra og logar ástareldurinn enn.






## Bieber biðst afsökunar

Bieber olli usla á tónleikaferðalagi sínu í Argentínu.

Justin Bieber hefur beðist afsökunar opinberlega og vonar að Argentínumenn geti fyrirgefið honum. Nú þykir líklegt að uppátækið muni verða til þess að hann þurfi að biðjast afsökunar frammi fyrir dómara.

Justin Bieber, poppstjarnan unga, stendur frammi fyrir tveimur ákærum eftir tónleikaferðalagið til Argentínu, auk þess sem hann lenti í veseni fyrir að stunda veggjakrot í Brasilíu og Kólumbíu.

Lögfræðingur sakar Bieber um að hafa sent lífverði sína til þess að ráðast að ljósmyndara fyrir utan skemmtistað í Búenos Aíres. Annar sakar hann um að hafa svívirt þjóðfánann með því að draga tvo argentínska fána eftir sviðinu. Fari málið fyrir rétt og verði Bieber fundinn sekur, gæti það þýtt allt að fjögur ár í fangelsi.



**STENDUR FRAMMI FYRIR ÁKÆRUM** Bieber er meðal annars sakaður um að hafa svívirt argentínska þjóðfánann. AFP/NORDICPHOTOS

Bieber baðst afsökunar á Twitter í gær. Hann sagði meðal annars að hann myndi aldrei gera neitt vísvitandi til þess að vanvirða Argentínu. - ósk

## Jake Gyllenhaal meiddist við tökur

Íslandsvinurinn og leikarinn kýldi í gegnum spegil.

Jake Gyllenhaal var lagður inn á spítala fyrr í vikunni eftir að hafa kýlt spegil við tökur á kvikmyndinni Nightcrawler í Los Angeles.

Leikarinn og Íslandsvinurinn var við tökur þegar slysið átti sér stað. Atriðið sem var verið að taka er með þeim ákafari í myndinni. Hann meiddist á hendi og var sendur til frekari aðhlynningar. Í atriðinu lítur Jake í spegil og kýlir í gegnum hann í bræði. Gyllenhaal virðist hafa lifað sig vel inn í karakterinn, fyrst svona fór.

Gyllenhaal, sem er þrjátíu og tveggja ára, þurfti að láta sauma nokkur spor en sneri aftur í vinnuna nokkrum klukkutímum síðar.

Leikarinn er þekktur fyrir að lifa sig inn í hlutverk sín, en hann er nú á ströngu mataræði til þess



**VIÐ TÖKUR** Jake Gyllenhaal er nú við tökur á nýjustu kvikmynd sinni, Nightcrawler. AFP/NORDICPHOTOS

að léttast tíu kíló fyrir hlutverk sitt í Nightcrawler, þar sem hann kemur til með að leika blaðamann sem sérhæfir sig í glæpum. - ósk




Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-16
Sunnudaga: 13-17

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • Laugardaga: 11-18
Sunnudaga: 12-18

ÚTVARPSSTÖÐIN X-IÐ HELDUR UPP Á 20 ÁRA AFMÆLI UM ÞESSAR MUNDIR



**1993** Á þessari mynd eru þeir Davíð Þór Jónsson og Jakob Bjarnar Grétarsson sem stýrðu þættinum Górillunni. Þættirnir voru sendir út á samtengdum rásum Aðalstöðvarinnar og X-ins.



**1996** Hér er Þorsteinn Hreggviðsson, betur þekktur sem Þossi, í hljóðveri X-ins í ágúst. Þarna er X-ið þriggja ára gamalt. Þossi gegndi veigamiklu hlutverki á stöðinni í fjölda ára.

X 97·7



**1998** Þátturinn Partý Zone naut mikilla vinsælda á X-inu. Hér er verið að halda upp á átta ára afmæli þáttarins, í október. Þáttarstjórnendurnir Kristján Helgi Stefánsson og Helgi Már Bjarnason með tveimur vinum.



**2002** Þetta eru Reynir Pálsson, sem var með þáttinn Breakbeat, Baldur Ingi Baldursson, sem var með Fönkþáttinn, Róbert Aron Magnússon, sem var með Chronic, Frosti Logason, sem var með Babylon, og Andri Freyr Viðarsson, sem stýrði Karate.

# Rokk og ról útvarp í öllum skilningi

Þorsteinn Hreggviðsson, betur þekktur sem Þossi, segir lítinn glamúr hafa verið yfir útvarpsrekstri X-ins í byrjun. Hann segir X-ið hafa nýtt sér rúm á markaðnum, spilað tónlist sem fólk vildi heyra. Hann segir X-ið hafa verið allt í öllu í skemmtanalífi Reykjavíkur.

**Kjartan Atli Kjartansson**
kjartanatli@frettabladid.is

„Í upphafi var X-ið meira grundvöllur fyrir ýmsar jaðartónlistarsenur til að koma sínu á framfæri. Þetta var jaðartónlist úr öllum áttum og lítil sameiginleg stefna,“ segir útvarpsmaðurinn Þossi um upphafsár X-ins, útvarpsstöðvarinnar vinsælu. Hann segir X-ið hafa verið að svara mikilli þörf. „Það var klárlega pláss á markaðnum fyrir svona stuð. Í þessa daga var varla hægt að heyra Led Zeppelin í útvarpinu, það þótti of þungt. Á X-inu heyrðist líka danstónlist, rapptónlist, funk og fleira sem var hvergi hægt að heyra annars staðar.“



**ÞORSTEINN HREGGVIÐSSON**

Að sögn Þossa var húsnæði ansi nöturlegt í árdaga útvarpsstöðvarinnar. „Við vorum í húsi við Aðalstræti sem var að hruni komið. Allt mjög nöturlegt. Tækin vöru gömul. Enginn glamúr, meira bara sóðalegt.“

Hlutverk Þorsteins óx jafnt og þétt á nýrri útvarpsstöð. „Ég var með minn eigin þátt og spilaði funktónlist. Síðan var ég fenginn í afleysingar yfir daginn og fljótlega var ég kominn í fast starf.“ Hann segir X-ið hafa verið leiðandi á ýmsum sviðum skemmtanalífs. „Rosalega margt sem gerðist fór í gegnum X-ið. Danssenan var að miklu leyti rekin þaðan, öll klúbbasenan fylgdi með. Á X-inu var kannski upphitun fyrir kvöldið. Þetta var eiginlega sameiningarpunktur fyrir þá sem vildu skemmta sér eða hlusta á góða tónlist.“

Þegar Þossi lítur til baka yfir árin á X-inu segir hann að erfitt sé að segja eitthvað eitt standa upp úr. „Þetta var frábær tími í heildina. Ferli mínum þarna má skipta í nokkur ólík tímabil sem voru misskemmtileg auðvitað eins og gengur og gerist. Við tengdumst einhvern veginn öllu sem var að gerast. Við náðum ótrúlegum árangri í hlustunarmælingum og gerðum góða hluti þegar við vorum að byrja. Þetta var rokk og ról-útvarp í öllum skilningi.“


Auglýsing frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og velferðarráðuneyti

**Styrkir af safnliðum**

**Umsóknir um styrki á safnliðum ráðuneyta samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2014**

**Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 miðvikudaginn 4. desember 2013**

Á fjárlögum ársins 2012 var fyrirkomulagi við úthlutun styrkja til félaga, samtaka og einstaklinga breytt hvað varðar aðkomu fjárlaganefndar Alþingis og úthlutun færð til ráðuneyta. Ákvörðun um framlag til einstakra málaflokka fer þó eftir samþykki Alþingis í fjárlögum 2014.

Ráðuneytin munu einungis úthluta styrkjum til verkefna sem falla undir málefnasvið þeirra að svo miklu leyti sem þau falla ekki undir lögbundna sjóði eða samninga, svo sem menningarsamninga eða vaxtarsamninga. Því er mikilvægt að umsækjendur kynni sér vel hvaða ráðuneyti ber ábyrgð á þeim málaflokki sem verkefni umsækjanda um styrk fellur undir. Verkefni eru einungis styrkhæf í einu ráðuneyti og áskilja ráðuneyti sér rétt til að færa umsóknir á milli ráðuneyta falli verkefni betur að málaflokki í öðru ráðuneyti.

**Nánari upplýsingar um málefnasvið ráðuneyta, skilyrði umsókna og mat á þeim er að finna í auglýsingu á vef ráðuneytanna.**

**Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Stjórnarráðsins ( http://minarsidur.stjr.is). Nánari upplýsingar má finna á vef viðkomandi ráðuneytis.**

Reykjavík 13. nóvember 2013


## Forréttindi að vinna á X-inu

**Þorkell Máni Pétursson, útvarpsstjóri á X-inu, hefur upplifað ýmislegt á sextán ára ferli sínum á stöðinni. Hann er ánægður með stöðu X-ins nú á dögum.**

„Skemmtilegustu tímarnir mínar á X-inu eru klárlega núna. Við erum búnir að ganga í gegnum ýmislegt og nú er þetta allt komið í góðan farveg,“ segir Þorkell Máni Pétursson, útvarpsstjóri X-ins, þegar hann lítur yfir feril sinn hjá útvarpsstöðinni sem hófst fyrir sextán árum.

„Ég byrjaði á næturvöktum. Þossa (Þorsteini Hreggviðssyni) þótti það góð hugmynd. Hann sagði að ég hefði ekkert betra að gera.“ Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og X-ið verið til húsa víða um borgina.



**ÞORKELL MÁNI PÉTURSSON**

„Við byrjuðum í Aðalstræti en fljótlega fluttum við okkur yfir í gömlu Moggahöllina. Það var besta staðsetningin. Við vorum undir nokkrum fyrirtækjum og reksturinn oft erfiður. Ég man eiginlega ekki eftir þessu öðruvísi en að einhver hafi verið að ræða um gjaldþrot,“ segir Máni. Hann segist ánægður með yfirmenn sína í gegnum tíðina.

„Ég get ekki ímyndað mér að það hafi alltaf verið arðbært að reka stöðina. Það eru forréttindi að fá að vinna á X-inu, að vera með besta vini sínum daglega. Við erum að verða langlífasti dúett Íslandssögunnar,“ segir Máni um félaga sinn Frosta Logason, sem er meðstjórnandi hans í þættinum Harmageddon.

„Við byrjuðum árið 2007 eða 2008, bíddu aðeins,“ segir Máni og slær nafni þáttarins upp í leitarvél á netinu. „Við byrjuðum árið 2008. Við erum ekki mikið fyrir að muna dagsetningar og erum ekki mikið að gera mikið úr okkur.“ Hann segir erfiðustu tímana hafa verið rétt eftir efnahagshrunið þegar stóð til að reka þá. „Við ákváðum að sætta okkur við drulluléleg laun til þess að halda stöðinni lifandi. Eftir á að hyggja var það frábær ákvörðun. Það var æðislegt að vera á lélegum launum árið 2008 og 2009 þegar allir voru reiðir. Við gátum úthúðað stjórnmálamönnum og útrásarvíkingum á launum, þótt léleg hafi verið. Þetta var eiginlega andleg hreinsun.“ Máni segir launin hafa batnað til muna. „En við erum samt á skítalaunum,“ bætir hann við í stríðnistón.

# DEBENHAMS

*Sprengidagar alla helgina*




## SPRENGIDAGAR HALDA ÁFRAM ALLA HELGINA

**25% AF**

**ÖLLUM VÖRUM**

**EN 20% AF SNYRTIVÖRUM**

NÝTT KORTATÍMABIL

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Besta svarið




**KEMUR Í VERSLANIR Á MÁNUDAGINN**

**LOKSINS Á ÍSLANDI VERÐLAUNA SPILIÐ BESTA SVARIÐ**

**EINFALT OG SKEMMTILEGT**

**MÖNDLUGJÖFIN - JÓLASPILIÐ - PARTÝSPILIÐ**

GOLDEN GEEK AWARD

ORIGINS AWARD WINNER

MYNDFORM

## Aron Einar býst ekki við Kolbeini

Aron Einar Gunnarsson landsliðsfyrirliði var hæstánægður að loknum jafnteflisleiknum gegn Króatíu í gær.

„Þetta köllum við að vinna vel fyrir samherjann. Það er æðislegt að fá að vera partur af því sem er í gangi í landsliðinu," sagði Aron Einar. Hann neitar því ekki að það hafi verið erfitt að missa Kolbein Sigþórsson út af vegna meiðsla og að rauða spjaldið sem Ólafur Ingi Skúlason hafi sett strik í reikninginn.

„Það kom smá ró yfir okkur með innkomu Eiðs Smára en annars fannst mér varnarleikurinn okkar virkilega góður."

Hann sagðist engar fréttir hafa fengið af meiðslum Kolbeins strax eftir leik. „Hann var mjög bólginn og það verður erfitt fyrir hann [að ná seinni leiknum] en við sjáum bara til."



## Einn besti varnarleikur okkar í keppninni

**FÓTBOLTI** „Við börðumst vel og sýndum kjark þó dómarinn hafi verið skelfilegur. Við héldum áfram og hefðum getað stolið sigri en verðum að sætta okkur við þetta," sagði Ari Freyr Skúlason sem lék sinn langbesta landsleik gegn Króatíu í gær. Ísland var manni undir í 40 mínútur í leiknum en Ari og félagar í vörn Íslands gáfu fá færi á sér þótt Króatía fjölgaði í sókninni og reyndi allt hvað liðið gat til að skora hið mikilvæga útivallarmark.

„Síðustu fimm mínúturnar voru erfiðar þegar þeir senda fjóra framherja fram sem hlaupa út um allt. Mér fannst við halda haus þó það fari auðvitað í taugarnar á okkur þegar dómarinn er í svona skapi.

Markmið okkar var að halda hreinu og við gerðum það en það hefði verið betra ef við hefðum sett eitt," sagði Ari sem var hæstánægður með hugarfar leikmanna í varnarleiknum í gær.

„Þetta var einn besti varnarleikur okkar í keppninni. Það var hugarfarið sem var lykillinn að því. Þegar 40 mínútur eru eftir getur maður misst sig í kæruleysi við að reyna að skora en við héldum okkar stöðum og biðum eftir þeim," sagði Ari Freyr Skúlason. - gmi



**BJARGAR Á MARKLÍNU** Ari Freyr Skúlason var á réttum stað í upphafi leiks. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**0-0** (Ísland – Króatía)
Laugardalsvöllurinn
Mallenco frá Spáni (4)

**Skot (á mark):** 4-9 (1-5) **Horn**: 3-4
**Varin skot:** Hannes Þór 5 - Pletikosa 1.
**Aukaspyrnur:** 13-16 Rangstöður: 0-1

### HINIR UMSPILSLEIKIRNIR

**PORTÚGAL-SVÍÞJÓÐ 1-0**
1-0 Cristiano Ronaldo (82.)
**ÚKRAÍNA-FRAKKLAND 2-0**
1-0 Roman Zozulya (61.), 2-0 Andriy Yarmolenko, víti (82.)
**GRIKKLAND-RÚMENÍA 3-1**
1-0 Konstantinos Mitroglou (14.), 1-1 Bogdan Stancu (19.), 2-1 Dimitris Salpingidis (21.), 3-1 Konstantinos Mitroglou (66.).

### VINÁTTULANDSLEIKIR Í GÆR

**RÚSSLAND - SERBÍA 1-1**
1-0 Aleksandr Samedov (29.), 1-1 Filip Djordjevic (31.)
**DANMÖRK - NOREGUR 2-1**
1-0 William Kvist (13.), 1-1 Marcus Pedersen (78.), 2-1 Nicolai Boilesen (90.)
**ÍTALÍA - ÞÝSKALAND 1-1**
0-1 Mats Hummels (8.), 1-1 Ignazio Abate (28.)
**ÍRLAND - LETTLAND 3-0**
1-0 Robbie Keane (22.), 2-0 Aiden McGeady (68.), 3-0 Shane Long (80.). Fyrsti leikur Michael O'Neill með írska landsliðið.
**ENGLAND - SÍLE 0-2**
0-1 Alexis Sánchez (7.), 0-2 Alexis Sánchez (90.)
**SKOTLAND - BANDARÍKIN 0-0**
Aron Jóhannsson kom inn á sem varamaður á 62. mínútu en tókst ekki að skora frekar en liðsfélögum hans.

# Draumurinn um Brasilíu lifir

Hetjuleg barátta landsliðsmanna Íslands heldur draumnum um þátttöku á HM næsta sumar lifandi. Meiðsli lykilmanns og rautt spjald drógu ekki þróttinn úr okkar mönnum heldur efldu þá. Möguleikinn er enn fyrir hendi.

**FÓTBOLTI** Strákarnir okkar sýndu fádæma baráttu í fyrri umspilsleiknum gegn Króötum á Laugardalsvelli í gærkvöldi. Þrátt fyrir mótlæti á mótlæti ofan efldust okkar menn. Markalaust jafntefli varð niðurstaðan sem verða að teljast frábær úrslit í ljósi þess að íslenska liðið spilaði manni færri í tæpan hálfleik.

Ari Freyr Skúlason gaf tóninn eftir eina mínútu. Taugarnar voru það þandar hjá strákunum okkar að áður en mínúta var liðin komst Eduardo da Silva í dauðafæri. Ari Freyr bjargaði nánast á marklínu en vinstri bakvörðurinn átti stórkostlegan leik.

Alfreð Finnbogason, sem kom inn í liðið í stað Eiðs Smára Guðjohnsen, fékk besta færi Íslands í leiknum strax mínútu síðar. Varnarmenn komust fyrir skotið á síðustu stundu.

Varnir beggja liða áttuðu sig á því að þær þyrftu að herða sig í kjölfar taugaveiklunar á upphafsmínútunum og fátt var um færi. Allt stefndi í að leikmenn beggja liða gengju þokkalega sáttir til hálfleiks með stöðu mála þegar heyra mátti saumnál detta á Laugardalsvelli. Kolbeinn Sigþórsson, sem skoraði hafði í fimm síðustu landsleikjum Íslands og framherji liðsins númer eitt, meiddist illa og þurfti að fara af velli. Grátleg tíðindi fyrir þjóðina þegar okkar maður var loksins kominn á beinu brautina eftir erfið axlarmeiðsli.

Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á í hans stað og ekki ónýtt að eiga markahæsta leikmann landsliðsins inni. Eftir fimm mínútuna leik í síðari hálfleik dundi síðara áfallið yfir. Ólafur Ingi Skúlason gleymdi sér í vörninni og Ivan Perisic féll til jarðar í leið í átt að marki. Spænski dómarinn, sem átti ekki sinn besta dag, flautaði og gat ekki annað en lyft rauðu spjaldi. Erfiðar fjórutíu mínútur voru framundan og voru nokkuð lengi að líða.

Allir sem einn börðust okkar menn fyrir því að halda draumnum á lífi. Draumnum um Brasilíu sem þeir hafa unnið fyrir undanfarna fimmtán mánuði. Þeir voru yfirmáta skynsamir, börðust hetjulega og unnu vel saman með stuðningsmenn á vellinum sem sinn ellefta mann. Aldrei hefur stemningin á landsleik verið í líkingu við þá sem var í gærkvöldi. Þjóðsönginn mátti vafalítið heyra í úthverfum höfuðborgarinnar og í níutíu mínútur voru raddböndin þanin og lófaklappið linnulaust. Í einu orði sagt magnað.

Þótt verkefnið fram undan sé afar krefjandi er möguleikinn fyrir hendi. Strákarnir okkar unnu fyrir þeim miða og munu vafalítið gera þjóðina stolta í enn eitt skiptið í Zagreb á þriðjudag.

kolbeinntumi@frettabladid.is



**ÓTRÚLEG BARÁTTA** Ragnar Sigurðsson fer upp í skallabolta við markvörð Króata. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### FRAMMISTAÐA LEIKMANNA

| | |
|---|---|
| **HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON**<br>Öryggið uppmálað í öllum sínum aðgerðum og varði vel þegar þurfti. | 8 |
| **ÓLAFUR INGI SKÚLASON**<br>Virkaði óöruggur í nýrri stöðu. Sofandi í aðdraganda rauða spjaldsins. | 4 |
| **RAGNAR SIGURÐSSON**<br>Á tánum allan tímann og bjargaði vel oftar en einu sinni. | 7 |
| **KÁRI ÁRNASON**<br>Traustur í miðverðinum við hlið Ragnars. | 7 |
| **ARI FREYR SKÚLASON**<br>Besti leikmaður Íslands. Steig ekki feilspor frá fyrstu mínútu. | 8 |
| **BIRKIR BJARNASON**<br>Náði aldrei að sýna sitt rétta andlit. | 5 |
| **GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON**<br>Skapaði ró á miðjunni þegar hann fékk boltann. Skapaði lítið. | 7 |
| **ARON EINAR GUNNARSSON**<br>Duglegur á miðjunni en tefldi stundum á tæpasta vað. | 7 |
| **JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON**<br>Hljóp mikið en skilaði bolta afar illa frá sér. | 5 |
| **KOLBEINN SIGÞÓRSSON**<br>Djöflaðist í Króötunum og Ísland saknaði hans í seinni hálfleik. | 6 |
| **ALFREÐ FINNBOGASON**<br>Fékk gott færi eftir eina mínútu en komst ekki í takt við leikinn. | 5 |
| VARAMENN: | |
| **EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN (INN Á 45. MÍN. FYRIR KOLBEIN)**<br>Einmana frammi eftir rauða spjaldið en hélt bolta vel þegar þurfti. | 6 |
| **RÚRIK GÍSLASON (INN Á 63. MÍN. FYRIR ALFREÐ)**<br>Kom inn á með krafti og barðist vel með félögum sínum. | 7 |

## Getum strítt þeim í Króatíu

**FÓTBOLTI** „Á heildina litið eru marklaust jafntefli mjög góð úrslit. Sérstaklega eftir að við missum leikmann út af," sagði Eiður Smári Guðjohnsen í gær.

„Það hefði verið nógu erfitt að halda hreinu ellefu á móti ellefu, hvað þá tíu á móti ellefu. Því eru þetta frábær úrslit og ef við náum að spila ellefu á móti ellefu úti í Króatíu þá er ég fullviss um að við getum strítt þeim," sagði Eiður sem var mjög ánægður með frábæra stemninguna á Laugardalsvelli í gær.

„Það er mikið skemmtilegra að spila í stemningu og hún var ekki bara í kvöld. Aðdragandinn að leiknum og undanfarið í kringum landsliðið. Við finnum það og finnum fyrir þessum mikla stuðningi og auðvitað hjálpar það mönnum og við erum stoltir af þeim afrekum sem við höfum náð hingað til og viljum reyna að gera enn betur og gleðja fólkið meira."




Íþróttaráð Kópavogs auglýsir eftir umsóknum um styrki úr afrekssjóði ráðsins.

Markmið sjóðsins eru eftirfarandi:

- Að veita afreksíþróttafólki í íþróttafélögum í Kópavogi fjárhagslegan styrk vegna æfinga og/eða keppni og þannig búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína.
- Að veita afreksíþróttafólki í hópíþróttum í íþróttafélögum í Kópavogi sem náð hefur afburðaárangri fjárhagslegan styrk og gera þeim kleift að búa sig enn betur undir áframhaldandi keppni.
- Að veita afreksíþróttafólki styrk sem á lögheimili í Kópavogi og stundar íþrótt sem ekki er iðkuð með íþróttafélagi í Kópavogi.
- Að veita árlega styrki og viðurkenningar fyrir unnin afrek í íþróttum jafnt kvenna sem karla.

Umsóknum um styrki skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum **fyrir 30. nóvember 2013**.

Umsóknareyðublöð ásamt reglugerð fyrir sjóðinn fást í þjónustuveri Kópavogsbæjar, Fannborg 2, 1. hæð.
Einnig er hægt að nálgast eyðublöðin ásamt reglugerð á vef bæjarins, kopavogur.is.

Nánari upplýsingar veitir íþróttafulltrúi í síma 570 1500.

PIPAR\TBWA • SÍA • 133301

Kópavogsbær
kopavogur.is

# Vorum óheppnir með dómgæsluna

## Lars Lagerbäck átti erfitt með að finna lýsingarorðin um frammistöðu strákanna

**FÓTBOLTI** „Leikmennirnir spiluðu frábærlega. Þið getið valið lýsingarorðin. Ég á þau ekki til að lýsa frammistöðu þeirra,“ sagði Lars Lagerbäck að leik loknum. Þjálfarinn hvatti blaðamenn til að beina spurningum til Heimis Hallgrímssonar því tilfinningar sínar væru svo blendnar. Þær sneru ekki síst að dómara leiksins, Alberto Undiano, sem átti að hans mati ekki sinn besta dag.

„Dómarinn átti ekki sinn besta leik og það hjálpaði Króötum. Við vorum óheppnir með dómgæsluna,“ sagði sá sænski.

Lagerbäck sagðist ekki geta lagt mat á hvort rauða spjaldið á Ólaf Inga hefði verið réttur dómur.

„Ég þyrfti að sjá það í sjónvarpi. Hins vegar voru margar skrýtnar ákvarðarnir, 50/50 dómar sem féllu ekki með okkur.“

Lagerbäck sagðist vera ánægður með úrslitin í ljósi stöðunnar sem upp var komin.

„Ég sagði fyrir leikinn að ef við héldum hreinu í þessum leik þá ættum við góða möguleika. Það er enn raunhæft að sigra þá,“ sagði Lagerbäck.

Svíinn sagðist reikna með að Kolbeinn Sigþórsson, sem fór meiddur af velli undir lok fyrri hálfleiks, færi í myndatöku á morgun. Hann hefði snúið á sér ökklann. Ekki yrði kallaður nýr leikmaður inn í hópinn í stað framherjans enda myndi Birkir Már Sævarsson snúa aftur úr leikbanni. Lagerbäck sagði frammistöðu liðsins í síðari hálfleik, manni færri, hafa verið í heimsklassa. Ef liðið spilaði vel í síðari leiknum, líkt og til dæmis í sigurleiknum gegn Albaníu í september, þá væri góður möguleiki á að fara áfram.

- ktd



**ÓSÁTTUR VIÐ DÓMARANN** Lars Lagerbäck í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ERFITT** Gylfi Þór Sigurðsson í leiknum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rétt hjá Óla

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson segir að Ólafur Ingi Skúlason hafi tekið rétta ákvörðun þegar hann kippti Króatanum Ivan Perisic niður í upphafi seinni hálfleiksins í gær. Ólafur Ingi fékk að launum rauða spjaldið.

„Hann [Perisic] var kominn í gegn og Óli sýndi hversu reyndur hann er með því að brjóta á honum. Óli var kannski í erfiðri stöðu þegar sóknin hófst en ákvörðunin var rétt.“

Kolbeinn Sigþórsson meiddist í gær og er ólíklegt að hann verði með í seinni leiknum sem fer fram í Króatíu á þriðjudaginn. „Sem betur fer erum við með nóg af góðum leikmönnum sem geta komið inn og staðið sig vel. Það var til dæmis ekki leiðinlegt að geta náð í leikmann eins og Eið Smára inn af bekknum.“

- esá



**HETJA PORTÚGALA** Cristiano Ronaldo skoraði mikilvægt mark í gær. MYND/AP

# Frakkar ekki í góðum málum

**FÓTBOLTI** Úkraína, Grikkland og Portúgal unnu sína leiki í umspilinu í gærkvöldi og taka Grikkir og Úkraínumenn með sér tveggja marka forskot í seinni leikinn. Cristiano Ronaldo var hetja Portúgala þegar hann skoraði eina markið í 1-0 sigri á Svíum. Ronaldo var hársbreidd frá því að bæta við marki skömmu eftir sigurmarkið. Úkraínumenn eru í fínum málum eftir 2-0 sigur á Frakklandi í kvöld í fyrri umspilsleik þjóðanna um laust sæti á HM í Brasilíu. Frakkar eiga því á brattann að sækja í seinni leiknum Grikkland vann 3-1 sigur á Rúmeníu. Grikkir komust í 1-0 strax á 14. mínútu leiksins en Rúmenar skoruðu mikilvægt útivallarmark og jöfnuðu metin aðeins fimm mínútum síðar. Grikkir tryggðu sér sigur með tveimur mörkum. Konstantinos Mitroglou skoraði tvö mörk fyrir Grikki.

- óój



# DAGSKRÁ

SUNNUDAGUR

### Stöð 2 kl. 20.45
**Ástríður**

Ástríður fær á hreint að Leifur hneigist ekki til eigin kyns og nú er það hennar að sannfæra hann um að hún sé góður kvenkostur. Bjarni er hins vegar í mikilli innri leit og á erfitt með að átta sig á kynhneigð sinni nú þegar hann er loksins að nálgast gráa fiðringinn í aldri. Ástin liggur í loftinu.



## Í KVÖLD



**Formúla 1**

**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30** Bein útsending frá Formúlu 1 kappakstrinum í Bandaríkjunum.



**Fólkið í blokkinni**

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.00** Gamanþáttaröð byggð á sögu eftir Ólaf Hauk Símonarson. Vigga er 11 ára stelpa sem býr með fjölskyldu sinni í átta hæða blokk á höfuðborgarsvæðinu.



**Law & Order: Special Victims Unit**

**SKJÁR EINN KL. 21.15** Bandarískir sakamálaþættir um kynferðisglæpadeild innan lögreglunnar í New York-borg. Yfirmaður verktaka hjá bandaríska hernum finnst í almenningsgarði illa leikinn.

### Bylgjan kl. 10.00
**Sprengisandur**

Á Sprengisandi er leitað svara við spurningum sem brenna á þjóðinni. Þáttur sem vitnað er í. Stjórnmálamenn, sérfræðingar og spekingar eru tíðir gestir á Sprengisandi. Sigurjón M. Egilsson ræðir mál sem skipta okkur öll máli.








## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir **07.25** Villingarnir **07.45** UKI **07.50** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Algjör Sveppi **10.05** Ben 10 **10.30** Grallararnir **10.50** Ofurhetjusérsveitin **11.15** Loonatics Unleashed **11.40** Batman
**12.00 Spaugstofan**
**12.30 Nágrannar**
**14.15 Logi í beinni**
**15.05 Go On**
**15.30 Mike and Molly**
**15.55 Grey's Anatomy**
**16.45 Um land allt**
**17.10 Stóru málin**
**17.35 60 mínútur**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Sportpakkinn** *(12:30)* Íþróttamenn Stöðvar 2 Sport fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna í liðinni viku.
**19.10 Fangavaktin** Það er ekki auðvelt að koma í fangelsi í fyrsta sinn eins og Georg og Daníel uppgötva þegar þeir hefja afplánun sína á Litla-Hrauni.
**19.45 Sjálfstætt fólk** *(11:15)*
**20.20 The Crazy Ones** *(7:22)* Geggjaðir gamanþættir.
**20.45 Ástríður** *(10:10)* Nú eru liðin tvö ár frá því að við skildum við Ástríði og félaga.
**21.10 Homeland** *(7:12)*
**22.00 Boardwalk Empire** *(10:12)*
**22.55 60 mínútur** *(7:52)*
**23.40 The Daily Show. Global Editon**
**00.10 Nashville**
**00.55 Hostages**
**01.40 The Americans**
**02.25 World Without End**
**03.15 Stig Larsson þríleikurinn** Karlar sem hata konur.
**05.45 Fréttir**

## SPORT
*besta sætið*

**10.25 Meistaradeild Evrópu. Chelsea - Schalke**
**12.05 Evrópudeildarmörkin**
**13.00 Portúgal - Svíþjóð**
**14.45 Snæfell - Grindavík**
**16.15 Ísland - Þýskaland**
**18.00 Sportspjallið**
**18.30 Formúla 1 - Bandaríkin** BEINT
**21.30 Þór Þorlákshöfn** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos deild karla í körfubolta.
**22.00 Miami - Chicago**
**00.00 Formúla 1 - Bandaríkin**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**13.25 PL Classic Matches. Newcastle - Man United, 1995**
**13.55 PL Classic Matches. Liverpool - Blackburn, 1994**
**14.25 Season Highlights 2011/2012**
**15.20 Bradford - Coventry** BEINT
**17.25 Premier League World**
**17.55 Man. Utd. - Arsenal**
**19.35 Goals of the Season 2010/2011**
**20.30 Liverpool - Fulham**
**22.10 Bradford - Coventry**
**23.50 Crystal Palace - Everton**

## ÍNN

**14.00** Frumkvöðlar **14.30** Evrópumál **15.00** Vafrað um Vesturland **15.30** Áfram Vogur **16.00** Hrafnaþing **17.00** Stjórnarráðið**17.30** Skuggaráðuneytið **18.00** Prófkjör XD **18.30** Prófkjör XD **19.00** Prófkjör XD **19.30** Prófkjör XD **20.00** Hrafnaþing **21.00** Prófkjör XD **21.30** Prófkjör XD **22.00** Hrafnaþing **23.00** Randver í Iðnó **23.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**13.40 Extreme Makeover.**
**14.25 The Great Escape**
**15.40 Celebrity Apprentice**
**17.05 It's Love, Actually**
**17.25 Í eldhúsinu hennar Evu**
**17.45 Glee 5**
**18.30 Mindy Project**
**18.50 Mad**
**19.00 The Amazing Race**
**19.45 Offspring**
**20.30 The Vampire Diaries** *(11:22)*
**21.15 Zero Hour** *(11:13)*
**22.00 Graceland** *(10:13)*
**22.40 The Amazing Race** *(11:12)*
**23.25 Offspring** *(10:13)*
**00.10 The Vampire Diaries**
**00.50 Zero Hour**
**01.35 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Lukku láki **07.24** Ofurhundurinn Krypto **07.45** UKI **07.50** Hvellur keppnisbíll **08.00** Dóra könnuður **08.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.48** Latibær **10.00** Ævintýri Tinna **10.22** Skoppa og Skrítla **10.35** Strumparnir **11.00** Lukku láki **11.24** Ofurhundurinn Krypto **11.45** UKI **11.50** Hvellur keppnisbíll **12.00** Dóra könnuður **12.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.48** Latibær **14.00** Ævintýri Tinna **14.22** Skoppa og Skrítla **14.35** Strumparnir **15.00** Lukku láki **15.24** Ofurhundurinn Krypto **15.45** UKI **15.50** Hvellur keppnisbíll **16.00** Dóra könnuður **16.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.48** Latibær **18.00** Ævintýri Tinna **18.22** Skoppa og Skrítla **18.35** Strumparnir **19.00** Ísöld. Heimsálfuhopp **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men** *(19:22)*
**20.00 Viltu vinna milljón?**
**20.40 Krøniken** *(7:22)*
**21.40 Ørnen** *(7:24)* Stöð 2 Gull rifjar upp þessa vinsælu dönsku spennuþætti sem fjalla um Hallgrím Örn Hallgrímsson, hálf-íslenskan rannsóknarlögreglumann.
**22.40 The Kennedys** *(4:8)* Ein umtalaðasta sjónvarpssería síðustu ára.
**23.25 Ally McBeal** *(8:23)*
**00.10 Without a Trace**
**00.55 Viltu vinna milljón?**
**01.35 Krøniken**
**02.35 Ørnen**
**03.35 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**10.00 The King's Speech**
**12.00 How To Make An American Quilt**
**13.55 Wall Street**
**16.00 The King's Speech**
**18.00 How To Make An American Quilt**
**19.55 Wall Street**
**22.00 Sherlock Holmes. A Game of Shadows**
**00.10 The Runaways**
**01.55 Lethal Weapon**
**03.50 Sherlock Holmes. A Game of Shadows**

## RÚV

**07.00 Morgunstundin okkar**
**10.15 Ævintýri Merlíns**
**11.00 Sunnudagsmorgunn** Gísli Marteinn Baldursson fær til sín gesti og ræðir við þá um málefni líðandi stundar.
**12.10 Vertu viss**
**12.55 Stúdíó A**
**13.35 Frumkvöðlakrakkarnir**
**14.35 Saga kvikmyndanna – Hljóðið kemur til sögunnar, 1930-1940**
**15.40 John Grant**
**16.35 Ari Eldjárn**
**17.00 Táknmálsfréttir**
**17.10 Poppý kisuló**
**17.21 Teitur**
**17.31 Vöffluhjarta**
**17.51 Tóbí**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Hraðfréttir**
**18.35 Íþróttir**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.30 Landinn** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land. Ritstjóri er Gísli Einarsson og um dagskrárgerð sér Karl Sigtryggsson.
**20.00 Fólkið í blokkinni** *(6:6)*
**20.30 Downton Abbey** *(4:9) (Downton Abbey)* Breskur myndaflokkur.
**21.20 Kynlífsfræðingarnir** *(2:12) (Masters of Sex)* Bandarískur myndaflokkur um William Masters og Virginiu Johnson sem voru frumkvöðlar á sviði kynlífsrannsókna. Aðalhlutverk leika Michael Sheen og Lizzy Caplan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.15 Sunnudagsmorgunn**
**23.25 Brúin**
**00.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**10.45 Dr.Phil**
**12.15 Kitchen Nightmares**
**13.05 Secret Street Crew**
**13.55 Save Me**
**14.20 Rules of Engagement**
**14.45 30 Rock**
**15.15 Happy Endings**
**15.40 Parks & Recreation**
**16.05 Family Guy**
**16.30 The Bachelor**
**18.00 Hawaii Five-0**
**18.50 In Plain Sight**
**19.40 Judging Amy**
**20.25 Top Gear Top Fails** *(2:2)*
**21.15 Law & Order. Special Victims Unit** *(12:23)*
**22.00 Dexter** *(9:12)* Lokaþáttaröðin af þessum ódauðlegu þáttum um fjöldamorðingjann og prúðmennið Dexter Morgan.
**22.50 The Borgias** *(9:10)* Alexander situr sem fastast á páfastóli en sótt er að honum úr öllum áttum. Björn Hlynur Haraldsson leikur aukahlutverk í þáttunum.
**23.40 Sönn íslensk sakamál**
**00.10 Under the Dome**
**01.00 Hannibal**
**01.45 Dexter**
**02.35 Excused**
**03.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **07.30** OHL Classic 2013 **10.30** OHL Classic 2013 **13.30** OHL Classic 2013 **16.35** OHL Classic 2013 **19.00** OHL Classic 2013 **22.00** OHL Classic 2013 **01.00** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



habitat
20-30%
AF ÖLLUM SÓFUM UM HELGINA
ALPHA vekjaraklukka 5.800 kr.
PAPPASTJÖRNUR frá Housedoctor Tvær gerðir - þrír litir Verð frá 950 kr.
why wait?
MANTRA WHY WAIT 3.500 kr.
N101 frá Ethnicraft Tilboðsverð: 3ja sæta sófi 175.000 kr. 2ja sæta sófi 135.000 kr. Stóll 87.000 kr.
Postulínshreindýr 3.400 kr. settið
NUMBRA veggklukka 12.500 kr.
Einnig til í grænu
Erum að taka upp jólavörurnar frá SIA
KILO innskotsborð 19.800 kr. settið
Til í fjórum litum
WILBO frá Habitat Tilboðsverð: 3ja sæta sófi 156.000 kr. 2ja sæta sófi 139.000 kr. Stóll 99.000 kr.
CECIL borð frá Habitat 29.500 kr.
Nýkomnar rómantískar smávörur frá Jolipa. Skoðaðu úrvalið á síðu Tekk Company á Facebook
Uglubox 3.950 kr. settið
Mikið úrval af vösum
CHARLEEN frá Habitat Tilboðsverð: 3ja sæta sófi 196.000 kr. Stóll 99.000 kr.
Einnig til í rauðu
LIEL lampafótur 12.600 kr. DRUMSILK skermur 7.900 kr.
ARENITO eldföst form – nokkrar tegundir Verð frá 4.900 kr.
TEKK COMPANY
Gerum hús að heimili
TEKK COMPANY og HABITAT | Kauptúni | Sími 564 4400
Opið mánudega til laugardaga kl. 11-18 og sunnudaga kl. 13-18
Vefverslun á www.tekk.is

# DAGSKRÁ

## LAUGARDAGUR

### Steve Carell



„Ég spila á barítónhorn, sem er eins og lítil túba. Þetta er sennilega minnst kynþokkafulla hljóðfærið sem hægt er að finna. Ef ég er spurður hvort ég spili á hljóðfæri, þá segist ég ekki spila á hljóðfæri og viðurkenni það ekki.“

*Leikarinn Steve Carell leikur eitt aðalhlutverkið í kvikmyndinni Seeking a Friend for the end of the World, sem sýnd er á Stöð 2 klukkan 20.00 í kvöld.*

## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

GASSI, LJÓSMYNDARI



**Fræðsluþættir í uppáhaldi**
Ég horfi svolítið á sjónvarp en horfi samt bara á Netflix. Ég hef mest gaman af fræðsluþáttum og svo hef ég einnig gaman af öðrum annarra.



1 **Prison Break** Mér finnst þessir þættir ákaflega spennandi. Þeir ná alltaf að halda manni á tánum en ég hef svo sem ekki meira um þá að segja.



2 **Nip/Tuck** Þessir þættir eru bara snilld. Þó svo ég hafi engan sérstakan áhuga á lýtalækningum, þá hef rosalega gaman af þessum þáttum. Christian Troy er snillingur.



3 **Dallas** Skemmtilegir og spennandi þættir. Persónur þáttanna eru heillandi og hef ég sérstaklega gaman af J.R. vini mínum.

## FM957 kl. 16.00
### Íslenski listinn



Íslenski listinn færir þér 20 vinsælustu lög landsins, lög líkleg til vinsælda, lög sem voru á toppnum fyrir 10 árum og fleira skemmtilegt. Þórunn Antonía stýrir Íslenska listanum.




## STÖÐ 2

**06.25** Simpson-fjölskyldan **07.00** Strumparnir **07.25** Villingarnir **07.50** Hello Kitty **08.00** Algjör Sveppi **10.25** Kalli kanína og félagar **10.50** Scooby-Doo!
**11.15** **Young Justice**
**11.35** **Big Time Rush**
**12.00** **Bold and the Beautiful**
**13.25** **Popp og kók**
**13.50** **Ástríður**
**14.20** **Kolla**
**14.55** **Heimsókn**
**15.15** **Doktor**
**15.45** **Sjálfstætt fólk**
**16.20** **ET Weekend**
**17.05** **Íslenski listinn**
**17.35** **Sjáðu**
**18.05** **Ávaxtakarfan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.50** **Íþróttir**
**18.55** **Dagvaktin** Lokaþátturinn.
**19.30** **Lottó**
**19.35** **Spaugstofan**
**20.00** **Seeking a Friend for the end of the World** Skemmtileg mynd frá 2012 með Steve Carell og Keira Knightley í aðalhlutverkum.
**21.40** **Conviction** Dramatísk mynd frá 2010 með Hilary Swank og Sam Rockwell í aðalhlutverkum.
**23.30** **Tree of Life** Með aðalhlutverk fara Brad Pitt og Sean Penn. Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna, meðal annars sem besta myndin.
**01.45** **Seeking Justice**
**03.25** **Mercury Rising**
**05.10** **Spaugstofan**
**05.35** **Fréttir**

## SPORT
*besta sætið*

**09.10** **Villarreal - Atletico Madrid**
**10.50** **Spænsku mörkin**
**11.20** **Meistarad. - meistaramörk**
**12.20** **Evrópudeildarmörkin**
**13.15** **Portúgal - Svíþjóð**
**14.55** **Formúla 1 - Bandaríkin - Æfing 3** Bein útsending
**16.00** **Noregur - Ísland**
**17.50** **Formúla 1 - Tímataka** BEINT
**19.40** **Þór Þorlákshöfn**
**20.10** **England - Chile**
**22.00** **Meistarad. Evrópu - fréttaþáttur**
**22.30** **Meistarad. Evrópu. Zenit - Porto**
**00.10** **Miami - Chicago**
**02.00** **Box - Ward vs. Rodriguez** BEINT

## SPORT 2
*enski boltinn*

**13.00** **Season Highlights 2009/2010**
**13.55** **Reading - QPR**
**15.35** **Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**16.30** **Premier League World**
**17.00** **Swansea - Stoke**
**18.40** **Tottenham - Newcastle**
**20.20** **PL Classic Matches. Newcastle - Chelsea, 1995**
**20.50** **Chelsea - WBA**
**22.30** **Aston Villa - Cardiff City**
**00.10** **Man. Utd. - Arsenal**

## ÍNN

**17.00** Randver í Iðnó **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Randver í Iðnó **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið **22.00** Prófkjör XD **22.30** Prófkjör XD **23.00** Prófkjör XD **23.30** Prófkjör XD **00.00** Hrafnaþing

## STÖÐ 3

**14.10** **Junior Masterchef Australia**
**15.00** **The X-Factor US**
**17.05** **The Amazing Race**
**17.50** **Offspring**
**18.35** **The Cleveland Show**
**19.00** **Around the World in 80 Plates** *(1:10)*
**19.45** **Raising Hope** *(10:22)*
**20.05** **Don't Trust The B....in Ap** *(4:19)*
**20.30** **Cougar Town** *(10:15)*
**20.55** **Golden Boy** *(10:13)*
**21.35** **Art of Getting By**
**23.00** **The Vampire Diaries** *(10:22)*
**23.40** **Zero Hour** *(10:13)*
**00.25** **Around the World in 80 Plates**
**01.10** **Raising Hope**
**01.35** **Don't Trust The B....in Ap**
**01.55** **Cougar Town**
**02.20** **Art of Getting By**
**03.45** **Golden Boy**
**04.30** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.48** Latibær **08.00** Ævintýri Tinna **08.22** Skoppa og Skrítla **08.35** Strumparnir **09.00** Lukku láki **09.24** Ofurhundurinn Krypto **09.45** UKI **09.50** Hvellur keppnisbíll **10.00** Dóra könnuður **10.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.48** Latibær **12.00** Ævintýri Tinna **12.22** Skoppa og Skrítla **12.35** Strumparnir **13.00** Lukku láki **13.24** Ofurhundurinn Krypto **13.45** UKI **13.50** Hvellur keppnisbíll **14.00** Dóra könnuður **14.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.48** Latibær **16.00** Ævintýri Tinna **16.22** Skoppa og Skrítla **16.35** Strumparnir **17.00** Lukku láki **17.24** Ofurhundurinn Krypto **17.45** UKI **17.50** Hvellur keppnisbíll **18.00** Dóra könnuður **18.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Artúr 3 **20.45** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(18:22)*
**20.00** **Gavin and Stacey** *(2:6)*
**20.30** **Footballers Wives** *(7:8)*
**21.20** **Pressa** *(3:6)* Þriðja þáttaröðin um blaðakonuna Láru, fjölskyldu hennar og samstarfsmenn.
**22.05** **Entourage** *(2:12)*
**22.35** **The Kennedys** *(3:8)*
**23.20** **Krøniken** *(6:22)*
**00.25** **Ørnen**
**01.25** **Gavin and Stacey**
**01.55** **Footballers Wives**
**02.45** **Pressa**
**03.30** **Entourage**
**04.00** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**09.55** **Apollo 13**
**12.10** **Last Night**
**13.45** **The Mummy Returns**
**15.55** **Apollo 13**
**18.15** **Last Night**
**19.50** **The Mummy Returns**
**22.00** **Wallander**
**23.35** **A Dangerous Method**
**01.15** **Sanctum**
**03.05** **Wallander**

## RÚV

**07.00** **Morgunstundin okkar**
**10.15** **Stundin okkar**
**10.45** **Fólkið í blokkinni**
**11.15** **Útsvar** *(Kópavogur - Rangárþing eystra)*
**12.15** **Lítill geimfari**
**12.35** **HM 2014 - umspilið** *(2:2)*
**13.10** **Mótorsystur**
**13.25** **Landinn**
**13.55** **Kiljan**
**14.40** **Djöflaeyjan**
**15.10** **Á götunni**
**15.40** **Hvað veistu? - Munum betur og gleymum með tilfinningu**
**16.10** **Hugh Laurie. Tónlistin við ána**
**17.00** **Táknmálsfréttir**
**17.08** **Grettir**
**17.20** **Ástin grípur unglinginn**
**18.00** **Gunnar á völlum** - Maður í bak Gunnar Sigurðarson spjallar við íþróttafólk af höflegri alvöru.
**18.10** **Íþróttir**
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Veðurfréttir**
**19.30** **Ævintýri Merlíns** *(12:13) (The Adventures of Merlin V)* Breskur myndaflokkur um æskuævintýri galdrakarlsins fræga.
**20.20** **Vertu viss** *(2:8)* Spurningaleikur þar sem keppendur fá fúlgur fjár í upphafi þáttar og reyna síðan að halda í peningana með því að leggja undir á rétt svar við miserfiðum spurningum.
**21.10** **Hraðfréttir**
**21.20** **Dásamlegt** *(De-Lovely)* Hér rifjar tónskáldið Cole Porter upp kynni sín af fólki og atburði úr lífi sínu. Leikstjóri er Irwin Winkler og meðal leikenda eru Kevin Kline, Ashley Judd, Jonathan Pryce og Keith Allen.
**23.25** **Talaðu við mig** *(Talk to Me)*
**01.20** **Útvarpsfréttir**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**11.30** **Dr.Phil**
**13.45** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**14.15** **Borð fyrir fimm**
**14.50** **Design Star**
**15.40** **Judging Amy**
**16.25** **The Voice**
**18.55** **America's Next Top Model**
**19.40** **Secret Street Crew** *(5:9)*
**20.30** **The Bachelor** *(3:13)* Þættir sem alltaf njóta vinsælda meðal áhorfenda SkjásEins.
**22.00** **The Client List** *(3:10)* Spennandi þættir með Jennifer Love Hewitt í aðalhlutverki.
**22.45** **Meet the Fockers** Það fer allt á annan endann þegar hin íhaldssama og reglufasta Byrnes-fjölskylda hittir Focker-fjölskylduna. Með aðalhlutverk fara Robert De Niro, Ben Stiller, Dustin Hoffman Barbra Streisand og Owen Wilson.
**00.35** **Hawaii Five-0**
**01.25** **The Borgias**
**02.15** **The Client List**
**03.00** **Excused**
**03.25** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.00** OHL Classic 2013 **11.00** OHL Classic 2013 **14.00** Inside the PGA Tour **14.25** OHL Classic 2013 **17.25** OHL Classic 2013 **19.00** OHL Classic 2013 **22.00** OHL Classic 2013 **01.00** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


ego dekor
STÆKKANLEGT HNOTUBORÐ
2 STÆRÐIR
160(248)X100 Verð: 189.900,-
200(288)X110 Verð: 209.000,--
SKENKUR Í HNOTU
2 STÆRÐIR
Breidd: 180cm Verð: 179.000,-
Breidd: 240cm Verð: 229.000,-
BORÐ 180x100cm
Verð: 98.600,-
HAMPTON Tungusófi
318x197cm
Verð: 248.400,-
SKENKUR í hnotu
Breidd: 180cm
Hæð : 125cm
Verð: 199.900,-
MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM
MALMÖ 3ja sæta sófi
Breidd: 230cm
Verð: 128.700,-
SKEMILL
Stærð: 88x70cm
Verð: 35.000,-
VEGGBORÐ
Breidd: 121cm
Verð: 59.000,-
SECRETO Hornsófi
282x220cm
Verð: 232.900,-
PISA Tungusófi
Stærð: 300x170cm
Verð: 232.200,-
CHANARAL Armstóll
Verð: 45.000,-
VERONA Armstóll
Verð: 35.000,-
MONET Stóll
Verð: 19.900,-
CLARK Stóll
Verð: 13.520,-
Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun 13.00-16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

## NÝR NETLEIKUR

Íslenski spurningaþátturinn Vertu viss hóf göngu sína á RÚV um síðustu helgi en kynnir er Þórhallur Gunnarsson. Uppsafnað áhorf á þáttinn var 50 prósent en annar þáttur fer í loftið í kvöld. Nú er búið að opna Vertu viss-leikinn á heimasíðu Íslandsspila þar sem áhorfendur heima í stofu geta spreytt sig á margvíslegum spurningum.





„Ég var alltaf fyrir það að vera nakinn. Ég elskaði að vera nakinn. Ég var mjög opinn þannig að ég hugsaði að ég gæti alveg eins fengið borgað fyrir það," segir leikarinn.

**CHRIS PRATT**
UM FORTÍÐ SÍNA SEM FATAFELLA.

## GEFUR ÚT BARNABÓK

Eva Einarsdóttir, borgarfulltrúi Besta flokksins, gefur á laugardaginn út barnabókina Saga um nótt. Pegar dóttir Evu, Saga, varð myrkfælin sagði Eva henni sögu til að minna hana á að myrkrið væri ekki hættulegt. Á endanum skrifaði hún söguna niður sem varð svo að barnabókinni Saga um nótt. Listakonan Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir myndskreytir bókina.



## SÉRFRÆÐINGUR Í TAYLOR SWIFT

Íslenski leikurinn QuizUp nýtur gríðarlegra vinsælda en einn af þeim sem hafa spilað hann er leikarinn Arnar Dan Kristjánsson. Leikstjórinn Ragnar Bragason segir frá því á Facebook-síðu sinni að Arnar sé sérfræðingur í söngkonunni Taylor Swift. „Ekki reyna að skora á hann í Quiz Up, þið verðið bara fyrir vonbrigðum," bætir Ragnar við. - lkg



# Glaumgosar og glæsimenni sýna föt

Árleg tískusýning Kormáks og Skjaldar á næsta leiti.

Hin árlega herrafatasýning Herrafataverzlunar Kormáks & Skjaldar verður haldin í Þjóðleikhúskjallaranum miðvikudaginn 20. nóvember. „Herrafatasýningin er eins og flestir þekkja ekki hefðbundin tískusýning heldur koma saman glaumgosar og önnur glæsimenni og sýna það helsta sem verslunin hefur upp á að bjóða frá vönduðum vörumerkjum utan úr heimi," segir Ragnar Ísleifur Bragason, aðstoðarverslunarstjóri Herrafataverzlunar Kormáks & Skjaldar.

Ný herrafatalína verslunarinnar verður kynnt en hún er samstarf Gunnars Hilmarssonar, Kormáks og Skjaldar og starfsmanna verslunarinnar.

„Línan í ár er sú stærsta og fjölbreyttasta hingað til og má í henni finna þriggja hluta tvídjakkaföt, tvíhneppt jakkaföt og staka jakka. Einnig er fjölbreytt úrval af skyrtum og yfirhöfnum ásamt slaufum fyrir unga sem aldna, sem handgerðar eru af klæðskera verslunarinnar," segir Ragnar. - ósk



**NÝ LÍNA FRÁ KORMÁKI & SKILDI** Afrakstur samstarfs Gunnars Hilmarssonar, Kormáks og Skjaldar og starfsmanna. MYND/BALDUR KRISTJÁNSSON




Arfleifð
í nýju ljósi

Sögusamkoma í Hannesarholti, Grundarstíg 10,
sunnudaginn 17. nóvember kl. 15.




Gunnar Karlsson segir frá bók sinni
*Ástarsaga Íslendinga að fornu*
og
Gísli Sigurðsson frá verki sínu
*Leiftur á horfinni öld.*

ALLIR VELKOMNIR

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu




**ÁSAMT SONUM SÍNUM** Katrín Ósk Jóhannsdóttir, ásamt sonum sínum og ráðgjöfum, Jóhanni Andra og Brynjari Atla.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Sagan varð til þegar ég var að segja eldri stráknum sögu fyrir svefninn, hann hafði bara svo gaman af henni að mig langaði að skrifa hana.**




# Næsta Hello Kitty

Katrín Ósk hefur skrifað tvær barnabækur og ætlar að fylgja draumum sínum.

„Þegar ég varð ólétt að seinni stráknum var vinur minn með áhyggjur af því að mínir draumar færu í ævilanga bið sökum þungunarinnar. Út frá því var ég staðráðin í að láta drauma mína rætast, vegna barnanna en ekki þrátt fyrir þau," segir hin 23 ára gamla Katrín Ósk Jóhannsdóttir, barnabókahöfundur og móðir, sem er að senda frá sér tvær barnabækur.

Fyrsti draumur Katrínar var að verða rithöfundur og hefur hún nú skrifað tvær barnabækur sem bera annars vegar titilinn Karólína og týndu skórnir, og hins vegar Karólína og eggið.

„Sagan varð til þegar ég var að segja eldri stráknum sögu fyrir svefninn, hann hafði bara svo gaman af henni að mig langaði að skrifa hana," útskýrir Katrín, sem á tvo stráka, annan fimm ára og hinn tveggja ára. „Þeir voru mínir helstu ráðgjafar þegar ég skrifaði sögurnar og hjálpuðu þeir mér mjög mikið," bætir Katrín við.

Sagan fjallar um könguló sem heitir Karólína en hún fer alltaf í morgungöngu og lendir í alls kyns ævintýrum.

„Í fyrri sögunni lendir Karólína í því að týna skónum sínum, en hún er auðvitað í átta skóm og lendir í alls kyns ævintýrum í leit sinni að skónum. Í seinni bókinni finnur hún egg í morgungöngunni sem hún ætlar sér að koma til skila." Báðar bækurnar eru einnig eins konar kennslubækur. Þær eru hugsaðar fyrir yngstu börnin en þó gætu eldri börn haft gaman af sögunni. Hún er um tuttugu blaðsíður, gefin út af Óðinsauga og Jenny Rojas myndskreytir.

„Hugmyndin er að gera þetta að lengri syrpu ef þetta gengur vel," bætir Katrín en hún er farin að huga að þriðju bókinni.

Bækurnar koma í verslanir 20. nóvember og einnig verður útgáfuhátíð haldin 1. desember í Iðu í Lækjargötu.

„Það væri gaman, ef vel gengur, að vinna enn frekar með bækurnar, eins og að búa til þrauta- og/eða verkefnabók og einnig væri gaman að búa til app úr þessu," segir Katrín að lokum hress og kát. - glp

➜ Í fyrri bókinni er farið yfir litina, því Karólína er með átta fætur og eru allir skórnir hennar í mismunandi litnum. Í seinni bókinni kemur fyrir talnakennsla því þar finnur hún eitt egg, í garðinum sem hún býr í eru tvö tré og á hvoru tré eru þrjár greinar, þannig að þarna eru tölurnar í öndvegi.

# Tónelskasta fjölskylda á Íslandi?

Ellen Kristjánsdóttir og dætur hennar þrjár halda tónleika í kvöld á Rósenberg.

„Það virðist vera þannig hjá fjölskyldunni að leiðir allra liggja beint í tónlist," segja mæðgurnar Ellen Kristjánsdóttir og Sigríður, Elísabet og Elín Eyþórsdætur, sem halda svokallaða Mæðgnatónleika á Café Rosenberg við Klapparstíg í kvöld.

„Mamma og pabbi hafa tileinkað líf sitt músík, Sigríður er að læra tónsmíðar við Listaháskólann og við Elísabet höfum tónlist líka að aðalstarfa," segir Elín Eyþórsdóttir um fjölskylduna tónelsku, en faðir hennar er Eyþór Gunnarsson tónlistarmaður. „Svo er litli bróðir okkar, Eyþór Ingi, líka farinn að búa til músík," segir Elín. „Ég held að við höfum aldrei átt neitt val," segir hún létt í bragði.

Í kvöld halda mæðgurnar tónleika þar sem þær koma til með að spila eigið efni í bland við annarra. „Þórir Úlfarsson verður á píanói og við ætlum að syngja saman og til skiptis," segir Elín.

Tónleikarnir eru þeir fyrstu þar sem mæðgurnar koma allar saman opinberlega. „Við höfum oft sungið saman, en aldrei svo ég muni höfum við haldið heila tónleika allar saman," segir Elín. „Nema kannski í stofunni heima," segir Elín.

Tónleikarnir hefjast klukkan tíu og eru eins og áður sagði á Café Rosenberg við Klapparstíg. - ósk



**FYRSTU TÓNLEIKARNIR SAMAN** Þetta verður í fyrsta sinn sem mæðgurnar koma allar saman fram opinberlega.

# 20% AFSL. AF ÖLLUM VÖRUM!

## OPIÐ LAUGARDAG 11-16 OG SUNNUDAG 13 - 16



**Islandia** borðstofuhúsgögn, spænsk hönnun og framleiðsla. Fáanleg í eik og hnotu.






**tommy m buster** leðursófi - þýsk hönnun og framleiðsla
Stærð; 4ra sæta 241 cm, 3,5 sæta 211 cm
Litir; svart, dökkbrúnt og ljósbrúnt. Handverkað leður. Lausir púðar fylgja ekki.
Verð; 4ra 841.000,- **nú 672.800,-**, 3,5 sæta 719.000,- **nú 575.200,-**, stóll 367.000,- **nú 293.600,-**










# HEIMA HÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16, sunnudaga 13 - 16..**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



OPIÐ 24 TÍMA
Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla
Iceland


## NÆRMYND



## Eiður Smári Guðjohnsen

**Knattspyrnumaður**

**ALDUR:** 35 ára
**MAKI:** Ragnhildur Sveinsdóttir athafnakona
**BÖRN:** Sveinn Aron, Andri Lucas, Daníel Tristan

Eiður Smári hefur sýnt það og sannað að hann er með betri knattspyrnumönnum sögunnar og hefur átt gríðarlega glæstan feril. Hann leikur með Club Brugge í Belgíu en er upphaflega úr Breiðholtinu. Hann er lykilmaður í íslenska karlalandsliðinu sem lék sinn mikilvægasta leik íslenskrar knattspyrnusögu í gær gegn Króötum.



„Við erum búnir að vera vinir í 25 ár og hann er mjög góður vinur. Hann er traustur og tryggur og líka mjög þægilegur vinur. Það er hægt að ræða við hann um allt. Hann getur verið pínu lokaður en það er alltaf stutt í sprellið, enda myndi ég ekki nenna að eiga hann sem vin ef hann væri leiðinlegur.“

***Sverrir Þór Sverrisson**, vinur*



„Í fyrsta lagi er hann ótrúlega sterkur karakter og þrautseigur sem er vonandi frá mér. Hann lætur umhverfið og vandamálin ekki taka sig á taugum. Hann er ótrúlega skemmtilegur og fær mann alltaf til þess að hlæja mikið og er alltaf hrókur alls fagnaðar. Hann er mikill gleðigjafi og er mín mesta lífslukka. Er ég stolt af sjálfri mér að hafa framleitt hann.“

***Ólöf Einarsdóttir**, móðir*



„Hann er alltaf svo bjartsýnn og sér alltaf björtu hliðarnar á öllu. Hann hefur mikilvægan eiginleika sem er að hann kann bæði að vinna og að tapa, sem er mjög mikilvægt í íþróttaheiminum. Hann er með rosalegt jafnaðargeð og lætur ekkert hafa áhrif á sig.“

***Ólöf Stefánsdóttir**, amma*


BYLTINGIN AÐ OFAN




Nánar á www.hib.is
HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG





**MINDRE** mjúkdýr. L16cm Ýmsar tegundir **295,-/stk.** Nýtt
**VITSIG** barnahattar Ýmsar tegundir **995,-/stk.** Nýtt
**PIFFIG** barnaskór Ýmsar tegundir **1.290,-/parið** Nýtt
**GETDJUR** mjúkdýr sem tístir L22cm. Ýmsar tegundir **395,-/stk.** Nýtt

# Ævintýralega gefandi mjúkdýr

**Fyrir hvert mjúkdýr sem þú kaupir gefur IKEA Foundation eina evru** - til að fleiri börn geti verið í skóla
Lestu meira um mjúkdýraleiðangurinn á www.IKEA.is/mjukdyraleidangurinn

unicef Barnaheill Save the Children IKEA



Nýtt **995,-** **SILVERTÄRNA** mjúkdýr. L34cm Álfur
Nýtt **LILLEPYTT** mjúkdýr. L16cm. Ýmsar tegundir **295,-/stk.**
Nýtt **GULLEPLUTT** mjúkdýr. L11cm Ýmsar tegundir **295,-/stk.**
Nýtt **FANTASIVÄRLD** handbrúða L27cm. Ýmsar tegundir **795,-**
Nýtt **FLYGDRAKE** mjúkdýr. L62cm Dreki **1.990,-**
Nýtt **SÖTNOS** mjúkdýr L56cm. Dádýr **1.990,-**
**Prinsessan og leitin að hamingjunni** Bók. Hentar börnum 2-7 ára **995,-**
Nýtt **ROSENFINK** leikhestur. L88cm Einhyrningur **1.990,-**
Nýtt **LUFSIG** mjúkdýr L46 og L20cm. Úlfur og amma **1.990,-/2 í setti**
Nýtt **GULLGOSE** mjúkdýr. L44cm Kóngur **1.290,-**
Nýtt **NOJSIG** mjúkdýr. L39cm Prinsessa **995,-**
Nýtt **GLADLYNT** handbrúður. L27cm Ýmsar tegundir **795,-/stk.**
Nýtt **995,-** **KRULLIG** mjúkdýr. L35cm. Álfur

**! Gefðu tvisvar!**
Þú getur glatt enn fleiri börn með því að setja mjúkdýrið í þar til gerðan kassa við útganginn. Öll mjúkdýrin sem þar safnast verða gefin til Barnaspítala Hringsins og munu efla ust stytta þeim börnum stundir sem þar dveljast.
**Þannig gefur þú tvisvar með einni gjöf!**

**VEITINGASTAÐURINN**
**165,-**
Nóvembertilboð
Kaka dagsins og kaffi til að njóta á staðnum. Verð áður ~~340,-~~

**Dagskrá helgarinnar kl. 13-17**
- Ókeypis myndataka með jólasveininum
- Jólaglögg fyrir byrjendur og lengra komna
- Smákökubakstur og smakk
- Kristján Ingi Jónsson blómaskreytir sýnir aðventukransagerð

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®